2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Hátíðarmatur

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
15. desember 2011
293. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Nú tekur alvaran við
Elísabet Jökulsdóttir fagnar 20 ára rithöfundarafmæli.
tímamót 44

Á nýjum vettvangi
Rósa Birgitta Ísfeld tekur þátt í forkeppni Eurovision.
fólk 86

Hver er þessi Tebow?
Tim Tebow er mjög óvænt orðinn ein stærsta stjarnan í bandarísku íþróttalífi.
sport 82

veðrið í dag

KÓLNAR Í VEÐRI Í dag má búast við NA-átt vestanlands, 5-10 m/s en hvassara á annesjum V-til. Norðaustantil verður NV-átt, víða 8-13 m/s. Él víða við norðurströndina og á stöku stað SV-lands.

VEÐUR 4

Verða fastir með milljarða

Erlendir kröfuhafar munu fá hundruð milljarða króna greidda í íslenskum krónum. Lítið um fjárfestingarmöguleika. Unnið að útgönguleið fyrir þá úr íslensku hagkerfi. Tapa 6.000 milljörðum á föllnu bönkunum.

VIÐSKIPTI Erlendir kröfuhafar Kaupþings munu fá allt að 450 milljarða króna af kröfum sínum greidda út í íslenskum krónum á næstu árum miðað við gildandi áætlanir. Á meðan gjaldeyrishöft eru við lýði verða þeir fastir með þessa fjármuni inni í íslensku hagkerfi vilji þeir nota þá.

Verið er að vinna að áætlunum sem miða að því að bjóða kröfuhöfunum útgönguleið úr íslensku hagkerfi. Til þess þurfa þeir fyrst að binda fé í fjárfestingum hér innanlands í nokkur ár.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að verið sé að vinna að heildstæðri áætlun sem muni meðal annars taka á því hvernig íslenskar krónueignir kröfuhafanna verði losaðar út úr íslensku hagkerfi. „Við áttum okkur á því að það eru útflæðisáhættur vegna þessa. Seðlabankinn er að vinna að greiningu á umfanginu og heildstæðri áætlun."

Þrotabú Landsbankans greiddi út 31 prósent af forgangskröfum í byrjun desember, alls 432 milljarða króna. Þar af voru um 10 milljarðar króna í íslenskum krónum sem skiptast hlutfallslega jafnt á milli þeirra sem fengu greitt.

Að sögn Árna Páls eru þeir fjárfestingarmöguleikar sem Ísland býður upp á opnir fyrir þessu fé. „Kröfuhafarnir þurfa í sjálfu sér ekki að tala við einn eða neinn um það."

Kröfuhafar Kaupþings, Landsbanka og Glitnis gera ráð fyrir því að tapa 5.982 milljörðum króna á falli bankanna þriggja. Þar af munu 5.245 milljarðar króna lenda á erlendum kröfuhöfum. Þegar búið er að gera upp við forgangskröfuhafa, sem eru nánast einvörðungu innlánseigendur, eru áætlaðar endurheimtur annarra kröfuhafa um 17-18 prósent af þeim kröfum sem þeir lýstu í búin.

Þetta kemur fram í greiningu Houlihan Lokey, sem hefur unnið mikið fyrir erlendu kröfuhafana, frá því í nóvember síðastliðnum. Heiti greiningarinnar er Icelandic Banks – who are the losers?

- þsj, kóp / sjá síður 6 og 28

Leituðu fjárfestingar en fengu skatt

Lífeyrissjóðirnir leituðu árangurslaust fjárfestingarmöguleika hjá ríkinu í tengslum við viljayfirlýsingu um vaxtaniðurgreiðslu. Alls áttu sjóðirnir að fjármagna fyrir 2,8 milljarða á tveimur árum og leituðu ýmissa kosta í stöðunni. Arnar Sigurmundsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, segir sjóðina hafa falast eftir hlutabréfum og hlutum í Landsvirkjun, Landsbanka og Landsneti. Ýmist stóðu þeim kaupin ekki til boða eða þau voru ekki talin tímabær. Þá vildu sjóðirnir kaupa land við Keldnaholt og lána Reykjavíkurborg, en ekkert varð af því.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

KRAKKAR SKREYTA STRÆTÓ FYRIR JÓLIN Börnin á leikskólanum Hulduberg í Mosfellsbæ fengu óvænta heimsókn í gær þegar þau unnu hörðum höndum við að skreyta strætisvagn með jólamyndum. Forvitnir jólasveinar urðu að vita hvers kyns var og fengu að heyra að verkefnið Krakkar skreyta strætó hefur staðið síðan í nóvember. Þá voru krakkar á aldrinum 4 til 6 ára hvattir til að teikna jólamyndir til að færa aðventuna og jólin inn í vagnana. Alls bárust 1.642 myndir frá 60 leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Íslendingur ráðinn til tískurisa:

Fékk vinnu hjá Westwood

TÍSKA Arnar Már Jónsson, nemi á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, verður í vor fyrsti Íslendingurinn til að starfa innan herbúða breska tískurisans Vivienne Westwood.

ARNAR MÁR JÓNSSON

Hann starfaði síðasta sumar hjá A Child of the Jago og fékk afar gott meðmælabréf þaðan frá öðrum stofnanda fyrirtækisins, Joseph Corre. Arnar fékk starfið hjá breska tískurisanum án þess að fara í viðtal þar sem Corre er sonur Vivienne Westwood.

„Það er skrýtið að vera á Íslandi og eiga svo bara að mæta í vinnuna í vor hjá Vivienne Westwood og maður er einhvern veginn þannig að maður krossar bara fingur og vonar að þetta gangi allt eftir."

- jma/ sjá Allt í miðju blaðsins

Ráðamenn vonast til að málarekstur um Icesave hafi ekki áhrif á stöðu Íslands:

Munum taka til ýtrustu varna

ICESAVE ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur stefnt íslenska ríkinu fyrir EFTA-dómstólinn. Stofnunin telur að Ísland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðutryggingatilskipun Evrópusambandsins.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að vonast hafi verið eftir því að ekki kæmi til þessa, þar sem betri heimtur úr þrotabúi Landsbankans þýði að breskir og hollenskir innstæðueigendur beri ekki skarðan hlut frá borði. ESA hafi verið gerð grein fyrir því, en það því miður ekki haft áhrif.

„Við stöndum frammi fyrir þessari niðurstöðu og það fæst þá úr því skorið fyrir dómi, sem margir hafa kallað eftir, hvernig á að túlka innstæðutryggingu Evrópusambandsins." Jóhanna segir mikilvægt að flytja sterka vörn fyrir dómi og ítreka að íslenska ríkið hafi á engan hátt reynst brotlegt.

Undir þetta tekur Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Nú hefst næsti þáttur, sem er að búa sig undir málið og taka til ýtrustu varna. Við munum að sjálfsögðu gera það og tefla fram öllum rökum sem við höfum."

- kóp / sjá síðu 10

SPURNING DAGSINS



Gunnar, varstu farinn að tala suður-pólsku?

„Nei, ég hafði bara pólskipti.“

Gunnar Egilsson jeppamaður kom í fyrrinótt heim frá suðurpólnum úr sinni þriðju ferð. Gunnar afþakkaði boð um að taka þátt í hátíðarhöldum Norðmanna sem minntust þess í gær að ein öld er síðan Roald Amundsen braust á pólinn fyrstur manna. Gunnar er búinn að fá nóg af suðurpólnum.

Sex sameinaðir leik- og grunnskólar í Reykjavík fá ný nöfn:

Ný nöfn með boðskap og sögu

SKÓLAMÁL Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum í gær nöfn á sex nýja sameinaða leikskóla og grunnskóla.

Sameinaður leikskóli Holtaborgar og Sunnuborgar fær nafnið Langholt. Nafn nýja skólans dregur nafn af bænum Syðra-Langholti sem stóð þar nærri sem Langholtskirkja var reist, en leikskólinn er einmitt þar í holtinu.

Sameinaður leikskóli Barónsborgar, Lindarborgar og Njálsborgar fær nafnið Miðborg sem þykir lýsandi fyrir staðsetninguna.

Sameinaður leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili í Ártúnsholti fær nafnið Ártúnsskóli líkt og grunnskólinn hét áður.

Sameinaður grunnskóli Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla fær nafnið Háaleitisskóli.

Sameinaður grunnskóli Borgaskóla og Engjaskóla fær nafnið Vættaskóli, enda stendur hann í næsta nágrenni við hinar friðlýstu Vættaborgir í næsta nágrenni skólanna. Starfsstöðvarnar tvær munu ganga undir nöfnunum Borgir og Engi.

Sameinaður Korpu- og Víkurskóli fær nafnið Kelduskóli og dregur nafn af örnefnum í næsta nágrenni. Starfsstöðvarnar tvær munu ganga undir nöfnunum Vík og Korpa. **- shá**

FRÁ „HVASSALEITISSKÓLA“ Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli fá sameinaðir nafnið Háaleitisskóli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spá því að störfum fjölgi:

Fleiri atvinnulausir í Noregi

NOREGUR Fimm þúsund fleiri verða atvinnulausir í Noregi á næsta ári en á þessu ári. Þessu spáir norska vinnumála- og velferðarstofnunin.

Gert er ráð fyrir að þetta komi verst niður á geirum eins og samgöngum, ferðamennsku og framleiðslu. Mestu munar um fjármálaerfiðleika innan Evrópusambandsins.

Stofnunin spáir því hins vegar jafnframt að fjöldi starfa muni verða til á næsta ári og árið 2013. Þá muni atvinnulausum fækka á ný frá og með árinu 2013. **- þeb**

KÁTIR Vel fór á með þeim Össuri og Malki á fundinum í utanríkisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Utanríkisráðherrar funduðu:

Ræddu samskipti ríkjanna

UTANRÍKISMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fundaði í gær með Riad Malki, palestínskum starfsbróður sínum, og ræddi meðal annars við hann um samskipti landanna tveggja og leiðir til að endurvekja friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Umsókn Palestínu um aðild að Sameinuðu þjóðunum og stuðningur Íslands við hana kom einnig til tals, en ráðherrarnir tveir munu halda sameiginlegan blaðamannafund um hana í dag. Þar verður einnig tilkynnt um upptöku stjórnmálasambands á milli ríkjanna.

Heimsókn Malki til Íslands hófst í gær og mun hann flytja opinn fyrirlestur á vegum Háskóla Íslands í Norræna húsinu klukkan 14.45 í dag. **- sh**

SAMGÖNGUR

Níu buðu í Akranesstrætó

Tilboð í strætóleiðina Akranes-Mosfellsbær voru opnuð í gær. Níu tilboð bárust til Strætó bs. og voru Hópbílar í Hafnarfirði með langlægsta tilboðið, 45,8 milljónir króna. Kostnaðaráætlun var 45,7 milljónir. Næstu tilboð voru um 20 milljónum hærri.

Búa átta fanga undir að bera ökklaband

Átta fangar sem dvelja nú á Vernd fá að afplána eftirstöðvar refsinga heima hjá sér undir rafrænu eftirliti. Það felst í því að menn ganga með ökklaband allan sólarhringinn. Forstjóri Fangelsismálastofnunar prófaði að ganga með bandið.

FANGELSISMÁL Átta fangar dvelja nú á Áfangaheimili Verndar þar sem þeir eru búnir undir það að ljúka afplánun í svokölluðu rafrænu eftirliti. Ríkisstjórnin hefur veitt 21 milljón til þeirrar framkvæmdar sem felst í því að hver fangi fær að afplána það sem eftir stendur af refsingu hans heima hjá sér með því skilyrði að hann stundi reglulega vinnu eða nám utan heimilis á hefðbundnum tímum.

Viðkomandi þarf að bera ökklaband allan sólarhringinn, sem tengt er við móðurtölvu hjá öryggisfyrirtæki. Inn í tölvuna er stimplað á hvaða tíma fanginn á að vera heima og hvenær utan heimilis. Brjóti hann þær reglur sendir ökklabandið þegar merki til móðurtölvunnar sem er áframsent til Fangelsismálastofnunar. Afleiðingin er einföld: viðkomandi fer aftur í fangelsi og lýkur afplánun þar. Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, bar sjálfur ökklaband í nokkra daga til reynslu.

Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir að undirbúningurinn á Vernd sé samkvæmt lögum sá að þar þurfi menn að hafa dvalið með fullnægjandi hætti í að minnsta kosti þrjá mánuði og sumir lengur, sem fari eftir því hvað dómur sé langur. Þá þurfi þeir að hafa sýnt og sannað í fangelsinu að þeir séu taldir hæfir til að dvelja á Vernd. Hinir sem verði uppvísir að agabrotum ljúki afplánun innan veggja fangelsisins.

„Það eru eingöngu þeir sem dvalið hafa á Vernd, öðru áfangaheimili eða stofnun sem koma til greina í þetta afplánunarúrræði,“ útskýrir hann og bætir við að menn þurfi jafnframt að hafa verið dæmdir í að minnsta kosti eins árs fangelsi, því þá geti þeir afplánað síðasta mánuðinn undir rafrænu eftirliti. Tími í rafrænu eftirliti lengist svo um einn mánuð fyrir hvert dæmt ár og getur mest orðið átta mánuðir.

ÖKKLABANDIÐ Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, sýnir ökklaband. Bandið sem notað verður hjá Fangelsismálastofnun verður örlítið minna í sniðum en það sem sýnt er á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Það eru eingöngu þeir sem dvalið hafa á Vernd, öðru áfangaheimili eða stofnun sem koma til greina í þetta afplánunarúrræði.
>
> **ERLENDUR S. BALDURSSON**
> AFBROTAFRÆÐINGUR

Auk ökklabandsins þurfa menn að vera því viðbúnir að tekin séu af þeim sýni, hvort heldur er á vinnustað eða heima, til að athuga hvort þeir hafi neytt áfengis eða fíkniefna.

Fyrstu fangarnir sem koma til með að bera ökklaband hér á landi fá að fara með þau heim til sín í mars.

„Þetta ferli allt saman er hugsað þannig að fangelsismálayfirvöld lina tökin smám saman, í stað þess að senda menn beint út í lífið,“ segir Erlendur og telur fyrrnefndu aðferðina mun vænlegri. Gera má ráð fyrir að um átta til tíu fangar geti í senn afplánað síðasta hluta refsingar sinnar undir rafrænu eftirliti.

jss@frettabladid.is

Áfram inni vegna barnaníðs:

Undirbjó enn alvarlegri brot

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur fallist á að maður á fertugsaldri, sem grunaður er um gróf kynferðisbrot gegn ellefu ára dóttur sinni, sæti gæsluvarðhaldi til 6. janúar vegna almannahagsmuna.

Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Akranesi. Brotin eru talin hafa verið ítrekuð og alvarleg.

Segir í greinargerð lögreglu að stúlkan hafi gefið ítarlega skýrslu í Barnahúsi og lýst brotunum „með óhugnanlega nákvæmum hætti“ og „með orðfæri sem hæpið verður að telja að 11 ára gamalt barn hafi á takteinum“. Þá segir að rannsóknargögn bendi til þess að maðurinn „hafi ekki látið staðar numið gagnvart henni og undirbúi að brjóta gegn henni með enn alvarlegri hætti“. **- sh**

Allar útgáfur á einum diski:

Hjálpum þeim kemur út á ný

SAMFÉLAGSMÁL Gefinn hefur verið út nýr diskur með öllum útgáfum af laginu Hjálpum þeim. Auk þess fylgir DVD-diskur með myndböndum við lagið.

Liðin eru 26 ár frá því að lagið kom fyrst út hér á landi, en það hefur frá upphafi verið tengt fjáröflun til neyðaraðstoðar. Allur ágóði af sölu disksins nú mun renna til neyðaraðstoðar á hungursvæðum Austur-Afríku á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Lagið var gefið út fyrst árið 1985 og svo aftur árið 2005. Í ár bættist við útgáfa af laginu á ensku. **- þeb**

SAMGÖNGUR

Herjólfur í Landeyjahöfn

Herjólfur siglir aðeins tvær ferðir í Landeyjahöfn í dag vegna þess að unnið er að dýpkun í höfninni. Á föstudag er vonast til þess að hægt verði að sigla fjórar ferðir í Landeyjahöfn.

Alvara fylgir gamni hjá hugvitssömum kaupmanni í Vestmannaeyjum:

Sandur úr Landeyjahöfn rýkur út

FÓLK „Ágóðinn hefði nú kannski verið meiri ef ég hefði ekki þurft að sigla til Þorlákshafnar og keyra austur í Landeyjahöfn,“ segir Ingimar Heiðar Georgsson, kaupmaður í Vöruvali í Vestmannaeyjum, sem selur nú pokaðan sand úr Landeyjahöfn.

„Hugmyndin kviknaði í kjölfar sífelldrar umræðu hér í bænum um Landeyjahöfn. Þar hafa auðvitað verið vandræði með sandinn og þess vegna fannst mér þetta upplagt. Hér hefur verið frost og mikil hálka og ekki til hálkusalt þannig að þetta gæti orðið svakalegt sprotafyrirtæki,“ segir Ingimar.

„Svo átti ég erindi upp á land í síðustu viku, renndi austur eftir og setti nokkur hundruð kíló í fólksbílinn minn. Í vikunni hef ég þurrkað sandinn svo þetta sé nú frambærileg vara en ekki mígandi blautt og leiðinlegt.“

Ingimar er búinn að pakka í rúmlega hundrað eins til eins og hálfs kílóa poka og selur þá á 500 krónur kílóið. Pokarnir hafa rokið út og Ingimar á enn nóg af sandi eftir sem hann getur útbúið til sölu.

„Þetta er nú gert í gamni en öllu gamni fylgir einhver alvara,“ segir Ingimar, sem hyggst láta ágóðann renna til Siglingamálastofnunar. „Þeir gætu þá kannski notað þær krónur til að gera endurbætur á höfninni.“ **- sh**

VINSÆLL SANDUR Ingimar í Vöruvali hefur nostrað við sandinn í vikunni til að geta boðið frambærilega vöru. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

www.husa.is

Allt fínt fyrir jólin

Grenibúnt 2 fyrir 1

699

Fersk grenibúnt
Nobilis, Normans, Silkifura og Cypress
10232505/10232504

JÓLATRÉ Í BLÓMAVALI

JÓLATRÉ Í 35 ár

Blómaval hefur selt Íslendingum jólatré í yfir 35 ár. Sérvalinn Normansþinur, íslenskt rauðgreni og íslensk stafafura. Einnig gott úrval af gervitrjám.

JÓLA GJAFIR

OPIÐ TIL 22:00 SKÚTUVOGI

OPIÐ TIL 21:00 GRAFARHOLTI

NÝ VARA

13.900

Blandari
Desire, 1,5 ltr.
1840065

Russell Hobbs
Smart in the kitchen

Búðu til þinn eigin ís

7.590

Ísvél
Unold 1,5 ltr.
1850629

Dúkkukerra
2006707

tilboð
1.393
~~1.990~~

Leikföng 30% afsláttur

16.990

Herraúlpa
Skíðaúlpa blá.
5870447-451

TRUENORTH

11.990

Gönguskór
Garsport ECO.
5863878-889

BLACK & DECKER

6.995

Skrúfvél
KC36LN 3.6 V LION.
5246014

verð frá
5.979

Beka pottar og pönnur fyrir allar hellur
2006487-519

Jólatré, útsölustaðir okkar eru í eftirfarandi verslunum:
Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Hvolsvelli, Akureyri, Dalvík, Egilsstöðum og Reyðarfirði.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

GENGIÐ 14.12.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	121,21	121,79
Sterlingspund	187,90	188,82
Evra	157,94	158,82
Dönsk króna	21,246	21,370
Norsk króna	20,414	20,534
Sænsk króna	17,363	17,465
Japanskt jen	1,5539	1,5629
SDR	186,39	187,51

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9155

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

REYKLAUST Þingmenn fá ekki lengur undanþágu til að reykja á skrifstofum sínum í húsakynnum danska þingsins

Heilsuvernd á Kristjánsborg:

Þingmenn líka reknir út í reyk

DANMÖRK Danskir þingmenn munu á nýju ári þurfa að fara út úr húsi þingsins, Kristjánsborg, til að reykja. Það var ákveðið af meirihluta þingflokksformanna í gær.

Þingmenn höfðu áður haft undanþágu til að reykja inni á skrifstofum sínum, en ekki lengur.

Mogens Lykketoft þingforseti leiddi þetta mál til lykta eftir kvartanir starfsfólks þingsins. Þrír þingflokkar mótmæltu banninu, Venstre, Danski þjóðarflokkurinn og Frjálslyndir.

Meðal þeirra sem stóðu fastast í andstöðu var Bertel Haarder, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. - þj

LÖGREGLUMÁL

Brutu rúður í rútu

Tveir sextán ára unglingar voru staðnir að því að brjóta rúður í gamalli rútubifreið á Selfossi aðfaranótt sunnudags. Málið er í rannsókn og barnaverndaryfirvöldum hefur verið tilkynnt um atvikið.

SAMGÖNGUR

Álftnesingar fagna vegagerð

Bæjarráð Álftaness hefur lýst yfir mikilli ánægju með að 550 milljónir króna eru skilgreindar til Álftanesvegar í drögum að samgönguáætlun fyrir árið 2012. Nýr Álftanesvegur verði mikil öryggisbót fyrir Álftnesinga og fjölmarga aðra vegfarendur. „Með byggingu vegarins verður áratuga baráttа Álftnesinga um lágmarks öryggi vegfarenda til og frá sveitarfélaginu loks að veruleika," segir bæjarráðið.

Hæstiréttur staðfestir gæsluvarðhaldsúrskurð yfir fjórum skotárásarmönnum:

Skotárásin skipulögð af Outlaws

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir fjórum mönnum sem setið hafa í gæsluvarðhaldi og einangrun vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á skotárás sem gerð var á bifreið í austurborginni 18. nóvember síðastliðinn. Þremur mannanna er gert að sitja áfram inni til 22. desember og hinum fjórða til 16. desember.

Tvisvar var skotið á umrædda bifreið með þeim afleiðingum að höglin lentu í fyrra skiptið á framenda bifreiðarinnar en í hið síðara

BYSSUR Lögreglan hefur lagt hald á byssur oog fleiri vopn í tengslum við árásina.

mölbrutu þau afturrúðu í bílnum og nokkur högl lentu í farþegasæti bifreiðarinnar sem í voru ökumaður og farþegi. Málið er rannsakað sem tilraun til manndráps. Tveir mannanna földu sig í Borgarfirði eftir árásina.

Í gæsluvarðhaldskröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur meðal annars fram að lögreglan hafi til rannsóknar afar alvarlegt afbrot, lífshættulega skotárás, sem hafi augljóslega verið liður í uppgjöri tveggja manna vegna fíkniefna. Að mati lögreglu sé hér um að ræða afbrot sem framið hafi verið með skipulögðum og verkskiptum hætti af hópi manna, sem allir kenni sig við Outlaws. - jss

Google-tölfræði Dana 2011:

Mikið leitað að ókomnum síma

TÆKNI Danir hafa mikinn áhuga á tækni og tölvum ef marka má tölur um vefleit frá Google þar í landi. Á vef DR kemur fram að vinsælustu leitarorðin eru Facebook, YouTube og Google.

Hvað varðar algengustu nýju leitarorðin var Iphone 5 hæst á blaði hjá Dönum, en þrátt fyrir miklar vangaveltur varð ekkert af því að það langþráða tæki kæmi á markaðinn. Þar á eftir kom vefleikurinn Minecraft og loks „valg 2011", en þingkosningar fóru fram í Danmörku í haust. - þj

Símafyrirtæki fá ekki upplýsingar um leka

Síminn og Vodafone reyndu árangurslaust að fá upplýsingar hjá lögreglu í gær um rannsóknir sem eru í gangi vegna gruns um að innanbúðarmenn þar hafi upplýst grunaða menn um að embætti sérstaks saksóknari hleraði síma þeirra.

FJARSKIPTI „Við höfum óskað eftir upplýsingum frá lögreglunni um það hvort einhver starfsmaður Vodafone sé til rannsóknar eða ekki. Slíkar upplýsingar fáum við ekki með þeim rökum að mál af þessu tagi séu málefni einstaklinga, en fyrirtækið sem slíkt sé ekki málsaðili."

Þetta segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, um mál það sem nú er til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Grunur leikur á að starfsmaður fyrirtækisins hafi látið einstakling sem er til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara vita að sími hans væri hleraður vegna rannsóknarinnar. Vodafone sendi frá sér yfirlýsingu vegna þessa í gær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru tvö mál af þessum toga til rannsóknar hjá lögreglu. Annað snýr að starfsmanni Vodafone en hitt að fyrrverandi starfsmanni fyrirtækisins Skipta, sem var hátt settur þar, en hefur nú látið af störfum. Skipti eru móðurfélag Símans. Lögregla rannsakar hvort þessir umræddu menn hafi látið grunaða menn í rannsóknum hjá embætti sérstaks saksóknara vita að verið væri að hlera síma þeirra. Síðarnefndi maðurinn hefur verið yfirheyrður vegna málsins.

„Þetta snýst um það hvort einhver tiltekinn einstaklingur hafi hreinlega rofið trúnað sem hann er bundinn," segir Hrannar og bætir við að flest verkefni hjá fyrirtækinu séu þess eðlis að þar framkvæmi starfsfólk tiltekin verk og búi yfir vitneskju þar að lútandi.

SÍMAFYRIRTÆKIN Síminn og Vodafone reyndu árangurslaust að fá upplýsingar um rannsóknir hjá lögreglunni í gær.

Engar athugasemdir borist

Vegna frétta um að starfsmenn tveggja símafyrirtækja séu grunaðir um að hafa upplýst grunaða menn um að símtæki þeirra væru hleruð vegna rannsókna á vegum embættis sérstaks saksóknara óskar Vodafone eftir því að koma eftirfarandi á framfæri:

„Engar athugasemdir hafa borist Vodafone vegna vinnulags við framkvæmd hlerana eða þeirra starfsmanna sem vinna með lögreglu að framkvæmdinni að undangengnum dómsúrskurði. Þvert á móti hefur bæði vinnulagi Vodafone og einstökum starfsmönnum verið hrósað fyrir mikla fagmennsku.

Í kjölfar áðurnefndra frétta óskaði Vodafone eftir upplýsingum um umrædd mál hjá lögreglu. Þar fengust þau svör, að engar upplýsingar yrðu veittar Vodafone enda væri fyrirtækið ekki til rannsóknar."

Síminn gaf sambærileg svör í gær.

„Mál af þessu tagi eru þannig vaxin að það skiptir viðkomandi fyrirtæki og þeirra viðskiptavini miklu máli að þau geti sannreynt hvort þeirra eigin starfsmenn séu grunaðir um eitthvað eða ekki. Öðruvísi geta þau ekki brugðist við."

Síminn fól lögmanni sínum að fá skýringar á málinu hjá lögreglu, að sögn Margrétar Stefánsdóttur upplýsingafulltrúa. Hann fékk þau svör að málið varðaði hvorki Símann né Skipti. Þar af leiðandi yrði fyrirtækið ekki upplýst frekar um það. Fréttablaðið reyndi án árangurs að ná tali af viðkomandi fyrrverandi starfsmanni Skipta í gær.

jss@frettabladid.is

Krabbameinssjúklingar:

Hætta töku lyfja vegna aukaverkana

HEILBRIGÐISMÁL Um þriðjungur sjúklinga með brjóstakrabbamein hættir að taka hormónabælandi lyf vegna aukaverkana. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Northwestern-háskólann í Bandaríkjunum.

Rannsóknin tók til 686 kvenna sem tóku hormónabælandi lyf vegna sjúkdómsins.

Alls kváðust 36 prósent þeirra hafa hætt að taka lyfin vegna liðverkja, hitakófs, þyngdaraukningar og ógleði.

Tíu prósent hættu að taka lyfin innan tveggja ára en 26 prósent eftir fjögur ár.

Rannsakendurnir segja lækna vanmeta aukaverkanirnar. - ibs

Starfsfólk á sænskum spítala:

Ofbeldið konum að kenna

SVÍÞJÓÐ Þriðjungi starfsfólks á stærstu slysadeild í Svíþjóð finnst það vera konum að kenna ef þær eru beittar ofbeldi. Þetta kemur fram í sænskri könnun.

Tíu prósentum starfsfólksins á Södersjukhuset í Stokkhólmi finnst það ekki heldur í þeirra verkahring að spyrja hvernig meiðsli kvennanna séu tilkomin.

„Rannsóknin sýnir að við höfum mikið verk að vinna í viðhorfi fólks," segir Maaret Castrén, prófessor í bráðalækningum á spítalanum.

Fimmtán til tuttugu konur látast af völdum maka sinna á hverju ári í landinu og um helmingur þeirra hafði áður leitað aðstoðar í heilbrigðiskerfinu. - þeb

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Í dag og á morgun ríkja N-áttir á landinu, víða 5-10 m/s en vindstrengur við NA- og A-ströndina. Horfur á éljagangi, einkum við N-ströndina en að mestu úrkomulítið S- og SA-til. Það kólnar heldur í dag og næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	6°
Berlín	8°
Billund	5°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	8°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	21°
London	7°
Mallorca	18°
New York	7°
Orlando	24°
Ósló	3°
París	9°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Geislandi
gleði og gjafir

Komdu í Smáralind og gerðu öll jólainnkaupin á einum stað. Við bjóðum upp á jólastemningu á léttu nótunum með **Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, hljómsveitinni Frjókorni og kór Kársnesskóla.**

Jólasveinninn kemur í heimsókn og við hlökkum til að sjá þig líka!

Opið til 22 alla daga til jóla

Þorláksmessa opið til 23

Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Opið til 22 frá 15. des. og til 23 á Þorláksmessu

ENNEMM / SÍA / NM49475

KJÖRKASSINN

Eyðir þú meiru í jólagjafir í ár en í fyrra?

JÁ 17,2%

NEI 82,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að kaupa íslenskt jólatré?

Segðu skoðun þína á visir.is

Jón Ásgeir Jóhannesson krefst ómerkingar á leiðréttum ummælum fyrrverandi áðherra í meiðyrðamáli:

Vill 1,3 milljónir króna frá Birni Bjarnasyni

DÓMSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður krefur Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, um eina milljón króna í miskabætur vegna ranghermis í bók Björns um Baugsmálið. Hann telur leiðréttingar Björns ekki duga til að firra hann ábyrgð.

Jón Ásgeir hefur stefnt Birni fyrir meiðyrði, og stóð til að taka málið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en fyrirtökunni var frestað þar til í janúar.

Í stefnu Jóns Ásgeirs er þess krafist að Björn verði dæmdur til refsingar fyrir rangfærslur í bókinni Rosabaugur yfir Íslandi.

Þess er einnig krafist að rangfærslurnar verði ómerktar, og að Björn greiði 300 þúsund króna kostnað fyrir birtingu á dóminum. Alls krefst Jón Ásgeir því 1,3 milljóna, auk kostnaðar við stefnuna.

BJÖRN BJARNASON

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Jón Ásgeir telur tvö atriði í bók Björns meiðandi. Annars vegar segir Björn að Jón Ásgeir hafi verið dæmdur fyrir fjársvik, þegar rétt er að hann var dæmdur fyrir meiri háttar bókhaldsbrot. Hins vegar er sagt að Jón Ásgeir hafi verið ákærður í ákærulið sem sneri að öðrum sakborningi.

Um leið og bent var á mistökin í bókinni leiðrétti Björn þau opinberlega og bað Jón Ásgeir afsökunar, auk þess sem þau hafa verið leiðrétt í annarri prentun bókarinnar, segir Jón Magnússon, lögmaður Björns.

„Hér er verið að krefjast ómerkingar á ummælum sem þegar hafa verið ómerkt," segir Jón. Björn fer fram á það fyrir dómi að Jón Ásgeir greiði allan kostnað við málið, auk álags á laun verjanda Baugs þar sem málið sé höfðað að þarflausu og án tilefnis. **- bj**

JÓLATILBOÐ

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Frábært verðlaunagrill fyrir íslenskar aðstæður

Kraftmikið, meðfærilegt og frábærlega hannað gasgrill fyrir heimilið eða í ferðalagið
Frábært á svalirnar eða á veröndina

42.900
FULLT VERÐ 59.900

www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á JÓLATILBOÐI

KELDNAHOLT Meðal þess sem lífeyrissjóðirnir horfðu til varðandi fjárfestingu var land við Keldnaholt og Keldnaland. Þeir voru reiðubúnir til að kaupa landið og lána Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lífeyrissjóðir fengu ekki að fjárfesta

Lífeyrissjóðir vildu fjárfesta í ríkisfyrirtækjum og fjármagna þannig vaxtaniðurgreiðslu skuldugra heimila. Var ekki talið tímabært af stjórnvöldum. Vildu lána Reykjavíkurborg til uppbyggingar í Keldnaholti en skipulagsmál hömluðu því.

EFNAHAGSMÁL Lífeyrissjóðir reyndu að semja við ríkið um fjárfestingu í nokkrum ríkisfyrirtækjum, til að komast hjá skattheimtu. Ýmist vildi ríkið ekki selja eða taldi ekki tímabært. Sjóðirnir telja að skattheimta geti þýtt lægri útgreiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum.

ARNAR SIGURMUNDSSON

Viljayfirlýsing var undirrituð í desember 2010 um að setja 12 milljarða króna í vaxtaniðurgreiðslu skuldugra heimila á tveimur árum. Ákveðið var, eftir nokkra samninga, að hlutur lífeyrissjóðanna væri 1,4 milljarðar hvort ár. Samkvæmt yfirlýsingunni skuldbundu sjóðirnir sig til að taka þátt í fjármögnun verkefnisins. Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að fjármögnun þýði lán en ekki skattheimta.

Arnar segir að sjóðirnir hafi reynt að ganga til viðskipta við ríkið til að ekki kæmi til skattheimtu. Með kaupum á ríkiseignum hefði bókhaldslegur hagnaður geta numið umsömdum 2,8 milljörðum króna.

„Við höfðum mestan áhuga á að kaupa hlutabréf, ef því hefði verið að skipta. Svo var ekki. Því vildum við kaupa í Landsbankanum, Landsvirkjun og jafnvel Landsneti."

Arnar segir kaup í Landsvirkjun ekki hafa komið til greina og stjórnvöld hafi ekki talið tímabært að selja aðrar eignir sem komu til greina.

Lífeyrissjóðirnir horfðu þá til kaupa á Keldnalandi og Keldnaholti, en heimild er fyrir sölunni í fjárlögum. Frá því var fallið þar sem Reykjavíkurborg á mikið af lausum lóðum í Úlfarsárdal og allt bendir til að uppbygging á Keldnasvæðinu muni tefjast um fimm til fimmtán ár.

Arnar segir að lífeyrissjóðirnir hafi haft áhuga á að festa kaup á landinu og lána Reykjavíkurborg. Samningar hafi þó ekki tekist um það. Þá segir hann að slæleg þátttaka í útboði Seðlabanka Íslands á aflandskrónum hafi einnig haft áhrif, en sjóðirnir hafi vonast til að fá eitthvað úr því.

Tillaga liggur fyrir Alþingi um skatt á lífeyrissjóðina sem nemur umræddum 2,8 milljörðum. Arnar segir að þetta muni mismuna sjóðunum. Opinberir sjóðir séu með bakábyrgð launagreiðanda, ríkis eða sveitarfélaga, sem muni bæta það upp sem vantar. Slíku sé ekki til að dreifa hjá almennu sjóðunum og því geti komið til skerðingar á útgreiðslum. **kolbeinn@frettabladid.is**

Ólafur Ragnar Grímsson formaður dómnefndar alþjóðlegra orkuverðlauna:

Í dómnefnd með Leonardo DiCaprio

ORKUMÁL Ólafur Ragnar Grímsson hefur fallist á að gegna formennsku í dómnefnd alþjóðlegu orkuverðlaunanna Zayed Future Energy Prize. Dómnefndin fundaði í Abu Dhabi í gær, en verðlaunin verða afhent í janúar.

Með Ólafi í dómnefndinni eru meðal annarra bandarískí leikarinn Leonardo DiCaprio, Cherie Blair, lögfræðingur og eiginkona Tony Blair, Mohammed Nasheed, forseti Maldíveyja, og dr. Susan Hockfield, rektor MIT háskólans í Bandaríkjunum, að því er fram kemur í tilkynningu frá embætti forsetans.

Í dómnefndinni sitja einnig þau Timothy Wirth, forseti Sameinuðu þjóða stofnunarinnar og fyrrverandi öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum, og Elizabeth Dipuo Peters, orkuráðherra Suður-Afríku.

Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og nemur heildarupphæð verðlaunafjár jafnvirði 450 milljóna íslenskra króna. Þau verða veitt á Heimsþingi hreinnar orku sem haldið verður í janúar næstkomandi, segir í tilkynningunni. **- bj**

ÓLAFUR OG LEONARDO Leikarinn heimsfrægi verður í dómnefnd ásamt forsetanum.

ALLIR GÖNGUSKÓR Á 20% AFSLÆTTI

YFIR 35 GERÐIR

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Jólaspilið í ár

- **300 fjölskylduspjöld og 180 fullorðinsspjöld = 3840 ný orð!**
- **Allir á móti öllum – börn og fullorðnir spila saman**
- **20 VILLT! spjöld, athafnir fyrir fullorðna leikmenn**

„Með Fjölskyldu Alias þá náum við allri fjölskyldunni saman“
Logi Bergmann sjónvarpsmaður

„Krökkunum finnst svo gaman að fá mig með í leik, og Fjölskyldu Alias er spil sem við getum öll spilað saman“
Selma Björns leikari



„Fjölskyldu Alias er klárlega **skemmtilegasta Alias spilið til þessa“**
Þórunn Antónía sjónvarpskona

„Fjölskyldu Alias er skemmtilegt spil fyrir allan aldur“
Laddi skemmtikraftur

Spilið sem sameinar fjölskylduna

Opið til 22 öll kvöld til jóla

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða bók er nú í efsta sæti sölulista bókaútgefenda?*
2. *Hvað hefur gæsluvarðhaldsúrskurðum fjölgað um mörg prósent?*
3. *Hvar vinna vísindamenn við sterkeindahraðal CERN?*

SVÖR:
1. Bakið 2. 60 prósent 3. Á landamærum Sviss og Frakklands

GÓÐ GJÖF
FYRIR ALLA SEM FERÐAST
Fæst í öllum helstu bókabúðum og á www.bokakaffid.is
Handhægt alfræðirit fyrir alla sem stunda útivist og ferðalög
Stútfull af gagnlegum fróðleik
Sæmundur bókaútgáfa

Ný rannsókn á bótasvikum í Danmörku bendir til að 3% Dana svíki út bætur:

Svik nema hundruðum milljarða

DANMÖRK Rúmlega þrjú prósent Dana svíkja bætur úr velferðarkerfinu á hverju ári, samkvæmt nýrri rannsókn sem fyrirtækið KMD Analyse gerði.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að á bilinu sjö til tólf milljarðar danskra króna séu sviknir út úr kerfinu á hverju ári, eða um 150 til 256 milljarðar íslenskra króna. Fyrirtækið tók viðtöl við Dani og viðurkenndu 3,2 prósent þeirra að taka við bótum sem þeir þurfa ekki á að halda. Dæmi um bótasvik eru að fólk tekur við bótum en segir ekki frá raunverulegum tekjum sínum, eða fær atvinnuleysisbætur án þess að leita að starfi eða hafa neitað vinnu.

Í fyrra voru 350 milljónir danskra króna endurheimtar eftir að upp komst um bótasvik, en KMD segir að það séu líklega aðeins um fjögur til sjö prósent af raunverulegum svikum. Sveitarfélög treysta að mestu leyti á nafnlausar ábendingar til að koma upp um svikin. Fyrirtækið mælir með því að með betri eftirfylgni og samstarfi milli mismunandi stjórnsýslustiga væri hægt að gera mun betur. Þá bendir fyrirtækið einnig á að einfalda þurfi skilyrði fyrir því að fá bætur. - þeb

KAUPMANNAHÖFN Fyrirtækið segir að líklega komist aðeins upp um fjögur til sjö prósent af bótasvikum á hverju ári. NORDICPHOTOS/AFP

Ónáðaði fyrrum eiginkonu:

Braut nálgunarbann gegn konu

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða 75 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir að brjóta nálgunarbann gegn fyrrverandi eiginkonu sinni og núverandi sambýlismanni hennar.

Maðurinn viðurkenndi fyrir dómi að hafa nálgast parið við sundlaug í Hafnarfirði. Jafnframt að hafa farið að heimili þeirra þrátt fyrir að hafa vitað að nálgunarbann væri í gildi. Maðurinn var líka sakaður um að hafa ónáðað fólkið með tugum símtala, sms-skilaboðum og tölvupóstum. - jss

Veik eftir ferð á jólamarkað:

Jólasveinn býður eiturdrykki

ÞÝSKALAND Forsvarsmaður jólamarkaðar í Berlín hefur heitið þeim eitt þúsund evrum sem geta veitt upplýsingar um mann í jólasveinabúningi sem boðið hefur gestum jólamarkaða eitraðan snafs.

Sjö konur og þrír karlar hafa orðið veik af drykknum og nokkur þeirra þurftu á meðferð á sjúkrahúsi að halda.

Lögreglan í Berlín kannaði í fyrradag enn eitt tilfelli, sem grunur leikur á að tengist hinum. Enn er ekki ljóst hvað var í snöfsunum sem olli veikindunum.

Sá sem bauð vegfarendum drykkina var í fyrstu sjö skiptin ekki klæddur sem jólasveinn, að því er þýskir fjölmiðlar greina frá. - ibs

300 milljarðar fara í bættar samgöngur

Ríkið mun verja þrjú hundruð milljörðum króna í samgöngubætur á næstu tólf árum samkvæmt nýrri samgönguáætlun innanríkisráðherra. Nýjar brýr yfir Ölfusá og Hornafjarðarfljót eru meðal verkefna. Almenningssamgöngur efldar.

SAMGÖNGUR Ríkið mun verja 296 milljörðum króna til nýrrar samgönguáætlunar fyrir árin 2011 til 2022, samkvæmt tillögum Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.

Annars vegar er um að ræða tólf ára samgönguáætlun, þar sem stærstum hluta fjármagnsins verður varið til vegamála, eða 240 milljörðum króna, og hins vegar fjögurra ára verkefnisáætlun með fjárhagsramma.

Fjölmörg verkefni eru í áætlun innanríkisráðherra. Þar á meðal eru nýjar brýr yfir Ölfusá og Hornafjarðarfljót, breikkun vegar milli Selfoss og Hveragerðis, breikkun Vesturlandsvegar og lagning bundins slitlags víðsvegar um landið.

Meðal helstu áherslna í áætlanagerðinni voru efling almenningssamgangna, að koma í veg fyrir banaslys í umferðinni, loftslagsmál, samgöngukostnaður heimilanna og jákvæð byggðaþróun.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að sérstök áhersla sé lögð á verkefni á landsvæðum þar sem í dag eru lakastar samgöngur.

Verkefnaáætlunin skiptist í sjö kafla; flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun, vegáætlun, áætlun Umferðarstofu, umferðaröryggisáætlun, almenn samgönguverkefni og framkvæmd verka á tímabilinu.

Þá verður á árunum 2011 til 2022 unnið að rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum sem falla undir meginmarkmið samgönguáætlunar.

sunna@frettabladid.is

VEGUR LAGÐUR Langstærstum hluta fjármagnsins í tólf ára samgönguáætlun innanríkisráðherra verður varið til vegamála, eða 240 milljörðum króna af tæpum 300 milljörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helstu verkefni í tólf ára áætlun

Meðal verkefna sem lokið verður á gildistíma tólf ára samgönguáætlunar og kosta hvert yfir einn milljarð króna eru:

- Ný brú yfir Hornafjarðarfljót ásamt vegagerð
- Ný brú yfir Ölfusá norðan Selfoss
- Breikkun vegar milli Selfoss og Hveragerðis og um Hellisheiði
- Breikkun Vesturlandsvegar
- Vegarkafli á sunnanverðum Vestfjörðum
- Verkefni á Suðvesturlandi sem tengjast bættu umferðarflæði
- Átak í lagningu bundins slitlags á tengivegi um land allt fyrir tæpa 6 milljarða króna
- Nýr vegur um Dynjandisheiði, Suðurfjarðarveg og Axarveg

Gert er ráð fyrir að lokið verði við gerð Norðfjarðarganga árið 2018, Dýrafjarðargöng árið 2022 og Hjallahálsgöng einnig 2022 verði láglendisleið ekki fyrir valinu.

Draumajólagjöf golfarans

APPROACH® GOLF GPS
- 24 helstu vellir á Íslandi ásamt 7.100 evrópskum völlum
- Einfaldur og handhægur snertiskjár
- Getur stillt holustaðsetningar
- Heldur utan um tölfræði kylfings, hittar flatir, brautir og pútt
- Aðeins tæki keypt á Íslandi eru með íslenskum völlum

INNIHELDUR KORT 24 HELSTU GOLFVALLA ÍSLANDS
LISTINN ER Á GARMIN.IS

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi
S: 577 6000 | www.garmin.is
GARMINBÚÐIN

Minnum á desember-uppbótina

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti
VR

Einstakur atburður að eiga sér stað við miðju Vetrarbrautarinnar:

Dauðadæmt ský nálgast svarthol

VÍSINDI Stjörnufræðingar hafa gert merkilega uppgötvun þar sem risastjörnukíkir evrópsku Geimvísindastofnunarinnar (ESO) hefur varpað ljósi á stórt gasský sem er nokkru massameira en jörðin, og nálgast óðfluga risasvartholið í miðju Vetrarbrautarinnar.

Á vef ESO segir að þetta sé í fyrsta sinn sem „dauðadæmt“ gasský nálgast svarthol að jarðarbúum sjáandi, en þýskir vísindamenn hafa notað sjónauka ESO til að fylgjast með svartholinu í 20 ár.

Skýið sem um ræðir fer nú á átta milljón kílómetra hraða á klukkustund í átt að svartholinu og eykur stöðugt hraðann. Skýið verður komið fast upp að svartholinu árið 2013, en þegar er þyngdarafl svartholsins farið að tæta í brúnir skýsins og er talið að það muni leysast algerlega upp á næstu árum.

„Margir kannast við hugmyndina um geimfara sem verður að spaghettíi er hann nálgast svarthol,“ segir Stefan Gillessen, aðalhöfundur fræðigreinar um þessa atburðarás, á vef ESO.

„Í dag sjáum við það gerast í raunveruleikanum. Þetta nýfundna ský mun ekki komast heilu og höldnu í gegnum þessa raun.“ - þj


ENGIN UNDANKOMULEIÐ Þessi tölvumynd sýnir afleiðingar þess að gasskýið leysist upp í návígi við svartholið. Rauða línan sýnir braut skýsins. MYND/ESO

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardag
12–17
sunnudag
12-17

CONTOUR

JÓLAGJÖF FYRIR ÆVINTÝRAGJARNA

Contour-myndavélarnar eru meðal bestu sport-myndavéla í dag. Contour-vélarnar eru allar með Full HD upptöku, stórum hanskavænum tökkum og snúanlegri linsu.

Hvernig er þitt ævintýri?

ContourROAM er vatnsheld niður á 1 metra án aukabúnaðar, eitt handtak ON-REC/OFF, 170° sjónhorn, 125° í 1080 p, 270° linsusnúningur og laser. Fjögur upptökusnið og tvær festingar.

Verð: 46.995

ContourGPS skráir leiðina í GPS með ConnectView korti (aukabúnaður). Laser til að stilla linsu, 180° linsusnúningur, 135° sjónhorn, fimm upptökumöguleikar, BlueTooth og þrjár festingar.

Verð: 59.995

Contour+ er flaggskip Contour með 170° sjónhorni í 1080 p Full HD-upptöku, fimm upptökusniðum, HDMI-úttengi, BlueTooth, GPS-móttakara, „jack"-tengi og þremur festingum. ConnectView kort fylgir.

Verð: 99.995

Frábært úrval af aukahlutum!

Höfuðfesting

Skíðagleraugnafesting

Vatnshelt plasthús

Hjálmafesting

Linsupakki



Brettafesting



Full búð af frábærum jólagjöfum

Kíktu til okkar í græjukaffi

Endursöluaðilar:
Ellingsen, Nitro Bíldshöfða, Elko, Elko Fríhöfn, Ljósgjafinn Akureyri, Skagfirðingabúð Sauðárkróki, Myndsmiðjan Egilsstöðum, Eyjatölvur Vestmannaeyjum, TRS Selfossi.

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 113471

ICESAVE: ÍSLANDI STEFNT FYRIR EFTA-DÓMSTÓLINN

Ísland þarf að svara til saka fyrir dómi

Eftirlitsstofnun EFTA hefur stefnt Íslandi fyrir dóm vegna meintra brota á tilskipun um innstæðutryggingar vegna Icesave. Landið sagt skuldbundið til greiðslu samkvæmt EES-samningi. Útgreiðslur úr þrotabúi höfðu ekki áhrif.

FRÉTTASKÝRING

Hvað þýðir málssókn ESA vegna Icesave?

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur stefnt Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn. Stofnunin telur Ísland hafa brotið tilskipun um innstæðutryggingu. Þessi skoðun ESA á ekki að koma á óvart, stofnunin hefur haldið þessu fram um hríð.

LÁRUS BLÖNDAL

ESA sendi ríkisstjórn Íslands áminningarbréf í maí þar sem þessi skilningur stofnunarinnar var áréttaður. Stjórnvöld fengu frest til að svara því bréfi, en skiluðu rökstuddu áliti í október. Þar kom fram að innstæðueigendur í Hollandi og Bretlandi hefðu ekki borið skarðan hlut frá borði ef áætlanir um uppgjör þrotabús Landsbankans stæðust.

Þær áætlanir hafa staðist og gott betur; útlit er fyrir yfir 100 prósent heimtur í forgangskröfur. Stjórnvöld bundu vonir við að það hefði áhrif á afstöðu ESA. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, ritaði stofnuninni bréf fyrr í vikunni þar sem farið var yfir stöðu þrotabúsins. Góð staða þess þýddi að Bretar og Hollendingar töpuðu ekki á málinu.

ESA féllst ekki á þessar röksemdir og ítrekar álit sitt um meint brot Íslendinga.

„ESA heldur við fyrri afstöðu sína. Ísland verður að uppfylla þær skyldur sem það hefur undirgengist með aðild að EES-samningnum. Því ber að tryggja greiðslur til allra innstæðueigenda, án mismununar, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni um innstæðutryggingar," segir Oda Helen Sletnes, forseti stofnunarinnar, í fréttatilkynningu.

Orðalagið „án mismununar" vekur upp spurningar hvort það þýði að Íslendingar verði að tryggja innstæður Breta og Hollendinga að fullu, líkt og gert var hér á landi, en ekki aðeins lágmarkstrygginguna, rúmlega 20 þúsund evrur. Trygve Melvang-Berg, upplýsingafulltrúi ESA, sagði hins vegar við Fréttablaðið að málið snerist aðeins um lágmarkstrygginguna.

Lárus Blöndal, sem sat í nefnd um Icesave-viðræðurnar undir stjórn Lee Buchheit, segir að við stefnunni hafi mátt búast. Ekkert nýtt sé að finna í rökstuðningi ESA.

„Menn vonuðust til að áhuginn á málssókn færi að minnka eftir því sem peningar færu að skila sér úr þrotabúinu, en svo hefur ekki verið."

> Menn vonuðust til að áhuginn á málssókn færi að minnka eftir því sem peningar færu að skila sér úr þrotabúinu.
>
> **LÁRUS BLÖNDAL**
> FYRRUM FULLTRÚI Í ICESAVE-VIÐRÆÐUM

Lárus segir að búast megi við að niðurstaða fáist ekki úr málinu fyrr en eftir að minnsta kosti ár. Komist dómstóllinn að því að Íslendingar hafi mismunað innstæðueigendum gætu Bretar og Hollendingar beitt þeim rökum að það gildi ekki aðeins um lágmarkstrygginguna. Það þýðir kröfu um tæpa 1.200 milljarða í stað 670.

Tapi Íslendingar málinu á einnig eftir að takast á um vexti. Bretar og Hollendingar féllust á 5,55 prósent vexti eftir nokkurt þóf. Þeir féllust á að lækka þá niður í 2,25 prósent, gegn því að fá aukinn hlut úr endurheimtum. Allsendis óljóst er hver krafan verður, tapi Íslendingar málinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lítur ESA svo á að nauðsynlegt sé að fá úr málinu skorið, varðandi innstæðutrygginguna. Samningar um greiðslur á milli ríkja snerti ekki þá grundvallarspurningu. **kolbeinn@frettabladid.is**

SAMNINGUM HAFNAÐ Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur í tvígang neitað að skrifa undir lög frá meirihluta Alþingis um lausn á Icesave-deilunni. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú stefnt Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn vegna deilunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GYLFI ARNBJÖRNSSON, FORSETI ASÍ:

Þrotabúið virðist duga til

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir stöðuna tengjast niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslna varðandi Icesave. Ágreiningur sé uppi um túlkun þeirra reglugerða sem ESA vísar til. Hann vonar að fjárhagsleg áhætta sé ekki mikil, enda bendi allt til þess að hinn fallni Landsbanki eigi fyrir öllum innstæðum.

„Hættan af svona máli var að það yrði ekki bara um lágmarkstrygginguna heldur mundi ESA láta á það reyna að innstæðutryggingin gilti jú fyrir allar reikningsupphæðir á Íslandi. Það gæti verið mismunun gagnvart EES-borgurum, um það var óvissa og er."

Gylfi segist hafa verið þeirrar skoðunar að best hefði verið að leysa málið með samningum. „Í svona málum eru það hagsmunir aðila, bæði okkar sem þjóðar og þeirra sem við erum að vinna með, að leysa þetta með pólitískum hætti." **- kóp**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA:

Munum taka til ýtrustu varna

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir ákvörðun ESA ekki hafa komið á óvart. Ljóst hafi mátt vera að málið gæti endað á þennan hátt þar sem ekki tókst að leiða það til lykta með samningum.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Nú hefst næsti þáttur, sem er að búa sig undir málið og taka til ýtrustu varna. Við munum að sjálfsögðu gera það og tefla fram öllum rökum sem við höfum."

Steingrímur segir það hafa orðið reyndin sem margir hafi óttast að batnandi heimtur úr þrotabúi Landsbankans hefðu ekki áhrif á ákvörðun ESA. Þær hefðu ekki nægt til að koma málinu út úr heiminum. „Við fáum þá þann dóm sem margir hverjir töldu réttast að fá. Menn verða þá að átta sig á því að sá dómur mun gilda."

Steingrímur segir óljóst hver áhrif verða af dómsmálinu. Ljóst sé þó að þau áhrif sem verði muni verða til hins verra. Það sé ekki gott að hafa málið hangandi yfir sér. Réttast sé þó að fjalla um þetta af yfirvegun og leggja áherslu á að lagalegur ágreiningur sé uppi og eðlilegt sé að hann endi fyrir dómstólum. Það sé hins vegar staðreynd sem ekki verði umflúin að meint brot Íslendinga á skuldbindingum sé á leiðinni fyrir dómstóla og verði þar næstu misseri.

„Það er mikilvægt að menn vandi sig nú við að halda yfirvegun þannig að menn setji sjálfa sig sem minnst í neikvætt ljós." **- kóp**



MÁR GUÐMUNDSSON SEÐLABANKASTJÓRI:

Reiknuðu flestir með því að málið færi fyrir dómstóla

Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir málssóknina ekki munu hafa mikil áhrif á horfur í efnahagsmálum. Fjárhagsleg áhætta Breta og Hollendinga hafi minnkað með bættum endurheimtum í þrotabú Landsbankans. Frekar sé á ferðinni spurning um að skýra ákveðnar Evrópureglur um innstæðutryggingar.

MÁR GUÐMUNDSSON

„Og hitt sem hefur gerst er að okkur hefur tekist að útskýra þetta fyrir markaðnum og öllum aðilum. Þetta er því ekki óvænt og ég held að markaðirnir og flestir hafi reiknað með því að þetta færi svona.

Ég á því ekki von á því að þetta verði mikil áhrif þó þau geti auðvitað orðið einhver til skemmri tíma. En maður veit auðvitað aldrei með markaði, þeir lúta sálfræði til skemmri tíma, en þegar frá líður held ég að þau verði ekki mikil." **- mþl**

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS:

Tengt ástandi í ESB

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir dómsmálið ekki koma að öllu leyti á óvart. Forstöðumaður ESA hafi tjáð sig á þennan veg í haust á fundi með þingmönnum EFTA og Evrópuþingsins. Sigmundur segir hins vegar undarlegt að ESA taki ekki tillit til erindis efnahags- og viðskiptaráðherra um bætta stöðu þrotabús Landsbankans.

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigmundur segir að í því bréfi hafi verið sýnt fram á að Bretar og Hollendingar hefðu ekki orðið fyrir tjóni vegna þeirrar leiðar sem farin var. Þvert á móti hefðu þeir hagnast á því að sú leið var farin frekar en að ríkið greiddi út lágmarkstryggingu, sem það hefði hvort eð er ekki getað gert.

„Það virðist hafa legið fyrir í einhvern tíma að það ætti að þrýsta á um þetta og vísbendingu um hvers vegna mönnum liggur svo á um það held ég að sé að finna í tilkynningu ESA um að þetta skipti höfuðmáli varðandi traust á bankakerfinu og að fólk verði að geta treyst því að ef bankar fari í þrot þá fái það þessa greiðslu. Með öðrum orðum að þetta tengist þessu ástandi sem nú er að setja allt á hvolf í Evrópu." **- kóp**

Kringlan

Jólatónleikar

Í KVÖLD KL. 20

Landsþekktir listamenn færa þér sanna jólastemningu.
Komdu og njóttu kvöldsins við kertaljós.

Stefán Hilmarsson
Helgi Björnsson
Sigurður Guðmundsson
Jóhanna Guðrún
Sigga Beinteins
Pálmi Gunnarsson

Opið til 22 öll kvöld til jóla

GENGIÐ Á FÓLKI Heittrúaðir hindúar liggja á jörðinni meðan prestar ganga yfir þá í gervi helgra anda á trúarhátíð í þorpinu Baktarahalli í Andra Pradesh á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölskylduráð Akraness styður stjórnendur Brekkubæjarskóla til að leysa vanda en bæjarfulltrúi enn ósáttur:

Fylgi reglum um starfsanda og góðan skólabrag

SKÓLAMÁL Fjölskylduráð Akraness segist styðja stjórnendur Brekkubæjarskóla í „að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag“.

Starfsmannamál Brekkubæjarskóla voru til umfjöllunar á fundi fjölskylduráðsins á sunnudag. Krytur hafa verið milli skólastjórans og nokkurra kennara, þar af tveggja með samanlagt 67 ára starfsreynslu sem sagt hafa upp störfum frá áramótum. Meðal áheyrnarfulltrúa á fundinum var Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri.

Fjölskylduráðið kveðst telja að málin séu í góðum farvegi hjá stjórnendum Brekkubæjarskóla. Ráðið hvetji skólasamfélagið í heild sinni til að vinna samkvæmt því sem segir í reglugerð um jákvæðan skólabrag og samskipti sem og ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagins í grunnskólum.

„Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. Einnig kemur fram að starfsfólk grunnskóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag,“ segir í bókun fjölskylduráðsins.

BREKKUBÆJARSKÓLI Meirihluti starfsfólks segist ánægður og fjölskylduráð Akraness styður stjórn Brekkubæjarskóla.

Í síðustu viku sendi starfsfólk Brekkubæjarskóla frá sér yfirlýsingu um að meirihluta þeirra liði vel í skólanum og væri ánægt í starfi. Á bæjarstjórnarfundi á þriðjudag lýsti Gunnar Sigurðsson bæjarfulltrúi hins vegar yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð starfsmannastjóra bæjarins í máli fyrrnefndu kennaranna tveggja. „Er hennar eina aðkoma fólgin í aðstoð við ráðningu aðkeypts sérfræðings að beiðni skólastjórans. Ég hafði væntingar til þess að unnt væri að leysa vandamálin þannig að allir aðilar gætu vel við unað,“ bókaði Gunnar. - gar

STÖKKTU TIL Kanarí
3. janúar í 14 nætur
Frá kr. 49.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 3 janúar á frábæru tilboði.
Þú bókar fllugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 49.900
Netverð á mann, Flugsæti 3 – 17. janúar.

Verð kr. 69.900
Netverð á mann, m.v. 4 í íbúð með 2 svefnherbergjum í 14 nætur.

Verð kr. 89.900
Netverð á mann, m.v. 2 í studio/ íbúð í 14 nætur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sliku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Jólastemning í miðbænum:

Slökkt verður á götulýsingu

AKUREYRI Slökkt verður á allri götulýsingu í miðbæ Akureyrar næsta föstudagskvöld.

Aðalsteinn Árnason, formaður Miðbæjarsamtakanna, segir í tilkynningu að markmiðið sé að laða fram hlýlega stemningu sem minni á gamla daga.

Miðbærinn verður einungis lýstur upp með kertaljósum og kyndlum og hestamenn verða á ferðinni um göngugötuna á gæðingum sínum.

Ljósin á jólatrénu á Ráðhústorgi munu þó loga en kaupmenn hafa ákveðið að draga úr lýsingu í verslunum sínum eins og frekast er kostur og lýsa þá frekar upp með kertaljósum og jólaseríum.

Göngugatan verður lokuð fyrir bílaumferð líkt og vaninn er. - sv

HARMLEIKUR Í LIÈGE Fjöldi manns lagði leið sína á morðstaðinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Drap ræstinga-konuna fyrst

Fjöldamorðinginn Amrani myrti ræstingakonu sína áður en hann hélt vopnaður sprengjum og byssum á torg í Liège. Átti glæpaferil að baki en hvorki sögu um geðtruflanir né tengsl við hryðjuverkasamtök.

BELGÍA Fjöldi fólks lagði leið sína á torgið Place Saint-Lambert í belgísku borginni Liege í gær, margir með blóm til að minnast þeirra sem létust í árásinni á þriðjudag.

Rúmlega þrítugur maður myrti þar að minnsta kosti þrjár manneskjur og særði á annað hundrað manns áður en hann svipti sjálfan sig lífi. Áður en hann framdi þetta voðaverk hafði hann myrt konu á fimmtugsaldri skammt frá árásarstaðnum í húsnæði, sem hann virðist hafa notað til að rækta kannabisplöntur.

„Þetta var ræstingakona,“ sagði Daniele Reynders, saksóknari í Liège. „Svona mætti hún honum í gærmorgun. Hún deyr, skotin með byssukúlu í höfuðið.“

Að sögn belgísku lögreglunnar létust tveir unglingspiltar í árásinni, annar 15 ára og hinn 17 ára, báðir nýkomnir úr prófi. Einnig lést tæplega tveggja ára gamalt barn af sárum sínum og 75 ára gömul kona, sem áður var sögð látin, var í gær sögð liggja milli heims og helju á sjúkrahúsi. Henni var samt ekki hugað líf. Nokkrir aðrir eru á gjörgæslu, þar á meðal tvítugur piltur sem tvísýnt er um.

Alls voru 123 særðir eftir árásina og 40 í viðbót fengu áfallahjálp.

Amrani hélt í hádeginu á þriðjudaginn vopnaður handsprengjum og skotvopnum upp á þak á lágreistri byggingu þar sem hann hafði góða yfirsýn yfir strætisvagnabiðstöð. Hann kastaði að minnsta kosti þremur handsprengjum áður en hann hóf skothríð, en svipti sig síðan lífi. „Banamein hans var skot í mitt ennið,“ sagði Reynders saksóknari.

„Hann skildi ekki eftir nein skilaboð til að útskýra verknaðinn.“ gudsteinn@frettabladid.is

Komst snemma í kast við lögin

Nordine Amrani var 33 ára þegar hann skaut sjálfan sig á þriðjudag eftir að hafa myrt að minnsta kosti fjórar manneskjur og sært á annað hundrað manns.

Hann hélt að heiman um hádegisbil þennan dag með bakpoka fullan af handsprengjum, skammbyssu og léttan riffil og kom sér fyrir á þaki lágreistrar byggingar ofan við strætisvagnabiðstöð á einu fjölfarnasta torgi borgarinnar. Síðan tók hann til við að varpa sprengjum á fólk og skjóta.

Amrani var lærður logsuðumaður, fæddur árið 1978 í Belgíu en af marokkóskum uppruna. Hann komst snemma í kast við lögin, hafði meðal annars hlotið dóm árið 2003. Hann er sagður hafa átt það til að beita ofbeldi og hótunum.

Hann er sagður hafa verið mikill áhugamaður um skotvopn en átti ekki í neinum samskiptum við hryðjuverkasamtök svo vitað sé. Hann átti heldur ekki að baki neina sögu um geðtruflanir.

Hann var hins vegar dæmdur glæpamaður, hafði hlotið fimm ára fangelsisdóm árið 2008 fyrir að rækta kannabis og vera með ólögleg vopn í fórum sínum. Við húsleit heima hjá honum höfðu fundist 10 byssur ásamt 9.500 byssupörtum. Hann er sagður hafa smíðað hljóðdeyfa sjálfur.

Honum var sleppt úr fangelsi í haust en átti að mæta í yfirheyrslu hjá lögreglu, að því er virðist fyrir léttvægt brot, klukkutíma eftir að hann tók upp sprengjur sínar og vopn um hádegisbil á þriðjudaginn. Belgískir fjölmiðlar hafa það eftir lögmanni að hann hafi óttast að vera settur í gæsluvarðhald. Annað er ekki vitað um hugsanlegt tilefni morðæðisins.

Gjafakort sem hægt er að nota hvar sem er

Finnur þú ekki réttu gjöfina?
Gjafakort Arion banka hentar við öll tækifæri.

Hægt er að nota gjafakortið við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina. Einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka og er án endurgjalds í desember.

arionbanki.is — 444 7000
Arion banki

nettó

Kræsingar & kostakjör…

…um jólin

1. sæti
Nettó verslanir
ALMENNT EFNI

ÚTKALL – OFVIÐRI Í LJÓSUFJÖLLUM

Í þessari nýju og spennandi Útkallsbók er fjallað um flugslysið í Ljósufjöllum árið 1986. Björgunarstörf í ofviðri, 10 klukkustunda bið þeirra sem komust af og sérstakt hugboð unnustu flugmannsins. Einnig er sagt frá heimsmetsstökki tíu manna fallhlífarhóps sem barðist uppá líf og dauða við Grímsey. Hraði, spenna og tilfinningar einkenna metsölubækur Óttars Sveinssonar.

Óttar Sveinsson

ÚTKALL - OFVIÐRI Í LJÓSUFJÖLLUM
3.569kr

Gunnlaugur Guðmundsson

ÁST, HEILSA OG UPPELDI STJÖRNUMERKJANNA

Hér fjallar Gunnlaugur stjörnuspekingur á spennandi hátt um ástina, heilsuna og uppeldið.
Ástin: Hvernig eiga stjörnumerkin saman – maður og kona – foreldrar og börn? Fjallað er um sjörnumerkin tólf og innbyrðis samskipti þeirra.
Heilsan: Hvaða tengsl eru milli stjörnumerkjanna og heilsufars?
Uppeldið: Hvaða persónuleika hefur barnið þitt að geyma? Viltu góð ráð í sambandi við uppeldi?

ÁST, HEILSA OG UPPELDI STJÖRNUMERKJANNA
4.284kr

BARNANUDDBÓKIN FRÁ FÆÐINGU TIL 15 ÁRA ALDURS

Foreldrum og systkinum er leiðbeint að nudda börn frá fæðingu til 15 ára aldurs – ungbörn, leikskóla- og grunnskólabörn. Nudd gerir líf barnanna okkar betra og losar um spennu. Ef barnið þitt er með magaverk, eyrnaverk, vaxtarverki eða hefur tognað í íþróttum, finnur þú líka góð ráð í þessari bók. Við kynnumst svæða- og þrýstinuddi, hómópatíu, blómadropum og ilmolíum.

Þórgunna Þórarinsdóttir

BARNANUDDBÓKIN
2.874kr



DODDI

Flott bók og DVD diskur í einum jólapakka.

BÓK + DVD
2.490kr

ÚTKALL
BÓKAÚTGÁFA
www.utkallbokautgafa.is
Sími: 562 2600

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Tilboðin gilda 15. - 18. desember
eða meðan birgðir endast

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

Sigurvega

iPad 2

Spjaldtölva ársins*

Verð frá: 84.990.-

Smart Cover
iPad 2 hlíf / margir litir
Verð frá: 7.990.-

MacBook

Mest selda Apple vélin á Íslandi

Verð: 219.990.-

iPhone 4

iPhone 4
Verð: 99.990.-

iPhone 4S
Verð frá: 149.990.-

iPod fjölskyldan

iPod shuffle
Verð: 9.990.-
Verð áður: 12.990.-
Geymir allt að 1000 lög
5 litir

iPod nano
Verð frá: 29.990.-
Verð áður frá: 35.990.-
Geymir allt að 4000 lög
FM útvarp
7 litir

iPod classic
Verð: 49.990.-
Verð áður: 64.990.-
Geymir allt að 40.000 lög
2 litir

iPod Touch
Verð frá: 39.990.-
Verð áður frá: 55.990.-
HD myndupptaka, tónlist, netvafri, tölvupóstur, leikjatölva
2 litir

* Spjaldtölva ársins að mati PC Magazine
** Græja ársins að mati PC Magazine og Frjálsrar verslunar
Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

rar ársins

FRJÁLS VERSLUN

Pro

MacBook Pro 13”
2,4GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB DDR3 / 500GB HDD
Intel HD Graphics 3000 384MB
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

MacBook Air

Græja ársins**

Verð frá: 179.990.-

MacBook Air 11”
1.6GHz dual-core Intel Core i5
64GB flash (geymslurými)
2GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Aðeins 1 kg

MacBook Air 13”
1.7GHz dual-core Intel Core i5
128GB flash (geymslurými)
4GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Aðeins 1,3 kg

iLuv Stereo Speaker Dock
Hátalari fyrir iPad og iPhone
Verð: 16.990.-

Go Pro Hero HD2
Heimsins fjölhæfasta myndavél
Fyrir hugaða. Tilbúin í sportið
Verð: 57.990.-

Wacom teikniborð
Margar gerðir og stærðir
Verð frá: 12.990.-

Griffin Slim Folio
Hlíf og standur fyrir iPad 2
Verð: 7.990.-

epli.is

Laugavegi 182 | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
Smáralind | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18

Dæmdur á skilorð:

Barði tólf ára dreng í höfuðið

DÓMSMÁL **Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að berja tólf ára dreng í höfuðið. Drengurinn fékk heilahristing við höggið.**

Hópur drengja hafði verið að leik fyrir utan íbúðarhúsnæði mannsins. Hann bar að „óþekktarpésar“ hefðu verið að kasta snjóboltum í gluggana. Hann hefði farið út og náð til eins drengsins, sem hafði dottið á hlaupunum.

Við skýrslutöku var manninum bent á að bannað væri að berja fólk á Íslandi. Hann kvaðst ekki hafa vitað það en í sínu heimalandi væru óþekktarormar hýddir með beltum og þess háttar. **- jss**

Iðnaðarráðuneyti stendur vel:

Góð yfirsýn yfir samninga

STJÓRNSÝSLA Iðnaðarráðuneytið hefur góða yfirsýn yfir þá skuldbindandi samninga sem gerðir hafa verið við aðila sem tekið hafa að sér verkefni gegn greiðslum úr ríkissjóði.

Þetta er mat Ríkisendurskoðunar á úttekt sinni á ráðuneytunum og þeim gildandi þjónustusamningum sem gerðir hafa verið.

Mat á iðnaðarráðuneytinu er það fyrsta sem Ríkisendurskoðun birtir.

Talið er að ráðuneytið hafi jafnframt góða yfirsýn yfir samningana og verklag við yfirferð þeirra sé í föstum skorðum. Hins vegar þurfi að skjalfesta verklagsreglur þess vegna samningamála. **- sv**

LITADÝRÐ Harpa er óneitanlega tilkomumikil í skammdeginu og litadýrðin bæði í glerhjúpnum og jólaskreytingum er mikil. Bætt var í ljósastyrkinn í hjúpnum í skammdeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný ljósasýning Ólafs Elíassonar hefur verið sett upp í skammdeginu:

Tilkomumikil ljósasýning Hörpu

MENNING Ný átta mínútna löng ljósasýning prýðir nú glerhjúpinn utan um tónlistarhúsið Hörpu.

Glerhjúpurinn og ljósasýningarnar eru eftir Ólaf Elíasson listamann. Ljósin í glerhjúpnum voru fyrst tendruð á Menningarnótt, 21. ágúst, sem hluti af opnunarferli hússins. Lýsingin var þá útfærð til samræmis við birtuna og sólsetrið í ágúst. Nýja ljósasýningin er hins vegar með mun sterkari ljósum en sú sem frumsýnd var á Menningarnótt.

Ljósadíóður í margvíslegum litum og með breytilegum styrk eru í öllum glerhjúpnum. Ólafur hefur hannað margar uppraðanir á ljósunum og mun sú næsta prýða hjúpinn einhvern tímann eftir áramót. Því verður hjúpurinn síbreytilegur. **- þeb**

Lögreglurannsókn lokið:

Mál sundlaugarvarðarins til ákæruvaldsins

LÖGREGLUMÁL Rannsóknarlögreglan á Akureyri hefur lokið rannsókn sinni á máli sem upp kom þegar starfsmaður sundlaugar var kærður fyrir að taka myndir með farsíma í búningsklefa kvenna í sundlauginni. Málið hefur verið sent til ákæruvaldsins.

Manninum, sem starfaði í sundlauginni í Varmahlíð í Skagafirði, var sagt upp störfum þegar grunur vaknaði um myndatökur hans. Málið var kært í síðasta mánuði og eftir að lögreglan á Sauðárkróki hafði tekið skýrslu af manninum var það sent til rannsóknar hjá lögreglunni á Akureyri. **- jss**

Frumvarp mun hafa góð áhrif:

Sátt við jöfnun kostnaðar

EFNAHAGSMÁL **Bæjarráð Ísafjarðar fagnar frumvarpi um jöfnun flutningskostnaðar, sem efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir svæðisbundinni jöfnun flutningskostnaðar og á að styðja við framleiðslu og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Flutningskostnaður fyrirtækja mun því lækka um tíu til tuttugu prósent ef frumvarpið verður að lögum.

Ráðið segir að það muni hafa veruleg jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja og einstaklinga á Vestfjörðum. Jöfnun flutningskostnaðar hafi verið eitt helsta baráttumál sveitarstjórna á landsbyggðinni um árabil. **- þeb**

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PETER VAN HOLLAND

POLO
RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

Herra fatagerinn
outlet

Gleðileg jól!

30 til 70%

afsláttur af öllum vörum

nýtt

Frábært úrval af skóm frá

40% afsláttur

DANIEL HECHTER

Opið lengur til jóla
frá fimmtudeginum
15. des til
miðvikudagsins 21.des.
er opið frá 11 til 20.
Þann 22. og 23. des
er opið frá
11 til 22.

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

FRÉTTASKÝRING: Hugmyndir um virkjun Ölfusár við Selfoss

Teflt á tæpasta vað með virkjun

Veiðimálastofnun hefur sent frá sér skýrslu um áhrif virkjunar við Selfoss á fiskistofna á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár. Ekki verður skýrsla stofnunarinnar skilin öðruvísi en að með virkjunarframkvæmdum sé teflt á tæpasta vað hvað varðar laxa- og silungsstofna í mörgum ám í einu stærsta vatnakerfi landsins.

ÖLFUSÁ VIÐ SELFOSS Nákvæm útfærsla virkjunar liggur ekki fyrir, en samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila, Selfossveitum, yrði vatni Ölfusár veitt með stíflu sem tengd yrði brúarmannvirki við Efri-Laugardælaeyju og leitt þaðan um göng eða skurð til virkjunar á vesturbakka árinnar og með útfalli til farvegs Ölfusár neðan við byggðina á Selfossi. Gert er ráð fyrir rennslisvirkjun án vatnsmiðlunar en með inntakslóni sem nær upp eftir ánni ofan stíflu. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu langt lónið nær upp eftir ánni eða hversu stórt það verður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveitarfélagið Árborg og Selfossveitur bs., sem er sjálfstætt félag sem heyrir undir sveitarfélagið, endurvöktu fyrir skemmstu hugmyndir um að reisa vatnsaflsvirkjun í Ölfusá við Selfoss, svokallaða Selfossvirkjun. Var sótt um rannsóknaleyfi til Orkustofnunar í lok september sem var gefið út fyrir réttu ári.

Þessar hugmyndir gengu í endurnýjun lífdaga vegna fyrirhugaðrar byggingar nýrrar brúar yfir Ölfusá norðan við Selfoss, en hugmyndin gerir ráð fyrir því að brúin verði nýtt sem stíflugarður nýrrar virkjunar. Með því að slá tvær flugur í einu höggi á þennan hátt er Selfossvirkjun talin hagkvæmari kostur en margir aðrir virkjunarkostir sem koma til álita í dag.

Í umsókn um rannsóknaleyfið kemur fram að fyrri rannsóknir séu hverfandi en það er helst Vegagerðin sem hefur aflað upplýsinga vegna umhverfismats og áætlana um tvöföldun Suðurlandsvegar en brúin er hluti þeirrar framkvæmdar. Í umsókn um rannsóknaleyfi kemur fram að umhverfisáhrif verða einskorðuð við árfarveg Ölfusár og aðallega þurfi að huga að tveimur atriðum, flóðahættu og áhrifum á fiskgengd.

Veiðiparadís

Á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár lifa allar þær tegundir fiska sem finnast í fersku vatni á Íslandi. Lax er víðast hvar ríkjandi tegund en á svæðinu eru einnig stórir stofnar urriða og bleikju. Fiskgengi hluti vatnasvæðisins þar sem uppeldi er á sjógengnum laxfiskum er nálægt 320 kílómetrar samanlagt.

Umtalsverðar nytjar eru af veiði á vatnasvæðinu og eru veiðistofnar laxa og silunga þar meðal þeirra stærstu á landinu. Stunduð er netaveiði, sem er bundin við jökulvatnið og stangveiði sem einkum er stunduð í hliðaránum og við ósa þeirra. Alls eru 267 jarðir aðilar að Veiðifélagi Árnesinga sem er félag þeirra sem eiga veiðirétt á vatnasvæðinu. Veiðifélag Árnesinga tekur til fiskgenga hluta vatnasvæðisins og nær til jarða við Ölfusá, Hvítá, Sog og þveráa þess, Brúará og Hagaós, Hólaá, Tungufljót að fossinum Faxa, Litlu-Laxá, Stóru-Laxá og Dalsá/Fossá, svo nokkrar séu nefndar. Að auki eru veiðiréttarhafar við Tungufljót ofan við fossinn Faxa og Varmá-Þorleifslæk en sérstök veiðifélög eru um þessi svæði.

Netaveiði er stunduð frá 20 til 30 jörðum og alls er veitt með 76 til 85 stöngum í laxveiði í alls 105 daga. Fjöldi stangardaga getur því orðið allt að 9.450 í laxveiði á ári. Í silungsveiði eru rúmlega 18 þúsund stangardagar.

Umtalsverðar nytjar eru því af veiði á vatnasvæðinu og verðmæti veiða á göngufiskum. Má áætla að verðmæti á göngufiskum til veiðiréttarhafa á vatnasvæðinu sé hátt í 150 milljónir króna. Við þetta bætist óbeint verðmæti sem rennur til ferðaþjónustu og annarra á svæðinu sem getur tvöeða þrefaldað þessa upphæð, samanber úttekt sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði árið 2004.

> Það vantar mikið upp á varðandi afmörkun og hönnun til að hægt sé að meta með sæmilegri nákvæmni hver áhrifin geti orðið.
>
> **GUÐNI GUÐBERGSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR Á VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðimaðurinn

Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, segir að veiðimenn geti að sjálfsögðu skilið áhuga manna á að nýta auðlindir til raforkuframleiðslu. „En lax- og silungsveiði eru dýrmætar auðlindir líka. Það er alveg ljóst að virkjun eins og rætt hefur verið um í Ölfusá getur haft hörmuleg áhrif á fiskistofna árinnar. Það er alveg ljóst að ef illa fer þá mun veiði í Soginu og Stóru-Laxá, þessum fornfrægu veiðiperlum, heyra sögunni til," segir Bjarni.

Í hnotskurn

Rannsókn Veiðimálastofnunar nær til vatnakerfis Ölfusár, fiskistofna á vatnasvæðinu og frummats á hugsanlegum áhrifum af virkjun. Gerð er grein fyrir mögulegum mótvægisaðgerðum og þeirri áhættu sem verður tekin ef fallist verður á framkvæmdir.

Niðurstaða Veiðimálastofnunar er í hnotskurn sú að líkur eru til að virkjunin geti haft umtalsverð áhrif. Sýnt sé að mest af fiskframleiðslu vatnasvæðisins á sér stað ofan lónstæðis virkjunarinnar. Það þýðir að það er afar mikilvægt að fiskgöngur raskist ekki.

Án virkra mótvægisaðgerða yrði lokað fyrir gönguleið fiska upp ána. Það þýddi endalok þeirra göngufiskstofna sem eru ofan stíflu. Hindrun yrði einnig á gönguleið fiska til sjávar. Slíkt gæti tafið gönguseiði og fullorðinn fisk á leið til sjávar með ófyrirséðum afleiðingum.

Virkjunin getur og valdið umtalsverðum neikvæðum áhrifum á veiðinýtingu ef fiskur tefst á ferð sinni upp ána framhjá kafla með skertu rennsli, upp fyrir stíflu og í gegnum inntakslón. Virkjunin veldur því miklu tjóni ef mótvægisaðgerðir eru ekki gerðar eða þær virka ekki eins og til er ætlast.

Um mótvægisaðgerðir

Í skýrslunni er vikið að þeim mótvægisaðgerðum sem framkvæmdaaðilar hafa nefnt. Forsvarsmenn Selfossveitna hafa sagt að ekki verði ráðist í framkvæmdir án þess að tryggt væri að áhrif yrðu óveruleg á fiskstofna, en telja jafnframt að mótvægisaðgerðir tryggi að svo verði.

Eins segir í skýrslunni að „líklegt verður að telja að það takist að koma fiski upp fyrir mannvirki virkjunarinnar en upp geti komið ófyrirséð vandamál sem tímafrekt geti orðið að vinna úr. Mesta óvissan, að mati Veiðimálastofnunar, er um virkni seiða- og fiskfleytu fram hjá stíflu. Slík mannvirki hafa ekki verið byggð hér á landi en þó fyrirhuguð í Urriðafossvirkjun í Þjórsá.

Við þetta bætir Guðni Guðbergsson, sérfræðingur á Veiðimálastofnun. „Í raun er ekki gott þegar framkvæmdaraðili leggur af stað með virkjunaráform með eins lítið af upplýsingum og reynsluleysi og raunin er varðandi hugmyndir Árborgar um Selfossvirkjun. Það vantar mikið upp á varðandi afmörkun og hönnun til að hægt sé að meta með sæmilegri nákvæmni hver áhrifin geti orðið. Að mínu mati er djarft teflt varðandi Selfossvirkjun og allt of lítið til að byggja á á þessari stundu og áætlanir á hugmyndastigi að mestu. Það þyrfti að vera meiri reynsla og vandvirkni við undirbúning. Það þarf mun meiri vitneskju og rannsóknir ef vel á að vera."

Frekari rannsóknir

Það er ekki svo að skilja að ráðist verði í framkvæmdir alveg á næstunni. Rannsóknir á svæðinu standa enn þá yfir og segir ekkert um hvort framkvæmdaleyfi fáist enda háð umhverfismati sem tekur örugglega tvö ár, er hægt að fullyrða. Þá hefur komið fram hörð andstaða veiðiréttar- og landeigenda.

Í þingsályktunartillögu um Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma var Selfossvirkjun sett í biðflokk. Verkefnastjórnin setti virkjunina annað hvort í nýtingarflokk eða biðflokk en enginn var þeirrar skoðunar að svæðið ætti að stokkast í verndarflokk. Til þessa er horft í sveitarfélaginu en allt stoppar á takmörkuðum gögnum og allir hljóta að taka undir það með Veiðimálastofnun að ráðast verður í ítarlegar og tæmandi rannsóknir áður en nokkuð verður ákveðið um framhaldið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Hugmynd að virkjun Ölfusár við Selfoss - mótvægisaðgerðir

BYGGT Á MYND FRÁ VERKÍS

- Gert er ráð fyrir að lágmarksrennsli í „gamla" farvegi Ölfusár verði um 15 m3/s.
- Farvegur Ölfusár yrði lagfærður með uppbyggingu þrepa sem hefðu þann tilgang að láta umfang vatnsborðsins verða svipað og áður, þ.e. allur flóinn yrði blautur og ásýnd árinnar líkustu því sem áður var.
- Byggðir verði upp þrír laxastigar. Einn verði við útfall virkjunarinnar og hefði þann tilgang að hjálpa laxinum að velja á milli þess að fara upp ána eða að dvelja fyrir neðan útfallið. Tveir stigar yrðu við lokumannvirkið, hvor sínu megin og hefðu þann tilgang að hjálpa fiskinum að komast upp þá tæplega fjóra metra sem verður hæðarmunur á vatninu fyrir ofan og neðan lokumannvirkið.
- Byggð yrði upp seiðaveita í lokumannvirkinu sem hefði þann tilgang að fleyta seiðum fram hjá virkjuninni og niður „gamla" farveginn.
- Notast yrði við lífríkisvæna útfærslu af Kaplan-vatnshjóli en þau eru að öllu jöfnu með fjórum spöðum sem snúast frekar hægt miðað við hefðbundin Francis-vatnshjól. Hjólið yrði útfært með snigil-lögun og þannig minnkar það verulega líkur á að hoplax slasist á leiðinni í gegnum virkjunina.
- Gengið yrði til samninga við netabændur á áhrifasvæði virkjunarinnar um uppkaup á veiðirétti þeirra. Þannig er vonast til að hægt verði að kaupa upp netarétt á allvíðfeðmu svæði og að sá fiskur geti farið lifandi upp ána.
- Sett yrði upp vöktunarkerfi með fagaðilum sem hefði þann tilgang að fylgjast með því hvort lífríkið sé ekki að vinna eins og gert var ráð fyrir. Komi í ljós einhver frávik frá því sem áætlað var, þá er hægt að auka rennsli um „gamla" farveg árinnar þar til viðunandi lausn hefur fundist. Ef slík lausn myndi ekki finnast, þá er gert ráð fyrir því að mun meira vatn renni um „gamla" farveg árinnar á meðan mesta umferð fiska og seiða er um svæðið.
- Stefnt yrði að því að vöktunarkerfið verði aðgengilegt almenningi í sérstöku fræðslusetri um lífríki Ölfusár.

Veiðileg Jól

HEAT factory
VARMAPÚÐAR, SOKKAR, HÚFUR OG FLEIRA Í ÚRVALI

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

CASCADE VEIÐITASKA
Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.

Aðeins **29.900,-**



SIMMS FREESTONE VÖÐLUPAKKI
Allir þekkja Simms gæðin. Öndunarvöðlur og skór.

Aðeins **49.900,-**

REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta stöng með lífstíðarábyrgð. Okuma Airframe hjól ásamt þrem aukaspólum í tösku. Fullt verð 45.895,-

Jólatilboð aðeins **36.995,-**

HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.

Verð aðeins **3.895,-**

BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF
Ódýrt öryggishólf fyrir skotfæri eða verðmæti. Gott verð.

Aðeins **10.995,-**

BERETTA BAKPOKI
Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.

Aðeins **18.995,-**

NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Mælir allt að 800 metra. Frávik +/- 1m. Tilvalinn fyrir skotveiðimanninn eða kylfinginn. Hvergi betra verð. Fullt verð 26.980,-

Jólatilboð aðeins **22.980,-**

SAMANBRJÓTANLEGUR ÍSBOR Í TÖSKU
Skiftiblöð fylgja. Frábært verð.

Aðeins **14.995,-**

SCIERRA FLUGUVEIÐISETT
Fjögurra hluta stöng, hjól og góð flotlína með baklínu. Frábært verð.

Aðeins frá **19.995,-**

DANVISE
Vinsælasta öngulklemman um langt árabil. Nauðsynleg fyrir fluguhnýtarann. Fullt verð 12.995,-

Jólatilboð aðeins **9.995,-**
Gerðu verðsamanburð

DAM VÖÐLUTASKA
Vel hönnuð taska undir vöðlur og skó. Taskan er með öndun og hörðum, vatnsheldum botni.

Aðeins **5.995,-**

ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI
Hægt að fá boxin sérmerkt. Verð með 10 vönduðum laxaflugum aðeins 11.400. Merking innifalin í verði.

Aðeins **11.400,-**

SCIERRA VEIÐIGLERAUGU
Polaroid gleraugu. Drepur glampa á yfirborði vatns svo auðveldara er að sjá til botns auk þess sem gleraugun verja augu veiðimanna.

Jólatilboð aðeins **9.995,-**

BYSSUSKÁPURTILBOÐ
Byssuskápur fyrir 7 byssur. Verðmætahólf fylgir með!!!

Jólatilboð aðeins **49.900,-**

NRS FLOTVEIÐIVESTI
3 stærðir. Fullt verð 18.995,-

Jólatilboð aðeins **14.995,-**

DAM HNÍFASETT
Ómissandi í veiðitúrinn. 3 hnífar, stál og bretti í tösku. Frábært verð.

Aðeins **5.995,-**

GERVIGÆSIR
Vinsælu skeljarnar með lausum hausum. 12 í kassa og festijárnin fylgja með. Fullt verð 18.995,-

Jólatilboð aðeins **14.995,-**

ALLEN HJÓLATASKA
Vönduð taska fyrir hjólin, boxin, línurnar og aukahlutina.

Verð aðeins **7.995,-**

VENIARD FLUGUHNÝTINGASETT
Allt efni er fyrsta flokks auk þess sem öll nauðsynleg handverkfæri og leiðbeiningar fylgja með.

Aðeins **12.995,-**

RON THOMPSON OG DAM KASTSTANGIR
- í miklu úrvali og ómótstæðilegu verði.

20% jólaafsláttur

OKUMA OG DAM KASTHJÓL
Gott úrval og frábært verð.

20% jólaafsláttur

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU FIMMTUDAGUR OPNUM K

2498 KR. KG. HANGILÆRI

1898 KR. KG. FRAMPARTUR

KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI

1495 KR. KG

ALI HAMBORGAR-HRYGGUR *M.BEINI*

VINSÆLASTI HRYGGURINN Í BÓNUS

1195 KR. KG

BÓNUS

HAMBORGARHRYGGUR

MEÐ BEINI

1795 KR. KG

ÍSLENSK *PEKINGÖND*

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

1598 KR. STK.

HAMBORGARAFABRIKKU:

SKYRTERTAN *KOMIN Í BÓNUS*

2598 KR. KG

INNFLUTT ÞÝSK

FROSIN HERREGARDS ANDABRINGA

HOLTA

REYKTUR HÁTÍÐAR-KJÚKLINGUR

898 KR. KG

1498 KR. KG

KOFAREYKT HANGILÆRI

M.BEINI

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

BIRKIREYKT HANGIKJÖT

2298 KR. KG. HANGIFRAMPARTUR

ÚRB. HANGI FRAMPARTUR

2798 KR. KG. HANGILÆRI

ÚRB. HANGILÆRI

FROSINN **ÍSLENSKUR**

HOLDA KALKÚNN

1279 KR. KG

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

LUKKAN ELLEFU FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU

3998 KR. 2.9 KG

NESTLÉ MACHINTOSH 2,9 KG.

1798 KR. 650 G

NÓI-SÍRÍUS BESTU MOLARNIR
650 GRÖMM

998 KR. 700 G

BÓNUS KONFEKT
700 GRÖMM

2998 KR. KASSINN

NÓI-SÍRÍUS 940 GRÖMM
GJAFAKONFEKT

359 KR. 400 G

400 GRÖMM **BASSETTE LAKKRÍSKONFEKT**

198 KR. 20 STK.

EUROSHOPPER 20 STK.
FROSNIR KANILSNÚÐAR

299 KR. PARIÐ

GJÖF SEM JÓLASVEINARNIR ÞEKKJA !
BARNASOKKAR

198 KR. 2 LTR.

PEPSI OG PEPSI MAX
2 LTR. FLASKA

998 KR. 9 LTR.COKE

COKE-TILBOÐ
6 FL. X 1.5 LTR
KAUPAUKI: 4 DÓSIR AF HÁTIÐARBLÖNDU

SEX 1.5 LTR. COKE FLÖSKUR = 9 LTR.
AUK ÞESS: 4 DÓSIR HÁTÍÐARBLANDA
(MALT+APPELSÍN) = 2 LTR.
ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS **998 KR.**

PHILIPS

8998 KR. STK.

PHILIPS 600 WATTS
BLANDARI / MIXER

	8		7					1
3					4	2		9
5	7							
	3	8			5		9	
4			9		8			7
	9		6			3	8	
							5	8
7		1	3					2
8					7		1	

BÓNUS SUÐUKO ÞRAUTIN
LAUSNIN ER Á WWW.BONUS.IS

Gjafakort Bónus

Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla.

Gjafakortið er hægt að nota í verslunum Bónus um land allt. Sparaðu tíma og fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus.
Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus, Skútuvogi 13 sími 527 9000

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

FRÉTTASKÝRING: Hlýnun jarðar

Óumflýjanlegt virðist vera að loftslag jarðar hækki um meira en tvær gráður á Celsius, miðað við tímann fyrir iðnbyltingu, eftir niðurstöðu Loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna í Durban. Hér má sjá hvaða áhrif mismikil hækkun er talin hafa á lífríki jarðar.

HEIMILD: WWW.CLIMATEACTIONTRACKER.ORG



Gefist upp fyrir hagsmunagæslunni

Þjóðarleiðtogum tókst ekki að ná bindandi samkomulagi um samdrátt í gróðurhúsalofttegundum um síðustu helgi. Þótt vilji standi til samkomulags síðar fækkar í ríkjahópi Kyoto-bókunarinnar. Ljóst þykir að markmið um að halda hlýnun jarðar innan 2°C frá tímanum fyrir iðnbyltingu nást ekki.

Gengið hefur verið út frá því að aðgerðir í loftslagsmálum miði við að hlýnun jarðar verði ekki meiri en 2°C yfir því sem var fyrir iðnbyltingu. Um þetta hefur ríkt sátt, að mestu, og viðræður alþjóðasamfélagsins hafa miðað við að ná þessu markmiði. Eftir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Durban um síðustu helgi þykir ljóst að trauðla muni þau markmið nást.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá náðust ekki lagalega bindandi samningar í Durban. Það er bagalegt þar sem Kyoto-bókunin rennur út á næsta ári. Samningar náðust hins vegar um að ná samkomulagi fyrir árið 2015, en áhrifa þess á ekki að gæta fyrr en árið 2020.

Að einhverju leyti er það skref fram á við að ríkin hafi sammælst um að ná samkomulagi. Að það eigi hins vegar ekki að hafa áhrif fyrr en 2020 er áhyggjuefni.

2°C eru efri mörkin

Mikil bjartsýni ríkti fyrir loftslagsráðstefnu SÞ í Kaupmannahöfn árið 2009. Náðst hafði sátt um það mat vísindamanna að hlýnun jarðar umfram 2°C, miðað við tímann fyrir iðnbyltingu, hefði í för með sér umfangsmikil náttúruspjöll og óafturkræf áhrif á búsetuskilyrði á jörðinni. Niðurstaða Kaupmannahafnarfundarins voru því gríðarleg vonbrigði, en þar náðist ekki samkomulag.

Vísindamenn telja að verði ekki gripið strax til ráðstafana verði hækkunin ekki 2°C heldur 3°C. Þess vegna var allt kapp lagt á að ná lagalega bindandi samningi sem fyrst, en nú er ljóst að hann mun ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 2020 og enginn veit hvað í honum mun felast.

Eyríki heimsins, sem flest hver munu verða fyrir hvað mestum áhrifum af hækkandi yfirborði sjávar, hafa sagt að hlýnun umfram 1,5° hafi skelfileg áhrif á búsetuskilyrði þar. Þau muni mörg hver hverfa í sæ.

Versnandi veðuröfgar

Lengi hefur verið deilt um hvort hlýnun jarðar megi rekja til mannlegrar starfsemi eða hvort aðeins sé um reglubundnar sveiflur að ræða. Vísindasamfélagið hefur nú viðurkennt að mannskepnan komi þar að og Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út að „mjög líklegt“ væri að útblástur gróðurhúsalofttegunda hefði haft áhrif á hlýnandi veðurfar.

Í skýrslu nefndarinnar kemur einnig skýrt fram að bein tengsl séu á milli hlýnunar jarðar og öfga í veðurfari. Skýrslan kom út í nóvember og þar segir að rekja megi aukna tíðni úrfellis, með tilheyrandi flóðum á sumum svæðum, til hlýnunar jarðar.

Þá séu líkur á auknum fellibyljum og vindur muni aukast við sjávarsíðuna. Eyjasamfélög séu sérstaklega viðkvæm fyrir þeim breytingum. Stórborgir séu þó engan veginn undanskildar aukinni áhættu.

„Umfangsmikil þéttbýlismyndun og vöxtur risaborga, sérstaklega í þróunarríkjunum, hefur getið af sér sérstaklega viðkvæm þéttbýlissamfélög,“ segir í skýrslunni.

Bein tengsl voru, í annarri skýrslu, sögð á milli aukinnar tíðni skýfalla og útblásturs gróðurhúsalofttegunda, á norðurhveli jarðar.

Haldið í hagsmunina

Kyoto-bókunin var undirrituð árið 1997 og er í raun einu alþjóðalögin sem í gildi eru um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Það hefur hins vegar staðið henni fyrir þrifum að öflug ríki hafa neitað að gangast undir þær skuldbindingar sem þar er að finna. Bandaríkin eru þar fremst í flokki.

FLÓÐ Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna segir aukna þéttbýlismyndun með viðkvæmum risastórum borgum bjóða hættunni heim varðandi veðuröfgar. Gríðarleg flóð urðu í Taílandi í haust sem kostuðu fjölda manns lífið og lífsviðurværið. NORDICPHOTOS/AFP

Bókunin gengur út frá þeirri staðreynd að í sögulegu samhengi hafa iðnríkin mengað langmest og sleppt mestu af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Því var samþykkt að þeim ríkjum bæri mest skylda til að draga úr útblæstrinum og beðið yrði með slíkar kröfur á hendur þróunarríkjunum.

Þetta hafa Bandríkin aldrei sætt sig við. Þau hafa ekki samþykkt að taka á sig byrðar umfram önnur ríki; eitt skuli yfir öll ríki ganga. Þar hafa hagsmunir mengandi iðnaðar löngum verið taldir ráða ferðinni.

Ekki hefur síður staðið í Bandaríkjamönnum að Kína er á meðal þróunarríkjanna. Tilslakanir til þróunarríkja hafa því ekki átt upp á pallborðið vestan hafs. Við það bætist að samþykkt hefur verið að veita þróunarríkjunum stuðning, nokkurs konar bætur fyrir að fara ekki sömu leið og mengunar- og iðnríkin gerðu. Samkvæmt samkomulaginu í Durban verður um árlegar greiðslur upp á 100 milljarða Bandaríkjadala að ræða, sem taka gildi árið 2020.

Kyoto og hvað svo?

Kyoto-bókunin rennur úr gildi á næsta ári. Í Durban var samþykkt að bindandi samkomulag, sem taki við af Kyoto, skuli hafa náðst árið 2015. Algjörlega óljóst er hvað það í raun og veru þýðir. Það að ákvæði um samdrátt í útblæstri taki ekki gildi fyrr en árið 2020 er álitið sigur fyrir Bandaríkin.

Bókunin náði aldrei að verða sá alheimssáttmáli sem henni var ætlað; ekki síst vegna tregðu Bandaríkjanna. Stór ríki hafa nú sagt sig frá henni og sum hver vísað til þess að hún sé dauð og ómerkur bókstafur á meðan ekki fleiri ríki viðurkenni hana. Ber þar hæst Rússland, Japan og nú síðast Kanada, sem sagði sig frá bókuninni í kjölfar Durban-ráðstefnunnar.

Eftir standa Evrópa, Ástralía og Nýja-Sjáland. Vissulega stór ríki, en samt ekki ábyrg nema fyrir um 16 prósentum af útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Að auki ýmis þróunarríki, en þau taka ekki á sig skuldbindingar.

Eftir stendur að alþjóðasamfélagið hefur enga samræmda stefnu um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Viðvörunarbjöllur vísindamanna, um afleiðingar óhefts útblásturs hafa ekki náð eyrum ráðamanna heimsins. Það hefur gjallandi hagsmunaaðila hins vegar gert.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

LJÓMANDI JÓLABORG

VERSLANIR Í MIÐBORGINNI OPNAR FRÁ KL. 10:00 - 22:00 OG JÓLAMARKAÐURINN INGÓLFSTORGI FRÁ KL. 14:00 - 20:00.

Jólatré og glæsileg gjafa- og matvara
til sölu á Jólamarkaðnum á Ingólfstorgi.

Göngum um miðborgina undir klingjandi bjöllum og ljómandi ljósum.
Upplifum jólavættir á veggjum, jólasveina, jólaleiki, jólakóra og glimrandi jólatónlist.

MUNUM BÍLASTÆÐAHÚSIN VIÐ:
Vesturgötu, Hverfisgötu, Bergstaðastræti,
Vitastíg og Stjörnuport á Laugavegi
að ógleymdum hundruðum bílastæða
við Tollstjórahúsið, Hörpuna, Arnarhól og víðar.

**Verum, njótum og verslum
þar sem jólahjartað slær!**

BORGUN

MIÐBORGIN OKKAR

299 KRÓNUR var meðalverð á 200 grömmum af suðusúkkulaði í nóvember samkvæmt Hagstofunni. Á sama tíma í fyrra var verðið 295 krónur, en 2009 var það 359 krónur.

JÓLAÖS Gjafabréf eru vinsæl jólagjöf. Slík gjöf getur þó orðið verðlaus við eigendaskipti fyrirtækis eða gjaldþrot hafi eigandi bréfsins dregið á langinn að nýta sér það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nauðsynlegt að kanna gildistíma gjafabréfa

Neytendasamtökin vara við kaupum á gjafabréfum með stuttum gildistíma. Samtökunum berast reglulega kvartanir um að viðskiptavinum sé meinað að nýta útrunnin bréf. Það er mat talsmanna samtakanna að gildistíminn ætti að vera að minnsta kosti fjögur ár sem er almennur fyrningarfrestur á kröfum.

„Við fáum reglulega kvartanir um að seljandi hafi meinað viðskiptavini að nýta gjafabréf vegna þess að gildistíminn var útrunninn. Ef ekkert stendur á gjafabréfinu um gildistíma þá er gildistíminn klárlega fjögur ár frá útgáfudegi sem er almennnur fyrningarfrestur. Margir seljendur gjafabréfa ákveða núna einhliða hver gildistíminn eigi að vera og okkur finnst þessir stuttu gildistímar óeðlileg framkoma við viðskiptavinina sem eiga peninga inni hjá fyrirtækjunum," segir Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum.

Hún segir seljendur gjafabréfa skjóta sig í fótinn með slíkum viðskiptaháttum. „Það er vitlaust af þeim að taka ekki við gjafabréfi þótt gildistíminn sé útrunninn. Þeir missa viðkomandi viðskiptavin og hugsanlega fleiri. Seljandinn er búinn að fá greitt fyrir gjafabréfið og ef hann neitar viðskiptavini um þjónustu jafngildir það því að hann taki gjöfina og stingi henni í vasann."

Bryndís segir gjafabréf flugfélaga í raun sérkafla vegna mikilla takmarkana. „Það liggur við að við getum ekki mælt með þeim þar sem þau nýtast afar illa í sumum tilfellum."

Hún bendir á að oft sé um takmarkað sætaframboð að ræða í hverri vél. Bókunartíminn sé stuttur og ferðatímabilið einnig.

„Gjafabréfin breytast í inneignarnótu ef þau eru ekki nýtt á tímabilinu. Hjá Iceland Express gildir inneignarnótan í tvö ár en í eitt ár hjá Icelandair. Við fáum margar kvartanir vegna þess að fólk brennur inni með gjafabréf frá flugfélögunum. Þetta eru alltof strangir skilmálar og þeir bitna örugglega á fleirum en þeim sem hafa samband við okkur. Það tala ekki allir við okkur sem lenda í þessu," segir Brynhildur.

„Við viljum minna neytendur á að gleyma ekki að nota inneignarnóturnar sínar og gjafabréfin því þeir fá ekkert verði seljandi gjaldþrota. Við viljum jafnframt vita af þeim tilfellum þegar neytendum er meinað að nýta sér gjafabréf. Vel kemur til greina að upplýsa opinberlega um slík fyrirtæki."

Að sögn Brynhildar bjóða nokkur fyrirtæki gjafabréf til sölu án sérstaks gildistíma. „Slíkt er til fyrirmyndar og fögnum við því."

■ Verslun

Allar vogir sem vigta gull komnar í lag

Allir þeir aðilar sem Neytendastofa gerði könnun hjá á dögunum vegna voga sem notaðar eru í viðskiptum til að kaupa og selja gull eru orðnar löggildingarskyldar. Neytendastofa gerði könnun hjá þessum aðilum á dögunum sökum þess að slíkar vogir þurfa að vera löggildingarskyldar til að tryggja að þær vigti rétt. Í ljós kom að engin vog reyndist vera löggild. Þetta kemur fram í nýjasta fréttabréfi stofnunarinnar.

Neytendastofa hvetur þá sem eiga í slíkum viðskiptum að athuga hvort þær vogir sem eru notaðar hafi gilda löggildingu. Samkvæmt stofnuninni er hægt að sjá hvort vogin sé löggilt með því að skoða löggildingarmiða og athuga gildistíma.

GÓÐ HÚSRÁÐ Bakstur

Þurrkaðir ávextir

Ef þurrkaðir ávextir eru notaðir í kökur og brauð er gott að velta þeim upp úr örlitlu af hveiti áður en þeir fara í deigið. Ef þeir hafa harðnað við geymslu er fínt að setja þá örstutta stund við væga stillingu í örbylgjuofn.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna

NEYTANDINN: HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR HJÁ NEYTENDASAMTÖKUNUM

Ekki kaupa of litla skó þótt þeir séu á mikilli útsölu

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum, gerði sín verstu kaup þegar hún keypti sér allt of litla skó á útsölu. Skórnir voru númer 36 en Hildigunnur notar venjulega númer 38. „Þeir voru rosalega flottir og á svo mikilli útsölu að ég ákvað að kaupa þá," segir Hildigunnur sem hefur þó aldrei náð að ganga í skónum sínum. „Ég ætlaði að troða mér í þá, en það gekk ekki." Hún tímir þó ekki að henda parinu og vonast til þess að geta gefið þá einhverjum með smærri fætur en hún sjálf.

Hins vegar gerði Hildigunnur afar góð kaup árið 2007, sem einnig urðu að gjöf. Það var 2000 árgerð af Ford Fiesta og greiddi hún 170 þúsund fyrir kaggann.

„Hann hefur ekki hikstað síðan og gengur eins og klukka," segir Hildigunnur, en hún gaf litlu systur sinni bílinn fyrr í ár. „Hún var mjög ánægð með það og nú á ég inni fullt af greiðum," segir Hildigunnur.

ÓMISSANDI LAÐDRAGANDA jólanna!

Sígildar uppskriftir og spennandi nýjungar

★★★★

„Nanna hefur persónulegan og innilegan stíl og er sannfærandi höfundur ... vís gjöf til margra ...“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN

AÐALRÉTTIR,
EFTIRRÉTTIR,
FORRÉTTIR
OG SÓSUR.
Og svo auðvitað allt jólagóðgætið!

NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR



IÐUNN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

OPIÐ
til kl. 22 öll kvöld til jóla

PHILIPS
Hárblásari HP8180
- 2100w
- 6 hita- og hraðastillingar

4.990,-

(Intenso)®
7" myndarammi
PHOTOMODEL7
- 7" TFT-LCD stafrænn myndarammi
- Fjarstýring, standur og spennugjafi fylgja

12.990,-

PHILIPS
Útvarpsvekjaraklukka
AJ3121
- FM/AM útvarp
- Vekjari með útvarpi
- Svefnrofi

4.490,-

Melissa
Hárblásari 635142
- 2200w
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Ofhitunarvörn

2.990,-

Dantax
Útvarp P680
- Lítil og lífleg FM útvörp með leðuráferð
- AUX In fyrir ipod og mp3 spilara
- Notar rafmagn eða rafhlöður
- Til í mörgum litum

4.990,-

CASIO
Hljómborð SA47
- 32 Nótur
- 100 hljóð

9.990,-

Dantax
Hljómtækjasamstæða
M208
- FM/AM útvarp
- Fjarstýring

11.990,-



PHILIPS
Sléttujárn HP8309
- Keramic plötur
- Allt að 210°C
- Aðeins 30sek að hitna

4.990,-

UNITED
Ferðatæki RCD6408
- Útvarp með geislaspilara
- kasettutæki
- Margir litir

7.990,-

PHILIPS
Rakvél/skeggsnyrtir
PT72080
- PT720 Rakvél og QG3250 Multitrimmer saman í pakka

14.990,-

Panasonic
Myndavél
DMCFS14
- 14,1 milljón punkta upplausn
- Hristivörn
- Leica linsa
- 4x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- HD hreyfimyndataka

19.990,-

PHILIPS
Tannbursti fyrir börn HX6311
- Klukka til að taka tíma
- Stillingu fyrir bæði yngri og eldri 4/7 ára
- KidPacer gefur frá sér skemmtileg hljóð

9.990,-

(Intenso)®
MP3 spilari 4GB
MUSICWALKER4GB
- 4GB minni
- Spilar MP3 og WMA

4.490,-

OLYMPUS
Myndavél VG110
- 12 MegaPixel
- 4x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Hreyfimyndataka með hljóði
- Notar SD kort
- Margir litir

14.990,-

Panasonic
Þráðlaus sími
KXTG1711
- 50 nafna símaskrá
- Allt að 15klst rafhlöðuending í tali
- Allt að 170klst rafhlöðuending á bið

5.990,-

HEIMILISTÆKI
Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.

PHILIPS
Senseo kaffikanna
HD7810
- 1450w
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga

14.990,-

2 pakkar af nýju Merrild Intense kaffi fylgja meðan birgðir endast.

PHILIPS
Töfrasproti með skál
HR1364
- Twist and Spice hnífar sem vinna bæði lárétt og lóðrétt

7.990,-

KENWOOD
Smoothie 2GO blandari
SB056
- 0,5 lítra blandari
- 2 ferðaglös fylgja og hægt að blanda beint í glösin

4.990,-

SEVERIN
Brauðvél BM3991
- 650w
- 3,3L fyrir 500g - 1000g brauð
- 11 stillingar fyrir margvísleg brauð

12.990,-

SEVERIN
Eldhúsvog
KW3667

3.990,-

Ariete
Mínútugrill 1911
- 1000w
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum

9.990,-

SEVERIN
Handþeytari HM3827
- 220w

2.990,-

Melissa
Vöfflujárn 643214
- 1000w

4.990,-

SEVERIN
Blandari SM3715
- 460w
- Glerkanna
- 2 hraðastillingar

8.990,-

PHILIPS
Gufustraujárn GC1905
- 1400w
- 1,8 metra kapall

6.490,-

Melissa
Töfrasproti 220w
646170
- Með stálfæti og stálhnífum
- 700ml mæliglas
- Þeytari fylgir

4.990,-

Eldhemjan
- Lítið handhægt slökkvitæki

3.490,-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

103.973 **TONN** var heildarafli íslenskra fiskiskipa í nóvember.

SOLIDEA®

Byltingarkennd nýjung frá Solidea!

Redwellness sokkabuxurnar eru úr efni sem innihalda steinefni sem gefa frá sér infrarauða geisla og eykur blóðflæði undirliggjandi vefja og hefur einstaklega góð áhrif á appelsínuhúð.

Kynning í dag í Lyfju Lágmúla

Breið vörulína sem hentar öllum konum

Personality - er fyrir konur í stærðum 16-30
Wonder model maman - Eykur vellíðan á meðgöngu
Selene, Naomi og Venere - hentar öllum konum

Margir litir

LYFJA - Lifið heil

Solidea sokkabuxur fást í verslunum Lyfju

Lágmúla | Laugavegi | Smáralind | Smáratorg

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

VÍSIR

RÁÐHERRA Árni Páll Árnason segir að verið sé að vinna að heildstæðri áætlun sem miði að því að íslenskar krónueignir verði losaðar út úr íslensku hagkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landið troðfullt af íslenskum krónum

Reiknað er með að kröfuhafar gömlu bankanna þriggja fái allt að 450 milljarða króna greidda út í íslenskum krónum. Lítið um fjárfestingarmöguleika. Verður líklega boðin útgönguleið úr íslensku hagkerfi ef þeir binda fé hér í nokkur ár.

VIÐSKIPTI Erlendir kröfuhafar Kaupþings, Landsbanka og Glitnis munu fá allt að 450 milljarða króna af kröfum sínum greiddar í íslenskum krónum á næstu árum miðað við síðustu birtu fjárhagsupplýsingar föllnu bankanna þriggja. Vegna gjaldeyrishafta verður ómögulegt fyrir þá að breyta því fjármagni í erlendan gjaldeyri. Heimildir Fréttablaðsins herma að til standi að bjóða kröfuhöfunum útgönguleið úr íslensku hagkerfi gegn því að þeir bindi fé í ákveðinn tíma hérlendis.

Fulltrúar kröfuhafanna hafa fundað með ráðherrum, þingmönnum og öðrum hagsmunaaðilum með það að leiðarljósi að finna fjárfestingartækifæri fyrir þetta fé hérlendis. Heimildir Fréttablaðsins herma að þeir hafi einnig þreifað sig áfram með kaup á einstökum fyrirtækjum í huga. Á meðal þeirra geira sem þeir horfa hýru auga til er orkuiðnaðurinn.

Til viðbótar við þessa fyrirsjáanlega miklu krónueign erlendu kröfuhafanna er aflandskrónueign um 410 milljarðar króna. Seðlabanki Íslands kynnti í síðasta mánuði svokallaða fjárfestingarleið sem snerist meðal annars um að bjóða eigendum þessara króna að fjárfesta hérlendis með miklum afslætti. Til þess þurfa þeir að koma með annað eins af erlendum gjaldeyri inn í landið og binda fjárfestingu sína hérlendis í fimm ár.

Kröfuhafarnir vilja setja á fót einhvers konar samstarfsvettvang þar sem fundnar eru leiðir til að koma þessu gríðarlega fjármagni í fjárfestingar.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að verið sé að vinna að heildstæðri áætlun sem muni meðal annars taka á því hvernig íslenskar krónueignir kröfuhafanna verði losaðar út úr íslensku hagkerfi. „Við áttum okkur á því að það eru útflæðisáhættur vegna þessa. Seðlabankinn er að vinna að greiningu á umfanginu og heildstæðri áætlun."

Að sögn Árna Páls þarf ekki sérstakan samstarfsvettvang svo að kröfuhafarnir geti fjárfest hérlendis fyrir krónurnar sínar. „Þeir fjárfestingarmöguleikar sem eru í landinu eru auðvitað opnir fyrir þetta fé ef það verður greitt beint út úr þrotabúunum. Kröfuhafarnir þurfa í sjálfu sér ekki að tala við einn eða neinn um það."

thordur@frettabladid.is

Kröfuhafar föllnu bankanna þriggja tapa 6.000 milljörðum

Kröfuhafar Kaupþings, Landsbanka og Glitnis gera ráð fyrir því að tapa 5.982 milljörðum króna á falli bankanna þriggja. Þar af munu 5.245 milljarðar króna lenda á erlendum kröfuhöfum. Þegar búið er að gera upp við forgangskröfuhafa, sem eru nánast einvörðungu innlánseigendur, eru áætlaðar endurheimtur annarra kröfuhafa um 17-18% af þeim kröfum sem þeir lýstu í búin. Þetta kemur fram í greiningu Houlihan Lokey, sem hefur unnið mikið fyrir erlendu kröfuhafana, og hann gerði í nóvember síðastliðnum. Heiti greiningarinnar er „Icelandic Banks – who are the losers?".

Mest verður tap kröfuhafa Kaupþings. Þegar búið verður að greiða út forgangskröfur er reiknað með að innlendir kröfuhafar búsins tapi um 223 milljörðum króna. Greining gerir ráð fyrir að þeir muni fá 23% af kröfum sínum til baka. Erlendir kröfuhafar Kaupþings munu tapa um 2.295 milljörðum króna samkvæmt greiningunni. Þeir munu fá 21% upp í kröfur sínar.

Hjá Glitni er gert ráð fyrir að aðrir kröfuhafar en innlánseigendur muni tapa samtals 1.806 milljörðum króna. Um 1.554 milljarðar króna af því tapi munu lenda á erlendum kröfuhöfum en 252 milljarðar króna á innlendum. Reiknað er með að 23% muni fást upp í kröfur á Glitni.

Houlihan Lokey reiknar einungis með að 4% fáist upp í almennar kröfur á Landsbankann þegar búið verður að greiða allar forgangskröfur. Samtals er áætlað að tap þeirra verði 1.658 milljarðar króna. Tæplega 1.400 milljarðar króna lenda á erlendum kröfuhöfum en innlendir þurfa að taka á sig 262 milljarða króna.

LÆGRA VERÐ!

Á JÓLABÓKUNUM ALLA DAGA - ALLTAF

YFIR 700 NÝIR TITLAR

3.999

3.899

3.999

4.199

3.999



2.599

3.999

4.499

3.899

3.499

2.699

2.799

ALLT FYRIR PAKKANN!
JÓLAPAPPÍR, PAKKABÖND OG MERKIMIÐAR Á BETRA VERÐI...

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010 · OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22

Auglýsingin gildir til og með 19.12.11. eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

EIMSKIP Skilanefnd Landsbankans og fjárfestingarsjóðurinn Yucaipa eiga samtals 70 prósenta hlut í Eimskipi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skráning seinni hluta 2012:

Eimskip brátt skráð á markað

VIÐSKIPTI Stjórn Eimskips hefur ákveðið að hafinn skuli undirbúningur að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað seinni hluta næsta árs. Óskað verður eftir því að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta í Kauphöllinni, Nasdaq OMX Iceland. Tvö ár eru nú liðin frá því að Eimskip gekk í gegnum fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu.

Boðnir verða út hlutir í félaginu og þeim beint að bæði fagfjárfestum og almennum fjárfestum. Markmiðið er að tryggja góða dreifingu á eignarhaldi í félaginu. Tveir stærstu hluthafar félagsins í dag eru skilanefnd Landsbankans og fjárfestingarsjóðurinn Yucaipa sem eiga samtals 70 prósent hlutafjár. Nýverið fór fram hlutafjárútboð í Högum sem eru fyrsta nýja fyrirtækið til að skrá sig í Kauphöllina frá hruni. **- mþl**

VIÐSKIPTI

Meniga í Landsbankann

Meniga heimilisbókhald er nú orðið aðgengilegt í netbanka Landsbankans. Meniga auðveldar notendum að hafa yfirsýn yfir fjármál heimilisins og hjálpar þeim við að spara peninga. Meniga er þegar aðgengilegt í netbönkum Íslandsbanka og Arion banka.

Fjármálastöðugleiki aukist

Seðlabanki Íslands telur stöðugleika fjármálakerfisins hafa aukist á þessu ári samfara sterkari efnahagsbata og endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja. Skuldir í hagkerfinu eru þó enn talsvert miklar.

EFNAHAGSMÁL Stöðugleiki fjármálakerfisins hefur aukist frá því í vor eftir því sem efnahagsbatinn hefur tekið við sér og endurskipulagningu skulda fleygt fram. Framtíðarhorfur eru hins vegar óvissari en alla jafna. Þetta er mat Seðlabankans sem kynnti í gær nýjasta eintak rits síns, Fjármálastöðugleika, sem kemur út tvisvar á ári.

MÁR GUÐMUNDSSON

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði það vera mat bankans að fjármálakerfið stæði traustari fótum en þegar Fjármálastöðugleiki var gefinn út síðastliðið vor. Þó bætti hann við að yrði dýpri samdráttur í Evrópu en búist er við muni það óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif hér á landi, þar á meðal á fjármálakerfið. Þannig gætu vanskil, sem hafa farið lækkandi, aukist á ný.

Harpa Jónsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, kynnti sjálfa skýrsluna. Hún hóf mál sitt á umfjöllun um ágætar horfur í innlendu efnahagslífi og óvissar horfur í heimsbúskapnum. Því næst fjallaði hún um þróun fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja sem er nátengd útlánaáhættu bankanna.

Í máli Hörpu kom fram að fjárhagsstaða heimila hefur batnað nokkuð á árinu vegna hagvaxtar, minnkandi atvinnuleysis og aukins kaupmáttar. Til viðbótar hafa lágir raunvextir og endurskipulagning skulda bætt stöðuna.

Vanskilahlutföll eru enn há en hafa farið hratt lækkandi. Vanskilahlutfall samkvæmt breiðri skilgreiningu lækkaði þannig úr 40 prósentum af lánabókum viðskiptabankanna í 25 prósent frá desember á síðasta ári til september á þessu ári. Samkvæmt þrengri skilgreiningu hefur hlutfallið lækkað úr 19 prósentum í 16 prósent á sama tímabili. Staða fyrirtækja hefur einnig batnað á heildina litið en er þó talsvert breytileg eftir geirum.

Seðlabankinn áætlar að skuldir heimila og fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu séu nú um 314 prósent og hafi lækkað um sem nemur rúmri einni landsframleiðslu frá hámarki þeirra um mitt ár 2009. Þetta hlutfall er þó enn hátt og það sama má segja um skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu.

Eiginfjárstaða fjármálafyrirtækjanna er sterk. Þannig var eigið fé viðskiptabankanna í hlutfalli við áhættuvegnar eignir um 24 prósent í lok september sem telst, að sögn Seðlabankans, mjög gott í alþjóðlegum samanburði. Þó er nokkurt ójafnvægi í efnahagsreikningum bankanna; gjaldeyrismisvægi er töluvert og verðtryggingarmisvægi hefur aukist.

Loks verður að mati Seðlabankans að hafa í huga að fjármálafyrirtæki hafa starfað í vernduðu umhverfi frá því í nóvember 2008, vegna gjaldeyrishafta og altækrar innistæðutryggingar. Þannig þurfa bankarnir, þrátt fyrir sterka lausafjárstöðu, að afla lánsfjár á erlendum markaði og lengja í innlendri fjármögnun til lengri tíma litið. **magnusl@frettabladid.is**

FJÁRMÁLAKERFIÐ Niðursveifla á evrusvæðinu gæti haft nokkur óbein áhrif á fjármálakerfið. Þannig gætu vanskil í bankakerfinu aukist vegna fækkunar ferðamanna til Íslands, minni fjárfestingar og aukins titrings á mörkuðum.

Óábyrg umræða um afskriftir skulda

Seðlabankastjóri vék í máli sínu á blaðamannafundinum í gær stuttlega að þeirri umræðu sem farið hefur fram um svigrúm bankanna til afskrifta á skuldum heimilanna. Már sagði umræðuna á stundum hafa verið óábyrga og til þess fallna að draga úr trausti á íslensku banka- og stjórnkerfi. Már sagði hættuna helst vera tvenns konar: „Í fyrsta lagi veldur lítið traust því að aðgerðir bankanna við endurskipulagningu skulda eru tortryggðar með réttu eða röngu. Í öðru lagi getur umræða af þessu tagi grafið undan vilja fjárfesta til að eiga hlut í íslenskum bönkum eða lána þeim fé þar sem þeir telji, með réttu eða röngu, að leikreglur séu ekki eðlilegar eða kunni að vera breytt að geðþótta."

Már lagði áherslu á að mikilvægt væri fyrir efnahagsbatann, skuldara og ekki síður framtíðarstöðu fjármálastofnananna sjálfra að skuldir væru endurskipulagðar með eðlilegum hætti. Hins vegar væri óheppilegt þegar rými bankanna til afskrifta væri tengt við tilflutning eignasafns gömlu bankanna til þeirra nýju. „Tilflutningur eignasafnanna var niðurstaða samninga sem fólu í sér að nýju bankarnir keyptu eignirnar á verulegum afslætti gegn því að kröfuhafar gömlu bankanna fengju óbeinan hlut í hugsanlegri virðisaukningu," sagði Már og bætti við: „Það hefði aldrei náðst samkomulag um að flytja eignasöfnin yfir í nýju bankanna á þessu verði nema vegna þess að kröfuhafar máttu eiga von á hlutdeild í mögulegri virðisaukningu. Það er ekki hægt að líta þannig á að munurinn á því verði sem eignasöfnin voru færð yfir í bankana á og því verði sem þau virðast hafa núna, sé bara til frjálsrar ráðstöfunar því það myndi ganga gegn öllum reglum réttarríkisins."

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

AFSLÁTTARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

6-12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing

AFSLÁTTARDAGAR
TÖKUM GAMLA RÚMIÐ UPPÍ NÝTT!

ARINELDSTÆÐI
með 50% afslætti til jóla

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

MYNDIR: Barnaþrælkun á Indlandi

VINNANDI BARN Barnavinna er algengari á Indlandi en annars staðar í heiminum. NORDICPHOTOS/AFP

Tína rusl og flokka

Hvergi í heimi er barnavinna algengari en á Indlandi. Í einu úthverfa borgarinnar Jammú fara ruslatínslubörnin á stjá árla morguns, löngu áður en flestir aðrir fara á fætur. Með poka og prik í hendi leita þau uppi allt nýtilegt og hirða.

INDLAND Ruslatínsla er eitt af því sem fátækt fólk á Indlandi notar til að afla sér tekna. Stór hluti ruslatínslufólksins er á barnsaldri þrátt fyrir að stjórnvöld hafi reynt að draga úr barnavinnu með því til dæmis að leiða skólaskyldu í lög og samþykkja ýmsar áætlanir um útrýmingu fátæktar.

Sjaldnast starfar ruslatínslufólkið upp á eigin spýtur, heldur fer út að tína rusl á vegum framtakssamra manna, sem kaupa af þeim ruslið og selja áfram í endurnýtingu eða endurvinnslu.

Börnin fara á fætur eldsnemma á morgnana, á meðan ruslið eftir daginn og kvöldið áður er enn að finna á götum borganna. Þau eru oftast með strigapoka og prik, stundum er segulstál á endanum, sem þau nota til að tína upp hvaðeina sem nýtilegt virðist vera. Málmhlutir ýmis konar, föt, skór, pappír og plastílát fara í pokann ásamt öðru sem til fellur.

Áður en þau skila afrakstrinum inn þurfa þau að flokka allt saman vandlega og jafnvel þrífa, því ekki taka milliliðirnir við skítugu drasli sem engin leið er að losna við.

Tekjurnar eru ekki miklar, en duga þó til að hjálpa margri fjölskyldunni að draga fram lífið. **- gb**

Í LEIT AÐ NÝTILEGUM HLUTUM Tveir drengir á göngu sinni um eitt úthverfa Jammúborgar í héraðinu Kasmír, nyrst á Indlandi. Með strigapoka og prik með segulstáli á endanum vonast þeir til að finna nýtilega málmhluti eða annað sem hægt er að selja til endurnýtingar eða endurvinnslu. NORDICPHOTOS/AFP

NESTISPÁSA Eitt ruslatínslubarnanna í Jammú brosir breitt til ljósmyndarans. NORDICPHOTOS/AFP

SAFNAST Í POKANN Honum hefur tekist að finna sitt af hverju, svo pokinn stækkar að umfangi. NORDICPHOTOS/AFP

MEÐ POKA OG PRIK Eitt barnanna á leið til vinnu árla morguns í borginni Jammú. NORDICPHOTOS/AFP

KOMUST Í FEITT Nokkur börn fundu töluvert magn af nýtilegu dóti á svæði þar sem notaðir bílar eru seldir. NORDICPHOTOS/AFP

ÚTILÍF

ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT

ÞÚ FÆRÐ MJÚKU OG HÖRÐU PAKKANA HJÁ OKKUR.

GEFÐU HREYFINGU Í JÓLAGJÖF.

20% AFSLÁTTUR AF TNF

ÚTIVISTARFATNAÐUR OG ÚLPUR
JÓLATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR
The North Face er stærsta útivistarmerki í heimi

20% PAKKA-AFSLÁTTUR

SKÍÐI, BRETTI, SKÓR OG BINDINGAR
20% PAKKA-AFSLÁTTUR
Rossignol – Nordica – Blizzard

GÖNGUSKÓR 20% AFSLÁTTUR

Á JÓLATILBOÐI 20% AFSLÁTTUR
Meindl – Scarpa – Trezeta – Lowa

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Grunur um leka frá símafyrirtækjum til grunaðra í sakamálarannsókn er grafalvarlegt mál.

Traust í húfi

Fréttablaðið hefur sagt frá því að grunur leiki á að starfsmenn tveggja símafyrirtækja, Vodafone og Símans, hafi lekið upplýsingum um símahleranir lögreglunnar til manna sem voru grunaðir um afbrot og sættu slíkum hlerunum. Um var að ræða rannsóknir sérstaks saksóknara á meintum brotum tengdum bankahruninu.

Símahleranir lögreglunnar hafa verið talsvert til umræðu að undanförnu og aðallega af tvennum orsökum, annars vegar vegna gagnrýni á að þetta úrræði sé ofnotað og hins vegar vegna þess að ekkert ytra eftirlit er haft með framkvæmd símafyrirtækjanna á tæknilegum þætti hlerananna, þ.e. að tengja lögregluna við símanúmerin sem á að hlusta. Fréttablaðið sagði í síðasta mánuði frá því að grunur léki á að starfsmaður Símans hefði notað aðstöðu sína til að hlera síma fyrrverandi maka síns og það mál hefði verið kært til Póst- og fjarskiptastofnunar. Fyrirtækið vísaði grunsemdunum á bug með þeim rökum að slíkt væri ekki tæknilega framkvæmanlegt en tók undir að meira eftirlit væri æskilegt.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta nýja mál snýr að seinna áhyggjuefninu. Grunur leikur á að annars vegar hafi upplýsingar lekið frá Vodafone til eins hinna grunuðu í Milestone-málinu og hins vegar að hátt settur starfsmaður í Skipta-samstæðunni, sem er eigandi Símans, hafi sagt grunuðum manni í máli sem tengdist öðru fyrirtæki að verið væri að hlusta á síma hans. Málin komu upp árin 2009 og 2010 og hafa verið til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir að embætti sérstaks saksóknara kærði þau.

Þegar Fréttablaðið fjallaði um símahleranir í síðasta mánuði var leitað eftir upplýsingum hjá öllum símafyrirtækjunum um framkvæmd hlerana. Svörin voru á einn veg. Að fengnum dómsúrskurði um að símahlerun sé heimil fari beiðni lögreglunnar um að tiltekin númer séu hleruð inn á lokað vefsvæði. Að því hafi eingöngu lítill hópur tæknimanna aðgang. Stjórnendur símafyrirtækjanna séu ekki í þeim hópi og viti ekki einu sinni hverjir séu í honum. Tæknimennirnir séu bundnir strangri trúnaðarskyldu.

Ef grunur saksóknara og lögreglu er réttur hafa ekki aðeins eldveggirnir innan símafyrirtækjanna rofnað og vitneskja um hleranir borizt út fyrir hópinn, heldur hefur sá trúnaður sem allir starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eru bundnir líka verið rofinn og upplýsingar borizt út úr fyrirtækjunum.

Það er ekki aðeins vandamál vegna þess að það hafi hugsanlega torveldað lögregluannsókn, heldur einnig og ekki síður vegna þess að hinn almenni símnotandi getur þá ekki treyst því að símafyrirtækin og starfsmenn þeirra fari að reglum um þagnarskyldu og fjarskiptaleynd. Ef menn brjóta reglur í einu tilviki, hvernig á þá að vera hægt að treysta því að þeir virði þær í öðru?

Það þarf að komast til botns í þessu máli og upplýsa nákvæmlega hvað gerðist. Málið gefur þar að auki endurnýjað tilefni til að bæta eftirlitið með framkvæmd símafyrirtækjanna á hlerunum. Þau hljóta sjálf að sækjast eftir slíku, því að þeirra eigin traust og trúverðugleiki er í húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hin meinta fljótfærni

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gerði, á þingi í gær, tímasetningu ákvörðunar ESA um að leita til EFTA-dómstólsins varðandi Icesave tortryggilega. Einkennilegur flýtir væri hér á ferð og talaði Sigmundur um „fljótfærnisleg vinnubrögð". Vísaði hann því til stuðnings til samskipta stjórnvalda og stofnunarinnar í vikunni. Rétt er hins vegar að benda á að ESA sendi Íslandi rökstutt álit í málinu 6. júní og svar Íslendinga barst 5. október. ESA hefur undirbúið þau skref sem tilkynnt var um í gær í rúma tvo mánuði.

Nú vil ég hætta viðræðum

„Það er skoðun mín að strax í dag eigi ríkisstjórnin að draga umsóknina að Evrópusambandinu til baka." Svo mælti Vigdís Hauksdóttir á þingi í gær. Vissulega hefur Vigdís nokkuð til síns máls að ótækt er ef Evrópusambandið hefur á óeðlilegan hátt skipt sér af ákvörðun ESA. Sem er ansi stórt ef. Hingað til hefur þó ekki þurft úrskurði ESA til að hún vilji draga umsóknina til baka.

Bíðum með fullyrðingar

Ýmsir kepptust í gær við að spá fyrir um hver úrslitin yrðu fyrir dómstólum. Margir þeir sem fullyrt höfðu að aldrei kæmi til dómsmáls þykjast nú vita allt um hvernig umrætt dómsmál fer. Þeir ættu að hafa í huga að stundum er gott að sitja á strák sínum og vera ekki að spá. Þetta mætti Evrópufræðingurinn Eiríkur Bergmann Eiríksson einnig hafa í huga. Hann fullyrti í pistli árið 2009 að gjaldeyrishöftin væru „þráðbeint brot á EES-samningnum" og velti því upp hvort Ísland yrði rekið úr EES. Í gær kvað EFTA-dómstólinn upp úr með að höftin stæðust samninginn.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Á leikskóla

Leikskóla-mál

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Á leikskólum er unnið öflugt starf til þess að auka samskiptahæfni barna. Þó gerir enginn kröfu um að börn séu alltaf málefnaleg. Þau hafa ekki náð þroska til að skilja að setning eins og „þú ert fitubolla" er ómálefnaleg á meðan „það er erfitt að framreiða hollan mat fyrir 232 kr. á dag" telst málefnaleg fullyrðing. Þetta er skýringin á því að leikskólabörn segja „pabbi minn er sterkari en pabbi þinn" til að útkljá deilumál.

Þegar tekist er á í borgarstjórn Reykjavíkur gerir maður ráð fyrir að samræður séu málefnalegar. Yfirlýsingar eins og „þú átt heima á asnalegum stað" eiga ekki að koma málum við á nokkurn hátt. Það kom því á óvart að sjá grein eftir Oddnýju Sturludóttur í síðustu viku þar sem hún byrjar og endar á því að hnýta í hvar ég rek heimili. Er það þannig sem yfirmaður leikskólamála í Reykjavík vill takast á um málefni? Vill Oddný að ég svari með hnútukasti um hennar persónulegu hagi þegar ég fjalla um skólamál í Reykjavík?

> Vill Oddný að ég svari með hnútukasti um hennar persónulegu hagi þegar ég fjalla um skólamál í Reykjavík?

Stjórnmálamenn eru dottnir á skrambi lágt plan þegar þetta eru svörin við gagnrýni á störf þeirra.

Lausn borgarstjórans á vandamálum leikskólanna var að foreldrar keyptu meira af smokkum. Hópurinn sem stýrir Reykjavík olli miklum usla og óánægju meðal foreldra og starfsmanna leikskóla með vinnubrögðum í sameiningum leikskóla sem leiddu til mótmæla sem eiga sér vart fordæmi í borgarpólitíkinni. Sú vegferð minnir á storm í vatnsglasi því eftir öll lætin náði meintur sparnaður ekki einu prósenti af heildarútgjöldum leikskóla.

Hugsanlega er of seint fyrir grínframboð Jóns Gnarrs, og Samfylkinguna sem tryggði honum starf borgarstjóra, að grípa til þroskaðri svara en „pabbi minn er sterkari en pabbi þinn". Hugsanlega er það niðurstaða Oddnýjar að Reykvíkingar geti ekki tekið hana alvarlega. Ef ekki, væri gott skref að leggja rökræðuhefð leikskólabarna til hliðar. Jafnvel þótt málstaðurinn sé flókinn eða illverjanlegur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Þýska spurningin

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson
dósent

Þetta var fjölmenn mótmælaganga sem ég lenti óvart inni í fyrir nokkrum árum. Fólkið söng: „Aldrei aftur sterkt Þýskaland.“ Þetta var þó ekki í Varsjá, Moskvu, Aþenu, Prag eða í neinni þeirra mörgu borga Evrópu þar sem menn eiga vondar minningar um þýskan mátt. Þetta var í Þýskalandi. Og það í íhaldssömustu stórborg landsins, München. Göngumenn sýndust upp til hópa vera þýskir. Ekkert land í veröldinni hefur nokkru sinni gert upp við sögu sína með líkum hætti og Þýskaland.

Pólsk krafa

Ekkert ríki hefur heldur reynst jafn ófúst til að auka völd sín og það þýska nú. Eins og í mannlífinu vita menn að þeim er síst trúandi fyrir völdum sem mest sækjast eftir þeim. Þýskalandi er treystandi að þeirri reglu. Evrópumenn, ekki síst Pólverjar sem oftar en flestir aðrir hafa lent undir þýsku hernámi, krefjast þess nú að Þýskaland takist á herðar hlutverk leiðtoga í álfunni. Sikorski, utanríkisráðherra Póllands, kallaði Þjóðverja um daginn hina ómissandi þjóð Evrópu. Hann lýsti þeirri undarlegu stöðu fyrir Pólverja að óttast meira áhugaleysi Þýskalands en afl þess. Við stöndum enn einu sinni frammi fyrir þýsku spurningunni.

Mannskæð spurning

Hennar hefur verið spurt með mismunandi hætti um aldir. Og svarað með nokkrum af verstu stríðum sögunnar. Staðreyndin er einfaldlega sú að nái þýska menningarsvæðið saman myndar það til muna sterkustu einingu Evrópu. Þess vegna hafa öll stórveldi álfunnar um aldir haft það að markmiði að forða einingu þýskumælandi manna. Þetta hentaði líka oft þýskum ríkjum, stundum Prússum, stundum Austurríkismönnum og svo framvegis. Hið sögulega hlutverk að sundra þýskum þjóðum féll síðast í skaut Margréti Thatcher. Fyrir röskum tuttugu árum reyndi hún að fá Sovétríkin með sér í lið til að koma í veg fyrir einingu Þýskalands eftir fall Berlínarmúrsins. Svarið við þýsku spurningunni fannst hins vegar í því sem Thatcher trúði ekki á frekar en margir á jöðrum álfunnar. Dýpkun Evrópusamrunans.

> Ekkert land í veröldinni hefur nokkru sinni gert upp við sögu sína með líkum hætti og Þýskaland.

Greiðsla fyrir söguna

ESB hvíldi lengi á pólitísku forræði Frakka og efnahagslegum styrk Þýskalands. Díllinn var einfaldlega sá að Þjóðverjar fengu að efnast gegn því að Frakkar fengju að vera stórveldi. Þegar Þjóðverjar höfðu efnast svo mjög að þýski seðlabankinn fór að stjórna vöxtum í allri álfunni kröfðust Frakkar og fleiri þjóðir þess að þýska markið yrði lagt niður og evran stofnuð. Önnur Evrópuríki fengu þá aðild að seðlabankanum í Frankfurt, sem skipti um nafn og flutti í aðra götu. Þannig varð evran til. Þetta, sagði Kohl kanslari, svona privat yfir pylsum og bjór, var síðasta afborgun Þjóðverja af skuld stríðsins. Evruna vildu Þjóðverjar ekki en Kohl tók þetta á sitt breiða bak. Hann var síðastur þýskra kanslara til að muna sjálfur skelfingar stríðsins.

Viðkvæmni hins sterka

Nú sést glöggt hve mikið af völdum Frakklands byggðist á þessum gamla díl við Þýskaland. Frakkland var svona sterkt vegna síns þýska baklands. Jafnræði er nú ljóslega ekki lengur til staðar. Frakkar eiga ekki margra kosta völ þrátt fyrir snilli franska utanríkisráðuneytisins við að vefa þræði áhrifa um víðan völl. Þýskaland getur lifað án evrunnar. Frakkland eiginlega ekki. En Þýskaland þarf þó enn á Frakklandi að halda. Og líka á Póllandi og öðrum nágrönnum sínum. Þó ekki væri nema sjálfs sín vegna. Þjóðverjar, allt frá íhaldsmönnum til sósíalista, eru nær allir áhugalausir um einmana þýskt stórveldi. Hugmyndin ein vekur angist. Þeir biðja því um ennþá nánari bönd við ríki Evrópu og sterkara ESB. Í þessari viðkvæmni hins sterka er að finna grunninn að því trausti sem nú má finna til Þýskalands víða í Evrópu.

Öðruvísi veldi

Þýskaland er líka, og verður, stórveldi af öðru tagi en Bandaríkin og Kína eru nú eða Bretland var. Nýleg saga landsins er svo skelfileg að hún á fáar hliðstæður nema helst í framgöngu Japana í Kína og Kóreu. Menn þurfa þó ekki að fara til Yasukuni-skrínsins og safnsins í Tókýó til að sjá hve sérstætt uppgjör Þjóðverja við sögu sína er. Það nægir að fara til London, Brussel, Moskvu, Parísar eða Washington til að sjá dæmi um afsakanir og afflutning á skelfilegri sögu sem þjóðir um allar álfur ná sér seint af og munu aldrei gleyma eða fyrirgefa.

Máttur sannleika

Saga tuttugustu aldar og sekt þeirra seku er hins vegar til miðju í þýsku þjóðlífi og menntakerfi. Dóttir mín fékk sína fyrstu fræðslu um stríðið fimm ára gömul í leikskóla í Berlín. Í anddyri nálægs barnaskóla hanga myndir af börnum úr hverfinu sem voru myrt fyrir þjóðerni sitt. Á ljósastaurum í hverfinu má lesa greinar úr þjóðernislögum nasista. Í gangstéttina eru greyptir skildir með nöfnum myrtra gyðinga. Þetta er lifandi og daglegur veruleiki. Hann er skelfilegur en kennir um samtíðina ekki síður en fortíðina. Og kennir um margt af því sem mestu skiptir á okkar tímum.

Markmið Þjóðverja í utanríkismálum eru líka að hluta til önnur en algengast er. Því geta nágrannar þeirra fagnað. Og til þess geta Íslendingar litið. Þeir eiga trausta vináttu Þýskalands.

Af hverju var ekki horft á arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar?

Orkumál

Sigurður Jóhannesson
hagfræðingur

Þorsteinn Víglundsson fjallar í grein hér í blaðinu 13. desember um skýrslu okkar Ásgeirs Jónssonar um arðsemi orkusölu til stóriðju, sem unnin var fyrir fjármálaráðuneytið. Hann spyr hvers vegna við lítum framhjá þeirri augljósu staðreynd að arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar hafi verið með besta móti miðað við almennt atvinnulíf hér á landi undanfarin ár, en látum nægja að skoða arðsemi heildarfjár fyrirtækisins (það er bæði eiginfjár og lánsfjár).

Skýringin á vali okkar er að Landsvirkjun nýtur ríkisábyrgðar á öllum skuldum. Arðsemi eiginfjár er gallaður mælikvarði þegar svo stendur á. Ríkisábyrgðin gerir það að verkum að erlent lánsfé fæst á lægri vöxtum en ella.

Þá hefur ábyrgðin gert Landsvirkjun kleift að fjármagna framkvæmdir með hærra hlutfalli lánsfjár en öðrum fyrirtækjum hefði staðið til boða. Hvort tveggja veldur því að arðsemi eiginfjár er meiri en annars væri. Samanburður á arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar og annarra fyrirtækja verður því marklítill að okkar dómi.

Á hinn bóginn má færa rök fyrir því að eigandi sem er ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækis geri lítinn greinarmun á eiginfé þess og skuldum. Þannig geti heildararðsemi gefið ágæta mynd af ávöxtun þess fjár sem Íslendingar leggja undir í rekstri Landsvirkjunar. Í öllu falli eru ekki augljósir annmarkar á því að bera saman heildararðsemi Landsvirkjunar og annarra fyrirtækja.

20-30% af öllum skrifborðsstólum til jóla

Jólastólar

Home Chair
~~17.900,-~~
12.900,-

Veltikollur
~~39.900,-~~
31.900,-

Support
~~28.900,-~~
21.600,-

Leather Lux
~~69.900,-~~
48.900,-

TEC 20
~~39.700,-~~
31.700,-

Open Art
~~117.800,-~~
94.200,-

Profi Star
~~129.900,-~~
97.400,-

Bonanza
~~65.900,-~~
52.700,-

Body Balance
~~39.900,-~~
31.900,-

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

Leyndarhyggja eða lýðskrum?

Stjórnmál

Gunnar Axel Axelsson
bæjarfulltrúi

Það er vond staða fyrir pólitískt kjörna fulltrúa að geta ekki upplýst umbjóðendur sína um innihald svo stórra og mikilvægra samninga sem nýgerður samningur Hafnarfjarðarbæjar við þýska skilanefnd Depfa bankans er. Satt best að segja er sú staða ómöguleg og hún getur ekki gengið til lengdar.

Í augnablikinu er hún hins vegar óhjákvæmileg og það vita allir þeir sem sitja í bæjarstjórn og hafa fengið upplýsingar um bæði efni samningsins og forsendur þess og ástæður að viðsemjendur sveitarfélagsins setja fram þá ófrávíkjanlegu kröfu að um einstök atriði hans ríki tímabundinn trúnaður. Fyrir því eru bæði eðlilegar og málefnalegar ástæður. Þrátt fyrir það velja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði að róa á sín vanalegu mið, sá fræjum tortryggni og kynda undir ófriðarbáli í samfélaginu.

Samningurinn og forsendur hans

Viðsemjandi Hafnarfjarðarbæjar er FMS Wertmanagement, þýsk skilanefnd, skipuð samkvæmt þýskum lögum. Hún hefur það eina verkefni að innheimta kröfur hins fallna banka og draga þannig sem mest úr því tapi sem að endingu mun lenda á þýskum almenningi að greiða. Stór hluti af þeim kröfum sem skilanefndin hefur til innheimtu er gagnvart opinberum aðilum, meðal annars íslenskum sveitarfélögum. Staða þeirra í dag er mjög misjöfn. Sum hafa litla sem enga möguleika til vaxtar og þróunar, til aukinna tekna af atvinnustarfsemi eða auðlindum. Önnur búa við sterkari stöðu og allt aðrar og jákvæðari framtíðarhorfur. Hafnarfjörður er meðal þeirra sveitarfélaga.

Staðreyndin er sú að í umræddum samningi felst mikilvægur sigur fyrir bæjarbúa í Hafnarfirði, sigur í erfiðu verkefni sem staðið hefur yfir frá því að íslenskt efnahagslíf hrundi. Fulltrúar þeirra flokka sem mynda meirihluta í bæjarstjórn geta jafnframt verið stoltir af því að hafa náð hagstæðri lendingu í þessu stóra máli en það er ekki síst fyrir að þakka góðu og vönduðu starfsfólki sem hefur unnið ötullega að því undanfarið ár að endurskipuleggja rekstur og fjárhag bæjarins.

> Þeir eru líka fyrir löngu búnir að gleyma hruninu, hafa strikað það út úr sögubókum sínum.

Þær endalausu upphrópanir og óábyrgu yfirlýsingar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa staðið fyrir á tímabilinu hafa svo sannarlega ekki auðveldað þá vinnu eða skapað sveitarfélaginu hagstæð skilyrði til samninga. Þvert á móti hafa þær fyrst og fremst verið til þess fallnar að draga úr trausti gagnvart sveitarfélaginu.

Eru skuldir ekki bara skuldir?

Uppruni og eðli þeirra skulda sem sveitarfélögin standa frammi fyrir að greiða skiptir höfuðmáli þegar rætt er um mismunandi stöðu þeirra og framtíðarhorfur. Ólíkt sumum þeirra sveitarfélaga sem lent hafa í þröngri stöðu að undanförnu voru þau lán sem Hafnarfjarðarbær tók á undanförnum árum ekki tekin til þess að standa undir daglegum rekstri heldur til fjárfestinga í innviðum, til byggingar nýrra skóla, til gatnaframkvæmda, til nauðsynlegra veituframkvæmda og til uppbyggingar í íþrótta- og tómstundamálum barna og unglinga.

Skuldir sveitarfélagsins eru því ekki tilkomnar vegna viðvarandi rekstrarvanda eins og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn hafa lagt sig mikið fram um að reyna að sannfæra bæjarbúa um. Síðasta áratuginn hefur rekstur bæjarins að jafnaði skilað töluverðri framlegð og þar af leiðandi hefur skapast svigrúm til að greiða niður stóran hluta þeirra skulda sem stofnað var til í síðustu stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins í bænum, á tímabili sem helst verður minnst fyrir glórulausa einkaframkvæmdasamninga. Samninga sem fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn vilja helst ekki að minnst sé á en Hafnfirðingar eru enn að súpa seyðið af.

Þær óháðu úttektir sem gerðar hafa verið á rekstri og fjárhagsstöðu Hafnarfjarðarbæjar að undanförnu staðfesta þetta og afhjúpa um leið þann óábyrga málflutning sem sjálfstæðismenn í Hafnarfirði hafa staðið fyrir á síðustu misserum og hefur lítinn tilgang annan en að strá ryki í augu bæjarbúa og rjúfa þá mikilvægu samstöðu og samkennd sem einkennt hefur hafnfirskt samfélag.

Á þeim grunni eygja sjálfstæðismenn í Hafnarfirði greinilega von sína um að komast til valda.

Viðspyrnu náð

Þrátt fyrir að skuldir sveitarfélagsins hafi nær tvöfaldast vegna hrunsins stendur Hafnarfjörður sterkum fótum og framtíðin er björt. Vegna mikillar uppbyggingar í innviðum á undanförnum árum er fjárfestingarþörf bæjarins metin mjög lítil næstu ár og eignastaða að sama skapi sterk. Það þýðir að þegar hjól efnahagslífsins fara að snúast hraðar mun efnahagur sveitarfélagsins eflast mjög hratt.

Í stað þess að fagna nú þeim mikilvæga áfanga sem nú hefur náðst í að endurheimta sterka stöðu sveitarfélagsins, samningum sem undirstrika bjarta framtíð þess og þann árangur sem náðst hefur í að aðlaga rekstur þess að breyttum aðstæðum, halda sjálfstæðismenn í bæjarstjórn áfram að stunda sitt makalausa lýðskrum og ýta undir óraunhæfar væntingar.

Þeir eru líka fyrir löngu búnir að gleyma hruninu, hafa strikað það út úr sögubókum sínum. Það hafa flokksbræður þeirra á Alþingi líka gert, en vert er að minnast síðustu allsherjarsamkomu Flokksins, þar sem fyrrverandi stjórnarherrar landsins fluttu fimmaurabrandara um pólitíska andstæðinga sína og voru hylltir fyrir með lófaklappi og fótastappi. Á því plani er pólitík þeirra sem ekki kunna að skammast sín.

AF NETINU

Viljum við þetta?

Ég er að reyna að stilla mig.
En það gengur stundum illa, til dæmis þegar maður les fréttir eins og þessa.
Katrín Júlíusdóttir ætlar að fara að „lokka“ hingað trúaða Bandaríkjamenn.
Ha?!
Því ekki nuddstofur fyrir ofsatrúaða zíonista? Því ekki sérstakar heilsulindir fyrir íslamista?
Eru trúaðir Bandaríkjamenn einmitt sá hópur sem við viljum tengja við land okkar?
Það hlýtur að vera hægt að fara að tína einhver fjallagrös. Allt annað en þetta!

blog.eyjan.is/illugi

Illugi Jökulsson

Dómarar valda upplausn

Heimskir rangindamenn í stétt héraðsdómara valda upplausn í samfélaginu. Með röngum dómum í meiðyrða- og móðgunarmálum siga þeir útrásarvíkingum og öðrum fjárglæframönnum á sögumenn válegra tíðinda. Þöggunin á uppruna sinn hjá dómurum, sem sjálfvirkt skella milljón króna sekt á hvern fréttamann. Þannig er Gunnlaugur Sigmundsson framsóknarfaðir kominn í málaferli, einnig Pálmi Haraldsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Björn Ingi Hrafnsson hótar líka öllu illu, haldi menn ekki kjafti. Jafnvel Vítisenglar æsa sig í skjóli dómara. Geðbilað ofbeldisfólk rakar inn sektum. Upplausnin er dómurum um að kenna.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

40% afsláttur af allri jólavöru

Flöskupoki
897
sparaðu 598

CHRISTMAS
Flöskupoki. 3 gerðir. Verð 1.495,- **NÚ 897,-**

CHRISTMAS
Hvítur fugl, jólatréskraut.
Verð 495,- **NÚ 297,-** *Einnig til í fleiri stærðum og litum.*

CHRISTMAS
Jólastjarna, hamraður málmur.
Ø15 cm. Verð 595,- **NÚ 357,-**

CHRISTMAS
Jólakúla m/perlum.
Verð 1.995,- **NÚ 1.197,-**

CHRISTMAS
Kertakrans. Verð 495,- **NÚ 297,-**
Einnig til í fleiri stærðum.



MIKIÐ ÚRVAL AF KERTAGLÖSUM F/TELJÓS - 1 Með járnkanti H8 cm. Verð 795,- **NÚ 477,-** 2 Með járnkanti H11 cm. Verð 895,- **NÚ 537,-** 3 Rautt H8 cm. Verð 345,- **NÚ 207,-** 4 Með blúndu H12 cm. Verð 695,- **NÚ 417,-** 5 Með blúndu H7,5 cm. Verð 395,- **NÚ 237,-** 6 Með blúndu H11 cm. Verð 495,- **NÚ 297,-** 7 Antík H11 cm. Verð 895,- **NÚ 537,-** 8 Antík H7 cm. Verð 595,- **NÚ 357,-**

CHRISTMAS
Skrautborði. 7,5 m.
Verð 245,- **NÚ 147,-**

CHRISTMAS
Stjarna. 8,5x4,5x9,5 cm.
Verð 695,- **NÚ 417,-**

CHRISTMAS
Jólaskraut. 13 cm.
Verð 395,- **NÚ 237,-**

CHRISTMAS
Jólaskraut, tagar. 11x11 cm.
Verð 245,- **NÚ 147,-**

CHRISTMAS
10x31 cm. Verð 895,- **NÚ 537,-**
14x41 cm. Verð 1.195,- **NÚ 717,-**
16x49 cm. Verð 1.495,- **NÚ 897,-**

CHRISTMAS
Grílukerti úr gleri. 3 í pk.
Verð 995,- **NÚ 597,-**
Nokkrar gerðir.

CHRISTMAS
Lilla Ø10 cm. Verð 345,- **NÚ 207,-**
Lilla 2 í pk. Ø8 cm.
Verð 495,- **NÚ 297,-**
Dökkblá 2 í pk. Ø10 cm.
Verð 495,- **NÚ 297,-**

CHRISTMAS
Jólaskraut. 4 í pk.
Verð 545,- **NÚ 327,-**

CHRISTMAS
Kertaglös m/kertum. 6 í pk.
H5,5 cm. Verð 1.195,- **NÚ 717,-**

CHRISTMAS
Jólasería, 200 ljós.
Verð 2.995,- **NÚ 1.797,-**

GJAFAKORT
Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.

ILVA kaffi
Samloka m/skinku og osti
Borið fram m/salati
Verð 495,-

© ILVA Ísland 2011

sendum um allt land

VISA Lán - VAXTALAUST

Taktu þátt í Jólasveinaleik á FACEBOOK

OPIÐ TIL 22:00

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-22 sunnudaga 12-22 mán. - fös. 11-22 www.ILVA.is

Gerendur taki ábyrgð á sjálfum sér

Kynferðisofbeldi

Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir
félagsfræðingur

Ég er ein af þeim manneskjum sem urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn. Eins og svo oft tengdist gerandinn inn í fjölskylduna mína. Ég er líka dæmigerður þolandi sem tók á sig ábyrgðina á ofbeldinu, bar sökina og skömmina í hljóði. Ég réði ekkert við að burðast með ljótu sjálfsmyndina mína en hafði bara alls ekki hugmynd um það. Vissi ekki að ég yfirgaf sjálfa mig daginn sem ofbeldið hófst, hætti að lifa en varð snillingur í að lifa af. Ég afbar það einfaldlega ekki að vera ljóta ég.

Mín leið til að þrauka gegnum líf mitt var að gera öðrum lífið bærilegt. Gleyma sjálfri mér í lífi fólksins í kringum mig, drekka í mig þakklæti þess og safna þeim prikum í sarpinn minn. En það var sama hversu þakklætis- og viðurkenningarprikin mín urðu mörg, þau gerðu aldrei misheppnuðu mig að fallegri manneskju.

Þannig upplifði ég líf mitt fram að þrítugu, þegar ég loks hrundi og fékk hjálp. Þá komst ég ekki lengur hjá því að mæta sjálfri mér. Sem betur fer, því þá sá ég að litla ljóta barnið ég hefur aldrei verið til. Og að það er ekkert athugavert við mig. Sá sem framdi á mér ofbeldi þegar ég var lítið barn notaði á mig sömu aðferð og allir gera sem meiða börn. Kom ábyrgðinni á því yfir á mig og kom því rækilega til skila að ef ég vogaði mér nokkurn tímann að segja frá þá kæmust allir að því hve vond manneskja ég væri. Mér yrði úthýst af þeim sem ég elskaði.

Það er ekkert skrýtið að ég skuli hafa yfirgefið sjálfa mig sem barn.

Þvílíkur léttir að segja frá og skila ofbeldinu heim til sín. Geta talað um líf mitt eins og það raunverulega var. Vera aftur ég sjálf, með tilfinningar, væntingar og alvöru bros. Allt breyttist og það fóru að vaxa falleg blóm í garðinum mínum. Líka þótt sumt af því gerðist sem gerandinn hótaði mér ef ég segði frá.

Mér var úthýst af fólki sem ég elskaði. Sumir lokuðu strax á mig og sögðu að ég væri klikkuð, vond og lygin. Það var mikið sjokk. Aðrir komu því til skila að ég ætti stuðning þeirra, ef ég gerði ekki þá kröfu að saga mín hefði einhver áhrif á líf þeirra. Það þýddi að ég mátti vera ég sjálf í völdum aðstæðum. Ekki þar sem það gat verið óþægilegt fyrir aðra að taka skýra afstöðu með sögu minni. Mér þykir leiðinlegt að segja frá því að ég lét stilla mér svona upp, allt of lengi. En ekki lengur og aldrei framar.

> Þá fyrst frelsar samfélagið þolendur undan því hlutverki að bera ábyrgðina fyrir gerendur.

Ég á líka yndislegt fólk að, manneskjur sem yfirgáfu mig aldrei fyrir að segja satt og fólk sem hefur komið inn í líf mitt eftir að ég fór að standa með sjálfri mér. Það mikilvægasta er að ég lifi mínu eigin lífi. Sama hvernig það var og er eða hvað aðrir hafa um það að segja.

Er það ekki lygilegt að í upplýstu samfélagi skuli ekki enn vera búið að létta þeirri kröfu af þolendum kynferðislegs ofbeldis að þeir burðist með ábyrgð gerendanna?

En ég skynja breytingar í loftinu. Breytingar sem skila einhverju til minnar kynslóðar og miklu inn í framtíðina. Ég trúi að í gegnum átökin í umræðunni skilji æ fleiri hversu alvarlegt og algengt kynferðisofbeldi er, hvernig það þrífst í þöggun og hvað það getur þýtt fyrir þolendur að segja frá.

Það er líka að síast í gegn hvernig við verðum öll að opna á þann möguleika að okkar eigin ástvinir geti allt eins verið gerendur og þolendur. Að við þurfum að byggja upp kjark til að líta ekki undan þeim veruleika. Svo munstrið haldi ekki áfram inn í framtíðina, í börnunum okkar.

Þessi þróun verður samt ekki af sjálfu sér, heldur kristallast í einstaklingsbyltingunum sem eru í gangi. Við þurfum svo mikið á þessum byltingum að halda. Ég sé fólk forherðast í átökunum en sem betur fer sé ég fleiri breytast, læra. Ég skynja framþróun.

Svo kemur að því að við getum talað um gerendur án þess að annað hvort upphefja þá í afneitun eða útskúfa þeim sem úrhrökum. Við munum láta þá og leyfa þeim að taka ábyrgð á sjálfum sér. Þá fyrst frelsar samfélagið þolendur undan því hlutverki að bera ábyrgðina fyrir gerendur. Við erum nefnilega hjarðdýr og þótt við þolendur náum því kýrskýrt að ábyrgðin er engan veginn okkar, þá búum við í samfélagi manna sem þarf jafnframt að losa okkur undan þeirri ábyrgð.

Skúli 300!

Samfélagsmál

Ófeigur Sigurðsson
rithöfundur

Í dag, 12ta desember, þegar þetta er skrifað, er 300 ára afmæli Skúla Magnússonar landfógeta. Það var undarleg reynsla sem endranær að fletta í gegnum Fréttablaðið í morgun og sjá að hvergi er á þessi tímamót minnst. Þar kemur fram að það markverðasta sem gerst hefur 12ta desember í íslenskri sögu er að þá fékk háhyrningurinn Keikó lungnasjúkdóm. Þá er auglýsing frá Viðeyjarstofu, heimili Skúla og fyrsta steinhúsi landsins, sem þá var höll, og á meðan bygging þess stóð yfir á árunum 1752-1755 bjó Skúli í tjaldi úti í Viðey frekar en að deila Bessastöðum með dönsku yfirvaldi, honum Pingel stiftamtmanni; í auglýsingunni frá Viðeyjarstofu í Fréttablaðinu í dag er boðið upp á lifandi flutning jólalaga á píanó yfir jólahlaðborði. Þó ekki í dag, því í dag er húsið laust, tómt, þar er ekkert að gerast.

200 ára afmæli Jóns forseta tók sitt pláss á árinu, þó ekki svo mikið. En Skúli er 300! Hann er faðir Reykjavíkur. Í mínum huga eru þeir Jón og Skúli báðir miklar sjálfstæðishetjur sem vildu landi og þjóð gott til framtíðar, og í ár var gullið tækifæri að flétta saman minningu þeirra og ærið fyrir þjóð í kröggum. Jón forseti var maður skriffinnskunnar en Skúli fógeti maður framkvæmda; Jón var skrifari en Skúli aðgerðarsinni, Jón er inni, Skúli úti.

Allir stjórnmálaflokkar frá upphafi hafa eignað sér Jón Sigurðsson og gert hann að sínum en allir hafa verið hræddir við Skúla. Auk þess sem Skúli fógeti skrifaði gagnleg rit vann hann að því í meira en hálfa öld að leysa Íslendinga undan kúgun kaupmanna og braskara sem mergsugu auðlindir Íslands og rændu landið gæðum sínum. Skúli barðist jafnt í ræðu og riti og með hnúum og hnefum fyrir nýsköpun og það sem í dag er kallað sjálfbærni, hann þoldi ekki ójöfnuðinn og óréttlætið að Íslendingar fengju ekki tækifæri til þess að fullvinna sínar afurðir sjálfir.

> Skúli barðist jafnt í ræðu og riti og með hnúum og hnefum fyrir nýsköpun og það sem í dag er kallað sjálfbærni.

Lífsstarfi Skúla Magnússonar landfógeta í þágu landsins hefur vart verið sýndur nokkur sómi síðan Jón Jónsson gaf út ævisögu hans mánuði fyrir 200 ára afmæli hans árið 1911. Nema þá er ævisaga Skúla, skráð af honum sjálfum, prentuð í öðru bindi Merkra Íslendinga árið 1947. Megas söng svo á Loftmynd 1987 hvort einhver myndi „ekki eftir honum Skúla sem að skaut skelk í bringu danskra kaupahéðna“. Og í dag verður svo opnuð sýning í fógetahúsi við Aðalstræti á munum frá 18du öld.

Helsta birtingarmynd niðurlægingarskeiða er svona söguleysi, máttleysi og minnisleysi.

jura
SWISS MADE

ENA MICRO 9 ONE TOUCH

Einföld og falleg

ENA Micro 9 frá Jura er minnsta sjálfvirka kaffivél heimsins í dag. Með einni snertingu fæst nýmalað og ilmandi kaffi beint í bollann.

Hægt er að velja um kaffi, espesso, latte macchiato, cappuccino eða heitt vatn í te með því að þrýsta á einn hnapp. Vélin er stílhrein, einföld í notkun og einstaklega hljóðlát.

Kynningarverð kr. 149.000
Mjólkurkanna að andvirði kr. 9.420 fylgir sem kaupauki með hverri vél.

Líttu við hjá Eirvík og við bjóðum þér í kaffi

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Breytingar í Bláfjöllum

Íþróttir

Árni Alfreðsson
skíðagæslumaður

Í mars 2007 skrifaði ég grein í Morgunblaðið sem bar heitið „Snjóleysi í Bláfjöllum?“ Greinin var ádeila á rekstur skíðasvæðisins, sér í lagi hvers vegna ekki væru snjógirðingar til staðar til að tryggja snjó í helstu skíðaleiðum svæðisins. Sérstaklega í ljósi þess hve gríðarlega vindasamt er á svæðinu og snjór sest og helst illa í brekkunum. Bent var á að nauðsyn þess að að virkja þá gríðarlegu ókeypis efnisflutninga sem eiga sér stað í skafrenningi með einföldum snjógirðingum. Fanga þannig efnið og halda því í brekkunum.

Hvernig svo sem það atvikaðist fór það svo að sumarið 2008 var farið af fullum þunga að vinna að landmótun, þ.e. lagfæra og slétta brekkur, og girða með tveggja metra háum snjógirðingum.

Núna safnast snjórinn í skíðaleiðirnar í stað þess að fjúka burtu, þökk sé girðingunum. Auk þess þarf nú mun minni snjó til að opna brekkurnar vegna þess hve sléttar þær eru. Þetta er bylting frá því sem áður var. Skíðafólk getur þakkað stóran hluta opnunardaga síðastliðna vetur þessum breytingum. Fyrir sáralitla fjármuni hefur tekist að tryggja snjó miklu betur í skíðaleiðum og þar með bæta rekstargrundvöll svæðisins. En betur má ef duga skal. Það þarf nefnilega að landmóta miklu stærra svæði og girða. Á suðvesturhorninu býr nefnilega meira en 2/3 hlutar þjóðarinnar. Og hefur aðeins aðgang að þessu eina mjög svo fjársvelta skíðasvæði.

Snjógirðingar og landmótun eru einnig forsenda þess að hægt sé að fara í snjóframleiðslu svo eitthvert vit sé í. Að öðrum kosti fýkur framleiddur snjórinn burtu rétt eins og sá náttúrulegi.

En girðingar hafa líka sína miklu galla. Þetta eru jarðföst mannvirki og lífshættulegt að lenda á þeim á einhverri ferð. Snjógirðing byggir á sverum niðurgröfnum staurum (trjábolum) með þriggja metra millibili. Á þessu hangir gisin klæðning. Þetta er groddalegt og gisið. Þetta er hálfgerður skógur.

Víða erlendis skíða menn í braut sem rudd hefur verið gegnum skóg. Skíða með tré á báða bóga. Erlendis setja menn ekki púða á hvert tré í öryggisskyni. Það er talinn ógjörningur. Girðingarnar liggja meðfram skíðaleiðunum og eru þannig séð okkar skógur. Við skíðum með þær á báða bóga. Að ætla sér að púða hvern staur og hverja spýtu er ekki raunhæft. Þó að unnið sé að úrbótum er vandséð hvernig hægt er að gera girðingar hættuminni. Skíðamaðurinn verður einfaldlega að læra að lifa með þessum mannvirkjum. Best er að halda sig í hæfilegri fjarlægð og skíða ekki of hratt. Flest slys má rekja til glannaskapar þegar skíðað er of hratt miðað við getu og aðstæður.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum verður ekki rekið án snjógirðinga. Það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Ýmis önnur jarðföst mannvirki eru nálægt skíðaleiðum, að ógleymdu grjóti og klettum. Lyftustaurar, ljósastaurar, lyftuskúrar o.s.frv. Reynt er að setja höggvarnir (púða) á hættumestu staðina. Það er hins vegar engin trygging fyrir því að ekki illa fari, lendi menn á slíku á mikilli ferð. Og ógjörningur er að púða allt. Skíðamaðurinn sjálfur verður að passa sig. Það gerir það enginn fyrir hann.

Sem skíðagæslumaður kem ég að flestum slysum á svæðinu. Almennt séð eru verstu slysin þegar fólk lendir á einhverju jarðföstu, þar á meðal girðingum. Þeir eru orðnir margir brotnir hjálmarnir sem ég hef tekið af fólki. Sem betur fer því ef það er ekki hjálmurinn þá væri það eitthvað dýrmætara. Hjálmur hefur og getur bjargað mannslífi. Það ættu því allir að nota slíkan búnað.

Öll viljum við koma heil heim. Förum því varlega á skíðum.

AF NETINU

Stúfur skildi eftir stefnu í skónum mínum

Ég á marga vini sem greiddu atkvæði gegn Icesavesamningnum. Á þeim tíma héldu þeir því fram að hættan á því að við yrðum kærð til EFTA dómstólsins væru lítil sem engin. Þegar ég renni yfir vinalistann á facebook sé ég þetta sama fólk halda því fram að málið geti ekki tapast, að ef það tapist geti það ekki leitt til viðbótarkostnaðar, en ef allt fer á versta veg þá getum við einfaldlega neitað að lúta dómnum (væntanlega án þess að það hafi afleiðingar).
Ég vona einlæglega að þessir vinir mínir hafi rétt fyrir sér. En í ljósi þess að þeir reyndust ekki sannspáir um hvort við yrðum kærð til EFTA finnst mér að þeir ættu að spara stóru orðin þangað til að niðurstaðan liggur fyrir. Þeir hafa enga vissu fyrir slíkum fullyrðingum, ekki frekar en að ég hafi vissu fyrir því að þetta muni tapast. Þeir vona, ég óttast. Við vitum ekkert um hver niðurstaðan verður.

blog.smugan.is/kolbeinn

Kolbeinn Stefánsson

Nikon

At the heart of the image

I AM YOUR BEST WINTER DEAL

S9100

12.1 megapixla CMOS myndflaga, NIKKOR gleiðhornslinsa, 18x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 3" LCD skjár og háskerpu hreyfimyndataka. Fæst í 3 litum.

Verð 54.995.-

TILBOÐ Vönduð leðurtaska fylgir með (verðmæti 5.995.-)

S3100

14 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsa, 5x aðdráttur og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar,stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Fæst í 7 líflegum litum.

Verð 22.995.-

TILBOÐ Taska og 2GB minniskort fylgir með (verðmæti 7.995.-)

Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

www.nikon.is

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði;
Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga;
Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði;
Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað;
Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi,
Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ;
Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

Auðvitað er rekið kjördæmapot

Stjórnmál

Hjalti Tómasson
skrifstofumaður

Ólafur Stephensen skrifar merka grein á vísir.is 3. desember sl. sem hann kallar Úr fangelsi kjördæmapotsins. Það er gaman að lesa eftir Ólaf þó ég sé vissulega ekki alltaf sammála honum og alls ekki núna.

Ég verð að játa að ég varð bæði sár og næstum því móðgaður eftir að hafa lesið þessi skrif Ólafs.

Nú verður seint hægt að saka mig um að vera sérstakur aðdáandi alþingismanna, hvort heldur er Sunnlendinga eða annarra, en þarna finnst mér ómaklega vegið að æru fólks sem þrátt fyrir allt er af bestu getu að vinna fyrir umbjóðendur sína. Mér þykir rétt að benda á þá staðreynd að landinu er skipt upp í kjördæmi. Fyrir hvert kjördæmi sitja þingmenn sem kosnir eru af íbúum viðkomandi svæðis. Þingmenn Suðurkjördæmis eystra eru til dæmis ekki kosnir af Reykvíkingum frekar en þingmenn Norðausturkjördæmis. Þingmenn Sunnlendinga eru kosnir af íbúum Suðurkjördæmis og ef ekki til að vinna að hagsmunum Sunnlendinga, þá hverra?

Auðvitað er rekið kjördæmapot á Íslandi. Það hefur alla tíð verið gert. Þar hafa landsbyggðarþingmenn farið fram frekar en þingmenn Reykvíkinga, það mun rétt vera. Ástæðan er aðstöðumunur landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

Það er einhvern veginn þannig að fjármagn og atvinnuuppbygging hafa tilhneigingu til að sogast til Reykjavíkur. Þar eru stofnanirnar sem höndla með fé landsmanna, þar búa embættismennirnir sem taka ákvarðanirnar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að flytja til dæmis opinber störf út á landsbyggðina er eins og eitthvert tregðulögmál sé í gangi.

Lögmál sem segir að ekki sé hagkvæmt að flytja þekkingu af höfuðborgarsvæðinu, bara þangað. Þar eru öll tækifærin og þar eru líka hæstu launin. Ég ætla ekki að fara að skæla yfir þessum staðreyndum, enda ekki óeðlilegt að Reykjavík sé miðpunkturinn, en vænt þætti mér um ef Ólafur og fleiri sem deila þessum skoðunum hans gæfu sér örlítinn tíma til að skoða fleiri hliðar málanna en þær sem þykja hinn eini stóri sannleikur innan við Rauðavatn.

Við skulum ekki vera feimin við að kalla hlutina sínum nöfnum en við ættum að gæta þess að gera þá ekki tortryggilega eða gera lítið úr áhyggjum landsbyggðarfólks eða úr vinnu þeirra sem reyna að andæfa. Fangelsismálið er atvinnuspursmál, hvort sem Ólafi líkar það betur eða verr.

Atvinnuspursmál fyrir á milli 60-70 manns ef satt skal segja og þar eru ekki meðtalin afleidd störf eða önnur samfélagsleg áhrif.

Gaman væri að skoða hvaða hlutfallslegur fjöldi það væri á höfuðborgarsvæðinu en til þess skortir mig reiknigetu.

Flest er hægt að reikna til Reykjavíkur ef notaðir eru mælikvarðar höfuðborgarsvæðisins.

Að endingu legg ég til við Ólaf að hann beini gagnrýni sinni frekar að þeim fjölmörgu sérhagsmunapoturum sem mæla götur Reykjavíkur og virðast hafa margföld áhrif á við þingmenn. Manni detta fyrst í hug hagsmunagæslumenn fjármálakerfisins og sjávarútvegsfyrirtækja. Þar virðast menn hafa komið ár sinni vel fyrir borð og mætti skoðast nánar.

Það er hægt að skamma þingmenn fyrir ýmislegt en ekki þegar þeir sinna hlutverki sínu, sem er að vinna umbjóðendum sínum til gagns.

Framtíð mannkyns veltur á menntun kvenna

Menntamál

Valdimar Tr. Hafstein
formaður íslensku Unesco-nefndarinnar

Regína Bjarnadóttir
formaður landsnefndar UN Women

Ein af hverjum fjórum stúlkum á aldrinum 11-15 ára á ekki völ á skólagöngu. Í Afríku fær ekki nema ein af hverjum þremur stúlkum gagnfræðamenntun. Af 796 milljónum fullorðinna jarðarbúa sem eru ólæsir eru 2/3 konur. Aðeins í þriðjungi ríkja heimsins hafa drengir og stúlkur jafna möguleika á að ganga í gagnfræðaskóla.

Ýmsar hindranir eru í vegi fyrir því að stúlkur njóti skólagöngu til jafns við drengi. Sums staðar stendur snemmbúið hjónaband og barneignir í vegi fyrir því að stúlkur fái að ganga í skóla á unglingsárum. Þá skortir þær og foreldrana víða fyrirmyndir annarra menntaðra kvenna og oft á áhugaleysi foreldranna stóran hlut að máli í að stúlkurnar njóta ekki skólagöngu til jafns við bræður sína. Ekki má heldur gleyma því að kynbundið ofbeldi gegn skólastúlkum og kennurum þeirra fær sums staðar að líðast og fælir stúlkur frá því að sækja skóla og foreldra þeirra frá því að senda þær þangað.

Börn læsra kvenna 50% líklegri til að lifa

Það er hins vegar til mikils að vinna að gera stúlkum kleift að ganga í skóla til jafns við drengi. Jafnrétti á þessu sviði er lífsspursmál fyrir mannkynið allt. Talið er að það gæti bjargað allt að 1,8 milljónum mannslífa á ári ef stúlkur í Afríku sunnan Sahara gengju almennt í gagnfræðaskóla. Konur með gagnfræðapróf eru fimm sinnum líklegri en kynsystur þeirra til að hafa fræðst um alnæmi og varnir gegn því. Hvert ár sem bætist við skólagöngu stúlkna lækkar fæðingartíðni um 10%. Þannig eiga gagnfræðaskólagengnar konur í Malí að meðaltali þrjú börn en ómenntaðar konur eiga að meðaltali sjö börn. Börn sem læsar konur ala upp eru 50% líklegri til að ná fimm ára aldri en börn ólæsra kvenna.

Fyrr á þessu ári hrinti UNESCO (mennta-, vísinda-, fjölmiðla- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna) úr vör samstarfsverkefni um menntun stúlkna og kvenna, með þátttöku fjölda stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja um heim allan. Samstarfsverkefnið leggur höfuðáherslu á gagnfræðamenntun stúlkna og fullorðinsfræðslu kvenna. Það kemur í framhaldi af áherslunum í starfi undanfarinna ára, en fyrir hönd alþjóðasamfélagsins og í samstarfi við marga aðila hefur UNESCO róið öllum árum að því marki að öll börn alls staðar í heiminum eigi kost á barnaskólamenntun. Þetta er eitt af þúsaldarmarkmiðunum í þróunarmálum og er á meðal þeirra markmiða sem alþjóðasamfélaginu hefur orðið hvað mest ágengt með að nálgast.

> Talið er að það gæti bjargað allt að 1,8 milljónum mannslífa á ári ef stúlkur í Afríku sunnan Sahara gengju almennt í gagnfræðaskóla.

„Sættu þig aldrei við minni menntun en bróðir þinn fær“

Á aðalráðstefnu UNESCO í liðnum mánuði sló Irena Bokova, framkvæmdastjóri UNESCO, því föstu að menntun kvenna geymdi lykilinn að bættri framtíð mannkyns. Þetta hafa ótal rannsóknir sýnt og það eru núorðið viðtekin sannindi að ef takast á að uppræta fátækt, vernda umhverfið og tryggja frið er nauðsynlegt að konur fái menntun. „Ungar stúlkur og konur eru að breyta heiminum,“ bætti Bokova við. „Við verðum að gefa þeim verkfærin sem þær þurfa til að móta heiminn eftir sínu höfði. Það eru engar hindranir sem ekki er hægt að yfirstíga í vegi fyrir því að kynjajöfnuður verði staðreynd og allir fái menntun,“ sagði framkvæmdastjóri UNESCO.

Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra UNESCO og náinn ráðgjafi framkvæmdastjórans, flutti ávarp við sama tækifæri og undirstrikaði mikilvægi þessa verkefnis: „Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að bjarga mannkyninu. Það geta konur gert.“ Skilaboðin sem Vigdís færði stúlkum um heim allan voru þessi: „Sæktu þér menntun og sættu þig aldrei við skemmri menntun en bróðir þinn fær.“

Staðgöngumæðrun: fáeinar konur þurfa veglyndi samfélagsins

Staðgöngumæðrun

Reynir Tómas Geirsson
prófessor í fæðinga- og kvensjúkdómafræði og yfirlæknir á Landspítala

Að eignast barn sem verður til úr eigin kynfrumu og er beinn hluti arfleifðar og fjölskyldu, fætt í ástarsambandi af konunni, það þrá flestir. Höfum á hreinu að til eru konur sem eru heilbrigðar að öllu leyti en geta ekki gengið með barn af því að þær fæddust án legs eða misstu það. Sumar konur geta hugsað sér að ganga með barn fyrir slíka kynsystur og gera það af fúsum vilja og án þess að nokkuð sérstakt komi í staðinn. Líkt og að gefa öðrum einstaklingi nýra. Hvort og með hvaða hætti mætti leyfa konu að veita annarri slíka velgjörð er samt málefni sem sumum virðist ekki til auðveld lausn á. Málið er viðkvæmt, einkum vegna barns sem fæðist og hverjum það skuli lögformlega tilheyra. Fjölmargar röksemdir um hættur þessu samfara hafa verið settar fram, á misgóðum grunni þó. Mörgum þykir betri hugsun að konur gangi með og gefi frá sér börn til ættleiðingar, þó að í þessu kunni að felast þversögn. Menn verða seint sammála í efnum sem þessum þar sem læknisfræðileg, lagaleg og siðferðileg álitamál koma til. Ekki voru allir sammála um fóstureyðingalöggjöfina, tæknifrjóvgun, réttindi samkynhneigðra eða snemmskimun fósturs, en samt hefur tekist með tímanum að skapa ágæta sátt um þessi mál í samfélaginu, a.m.k. hvað flesta varðar. Hvers vegna gæti það ekki gerst varðandi staðgöngumæðrun? Það er auðvelt að skilja viðhorf ungrar konu sem á táningsaldri kemst að því að hún er sköpuð án legs. Eða konuna sem missir leg sitt eða getur af öðrum heilsufarsástæðum ekki gengið sjálf með barn. Skilja löngunina til að eignast barn sem getið er af manni sjálfum, karli og konu. Enn er ekki hægt að fá ígrætt leg, þó að í slíka aðgerð kunni að stytt-ast. Það mundi heldur ekki leysa vanda allra.

> Tæknin er fyrir hendi til að aðstoða þessar fáu konur við að eignast barn með hjálp annarrar velviljaðrar konu. En lagaheimildina og rammann utan um hana vantar á Íslandi

Hér er um að ræða mjög fáar konur, eina á eins eða tveggja ára fresti. Rannsóknir sem varða börnin, foreldrana, staðgöngumóðurina og fjölskyldur þeirra benda til að þetta gangi alla jafna vel, þó að vandamál geti komið upp. Vandamál eftir venjulegan getnað eru hlutfallslega mun algengari, hvað þá ef miðað væri við heildartölur. Aukaleg áhætta staðgöngumóður er mjög lítil og rannsóknir sýna að vel undirbúin staðgöngumæðrun lánast alla jafna vel. Tæknin er fyrir hendi til að aðstoða þessar fáu konur við að eignast barn með hjálp annarrar velviljaðrar konu. En lagaheimildina og rammann utan um hana vantar á Íslandi. Þetta má búa til og endurbætt þingsályktunartillaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, bendir á skynsamar leiðir til þess. Rétt eins og með tæknifrjóvgun má setja þröngar skorður sem síðar mætti rýmka ef um það næðist samfélagsleg sátt. Allir eru sammála um velgjörðarsjónarmiðið. Það má gefa kynfrumur og líka nýra. Hvers vegna mætti ekki standa að staðgöngumæðrun með líkum hætti og án þess að setja á þær konur vændisstimpil? Er það að „lána“ verra en að „gefa“? Hvers vegna ætti að þurfa að bíða eftir hinum Norðurlandaríkjunum? Ekki var það gert varðandi feðraorlof. Þarf úrræði fyrir fáa að þýða að allt sé opnað fyrir öllum? Nei, það er ekki svo. Þessar fáu konur þurfa nú á veglyndi samfélagsins að halda.

Margir sem láta sig málið varða vildu sjá meiri umræður meðan löggjöf er undirbúin. Það þarf að gerast í fjölmiðlum á formi þar sem staðreyndir ráða í fordómalausri umræðu. Bloggheima og fésbækur þarf að forðast. Einhvern tímann þarf sú umræða þó að enda. Umfjöllun fyrr á árinu um barn sem staðgöngumóðir í fjarlægu landi gekk með fyrir íslenska móður sýndi að skoða þarf vel hvað gera mætti hér, í stað þess að fólk leiti í langan veg að úrræðum sem flestum hugnast miður vel.

POKASALA
í Fatabúð Hjálpræðishersins
í Garðastræti 6, Reykjavík.
og á Nytjamarkaði
á Eyjarslóð 7 Reykjavík.
alla virka daga
kl. 13.00 - 18.00.
HJÁLPRÆÐIS HERINN

www.optima.is
RICOH

Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Takmarkað magn
Sértilboð
kr. 499.900.-
Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar
STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

SHARP

GÆÐIN LEYNA SÉR EKKI

SHARP Quattron

SHARP hefur þróað nýja skjátækni ***Quattron*** og hefur hlotið hin eftirsóttu **EISA** verðlaun fyrir.

4 lita Quattron skjátæknin bætir nýrri vídd og dýpt í lita-flóruna og skilar einstökum myndgæðum.

SHARP•LC40/46/52 LE831•LED•3D SJÓNVARP
Skjástærð 40" og 46" • 200Hz • Full-HD Quattron skjár (1920x1080) • Þrívíddartæki, DVB-T, DVB-C, MPEG2/MPEG4 • 4xHDMI, 1xScart, AV inn, Component, VGA, WLAN, LAN, USB
Verð: 40"– 269.900 kr. / 46"– 339.900 kr. / 52"– 459.900 kr.

SHARP•LC40LE530•LED SJÓNVARP
Skjástærð 40" • 100Hz • Full HD skjár(1920x1080) • DVB-T, DVB-C • 2xHDMI, 2x scart, AV inn, Component, VGA, USB
Verð: 179.900 kr.

SHARP HLJÓMTÆKI

XL-UH1H

Útvarp · Geislaspilari · 2x10W magnari · USB afspilun
~~Listaverð: 28.900,-~~
Tilboðsverð: 23.900,-

XL-HF200PH

Útvarp · Geislaspilari · 2x50W magnari · i-Pod vagga · USB afspilun
~~Listaverð: 69.900,-~~
Tilboðsverð: 59.900,-

CELESTRON

TRAVELSCOPE 70
STJÖRNUSJÓNAUKI
Verð: 16.900,-

CELESTRON

UP-CLOSE•SJÓNAUKI•8X21
Verð: 3.990,-

CELESTRON 44320

VÖNDUÐ SMÁSJÁ MEÐ INNBYGGÐRI STAFRÆNNI MYNDAVÉL
~~Verð: 19.900,-~~
Tilboðsverð:16.900,-

SCOTT • B5BL •FERÐATÆKI
Verð: 9.900,-

SCOTT • B10RD • FERÐATÆKI
Verð: 12.900,-

SCOTT • CX48
ÚTVARPSVEKJARI
Verð: 3.590,-

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

NÝTT KORTA-TÍMABIL
OPIÐ:
- *Laugardag 17. des. frá 11-18*
- *Sunnudag 18. des. frá 13-18*

SAMSUNG

"BEST BUY TV"

EISA AWARDS 2011-2012

EISA Best Product 2011-2012 BEST BUY TV Samsung UE40D6505

SAMSUNG•UE40D6575
•LED•3D SMART TV

SAMSUNG · SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:
32"·37"·40"·46"·55"·60"

8,9"• SPJALDTÖLVA• WI-FI · 3G
Verð: 119.900,-

10,1"• SPJALDTÖLVA• WI-FI
Verð: 109.900,-

SAMSUNG · UE40D5005PW
40"&46" LED SJÓNVARP

Clear Motion Rate: 100 Hz · 1920 x 1080 Full HD · Allshare (DLNA) Getur tengst þráðlaust við gemsa, myndavélar og tölvur · USB Movie (Stuðningur við alla helstu codeca t.d MKV, DIVX HD) · 4 HDMI tengi, 1 scart, 2 USB, Component, Composite, VGA o.fl.

40" · Verð: 199.900,- kr · *Tilboð: 179.900,-*
46" - Verð: 289.900,- kr · *Tilboð: 259.900,-*

SAMSUNG • BD-D5100
BLU RAY SPILARI
JÓLATILBOÐ: 25.900,-

Pioneer

PIONEER • DV-2022 • DVD SPILARI
JÓLATILBOÐ: 12.900,-

Pioneer

PIONEER • VSX-520 • MAGNARI
Verð: 79.900,-

OLYMPUS

OLYMPUS•TG-310
Verð: 31.900 kr.

OLYMPUS

OLYMPUS•VG-110
Verð: 14.900 kr.

OLYMPUS

OLYMPUS•E-PL1•14-42mm
TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr

Nintendo®
SNERPA·SPENNA·SNILLD

MAGNAÐ LEIKJAÚRVAL!

ENDALAUS ÆVINTÝRI

NINTENDO 3DS

NINTENDO 3DS Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU Í HEIMI LEIKJATÖLVA

Upplifðu að spila tölvuleiki í ÞRÍVÍDD án þess að nota þrívíddargleraugu.
Hægt að tengjast þráðlaust á Internetið, spila þráðlaust við aðrar Nintendo DS leikjatölvur, taka ljósmyndir í 3 vídd og margt, margt fleira.

NINTENDO 3DS
Verð kr. 39.900,-

Kr. 33.900,-

Wii LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
NÝ UPPLIFUN! SKÓRKOSTLEG SKEMMTUN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA!

ORMSSON

Lágmúla 8 · Reykjavík · Sími 530 2800
Verslanir og umboðsmenn um land allt

Dýrafjarðargöng eru lífsnauðsyn fyrir samfélagið

Samgöngumál

Sigurður Pétursson
bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Dýrafjarðargöng eru mikilvægasta samgöngubót á Vestfjörðum til að tengja saman þéttbýlisstaði og byggðir Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu. Dýrafjarðargöng munu leysa af veginn um Hrafnseyrarheiði, einn hæsta og erfiðasta fjallveg á landinu, og stytta leiðina á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar um 27 kílómetra. Hrafnseyrarheiði er sú heiði sem yfirleitt verður fyrst ófær, af öllum heiðum Vestfjarða, og sú heiði sem síðast er opnuð á vorin. Hrafnseyrarheiði er versta hindrun í frekari samvinnu og samtengingu byggða á Vestfjörðum. Vestfirðingar vilja Dýrafjarðargöng.

Við endurskoðun vegaáætlunar eftir hrunið, árið 2010, var ákveðið að á árinu 2012 yrði veitt fjármunum bæði í Dýrafjarðargöng og Norðfjarðargöng, með fyrirheiti um áframhald á fjárveitingum næstu ár. Samgöngunefnd Alþingis sagði þá í nefndaráliti sínu: „Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að samtenging byggða á Vestfjörðum væri að mörgu leyti sérstök og að taka yrði tillit til þess við gerð samgönguáætlunar. Nefndin telur að gerð jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar efli samgöngur á milli byggða er nú tengjast saman með malarvegum og verða fyrir verulegum samgöngutruflunum yfir vetrartímann.“ Þingsályktun um samgönguáætlun áranna 2009-2012 var samþykkt á Alþingi 15. júní 2010. Röksemdir nefndarinnar eru enn í fullu gildi.

Rifja má upp að í eldri samgönguáætlun var gert ráð fyrir að Dýrafjarðargöng yrðu byggð á árunum 2011-2014. Eftir harkalegan niðurskurð í þorski árið 2007 (og í samræmi við bjartsýnisæði þess tíma) var boðað að flýta ætti framkvæmdinni þannig að göngin gætu orðið tilbúin árið 2012. En þeir tímar eru liðnir og koma ekki aftur.

Árið 2009 vann Náttúrustofa Vestfjarða frummatsskýrslu fyrir Vegagerðina vegna jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Niðurstaða skýrslunnar er sú að umhverfisáhrif af völdum jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar séu að mestu óveruleg. Hins vegar séu áhrif á samgöngur og samfélög verulega jákvæð. Það má því segja að allt sé tilbúið til að setja göngin í útboð.

Nú berast þær fréttir að leggja skuli fyrir Alþingi nýja samgönguáætlun, langtímaáætlun áranna 2011-2022 þar sem ekki er fyrirhugað að grafa nein göng næstu fjögur árin og að Dýrafjarðargöng verði aftur sett aftast í langtímaáætlun. Framkvæmdin frestist því til ársins 2022, eða jafnvel lengur. Þetta er algerlega ófært fyrir okkur Vestfirðinga.

Enn ein frestunin á framkvæmdum við Dýrafjarðargöng er hættuleg fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum og hindrar frekari þróun í atvinnuháttum og byggðaþróun. Þróun sem Vestfirðingar gera sér vonir um að geti hafist nú, með nýrri sjávarútvegsstefnu og uppbyggingu í fiskeldi og fleiri greinum. Seinkun Dýrafjarðarganga mun draga enn úr nýrri sókn byggðanna. Það eru ekki þau skilaboð sem Vestfirðingar þurfa, eftir hrakfarir síðustu áratuga undir ofríki rangláts kvótakerfis, einkavinavæðingar og öfgafrjálshyggju. Nú verða Vestfirðingar að standa saman um kröfuna um Dýrafjarðargöng á næstu fimm árum. Allir sem einn.

> Það eru ekki þau skilaboð sem Vestfirðingar þurfa, eftir hrakfarir síðustu áratuga undir ofríki rangláts kvótakerfis, einkavinavæðingar og öfgafrjálshyggju.

Úlpan í bílskúrnum

Samfélagsmál

Úrsúla Junemann
kennari og leiðsögumaður

Ég var á leiðinni út í búð í gær. Veðrið var fallegt, snjór yfir öllu og 8 stiga frost. Ég var vel búin, klædd í kuldagalla og gönguskó og naut þess að vera úti. Þá stoppaði bíll við hliðina á mér og bílstjórinn ávarpaði mig: „Hei, talar þú íslensku?“ Og svo spurði hann mig til vegar. Þegar ég var búin að leiðbeina honum varð ég hugsi. Af hverju hélt hann að ég talaði ekki landsmálið?

Svo runnu upp fyrir mér fleiri svona atvik. Ég lendi stundum í því að afgreiðslufólkið í einhverjum búðum byrjar að tala við mig á ensku og spyr: „Can I help you?“ Þá kem ég kannski inn í búðina úr vondu veðri, klædd í blautan regngalla af því að ég er hjólandi. Svona manneskja hlýtur að vera útendingur!

Það er þá ekki „íslenskt“ að fara sinna ferðir gangandi eða hjólandi í öllum veðrum og vera klæddur í samræmi við veðrið. Já, er það ekki bara þannig? Síðustu dagana í köldu veðri hef ég til dæmis ekki hitt eitt einasta barn sem fór gangandi á leið minni í skólann. En bílalestin í kringum skólann á morgnana líkist því sem gerist í erlendri stórborg.

Er það þá „íslenskt“ að skutla börnunum sínum alltaf í staðinn fyrir að láta þau ganga eða nota almenningssamgöngur? Út úr húsi – inn í bíl, sem er að sjálfsögðu vel upphitaður – og inn í hús aftur. Þannig er það hjá mörgum. Fólk á sem sagt sínar úlpur og kuldagalla í bílskúrnum og „skjólfötin“ eru úr blikki.

Og börnin sem hoppa út úr bíl fyrir framan skólann eru oft illa klædd og ekki tilbúin til útiveru, vælandi úr kulda í frímínútunum. Getur það ekki verið að þessi börn næli sér fyrst allra í alls konar kvefpestir af því að líkaminn hefur ekki þróað nógu góða mótstöðu gegn veikindum?

Er það þá „íslenskt“ að vera klæddur eftir nýjasta tískublaði en ekki eftir veðri? Vera jafnvel sokkalaus með bera leggi í frosti og snjó? Taka áhættuna á því að fá blöðrubólgu bara til þess að vera smart? Láta bílinn hita sig upp í lausagangi til þess að þurfa ekki að klæða sig í einhverja ljóta úlpu? Og fara helst alveg inn í búð á bíl til þess að þurfa ekki að stíga skref út í snjóinn á fínu háhæla skónum sínum?

Hvernig væri nú að jólafötin í ár yrðu góð skjólföt í staðinn fyrir enn einn prinsessukjóllinn? Sennilega hanga nógu mörg slík föt í fataskápnum eins og er.

> Er það þá „íslenskt“ að vera klæddur eftir nýjasta tískublaði en ekki eftir veðri? Vera jafnvel sokkalaus með bera leggi í frosti og snjó?

Er rafhlaðan í lagi í þínum reykskynjara?

Jólaljósin lýsa nú upp heimili landsmanna. Njótum aðventunnar en látum kertaljós aldrei loga eftirlitslaust.

Sem viðskiptavinur Sjóvá geturðu sótt nýja rafhlöðu í reykskynjarann þinn í næsta útibúi.

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

HVITA HUSID/SIA – 11-2061

tímamót

timamot@frettabladid.is

58 HERBERT GUÐMUNDSSON tónlistarmaður er 58 ára í dag.

„Hið slæma vill skemma, brjóta og eyðileggja líf fólks. Það góða vill rétta okkur hjálparhönd við að blómstra.“

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Valdimarsson

frá Teigi í Vopnafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 10. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. desember kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Sóltúns, s. 590 6000.

Sólveig Einarsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson — **Árþóra Ágústsdóttir**
Erla Gunnarsdóttir
Helga Gunnarsdóttir — **Rolf Eliassen**
Einar Gunnarsson — **Dóra Lúðvíksdóttir**

barnabörn og langafabörn

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og fósturfaðir,

Erlingur Ingvason

byggingatæknifræðingur,
Stórageröi 11, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi eftir hetjulega baráttu við veikindi mánudaginn 12. desember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið eða Heimahlynningu Landspítalans.

Birna Róbertsdóttir

Sveinn Erlingsson — **Christina Krebs**
Soffía Erlingsdóttir
Hildur Erlingsdóttir — **Ástþór Helgason**
Adam Freyr, Þóranna Vala, Kristófer Helgi
Helga Clara Magnúsdóttir — **Gísli Jónsson**
Sandra Karen Magnúsdóttir
Alexander Róbert Magnússon

†

Elsku hjartans maðurinn minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

Alfreð Sigurlaugur Konráðsson (Silli)

frá Hrísey, Kirkjuvegi 14, Dalvík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 4. desember, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á heimsforeldra UNICEF.

Valdís Þorsteinsdóttir

Þórdís Alfreðsdóttir — **Steingrímur Sigurðsson**
Konráð Alfreðsson — **Agnes Guðnadóttir**
Sigurður Alfreðsson — **Sólborg Friðbjörnsdóttir**
Sigurjón Alfreðsson — **Margrét Kristmannsdóttir**
Blængur Alfreðsson — **Þórdís Þorvaldsdóttir**
Kristín Alfreðsdóttir — **Ásgeir Stefánsson**

afabörn og langafabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR: FAGNAR 20 ÁRA RITHÖFUNDARAFMÆLI

Meiri trú og fleiri verkfæri

„Ég er náttúrulega mjög stolt og mér finnst ég vera að upplifa nýja byrjun, næstum eins og þessi tuttugu ár á undan hafi bara verið undirbúningur og nú taki alvaran við. En fyrst ég er með svona miklar yfirlýsingar má líka gerast dramatískur og hugsa hvort þetta verði ekki bara síðasta bókin mín,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur. Elísabet fagnar 20 ára rithöfundarafmæli sínu um þessar mundir með því að senda frá sér bókina Kattahirðir í Trékyllisvík, sem jafnframt er átjánda bók höfundar.

„Nýja bókin er ferðasaga og líklega um níutíu ljóð. Ég lagði sem sagt í ferðalag norður, eða var réttara sagt send þangað af bróður mínum, sem borgaði meira að segja fyrir mig farið, eins og hvern annan krakka í sveit. Ég átti að passa ketti, sem er auðvitað út í hött því maður passar ekki ketti. En ég fékk fljótlega á tilfinninguna að í raun hefði einhver annað sent mig með eitthvert annað erindi og ferðasagan er um það.“

Elísabet kom fyrst á Strandir sextán ára gömul og var heilan vetur á Seljanesi, þar sem hún orti meðal annars sitt fyrsta ljóð og er það í bókinni. „Að fara þangað aftur var svolítið eins og ferð aftur í tímann og ég fjalla um hvernig það var að vera þarna sextán ára gömul, þegar ég var að byrja að vera skáld. Það var strax sterkur sjálfstæður þráður í mér að skrifa, mér finnst það ofboðslega gaman og það gerir mig hamingjusama. Fyrstu almennilegu ljóðin mín urðu til þarna á Ströndum og sum þeirra er enn verið að kenna í bókum.“ Hún bætir við að mörg ljóðin í nýju bókinni séu náttúruljóð.

„Ég var eiginlega hálf miður mín að vera að yrkja náttúruljóð – hvað ég væri að gera að yrkja eitthvað svona gamaldags. En það er einmitt það sem er svo stórkostlegt. Það er hægt að yrkja um svan sem flýgur framhjá fjalli og náttúran fyrir norðan var eins og að vera í hringekju; á sem streymir, bátur, kría fyrir ofan, maður og traktor. En svona er þetta, við skáldin sem eigum að vera frjáls þurfum líka að berjast við eigin fordóma um hvað við ætlum að skrifa.“

Elísabet segir helstu breytinguna frá því að hún byrjaði að skrifa vera þá að hún hafi meiri trú, meira sjálfstraust og fleiri verkfæri í dag. „Það er líka skrýtið að sjá að ég er á ákveðinni leið og er að fara í gegnum ákveðið samhengi. Til dæmis hét fyrsta ljóðabókin mín Dans í lokuðu herbergi og svo undanfarin tvö ár hef ég skrifað um konu sem býr í lokuðu herbergi. Þetta herbergi getur bæði táknað frelsi, þar sem maður þarf að fá frið og loka sig af en svo getur maður stíflast og lokast inni.“

Elísabet mun að venju selja nýju bókina í Melabúðinni og einnig verður hún til sölu í Eymundsson í miðbænum, Sunnlenska og Kaupfélaginu í Norðurfirði. Elísabet er reyndar líka að passa hunda þessi jólin þannig að hún verður ekki eins mikið á ferðinni, en hægt er að senda henni tölvupóst á ellastina@hotmail.com. „Fólk getur líka bankað upp á ef það er ljós í glugganum. Annars hlakka ég bara til jólanna og vona að sem flestir gefi mér jólapakka.“

juliam@frettabladid.is

SEND Í SVEIT Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur var send norður á land til að passa ketti og úr varð ný bók. Hún segist fljótt hafa komist að því að maður passar ekki ketti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Útför elskulegrar systur okkar, mágkonu og frænku,

Málfríðar Erlu Konráðsdóttur

hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda vináttu og hlýhug.

Guðlaug Konráðsdóttir
Guðmundur Konráðsson — **Guðmunda Andrésdóttir**
Guðrún Valgerður
Konráð
Bryndís
Svavar
Guðlaug Rúna

†

Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórður Þórðarson

vélstjóri,
Lautasmára 24, Kópavogi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 11. desember. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 19. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Neista, styrktarfélag hjartveikra barna.

Guðbjörg Pétursdóttir
Pétur Heiðar Þórðarson
Jónína Eyja Þórðardóttir — **Björn Björnsson**
Jón Árni Þórðarson — **Þórdís Jóhannsdóttir**
Barbara Hafey Þórðardóttir — **Guðmundur Hannesson**

barnabörn og barnabarnabörn.

Merkisatburðir

1888 Glímufélagið Ármann er stofnað.
1953 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er tekið í notkun. Þar eru í upphafi rúm fyrir 120 sjúklinga.
1953 Þverárvirkjun er fyrst gangsett.
1979 Davíð Scheving Thorsteinsson kaupir bjór í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli en er meinað að taka hann með sér.
2004 Íslenska ríkið festir kaup á tíu þúsund skopteikningum eftir Sigmund sem áður höfðu birst í Morgunblaðinu.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sonja Schmidt

Sléttuvegi 11, Reykjavík,

sem lést 10. desember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 16. desember kl. 13.00.

Gylfi H. S. Gunnarsson
Geir H. Gunnarsson
Hólmfríður Gunnarsdóttir — **Guðmundur B. Sigurgeirsson**
Sigríður S. Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Skartgripir leikkonunnar sálugu, Elísabetar Taylor, seldust á metverði á uppboði í New York á dögunum. Í allt seldust skartgripirnir á 116 milljónir dala, jafnvirði fjórtán milljarða króna. Flestir gripirnir seldust á margföldu því verði sem áætlað hafði verið.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

JÓLARAUÐUR OG GLÆSILEGUR !



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardaginn 10-16.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

Vertu vinur

Teg. DECO - létt fylltur og saumlaus
í D, DD, E, F, FF, G skálum á **kr. 8.850**,-

Eirberg

Gefðu góða gjöf

Mediflow heilsukoddinn

Einstakur heilsukoddi með mjúku yfirlagi og vatnsfyllingu.
Stillanlegur vatnspúði sem veitir fullkominn stuðning
Minnkar verki í hálsi.
Eykur svefngæði

9.750 kr.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?

Erum með frábært úrval
af klæðilegum buxum
í stærðum 34-46.

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Verð 13.990 kr.

Vertu vinur okkar á Facebook

Arnar Már Jónsson, nemi á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands:

Fékk vinnu hjá Westwood án viðtals

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Jú, ég er búinn að fá vilyrði fyrir því hjá Vivienne Westwood að ég fái vinnu hjá þeim í vor og svo vonar maður bara að það gangi eftir,“ segir Arnar Már Jónsson, nemi á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Arnar Már verður þar með fyrsti Íslendingurinn sem starfar innan herbúða breska tískurisans, en Arnar er búinn að vinna að því í smátíma að komast þangað inn.

„Síðasta sumar fékk ég, mér til mikillar gleði, vinnu hjá A Child of the Jago, sem er vinsælt merki sem hannar og framleiðir karlmannsfatalínur, og þar fékk ég flott meðmælabréf sem hjálpaði

FRAMHALD | 2

Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

Leikkonan Rooney Mara hefur síðustu mánuði lifað sem hin andfélagslega Lisbeth Salander. Á frumsýningu myndarinnar The Girl with the Dragon Tattoo í vikunni kastaði hún af sér svörtum hamnum og klæddist hvítum blúndukjól frá Givenchy. Menn voru þó sammála um að hún hefði haldið nokkru eftir af gotneskum stíl Salander.

VETRARDAGAR!
15% AFSLÁTTUR
Í JÓLAGJÖFINNI HENNAR

B/A/S/L/E/R
Skipholti 29b • S. 551 0770

Gefðu gjöf
sem vermir og fegrar.

GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
sunnudaga 12-16, www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

John Malkovich við opnun Pop-up verslunar sinnar í París. NORDICPHOTOS/AFP

Lína Malkovich

LEIKARANUM OG LEIKSTJÓRANUM JOHN MALKOVICH ER MARGT TIL LISTA LAGT. MEÐAL ANNARS HANNAR HANN FÖT OG OPNAÐI Á DÖGUNUM POP-UP VERSLUN Í PARÍS.

Opnun Pop-up verslunar leikarans John Malkovich fór fram í síðustu viku í París. Þar selur hann herralínu sína „Technobohemian by John Malkovich". Línan verður fáanleg til 24. desember.

Fatnaður Malkovich hefur hingað til einungis fengist í takmörkuðu upplagi í örfáum verslunum um heiminn, en leikarinn hóf að hanna föt árið 2006. Hann lærði búningahönnun fyrir leikhús á sínum yngri árum og hefur alltaf haft áhuga á tísku. Við hönnun línunnar naut hann aðstoðar vinar síns, ítalska hönnuðarins Ricardo Rami. Föt Malkovich þykja bæði fáguð og hversdagsleg en þó komi karaktereinkenni leikarans sjálfs einnig fram, það er fágaður en dálítið skrítinn.

- rat

Framhald af forsíðu

mér við að fá þessa vinnu. Joseph Corre, annar stofnandi A Child of the Jago, er sonur frú Westwood. Ég var auðvitað bara lærlingur hjá þeim en ég hitti hann nokkrum sinnum og stóð mig bara vel," segir Arnar og ljóst er að kauða hefur litist vel á Arnar.

„Þetta er mikið tækifæri þar sem ég þarf að sýna mitt besta og vera á fullu allan tímann. Ég var alveg staðráðinn í því í fyrrasumar að komast í starfsþjálfun ytra og fór til London án þess að vera með vinnu. Ég hef alltaf fílað A Child of the Jago og sótti því fyrst um vinnu hjá þeim. Þeir sögðu mér að mæta bara og þá hélt ég að ég væri að koma í viðtal en úr varð að sá dagur varð fyrsti starfsdagurinn minn."

Arnar sinnti þar ýmsum störfum, saumaði, fór í sendiferðir og vann á skrifstofunni en fékk líka að vinna skapandi starf og hanna, sem var frábær tilfinning að hans sögn. „Þeir kenndu mér mikið, mér var ekki bara hent í eitthvað þar sem enginn skipti sér af."

Arnar Már fer að vinna að sýningunni sem áætluð er næsta haust á Gold Label-línu Westwood. „Ég fer í það að sauma prótótýpur, sníða og taka upp snið, teikna og bara vinna að þróun línunnar í heild. Sú vinna fer öll fram í London en sýningin verður á tískuvikunni í París."

Arnar segist hálfpartinn vera

„Það er skrýtið að vera á Íslandi og eiga svo bara að mæta í vinnuna í vor hjá Vivienne Westwood og maður er einhvern veginn þannig að maður krossar bara fingur og vonar að þetta gangi allt eftir."

með í maganum. Hann sé kominn með vinnu hjá sjálfri Vivienne Westwood án þess að hafa þurft að mæta í viðtal vegna hins góða meðmælabréfs. „Það er skrýtið að vera á Íslandi og eiga svo bara að mæta í vinnuna í vor hjá Vivienne Westwood og maður er einhvern veginn þannig að maður krossar bara fingur og vonar að þetta gangi allt eftir."

juliam@frettabladid.is

JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Mikið úrval af hring- og loðtreflum, húfum og vettlingum.

Ný sending af tískuskartgripum og hárskrauti.

Erum á Facebook
SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66

Klukkur í miklu úrvali

ÚR OG SKARTGRIPIR
KLUKKAN
HAMRABORG 10
s. 554-4320

Baðsloppar
á hátíðarverði
100% Pima bómull
Einstök mýkt & hlýja
Áður 10.980 kr
Nú 8.784 kr
3 stærðir
S-M-L
sendum frítt úr vefverslun
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Flott jólaföt fyrir flottar konur
Vertu vinur á Facebook
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Samasem

Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.
Mikið úrval af körfum og glervösum.
Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500

Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

Ómetanlegt tækifæri

Veru Þórðardóttur hefur verið boðin þátttaka á sýningu samtakanna Fashion Awareness Direct í London á næsta ári. Hún er hluti af tískuvikunni þar í borg og þykir upphefð og stökkpallur fyrir unga hönnuði.

„Auðvitað er gaman að vera boðin þátttaka. Þetta er sýning sem á eftir að vekja athygli og ómetanlegt tækifæri fyrir fatahönnuð á Íslandi að vera með," segir Vera Þórðardóttir fatahönnuður, sem hefur verið boðin þáttaka á yfirlitssýningu FAD, Fashion Awareness Direct, í London í febrúar á næsta ári. Sýningin er haldin í tilefni af tíu ára afmæli samtakanna og er liður í árlegri tískuviku þar í borg.

Vera Þórðardóttir.

„Þarna sýna fremstu fatahönnuðir heims línurnar sínar og borgin verður undirlögð af alls konar sýningum og viðburðum tengdum tísku," útskýrir Vera og segir von á blaðamönnum frá Vogue og fleiri virtum tískutímaritum ásamt útsendurum í leit að ungu og hæfileikaríku fólki. „Þátttaka getur því verið stökkpallur fyrir unga hönnuði og ég vonast til að hún minni á mig og það sem ég fæst við og komi mér betur á framfæri ytra."

Þetta er í annað sinn sem Vera mun sýna á vegum FAD á tískuvikunni í London. Á síðasta ári var hún einn af fjórtán hönnunarnemum á Englandi sem voru valdir á úrslitakeppni samtakanna í hönnun á Vauxhall Fashion Scout. Þar hlaut Vera sérstaka viðurkenningu fyrir tvö heildarútlit byggð á textíl úr sílíkoni, silfurvír og Swarovski-kristöllum, þar sem innblástur var sóttur í vetur og áhrif hans á íslenska náttúru.

Vera segir viðurkenninguna hafa orðið til þess að forsprakkar FAD buðu henni að taka þátt í sýningunni næsta ár, ásamt verðlaunahöfum úr fyrri hönnunarkeppnum samtakanna. „Núna kem ég til með að sýna fjögur „lúkk", tvö úr Boreal-línunni frá því síðast og tvö úr nýju línunni minni, Shaped in Darkness, þar sem ég sæki innblástur í rökkrið og hvernig hlutir breytast þegar myrkur skellur á," upplýsir hún, full tilhlökkunar.

Vera er flutt til Íslands eftir að hafa stundað nám við hinn virta fatahönnunarskóla Instituto Marangoni í London síðustu ár og er með mörg járn í eldinum. „Fyrir utan sýninguna í febrúar hef ég hannað dúka og diskamottur úr glæru sílikoni og Swarovski-kristöllum sem fást í Epal. brátt verður svo nýja fatalínan fáanleg gegnum heimasíðuna muuse.com sem leggur áherslu á unga og efnilega hönnuði." *roald@frettabladid.is*

„Ég sæki innblástur í rökkrið og hvernig hlutir breytast þegar myrkur skellur á," segir Vera um nýju línuna, Shaped in Darkness. MYND/CHARLIE STRAND

Hugo Ferdinand Boss (1885-1948) er stofnandi fatahönnunarfyrirtækisins Hugo Boss. Hann fæddist í Metzingen í Þýskalandi og stofnaði þar eigið fyrirtæki árið 1923. Boss gekk í Nasistaflokkinn árið 1931. Fyrirtæki hans framleiddi meðal annars búninga SS-lögregluliðsins og Hitlersæskunnar.

wikipedia.org

STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15

Amma mús -handavinnuhús

Fimmtudagsbrjálæði

40% afsl.

af kjólum og skokkum
ath aðeins í dag

Opið til kl 22, leynitilboð frá kl 18-22
Fleiri myndir á Facebook Vertu vinur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Eldheit íslensk hönnun
Svunta, hanski, kokkahúfa

www.auntsdesign.is

Útsölustaðir:
Kokka, Dúka, Nordic Store, Pottar og Prik Akureyri, Hús Handanna Egilstöðum, Póley Vestmannaeyjum, Auntsdesign Hlíðasmára.

NÝ SKÓSENDING
Í GYLLTA KETTINUM

Allir skór á 12.800 kr.

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD OG FRAM AÐ JÓLUM

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8–10
SÍMI 534 0005

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan

HYUNDAI SANTA FE 06/2005 ek. 108 þús. beinskiptur. Verð 1690 þús, tilboð 999 þús. Raðnr. 250053.

TOYOTA RAV4 8-2003 EK.128Þ. SJÁFSSK. V-990 Þ. RAÐNÚMER.250050.

SAAB 93 TURBO 4-2004 EKINN AÐEINS 64Þ. SSK. EINN EIGANDI FALLEGUR BÍLL V-1490þ. RAÐNÚMER.250035.

Bifreiðasalan
Stórhöfði 15, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

100bilar.is

VW Touareg 2 V6 3.6, árg. 2/2008, ek. 52þ.km, 281hö, leður, lúga omfl, nýleg heilsársdekk, Eyðslugrannur og lítur út sem nýr, Ásett verð 5960þús.kr, Rnr 116258, er á staðnum.

TOYOTA Land Cruiser 200 VX Dísel 35", Árg1/2008, ek 28 Þ.KM, dísel, sjálfsk, DVD, Einn með öllum aukahlutum, Sá flottasti og lítur mjög vel út, Ásett verð 13.500.000. Rnr.192153. Er á staðnum

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílalíf

MMC L200 DOUBLE CAB GLS 4WD DÍSEL. Árgerð 2006, ekinn 189 þ. km, mjög góð þjónustubók, 5 gírar. Verð 1.680.000. Rnr.124811.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

BÍLALIND.is

SKODA OCTAVIA AMBIENTE 08/2004, ekinn 149 Þ.km, 5 gíra, ný vetrardekk (sumardekk fylgja), ný tímareim, vatnslás, heedpakning, ofl. Verð 890.000. Raðnúmer 283904 á www.bilalind.is - Bíllinn er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

Bíla Þrís

SJÁLFSKIPTUR - 1190Þ.
NISSAN X-trail m/leðri, lúgu, krók o.fl. Árgerð 2002, ekinn aðeins 139þ. km. bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 1.190Þ. Lán mögulegt! Rnr.100022. Er á staðnum - BÍLAPRÍS.

Bílaprís
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 575 1010
Opið virka daga 10-18 og laug. 12-16
http://www.bilapris.is

BÍLALIND.is

DODGE DURANGO LTD 5,7 HEMI Árgerð 2005, ekinn 90 Þ.km, sjálfskiptur, leður, gott eintak! Tilboðsverð 2.490.000. Raðnúmer 321348 á www.bilalind.is - Jeppinn er á staðnum!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :)
www.bilalind.is

STÓRA BÍLASALAN



Honda Accord Árgerð 2008, ekinn 26þ. km, ssk. Bíll eins og nýr !! Er á staðnum. Verð 2.690.000kr. Raðnúmer 152557. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan

NEW HOLLAND TS125A Árgerð 2006, ekinn 1400 VINNUST., Verð 7.940.000. MEÐ VSK . Rnr.103078.

bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2000, ekinn 218 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 780.000. Rnr.119676.mögul á kortaláni 500 þús í 36 mán

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

TOPPBÍLAR

OPEL Zafira enjoy. Árgerð 2006, ekinn 85 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.390.000.- TILBOÐ 1.590.000. Rnr.131164.

NISSAN Patrol gr 35". Árgerð 2005, ekinn 100 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000.- TILBOÐ 3.490.000. Rnr.285040.

TOYOTA Yaris sjálfskiptur. Árgerð 2004, ekinn 136 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000.- TILBOÐ 990.000. Rnr.285074.

CHEVROLET Suburban 1500 4x4. Árgerð 2007, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.284375.

LAND ROVER Range rover. Árgerð 2003, ekinn 213 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.690.000.- TILBOÐ 2.990.000. Rnr.332989.

KIA Sportage. Árgerð 2011, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.333872. Skoðar skipti á ódýrari.

SUBARU Legacy lux. Árgerð 2007, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.350.000.- TILBOÐ 2.890.000. Rnr.334003.

HONDA Civic 1.8i es. Árgerð 2008, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000.- TILBOÐ 1.990.000. Einn eigandi Rnr.285027.

ISUZU Trooper. Árgerð 1998, ekinn 257 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 690.000.- TILBOÐ 499.000. Rnr.285140.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

TOYOTA SELFOSSI

MMC L200 d-cab cr gls. nýskr 5/2006, ek 106 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ásett Verð 1.990.000. Rnr.130338. pallhús - klæddur pallur o.f.l

Land cruiser 100 vx.nýskr 6/2001, ek 229 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Verð 2.980.000. Rnr.274364. A.T.H er á staðnum - minni breytingin - filmur o.f.l

Land cruiser 120 vx 38". nýsk 9/2004, ek 132 Þ.KM, dísel, sjálfsk. ásett verð 4.900.000. Rnr.116007. Einn eigandi - lækkuð hlutföll, 90 lítra aukatankur, webasto, loftdæla,. Er á 37" rúmlega hálfslitnum dekkjum ásamt álfelgum, 38" dekk (ca hálfslitinn) og álfelgur fylgja. o.f.l vel útbúinn og flottur bíll. er á staðnum

Land cruiser 120 gx 33". nýskr 11/2007, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Ásett verð 6.490.000. Rnr.290073.33" breyttur - dökkar rúður - spoiler o.f.l er á staðnum

Land cruiser 120 vx 33". nýskr 12/2005, ek 151 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Ásett verð 4.950.000. Rnr.273546.Einn eigandi - langkeyrslu bíll - gullfallegt eintak - næstum nýtt lakk á öllum bílnum. Er á staðnum

Land cruiser 200 vx.nýskr 4/2008, ek 38 Þ.KM, bensín, sjálfsk. ásett verð 9.900.000. Rnr.116082.Grátt leður. - Toppeintak.Er á staðnum

- Allt að 90% fjármögnun -

Rav4 langur 4wd. nýskr 5/2001, ek 116 Þ.KM, bensín, sjálfsk. ásett Verð 1.150.000. Rnr.231433. er á staðnum og möguleiki er á allt að 90% fjármögnun á fleirri bílum hjá okkur.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000 / 664 8000
http://www.toyotaselfossi.is

BÍLAFRÁGANGUR

Örugg bílaviðskipti frá aðeins 7.500.-

Kynntu þér málið.

www.Bilafragangur.is

Bílafrágangur
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur
Sími: 651 3500
Opnunartími 10-21 alla virka daga
http://www.bilafragangur.is

Bílar til sölu

Til sölu WV.Golf station 2.0. Á götuna'04, ek.105þ. Fjórhjóladrifinn, með krók,topplúgu,ný dekk,skoðaður 2012. Verð áður 1.100 þ. TILBOÐ 730þ. S: 856 6518.

Honda Accort '05. Ek. 89þ. Ásett v. 1890þús. Tilboðsv. 1650þús. Áhvílandi 1millj. Reyklaus og vel með farinn. Uppl. í S. 820 2192.

0-250 þús.

Ódýr sparigrís !!!
Hyundai Accent árg '01, ekinn aðeins 136þús, beinskiptur, 3dyra, ný skoðaður, eyðsla aðeins 6L/100km, frábær bíll í snattið, ásett verð 390þús, Tilboðsverð aðeins 250þús stgr, uppl í s:659-9696

250-499 þús.

Frábært verð !!!
MMC Galant árg.'98, ekinn 190 þús., sjálfskiptur, dráttarkrókur, álfelgur, mjög þæginlegur og góður bíll, ásett verð 490þús. Tilboðsverð aðeins 290þús stgr. uppl. í s: 659-9696.

TILBOÐ 270 ÞÚS!!!
DAEWOO LANOS árgerð 2002 ek.88 þús. beinskiptur, 4 dyra, skoðaður 12, ný tímareim! finn bíll sem eyðir litlu! ásett verð 550 Þús. TILBOÐ 270 ÞÚS! s. 841 8955.

Varahlutir

KIA Mercedes-Benz

Veruleg verðlækkun
á fjölmörgum eldri varahlutum á lager.
Kannaðu málið! Nánari upplýsingar í síma **590 2100.**

ASKJA Bílaumboðið ASKJA ehf. Krókhálsi 11, 110 Rvk.

hátíðarmatur

FIMMTUDAGUR 15. DESEMBER 2011

Einfalt og gott

Uppskriftir að gómsætu meðlæti. SÍÐA 6

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

KYNNING - AUGLÝSING

Anna Björk Sveinsdóttir og Sigríður H. Björnsdóttir með hátíðarmatinn sem er hægt að panta í Kjöthöllinni og sækja rétt fyrir jól. Verslanir eru í Skipholti 70 og á Háaleitisbraut 58 til 60. www.kjothollin.is. MYND/GVA

Sérútbúin jólasteik

Kjöthöllin er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var árið 1944 á Klömbrum á Klambratúni. Þar eru gömul gildi í heiðri höfð og áhersla lögð á persónulega þjónustu.

Við leggjum áherslu á ferskt og gott hráefni en vörurnar framleiðum við að mestu sjálf," segir Sigríður H. Björnsdóttir hjá Kjöthöllinni. Fyrirtækið byggir á gömlum gildum, en afi Sigríðar, Christian Christensen, stofnaði Kjöthöllina árið 1944 á Klömbrum. Björn og Sveinn Christensen tóku við af föður sínum árið 1974 ásamt eiginkonum sínum, Sigfríði Friðþjófsdóttur og Unni Birgisdóttur, og í dag vinna dætur þeirra, Sigríður og Anna Björk Sveinsdóttir, einnig í fyrirtækinu.

Gamlar vinnsluaðferðir eru hafðar í heiðri í Kjöthöllinni en einnig hefur vöruþróun orðið mikil. „Við bjóðum upp á það helsta í kjötvöru sem fólk setur á jólahlaðborðið, lifrarkæfu og paté, rifjasteik, roastbeef, svínarúllupylsu, grafið nautafile, tvíreykt hangikjöt og fleira spennandi," segir Sigríður. „Lifrarkæfuna og villipatéið er hægt að fá í stórum formum til að stinga í ofn. Þá á vel við að bera patéið fram með steiktu beikoni, sveppum og sultuðum rauðlauk eða rifsberjasultu," segir Sigríður.

Þeir sem búa patéið til sjálfir geta fengið hakkaða svínalifur og hakkað svínaspekk í Kjöthöllinni. „Þá er bara eftir að blanda saman við kryddi, beikoni, svína- eða kálfakjöti, eftir smekk. Kálfakjöt eigum við yfirleitt alltaf á boðstólum, svo sem læri og snitsel," segir Sigríður og Anna Björk bendir á að jólaskinkan í Kjöthöllinni sé einnig vinsæl á jólaborðið.

„Við lögum skinkuna sjálf að sænskri forskrift, en hún var fyrst löguð af afa okkar Christian Christensen. Skinkan er sykursaltað svínalæri sem hægt er að fá með beini eða án. Einstaklega gott er að sjóða hana og setja síðan í ofn með sinnepshjúp og baka þar til hjúpurinn verður gullinbrúnn. Flestir kaupa aðeins umfram til að eiga í ísskápnum og borða kalda, til dæmis með góðu sinnepi," segir Anna. „Við vinnum einnig hamborgarhrygginn okkar sjálf. Þá bjóðum við upp á lambakjöt, til dæmis úrbeinað læri eða léttreykt lambakjöt, og villibráð svo sem hreindýr, villigæsir og skoskar rjúpur. Nautakjöt og kalkúnn er einnig vinsælt á hátíðarborðið og hægt er að panta hjá okkur jóla- og áramótamatinn og sækja rétt fyrir jól," segir Anna. „Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu."

Réttur hiti og réttur litur

Til að steikin heppnist sem allra best um hátíðarnar þarf að huga vel að því hve lengi þarf að elda það og við hve mikinn hita. Á vef Leiðbeiningastöð heimilanna er að finna gagnlegar upplýsingar um eldunartíma kjöts.

Eldunar- og steikingartími kjöts fer eftir ýmsu. Til dæmis tegund og aldri sláturdýrsins, laginu á steikinni og hve fituinnihald í vöðvanum er hátt. Mælt er með notkun kjöthitamælis til að fá steikina eins og best getur orðið. Þá er mikilvægt að yfirborð steikarinnar nái ætíð 75° hita til að drepa niður bakteríur ef þær eru til staðar.

Hér fyrir neðan er gefinn upp til viðmiðunar eldunartími nokkurra kjöttegunda en miðað er við að kjötið sé sett í kaldan ofn sem stilltur er á 200°. Tíminn og hitastigið fer meira eftir þykkt steikurinnar en vigt. Bæði hitastig og tímalengd getur því orðið breytileg.

- **Nautasteik roastbeef** (innanlæri) 1 kg = 1 klst.
- **Kálfabógur með beini** 1 kg = 1½ - 2 klst.
- **Lambalæri með beini** 2,5 kg = 1½ - 2 klst.
- **Lambahryggur í heilu** 2-2,5 kg = 1½ klst.
- **Svínakambur, pörusteik** 2 kg = 1½ - 2 klst.
- **Hamborgarhryggur** 40-45 mínútur pr. kg
- **Kalkúnn í heilu** 5-6 kg = 4-4½ klst.
- **Kjúklingur, heill** 1,4 kg = 1½ klst.

Ef um minni steikur er að ræða, tll dæmis lund, er best að byrja á að „loka" steikinni með því að brúna hana fyrst á pönnu og láta hana svo klárast í ofni. Þá er kjöthitamælir alveg ómissandi. Munið að láta steikina „jafna sig" á fati í um10 mínútur áður en hún er borin á borð og skorin.

ELDUNARTÍMI HANGIKJÖTS

Hangikjöt er sett í pott með köldu vatni og suðan látin koma mjög hægt upp, í allt að klukkutíma. Þá er kjötið soðið í 20-30 mínútur, potturinn tekinn af hellunni og kjötið látið kólna í soðinu.

Ef elda á hangikjötslæri í heilu með beini, sem er um það bil 2,5 kg, er gott að pakka lærinu vel í álpappír (matta hliðin látin snúa út). Lærið fer síðan í kaldan ofn stilltan á 200 °C og bakað þannig í 2 klukkustund. Kjötið verður einstaklega mjúkt og safaríkt við þessa aðferð.

KJARNHITI Í KJÖTI EFTIR TEGUNDUM, MÆLDUR ÞEGAR ÞAÐ ER TEKIÐ ÚR OFNINUM

- **Nautakjöt – rautt** (rare) = 55-60 °C
- **Nautakjöt – meðalsteikt** (medium) = 60-65 °C
- **Nautakjöt – gegnsteikt** (well done) = 65-68 °C

- **Hreindýrakjöt – rautt** (rare) 55-60 °C
- **Hreindýrakjöt – meðal** (medium) 60-65 °C
- **Hreindýrakjöt – gegnsteikt** (Well done) = 65-68 °C

- **Kálfakjöt – rautt** (rare) = 58-60 °C
- **Kálfakjöt – meðal** (medium) = 60-65 °C
- **Kálfakjöt – gegnsteikt** (well done) = 65-68 °C

- **Lambakjöt – meðalsteikt** (medium) = 70 °C
- **Lambakjöt – gegnsteikt** (well done) = 75 °C
- **Hangikjöt – vel soðið** = 68-70 °C

- **Svínakjöt – meðalsteikt** (medium) = 65 °C
- **Svínakjöt – gegnsteikt** (well done) = 75 °C
- **Kalkúnabrjóst – gegnsteikt** = 70 °C
- **Kalkúnn heill** – 68-70 °C

Eldunartími kjöts fer eftir tegund, lagi og fituinnihaldi. NORDICPHOTOS/GETTY

Fallegar bækur og gjafavara í jólapakkann!

tilboð gildir til 18. des.

IÐA

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga til 22

FASTUS
Pottar og pönnur í miklu úrvali
Fjölbreytt úrval af pottum og pönnum
fyrir allar gerðir eldavéla.
Allt að 50 lítra pottar.
Góð gæði og frábært verð.
Pottur 7,2 lítrar 6.490,-
Panna 28cm 6.490,-
Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!
vísir
Ráðlagður dagskammtur af fréttum og fjörefni
vísir

Pavlova er aðaleftirréttur jóla í Ástralíu.

Hátíðarréttir um víða veröld

Jólamaturinn víða um heim er alls ólíkur því sem við þekkjum hérlendis. Mexíkóbúar borða saltfisk og Ástralar sumarsalöt.

Saltfiskur er vinsæll jólaréttur í Mexíkó.

Frakkar snæða gjarnan svokallaða „Le Reveillon“, eins konar jólarúllutertu, eftir jólamiðnæturmessu ár hvert. Með henni er sterk hefð fyrir því að drekka kampavín. Kakan er fyllt með smjörkremi en metnaðurinn liggur ekki síst í því að útbúa kökuna þannig að hún líkist sem mest trjádrumbi.

Gæsa- og andalifur, „foie gras“, er þá einnig vinsæll jólaréttur í Frakklandi, sem og ostrur, reyktur lax og crepes-pönnukökur. Aðalrétturinn er gjarnan gæs með fyllingu þar sem kastaníuhnetur eru í aðalhlutverki.

Öllu sunnar á hnettinum, í Ástralíu, er ekki óalgengt að jólamaturinn sé grillaður utandyra enda hásumar þegar jólahátíðin stendur yfir. Köld skinka er vinsæl í heitu veðri og grillmaturinn er afar fjölbreyttur, lamba-, svína- og nautakjöt ásamt alls kyns léttari hráefni; rækjum, kjúklingi og sjávarréttum. Þá eru garðpartí með óformlegu borðhaldi algeng. Þó hefur færst í vöxt að Ástralar útbúi hátíðarkalkún.

Algengara er að ekki sé brugðið út af venjunni með jólaeftirréttinn og er marengsbombutertu pavlova, með rjóma og ferskum ávöxtum, einn algengasti eftirréttur hátíðarinnar í Ástralíu.

Jólamaturinn er sömuleiðis fjölbreyttur í Mexíkó. Í strandhéruðum landsins er ekki óalgengt að sjávarréttir séu á boðstólum og er saltfiskur afar vinsæll jólaréttur, þar sem og reyndar einnig inn til landsins. Svokallað jólasalat Mexíkóbúa er svo úr sykurrófum, hnetum, káli og ávöxtum. *- jma*

Frakkar reyna að láta jólakökuna sína líkjast mest trjádrumbi. Kampavín er gjarnan drukkið með kökunni.

● SMJÖRSTEIKTIR SVEPPIR MEÐ STEINSELJU ERU ÓMÓTSTÆÐILEGIR MEÐ FLESTUM JÓLAMAT

500 g sveppir
2 hvítlauksgeirar
75 g smjör
2-3 timíangreinar
salt
pipar
söxuð steinselja

Skerið sveppina í helminga og saxið hvítlaukinn smátt. Bræðið smjörið á pönnu. Setjið sveppina, hvítlaukinn og tímíanið á pönnuna, malið pipar yfir og látið krauma við meðalhita í 6-8 mínútur, eða þar til sveppirnir eru gullinbrúnir. Saltið eftir smekk. Saxið steinseljuna, stráið meirihlutanum af henni yfir, hrærið og látið krauma í 1-2 mínútur í viðbót. Hellið sveppunum á disk og stráið afganginum af steinseljunni yfir.

● FRÍSKANDI EFTIRRÉTTUR

Eftir saðsama hátíðarmáltíð er gott að fá ís með frískandi berjasósu í magann.

Hindberjaíssósa er einföld en býr samt yfir hátíðarbragði og ekki spillir bleikrauði liturinn fyrir. Setjið 200 g af hindberjum, 50 g af sykri og sítrónusafa í pott og sjóðið í nokkrar mínútur. Sigtið og berið fram ýmist volga eða kalda með vanilluís.

Ertu búinn að leita lengi að gamla góða Colombia kaffinu frá Kaaber?

Einatt þegar kaffi
á könnu minni er,
Kaaber er það, heillinn
eins og vera ber.
Tíu dropa, elskan
ég ekki frá því sný…
að ilmurinn er indæll…
og bragðið eftir því!

COLOMBIA

Eftirtaldar verslanir selja Colombia kaffið góða:

Þín verslun Seljabraut

Melabúðin Þín verslun

Sunnubúðin Kaupmaðurinn á horninu

VÍÐIR Skeifunni og Garðatorgi

KANGA Skipasundi 56

FK FJARÐARKAUP

Fyrir alla pakka

Undir 3.000,-

2.500,-

Undir 5.000,-

4.990,-

Undir 10.000,-

5.980,-

» Í vefversluninni okkar, kokka.is, getur þú skoðað og keypt gjafir fyrir alla – hvort sem þeir eru nýbyrjaðir að búa eða eiga allt. Gjafirnar eru flokkaðar eftir þema og verði og einnig er hægt að kaupa gjafabréf. Ef þú átt góðan sófa er upplagt að nota hann til að kaupa jólagjafirnar! www.kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 11-17 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Einfaldar uppskriftir að hátíðarmeðlæti

1. Gljáðar gulrætur

1 kg gulrætur
1 msk. smjör
salt
pipar

Gulræturnar afhýddar og soðnar í um það bil 5 mínútur áður en þær eru gljáðar í smjörinu á pönnu. Salt og pipar eftir smekk.

2. Brúnaðar kartöflur

1 kg soðnar kartöflur
60 g strásykur
30 g smjör
sletta af rjóma

Bræðið sykurinn á pönnu við vægan hita og fylgist vel með að hann brenni ekki. Bætið smjörinu út í þegar sykurinn er farinn að brúnast og hrærið. Þá má setja smá gusu af rjóma út í og hræra vel en má sleppa. Kartöflurnar settar úr í og velt upp úr karamellunni.

3. Rauðvínssósa

1½ bolli rauðvín
1 skalottlaukur saxaður
salt og pipar
1 tsk. smjör

Hellið rauðvíninu á pönnuna sem kjötið var steikt á. Þegar suðan kemur upp skaltu skrapa agnirnar á botninum á pönnunni saman við vínið til að ná sem mestu af kjötbragðinu. Bætið síðan skalottlauknum út í og hrærið vel, bætið svo salti og pipar við eftir smekk og látið malla á lágum hita í fimm til tíu mínútur. Bætið smjörinu að lokum út í sósuna rétt áður en hún er borin fram með matnum.

4. Waldorf-salat

½ bolli valhnetur
½ bolli sellerí skorið í bita
½ bolli vínber skorin til helminga
1 epli kjarnhreinsað og skorið í bita
3 msk. majónes
1 tsk. sítrónusafi
salt
pipar

Hrærið saman majónes og sítrónusafa, bætið salti og pipar út í. Hrærið svo eplin, selleríið, vínberin og valhnetunar saman við.

5. Rauðkál

1 stór rauðkálshaus
1 stór laukur, afhýddur en ekki skorinn niður
1 stórt epli skrælt og skorið í sneiðar
4 negulnaglar
2 msk. borðedik
vatn eftir smekk
salt og pipar

Skerið kálið niður. Stingið negulnöglum í laukinn og setjið í stóran pott. Stráið káli, eplum og salti og pipar lag fyrir lag í pottinn, hellið ediki og vatni yfir og látið malla í 90 mínútur. Hrærið öðru hverju í.

● KALKÚN ER JÓLAMATUR BRETA Mikill meirihluti breskra fjölskyldna, um 90 prósent, hefur steiktan kalkún á jólaborðinu. Meðlætið er þó breytilegt eftir landshlutum og þykir Írum, nágrönnum Breta, gott að hafa viskísósu með hunangi og appelsínusafa með fuglinum.

Kalkúninn er tiltölulega nýr á jólaborðum Breta þótt hann hafi verið borðaður sem veislufæði frá því snemma á sextándu öld, þegar William Strickland hafði með sér sex fugla heim frá Ameríku. Hann var lengi vel of dýr til þess að hinn almenni borgari hefði efni á honum og það var ekki fyrr en á sjötta áratug síðustu aldar sem útbreiðsla hans varð almenn.

Fyrr á tímum var jólamaturinn yfirleitt steiktur svanur, gæs eða akurhæna. Fína fólkið átti þó til að skella eldsteiktu höfði af villisvíni á jólaborðið og það þótti til merkis um góðan fjárhag húsráðenda.

Del Monte®
Quality

Fullkomnaðu jólamatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte

Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn

KitchenAid®

JÓLATILBOÐ

Öllum KitchenAid® 5KSM 150 hrærivélum fylgir 4,8 lítra glerskál ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.

Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 79.990

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.

Saeco

JÓLATILBOÐ

Það jafnast ekkert á við ítalskt gæða kaffi beint í bollann

Nú er lag fyrir alvöru kaffibragð! Á Ítalíu er vagga kaffigerðarinnar og þar eru ekki gerðar málamiðlanir þegar kemur að alvöru kaffi. Sem brautryðjandi í fyrstu gerð alsjálfvirkra kaffivéla leggur Saeco metnað í að færa heimilunum ósvikið gæða kaffi – nýmalað með einum takka. Næstum eins og á kaffihúsi í Róm og einfaldlega „superiore!".

CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS
DTP number: B001

PHILIPS
Saeco
sense and simplicity

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir að kaupa lítinn bíl. Þarf að vera skoðaður '12 og í góðu lagi. Helst sjálfskiptur.

Jeppar

Hi lux 2003
Til sölu ek. aðeins 142 þkm. 35" dekk, klædd skúffa og dráttarbeysli. V. 1.950 þ. Uppl. 698 9297.

Vörubílar

Vörubíla og vinnuvéladekk
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050-okspares@simnet.is

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Allt frá umslagi upp í stórflutninga!

Fjórhjól

Til sölu þessi góði fákur. 520cc. V2. Fjórhjóladrifinn, Götuskráður Hátt/Lágt drif. Verð aðeins 670 þús. Nánari upplýsingar hjá VDO. Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

Reiðhjól

Veturinn er kominn!
Ljós, nagladekk og allt hitt. KRÍA HJÓL, reiðhjóla verslun og verkstæði Hólmaslóð 2, s.5349164

Vinnuvélar

Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Hjólbarðar

Til sölu 4 stk. negld GOOD YEAR 245/65/17. Verð kr. 95.000. S. 894 4708.

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutavaktin Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Viðgerðir

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

ÞJÓNUSTA

Píplagnir

Píplagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Jólahreingerningar, Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur, sérverkefni. www.hreingerningar.is S. 772 1450.

Vy-þrif ehf.
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Garðyrkja

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

Spádómar

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Til sölu

Til sölu

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

GREEN-HOUSE ÚTSALA ÚTSALA

40% afsláttur af haust-og vetrarvörum frá Green-house. Opið í dag 13-17 Einnig falleg gjafavara/jólavara á sama stað. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík.

GREEN-HOUSE NÝTT-NÝTT

Flottar luktir, kerti og skemmtilegir hlutir. Verið velkomin. Opið 13-17. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík S.777 2281.

KEYPT & SELT

Til sölu

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Öryggis- og peningaskápar

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Sem ný snjódekk á stálfelgum. 2 stk. 215/60 R16. upplýsingar í s: 8971511.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Flott föt á flottar konur.Tökum vel á móti þér. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafenis: 588-9925 emilia.is

Fjarstýrðar Þyrlur í úrvali. Gott verð og gæði. Nýjasta tækni ótrúlegir flugeiginleikar. Netlagerinn slf Dugguvogi 17-19 Sími 517-8878 Vefsíða Tactical.is

Þjónustuauglýsingar

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

LOK Á HEITA POTTA
FJARÐARBÓLSTRUN
SÍMI 8644188

Sérsaumum einangrunalok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla. Flatahraun 29, 220 Hfj. fjardarbolstrun@gmail.is www.fjardarbolstrun.is

Metabo KGS 216 1500W Bútsög

Með laser og vinnuljósi.
Framdraganleg í 305mm.
Tilboðsverð 39.900 kr.

Ásborg vélar verkfæri

Smiðjuvegur 11 Gul gata Kópavogi sími 564 1212

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is

CABAS tjónaskoðun
BÍLASPÍTALINN
Lagfærum flestar tegundir bifreiða

ALMENNAR VIÐGERÐIR · INGVI ÞÓR SIGFÚSSON
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR · SÍMI 565 4332
HJÓLASTILLINGAR · bsp@bsp.is
Bílaspítalinn · Kaplahrauni 1 · 220 Hfj · Sími 565 4332

Lífgaðu upp á tilveruna.

Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.

EFNISSALAN EHF.

EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL STEINSÖGUN · BORUN · BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Gabriel demparar í 40 ár

Gabriel
GS varahlutir

Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

[AIS Fyrir Báta og Skip]

AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá

Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

BOMAG

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta

VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

IVECO

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Amaryllis 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

Jólagjöf nuddarans. Nokkrir ferðanuddbekkir til sölu á 50 þ.kr. S. 891 6447, Óli.

NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

Chinese crested hvolpar til sölu, uppl. í síma 690 8091 María.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

Herbergi í miðbæ Rvk til leigu. Húsgögn fylgja , aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. V. 55þús. S. 895 0482 e. kl 13.

Nokkur herbergi til leigi í 101 Rvk. Uppl í s. 849 3230 e. kl. 10 á morgnanna.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Verslun

GK fimleikabolir og buxur
Sendum í póstkröfu
Músik og Sport
Reykjavíkurvegur 60
Hafnarfirði
S. 555 2887
musikogsport.is

JÓLA JÓLA JÓLA!
Hringdu og pantaðu pláss fyrir þitt fyrirtæki.
Sími 512 5407
Þjónustuauglýsingar alla fimmtudaga í Fréttablaðinu

Sími 512 5407

Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum.
ditto.is
Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060
www.ditto.is

FJARSTÝRÐ MÓDEL Í ÚRVALI.
Tomstundahusid
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is
Finnið okkur á facebook.

Selenit
Saltkristall
Steinasteinn
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
Sími: 551 5720
Ormsvelli 1, 860 Hvolsvöllur
Sími: 487 7752, 6998352
Sendum um land allt
steina steinn
www.steinasteinn.is

Frábær GSM myndavél og öryggiskerfi
Hægt er að tengja 10 skynjara við myndavélina. Sendir myndir í símann eða á e-mail.
Dalvegur 16b s: 554-2727
Hugna.is
verð frá kr. 48.346

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið. Mikið úrval af slartgripaefni, gott verð. Allt til gler og leir vinnslu.
Erum á Facebook.com/glitehf
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Hinn eini sanni MAXIWELL III NUDDPÚÐINN
MEÐ HEITU STEINANUDDI!
ÞÝSK GÆÐI
Pöntunarsími 661 2580
logy@logy.is
www.logy.is
Verðum á 1. hæð Kringlunnar (hjá Dressman) frá 15. des.
JADE-STEINAR M/HITA
LOGY ehf. Sími 661-2580. Sendum í póstkröfu. Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu.

Nú er laufabrauðið okkar komið í flestar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og einnig víða um land.
Bragðgott, stökkt og steikt í kókosfeiti.
Munið líka eftir ósteikta laufabrauðinu.
EKTA BRAUÐ ehf • Pöntunarsími: 555-1762

Lagersala
Gnoðarvogur 44, kjallari.
DVD
Frá 390.-
Mynda bolir nú 1500.-
Opið 11 - 18 til jóla.

Frábæru samfellurnar loksins komnar aftur.
Verð frá kr. 9.990,-
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

XPRENT -merkir allt!
„Heimurinn er þinn“ á jólatilboði: 30% afsl.
Sandblástursfilmur á jólatilboði: 50% afsl.
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Frábærar barnabækur um Jóa Kassa og ævintýri hans
Fyrsta bókin um Jóa og ævintýri hans.
Vertu vinur Jóa á: facebook
Framhaldið er komið í verslanir.
Jói Kassi - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - pantanir@joikassi.is

Stúdíó 29
Á horni Snorrabrautar og Laugavegar, Laugavegi • 101 Rvk • S. 5113032
Skötuveisla alla daga
Frá 19-23 desember 2011
Veitingahús Studio 29 verður með skötu frá kl. 12 - 21
Skata • saltfiskur • hamsatolg • hangikjöt • rófustappa
Getum sótt 4 eða fleiri endurgjaldslaust / hægt að panta í s. 861 2319
Verð 1.500.- kr. ísl.

freud
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

Tveir fyrir einn af bjór með mat alla föstudaga!
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

Töskur, kassar og yfirbreyðslur.
MUNIÐ GJAFAKORTIN
Allar almennar fjórhjóla og snjósleða viðgerðir
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3333

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

Tilkynningar

VALSMENN
FJÁRFESTINGAFÉLAG

Aðalfundur í Valsmönnun hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. desember nk. kl. 18.00 að Hlíðarenda

Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og verður sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar vegna liðins starfsárs
2. Ársreikningur félagsins
3. Ákvörðun um hvernig fara eigi með hagnað/ tap ársins
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Kjör stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillaga um heimild til breyta fjölda stjórnarmanna
8. Önnur mál

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Auglýsing um álagningu vanrækslugjalds árið 2012

Álagning vanrækslugjalds vegna þeirra ökutækja sem skráð eru hérlendis og ekki hafa verið færð til aðalskoðunar frá og með 1. október 2011 hefst 3. janúar 2012. Gjaldið byggir á 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja með síðari breytingum, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Álagning gjaldsins, með þeim undantekningum sem greinir hér að neðan, miðast við endastaf á skráningarmerki ökutækis og leggst á sem hér segir:

3. janúar á ökutæki með 0 sem endastaf og færa átti til skoðunar í október 2011.
3. apríl á ökutæki með 1 sem endastaf.
1. maí á ökutæki með 2 sem endastaf.
1. júní á ökutæki með 3 sem endastaf.
3. júlí á ökutæki með 4 sem endastaf.
1. ágúst á ökutæki með 5 sem endastaf.
1. september á ökutæki með 6 sem endastaf.
2. október á ökutæki með 7 sem endastaf.
1. nóvember á ökutæki með 8 sem endastaf.
1. desember á ökutæki með 9 sem endastaf.

1. ágúst leggst gjaldið á ökutæki með einkamerki sem ekki enda á tölustaf.

2. október leggst gjaldið á fornbifreiðar, húsbifreiðar, bifhjól, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól, hjólhýsi (fellihýsi) og tjaldvagna.

Vanrækslugjald leggst á þau ökutæki sem ekki hafa verið færð til endurskoðunar skv. ákvæðum reglugerðarinnar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns.

Tveimur mánuðum eftir álagningu vanrækslugjaldsins ber að hefja innheimtu þess hafi ökutækið ekki verið fært til skoðunar og gjaldið greitt innan þess tíma.

Bolungarvík, 14. desember 2011.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík.

Sumarbústaðir

GISTING - AKUREYRI
orlofshus.is S. 897 5300.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

Endurnæring í Stykkishólmi
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Óska eftir smiðum til starfa í Stavanger í Noregi. Húsnæði á staðnum. Vinsmlega sendið póst á stefan@jonsson-partnere.no eða hringið í síma +47 400 31 168

Boreteknikk as í Noregi óskar eftir vönum mönnum í steypusögun, kjarnaborun og byggingarvinnu o.fl. Áhs. sendi ferilskrá á post@boreteknikk.no eða í s. 004795574009.

Atvinna óskast

Vanur smiður vantar vinnu til 10. janúar, er laus strax. Uppl. s. 696 0080.

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur R.C.A.
Verður haldinn að Stórhöfða 17, 110 RVK. Á Úrillu Górilluni. Fimmtudaginn 22. desember 2011 kl. 20:00. Kveðja stjórnin.

Tilkynningar

Kátir krakkar barnafataverslun og Prem hönnunarstofa.
Verðum með opið alla daga til jóla frá kl. 11-18, lokað sunnudaginn 18. des. Erum á Suðurlandsbraut 52, í bláu húsunum við Fákafen.

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

MyPurpleRabbit.com
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

við prentum
TÍMARIT

- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölpóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

HEILSA

NÝR 4BLS BÆKLINGUR

STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

ENN BETRA VERÐ

4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

1.490

8GB 2.990 • 16GB 4.990

NÝTT VINSÆLASTI SKJÁRINN NÚ ENN FLOTTARI OG BETRI

NR.1 MEST SELDI SKJÁRINN OKKAR

24”LCD SKJÁR

BENQ G2450 FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

29.900

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24” LCD

NÝTT ÖRÞUNN OG NETT FARTÖLVA FRÁ ASUS Á TILBOÐI TIL JÓLA

EEEPC FARTÖLVA

Frábær fartölva frá Asus með Solid State hörðum disk og 10.1” skjá, örþunn og nett

39.900

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!

OPNUNARTÍMAR

ALLA DAGA TIL JÓLA

10:00 - 19:00

AÐFANGADAG

LOKAÐ

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

krossgáta



LÁRÉTT
2. æðaslag, **6.** gangþófi, **8.** aldur, **9.** festing, **11.** drykkur, **12.** vísdómur, **14.** yfirstéttar, **16.** tímaeining, **17.** nár, **18.** hækkar, **20.** hljóta, **21.** málmur.

LÓÐRÉTT
1. kvenflík, **3.** klukka, **4.** nennuleysi, **5.** atvikast, **7.** bergtegund, **10.** samhliða, **13.** óvild, **15.** himna, **16.** tímabils, **19.** dreifa.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** puls, **6.** il, **8.** rek, **9.** lím, **11.** te, **12.** speki, **14.** aðals, **16.** ár, **17.** lík, **18.** ris, **20.** fá, **21.** stál.
LÓÐRÉTT: **1.** pils, **3.** úr, **4.** leitllf, **5.** ske, **7.** líparít, **10.** með, **13.** kal, **15.** skán, **16.** árs, **19.** sá.

Ígló hefur slegið í gegn

Helga Ólafsdóttir er stofnandi, yfirhönnuður og þróunarstjóri Ígló barnafatamerkisins. Það hefur slegið í gegn og er nú fáanlegt í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Lúxemborg.

FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Kona í flóði

BAKÞANKAR
Sigríðar Víðis Jónsdóttur

Ég ætti örugglega ekki að vera að skrifa þennan pistil en geri það nú samt. Hann verður til í ölduróti í brjáluðu bókaflóði. Einhvers staðar í útsoginu svömlum ég og frábæru konurnar sem flúðu frá Írak og fengu hæli á Akranesi.

UPPHAFLEGA lagði ég mikla áherslu á að bókin okkar kæmi út að vori – gat ekki hugsað mér að enda í auglýsingabrjálæðinu með jafnviðkvæmt efni. Það þótti hins vegar ekki gott markaðsráð. Íslendingar kaupa nefnilega fyrst og fremst bækur fyrir jólin og þá vilja þeir sko nýjar bækur – ekki bækur sem komu út fyrr á árinu. Vorbækur eru old news. Í öðru lagi eru bækurnar sem fólk kaupir fyrir sig sjálft venjulega kiljur. Harðspjalda bækur eru iðulega keyptar sem gjöf – fyrir jólin. Vorbókin mín hefði sem sé ef öllum markaðsráðum hefði verið fylgt þurft að verða kilja.

FYRST fauk í mig. Ég hafði aldrei áður heyrt að maður keypti ekki harðspjalda bók nema í aðdraganda jólanna. Hvaða rugl var þetta? Á hinn bóginn rak mig vart minni til þess að hafa nokkurn tímann keypt harðspjalda bók öðruvísi en á aðventunni. Dóh!

ÉG GAF mig. Í millitíðinni hafði ég líka áttað mig á að sögupersónurnar væru svo miklir töffarar að eitt jóla-bókaflóð yrði varla það mikil skelfing. Ekki fyrir konur sem lifðu af bílsprengjur, morðhótanir og flóttamannabúðir í eyðimörk. Við ákváðum titil: Ríkisfang: Ekkert – og svo rann útgáfudagur upp.

ÞAÐ VAR stórkostlegur dagur. Mörg hundruð manns mættu í útgáfuveisluna á Akranesi og okkur verkjaði í höfuðið eftir að hafa hlegið og brosað út að eyrum í marga klukkutíma. Í Reykjavík daginn eftir var fullt út að dyrum. Í framhaldinu hófust síðan óteljandi upplestrar um borg og bý.

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ er fyndinn tími. Maður hittir fullt af skemmtilegu fólki í alls kyns samtökum og félögum. Það er fjör. Maður liggur yfir fjölmiðlum og auglýsingum. Það er ekki fjör. Lógíkin í markaðsmálunum er almennt önnur en ég hefði haldið: Þær bækur sem seljast eru auglýstar. Ekki öfugt.

ÁNÆGJULEGAST af öllu hefur verið að heyra konurnar segja frá því að ótal manns hafi stoppað þær á Akranesi og þakkað þeim fyrir að segja sögu sína. Bókin kemur á morgun úr þriðju prentun og við erum hoppandi kátar. Konurnar sjálfar eru ákaflega ólíkar innbyrðis – jafnólíkar og átta íslenskar konur sem valdar væru af handahófi – en þær eiga það sameiginlegt að vera harðjaxlar. Það hefur verið einstakt að kynnast þeim.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Overli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Kirkman/Scott

skemmtilegu jólagjafirnar

mikið úrval af leikjum fyrir allar gerðir leikjatölva

Elder Scrolls V Skyrim | WWE 12 | Uncharted 3 | Need for Speed - The Run | Saints Row The Third

Skylander ævintýrið

PS3 XBOX 360 Wii NINTENDO 3DS WIN MAC

Skylander Starter Pack

Skylander hetjumar margar gerðir

afþreying fyrir alla fjölskylduna

tónlistin

myndirnar

flottur Playstation 3 pakki

kaupauki

Playstation 3 leikjatölva 320gb
+ Move Starter Pack og Move leikur að eigin vali:
Start The Party Save the world, Eyepet & Friends, Move Mind Benders
PUMA After Hours Athletes, Medieval Moves, Move Fitness og Carnival Island

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið

JÓLATÓNLEIKAR Á AKUREYRI Kammerkórarnir Ísold og Hymnodia halda saman jólatónleika í Akureyrarkirkju í kvöld klukkan 20.30. Með þeim koma fram Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari, Hjörleifur Örn Jónsson slagverksleikari og Eyþór Ingi Jónsson harmóníumleikari. Á efnisskránni eru vel þekkt jólalög auk þess sem frumflutt verður nýtt lag sem Michael Jón Clarke samdi fyrir kórinn. Þá verða leikin tvö nýleg jólalög eftir Daníel Þorsteinsson og ný útsetning eftir Eyþór Inga Jónsson

Línurnar skýrast

Jan-Philipp Fruehsorge, listfræðingur og galleríisti, fjallar um teikninguna í samtímamyndlist í alþjóðlegu og listsögulegu samhengi í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur klukkan 20 í kvöld. Erindi Fruehsorge er í tengslum við sýninguna Hraðari og hægari línur. Þá mun sýningarstjórinn Birta Guðjónsdóttir einnig leggja orð í belg.

Jan-Philipp Fruehsorge hefur skrifað og fjallað sérstaklega umteikningu sem listmiðli.

Á sýningunni Hraðari og hægari línur eru sýnd valin verk í eigu listsafnaranna Pétur Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON
07.12.11 – 13.12.11

1	**Brakið -** Yrsa Sigurðardóttir
2	**Einvígið -** Arnaldur Indriðason
3	**Gamlinginn sem skreið út um gluggann -** Jonas Jonasson
4	**Holl ráð Hugos -** Hugo Þórisson
5	**Málverkið -** Ólafur Jóhann Ólafsson
6	**Hjarta mannsins -** Jón Kalman Stefánsson
7	**Húshjálpin - kilja -** Kathryn Stockett
8	**Jarðlag í tímanum -** Hannes Pétursson
9	**Sómamenn og fleira fólk -** Bragi Kristjónsson
10	**Konan við 1000° -** Hallgrímur Helgason

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872

MEÐ VINNUFÉLAGANUM, EMILÍU FLUGU „Emilía er harðduglegur kjölturakki og finnst allt dásamlegt sem ég segi og skrifa," segir Kristín Helga um vinnufélaga sinn, Emilíu Flugu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Sönn nútímasaga af huldufólki og þjóðsögur í bland

Ríólítreglan er barna- og fjölskyldusaga eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem fjallar um tryggðarbandalag fimm ungmenna, sem þau stofna með sér til að standa saman gegn ógnaröflum hulduheima.

RÍÓLÍTMOLI Í LÓFA Það er gott að bera ríólítmola með sér þegar ferðast er um ókunnar slóðir. Hann verndar gegn fortíð, eflir sjálfstraust og hjálpar til við að taka ákvarðanir. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fyrir nokkrum árum byggði fjölskylda sér hús á holti í úthverfi Reykjavíkur. Brjóta þurfti klettaborg að húsabaki. Eftir að fjölskyldan flutti inn varð fljótlega vart við umgang annarra en heimilisfólksins. Talsvert bar á skruðningum, skellum og dynkjum. Sjónvarpstæki fór í gang, ljós lifnuðu og hlutir hurfu og komu aftur í ljós. Svo rammt kvað að þessu að börnin veigruðu sér við að vera ein heima. Að lokum þurftu húsráðendur að fá til sín sérlegan huldumiðil til að ná sáttum við flóttafólkið sem eigraði um nýja húsið. Sérfræðingurinn náði samningum við huldufólkið með því að grágrýtishnullungi, úr horfnu klettaborginni að húsabaki, var komið fyrir á baðherbergi hjónanna á neðri hæðinni. Þar stendur grjótið enn í dag, á miðju marmaragólfinu, og hjónin klofa yfir það til að komast í sturtuna sína.

Saga af erfiðum aðstæðum

Þessi nýlega reykvíska huldufólkssaga varð Kristínu Helgu Gunnarsdóttur innblástur fyrir nýjustu skáldsöguna, Ríólítregluna. Með slæðist ein tröllasaga og sagan af ribbaldanum Torfa í Klofa, sem flúði til fjalla með allt sitt hyski og hafurtask þegar svarti dauði síðari lagðist á landsmenn á miðöldum.

Í Ríólítreglunni er sögð saga fimm meðlima tryggðarbandalags, sem þeir stofna með sér til að standa saman gegn ógnaröflum hulduheima. Þetta er líka saga um flóknar og erfiðar aðstæður fjórtán ára ungmenna, saga um munaðarleysi og skuggaleg leyndarmál sem börn geta geymt.

Kristín Helga fór í rannsóknarleiðangur á fjöll við undirbúning bókarinnar. „Ég er alltaf á einhverju fjallaflakki. Í þetta sinn gekk ég inn jökulgilið, inn í Þrengsli og kannaði þessar slóðir sem ég ætlaði að láta mínar sögupersónur fara um og feta þannig í fótspor Torfa í Klofa. Það er svo skemmtilegt hvernig sagan af Torfa rennur saman við þjóðsögurnar. Það er til þessi dásamlega saga af honum, þegar hann flýr með allt sitt hafurtask upp á Torfajökul. Þar er sagt frá því hvernig jökullinn er klofinn í tvennt og inni í honum miðjum sé þessi dásamlegi skógi vaxni dalur. Þarna settist hann með sitt fólk. Það eru afkomendur hans sem mínar sögupersónur eru að kljást við."

> Ég hef gaman af því að nota minni úr huldufólkssögum og þjóðsögum.

Með grjót í poka

Kristín Helga hefur áður unnið með þjóðsögur í verkum sínum, meðal annars í Draugaslóð, þar sem Fjalla-Eyvindur og Reynistaðabræður komu við sögu. „Það fennir fljótt yfir þessar þjóðsögur. Þegar ég var að skrifa Draugaslóð komst ég að því að mörg börn vita lítið um Fjalla-Eyvind. Börnin höfðu líka kannski heyrt söguna af Reynistaðarbræðrum en gátu ekki haft hana eftir. Ég hef gaman af því að nota minni úr huldufólkssögum og þjóðsögum. Um leið varðveitast þessir gömlu fjársjóðir vonandi betur í hugum krakkanna okkar."

Kristín Helga hefur fengið góð viðbrögð við bókinni, bæði hjá dætrum sínum þremur, hennar helstu gagnrýnendum, og fjölda grunnskólabarna sem hún hefur heimsótt að undanförnu, á vegum verkefnisins Skáld í skólum. Með sér hefur hún borið grjót í poka. „Ég tek ríólít með mér í upplestrana. Ríólít er það sama og líparít en við erum eina þjóðin í heiminum sem kallar þessa bergtegund líparít. Krökkunum finnst ógurlega gaman að skoða þetta litríka grjót. Ríólít er líka þeim eiginleikum gætt að það verndar mann gegn fortíðinni, hjálpar manni að taka ákvarðanir og eflir sjálfstraustið. Ég hef verið í því að dreifa ríólítmolum." holmfridur@frettabladid.is

METSÖLU-
BARNABÆKUR

GUNNAR HELGASON

2. sæti

BARNABÆKUR 4.–10.12.11
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

★★★★

„... spennandi stöff.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„... fjörug og skemmtileg ...“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

„... skemmtileg, fyndin, spennandi og hreint mögnuð barnabók.“
KATRÍN JÓNSDÓTTIR / FYRIRLIÐI ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐSINS Í FÓTBOLTA



KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR

3. sæti

BARNABÆKUR 4.–10.12.11
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

★★★★

„... spennandi og fjörleg saga ... Hér er unnið með álfaminnið á snjallan hátt ... Samtöl lipur, persónur skýrar og allt leiðir í æsispenning.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

GERÐUR KRISTNÝ



4. sæti

BARNABÆKUR 4.–10.12.11
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

★★★★

„... sprellfjörug skemmtilesning ...“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„... alveg hreint bráðskemmtileg.“
MARÍA BJARKADÓTTIR / BÓKMENNTAVEFURINN

„Hröð atburðarás, skemmtilegur sögumaður, æðislegar hugdettur og snarpir snúningar ...“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR Er tilnefnd í flokki barna- og unglingabóka.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tilnefningar til Fjöruverðlauna kynntar

Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna, voru kynntar í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu í gær. Veitt eru verðlaun í þremur flokkum – fyrir fagurbókmenntir, fræðibækur og barna- og unglingabækur.

Í flokki fagurbókmennta eru tilnefndar bækurnar Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur, Kanill eftir Sigríði Jónsdóttur og Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur.

Í flokki fræðibóka eru tilnefndar Mannvist eftir Birnu Lárusdóttur, Nútímans konur eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur og Ríkisfang: ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur.

Í flokki barna- og unglingabóka eru tilnefndar Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur, Gegnum glervegginn eftir Ragnheiði Gestsdóttur og Með heiminn í Vasanum eftir Margréti Örnólfsdóttur.

Fjöruverðlaunin eiga uppruna sinn í bókmenntahátíð kvenna sem haldin var í fyrsta sinn vorið 2007 og hefur verið haldin árlega síðan.

Litrík og virk sköpunargleði

Myndlist ★★★

Nóvember

Bjarni Sigurbjörnsson og Jón Óskar

Reykjavík Art Gallery

TVEIR FYRIR EINN Málverkin á sýningunni eru öll unnin af listamönnunum báðum sem hafa unnið ofan í málverk hvor annars.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er húmor í viðmóti listamannanna Jóns Óskars og Bjarna Sigurbjörnssonar þegar þeir tala um sýningu sína í Reykjavík Art Gallery. „Tveir fyrir einn," segja þeir, rétt eins og um væri að ræða tilboð á hamborgurum í jólaösinni. Það er gott að geta talað um listir, myndlist eða hvað sem það nú er, af léttleika. Fátt er meira þrúgandi en andaktugheit hvað varðar listir og menningu.

Tveir fyrir einn eru orð að sönnu, því málverkin á sýningunni eru öll unnin af listamönnunum báðum sem vikum saman hafa unnið ofan í málverk hvors annars. Það má því líta á verkin sem tilraun til að brjóta upp eigin listsköpun. Bjarni Sigurbjörnsson er þekktur fyrir stór málverk þar sem kraftmikið litaflæði fyllir myndflötinn. Jón Óskar er löngu þekktur fyrir myndlist sína og hefur unnið í ýmsa miðla, þó heldur nær teikningu og þrykki en því flæðandi málverki sem Bjarni hefur unnið með. Þeir taka áhættu hér, útkoman er óviss áður en til handa er hafist og eins þarf ákveðið traust að vera til staðar til þess að hleypa öðrum inn á myndflöt verka sinna.

Við fyrstu sýn eru málverkin allt að því yfirþyrmandi í litaflæði, stærð og stórkarlalegum pensildráttum. Salarkynni eru í þrengsta lagi fyrir svo stór verk, gluggar eru engir og bakgrunnurinn hárauður. Ég er ekki frá því að þessi verk myndu njóta þess að fá dagsbirtu og aukið rými. Þegar betur er að gáð birtast margvíslegar myndir á myndfletinum og samspil þrykks, teikningar og pensildrátta er áhugavert. Jón Óskar á að einhverju leyti rætur sínar að rekja til nýja málverksins frá því í kringum 1980, og þá kannski helst til þess geira þar sem textar og fígúrur voru ríkjandi á myndfleti í frásagnarkenndu málverki. Hér birtast bæði fígúrur og stöku orð. Bjarni aftur á móti sækir sitthvað til vinnubragða fyrr á tuttugustu öldinni, til abstrakt málverks sem byggði á litaflæði þar sem markvisst var unnið með tilviljun. Það hljómar mótsagnakennt, en dæmi um slík vinnubrögð eru til dæmis fræg málverk Jacksons Pollock sem sletti málningu á myndflötinn. Bjarni hefur unnið töluvert á plexígler sem hefur gert birtu að hluta af verkum hans, en þessi verk eru unnin á tréplötur.

Það er sterkur heildarsvipur á sýningunni, málverkin eru nokkuð ólík innbyrðis þrátt fyrir áþekk vinnubrögð í verkunum öllum. Litaskali er breytilegur og áherslur listamannanna koma fram á mismunandi hátt, hér er um áhugaverða tilraun að ræða.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Litrík og kraftmikil málverk þar sem höfundareinkenni listamannanna tveggja spila saman á skemmtilegan hátt. Án efa myndi frekari samvinna leiða til markvissari niðurstöðu en hér er sköpunargleði og leikur í fyrirrúmi sem skilar sér vel til áhorfenda.

Það besta að mati bóksala

Tilkynnt var um bestu bækurnar að mati bóksala í gær. Í flokki íslenskra skáldsagna voru Hjarta mannsins eftir Jón Kalman Stefánsson og Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur jöfn að stigum í fyrsta sæti. Í þriðja sæti var Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur. Gamlinginn var valin besta þýdda skáldsagan en á hæla hennar komu Hvernig ég kynntist fiskunum og Frönsk svíta.

Í flokki íslenskra barnabóka þótti Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur skara fram úr. Þar á eftir komu Með heiminn í vasanum eftir Margréti Örnólfsdóttur og Hávamál Þórarins Eldjárn. Dæmisögur Esóps var valin besta þýdda barnabókin, Hungurleikarnir urðu í öðru sæti og Ég er klárastur í því þriðja. Í flokki ljóðabóka var Allt kom það nær eftir Þorstein frá Hamri hlutskörpust. Það sem ég hefði átt að segja eftir Ingunni Snædal kom þar á eftir og þar næst Söknuður Matthíasar Johannessen.

Jarðlag í tímanum eftir Hannes Pétursson var valin besta ævisagan. Landnám eftir Jón Yngva Jóhannsson var í öðru sæti en Úr þagnarhyl eftir Þorleif Hauksson var í því þriðja.

1001 þjóðleið eftir Jónas Kristjánsson var valin besta verkið í flokki hand- og fræðibóka. Í öðru sæti voru Íslenskir fuglar Benedikts Gröndals en Ríkisfang: ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur var í því þriðja.

Bækur ★★

Það sem ég hefði átt að segja næst – þráhyggjusögur

Ingunn Snædal

Bjartur

SMS-regn úr sveitinni

Ingunn Snædal sagði í Kiljunni fyrir skemmstu að hún kynni ekki að yrkja. Ég get verið henni sammála um það. Engu að síður sendir hún nú frá sér sína fimmtu „ljóðabók" og samkvæmt sölutölum njóta bækur hennar fádæma vinsælda. Það er auðvelt að skilja hvers vegna. Ingunn hefur skemmtilega sýn og húmor fyrir sjálfri sér og tilverunni og er óhrædd við að bera tilfinningar sínar á torg. Þráhyggjusögurnar ollu mér þó töluverðum vonbrigðum. Hér er spilað á ódýra strengi, lítið um frumleg efnistök og þráhyggjan verður – eins og þráhyggju er siður – frekar leiðigjörn til lengdar.

tilfinning II
veit ekki
hvort ég elska
þig en er löngu
hætt að kunna
við sjálfa mig (bls. 31)

Í þessu „ljóði" er – eins og í mörgum öðrum ljóðum bókarinnar – ort í kringum alkunnan frasa og snúið út úr. Útúrsnúningarnir eru reyndar Ingunnar sterkasta hlið og oft má glotta út í annað við lestur bókarinnar. Oftar en ekki er þó sársaukanum og höfnuninni snúið upp í kaldhæðni sem stundum virkar og stundum ekki. Dýptin í ljóðunum liður fyrir áherslu höfundar á skemmtilegheit og eftir standa í mörgum tilfellum ansi innihaldsrýrar línur:

samskipti
fyndið hvernig sumt fólk
þegar maður reynir
að tala við það
er ekki fólk
heldur veggur (bls. 43)

Annað leiðarstef í bókinni er lífið í sveitinni. Einnig þar liggur áherslan á því sem er skondið; undarlegum orðatiltækjum, soðnum bjúgum, tímaritinu Múlaþingi o.s.frv. Undantekningar eru þó ljóðin sumarferð, dalurinn og afstaða þar sem undirtónninn er þyngri og bilið milli sveitar og borgar ekki sniðugt heldur erfitt og ósanngjarnt.
Um stíl bókarinnar þarf ekki að fjölyrða. Hér er ekki tilþrifunum fyrir að fara og lítið um slándi línur eða eftirminnilegar myndir. Málfarið er eðlilegt talmál og áhrif sms-a og skrifa á facebook óspart notuð. Ljóðaheiti eins og ömó.is, hjúkket og útálandi undirstrika þennan talsmáta sem var kannski ferskur fyrir nokkrum árum en er orðinn ansi þreyttur.
Í heildina er Það sem ég hefði átt að segja næst – þráhyggjusögur ágæt skemmtun við fyrsta lestur en þolir ekki mikla rýni. Gamanið gránar hratt við annan og þriðja lestur og eftir situr hundsvekktur lesandi sem átti von á svo miklu miklu meiru.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Húmorísk og kaldhæðin ljóð sem skemmta við fyrstu sýn en skilja lítið eftir.

ANDRÉS ÖND

ÁSKRIFTARKASSINN

GLÆISLEGAR INNGÖNGUGJAFIR FYLGJA ÖLLUM ÁSKRIFTARKÖSSUM!



©Disney

Andrés Önd Áskriftarkassinn er nú loksins fáanlegur aftur. Stútfullur af Andrésblöðum og skemmtilegur Andrésardóti!

Hægt er að velja milli þriggja áskriftaleiða; 3ja, 6 og 12 mánaða.

Andrésar þurfa ekkert að bíða og geta strax byrjað að skemmta sér konunglega.

Þú færð Andrésar Áskriftarkassann á Anrésönd.is!

ANDRÉSBLAÐ BEINT HEIM TIL ÞÍN Í HVERRI VIKU!

WWW.ANDRÉSÖND.IS



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Heimsljós (Stóra sviðið)

Fim 22.12. Kl. 19:30 Fors.	Lau 14.1. Kl. 19:30 6. sýn. U	Sun 5.2. Kl. 19:30 13. sýn.
Fös 23.12. Kl. 12:00 Fors.	Sun 15.1. Kl. 19:30 7. sýn.	Lau 11.2. Kl. 19:30 1. Aukas.
Mán 26.12. Kl. 19:30 Frums. U	Lau 21.1. Kl. 19:30 8. sýn.	Sun 12.2. Kl. 19:30 2. Aukas.
Mið 28.12. Kl. 19:30 2. sýn. U	Sun 22.1. Kl. 19:30 9. sýn.	Lau 18.2. Kl. 19:30 14. sýn.
Fim 29.12. Kl. 19:30 3. sýn. U	Lau 28.1. Kl. 19:30 10. sýn.	Sun 19.2. Kl. 19:30 15. sýn.
Lau 7.1. Kl. 19:30 4. sýn.	Sun 29.1. Kl. 19:30 11. sýn.	Lau 25.2. Kl. 19:30 16. sýn.
Sun 8.1. Kl. 19:30 5. sýn. U	Lau 4.2. Kl. 19:30 12. sýn.	Sun 26.2. Kl. 19:30 17. sýn.

Svartur hundur prestsins (Kassinn)

Sun 8.1. Kl. 19:30 33. sýn.	Fös 20.1. Kl. 19:30 37. sýn.	Fös 27.1. Kl. 19:30 39. sýn.
Fim 12.1. Kl. 19:30 34. sýn.	Lau 21.1. Kl. 19:30 38. sýn.	Lau 28.1. Kl. 19:30 40. sýn.



Hreinsun (Stóra sviðið)

Fös 30.12. Kl. 19:30 15. sýn.	Fös 13.1. Kl. 19:30 17. sýn.	Fös 27.1. Kl. 19:30 19. sýn.
Fim 5.1. Kl. 19:30 16. sýn.	Fös 20.1. Kl. 19:30 18. sýn.	

Leitin að jólunum

Lau 17.12. Kl. 11:00	Lau 17.12. Kl. 14:30	Sun 18.12. Kl. 13:00
Lau 17.12. Kl. 13:00	Sun 18.12. Kl. 11:00	Sun 18.12. Kl. 14:30

Litla skrímslið og stóra skrímslið í leikhúsinu (Kúlan)

Mið 28.12. Kl. 13:30 Frums. U	Fös 30.12. Kl. 13:30 4. sýn.	Sun 8.1. Kl. 15:00 7. sýn.
Fim 29.12. Kl. 13:30 2. sýn.	Fös 30.12. Kl. 15:00 5. sýn.	
Fim 29.12. Kl. 15:00 3. sýn.	Sun 8.1. Kl. 13:30 6. sýn.	



On Misunderstanding (Kassinn)

Mið 28.12. Kl. 19:30 Frums.	Fim 29.12. Kl. 19:30 2. sýn.	Fös 30.12. Kl. 19:30 3. sýn.

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 551 1200

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Kvöldskóli BHS vorönn 2012

Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla BHS verður eftirfarandi daga:

fimmtudag 15. desember kl. 17 - 19
föstudag 16. desember kl. 17 - 19

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða, handa- og plötuvinna, aflvélavirkjun og rennismíði, grunnteikning og rafmagnsfræði.

Verklegir áfangar

AVV-323	Verkleg vélvirkjun
HSU-102/212	Verkleg suða
HSU 232	Verkleg þunnplötusuða, ál / stál / ryðfrítt
LSU-102/202	Verkleg suða
RSU-102/202	Verkleg suða
STÝ-202	Verkleg stýritækni
KÆL-102	Verkleg kælitækni + bókleg
REN-103/203	Rennismíði fyrir byrjendur
REN-344/443	Rennismíði, framhald

Bóklegir áfangar

EÐL-102	Eðlisfræði
ITM-114	Tölvuteikning
TTÖ-102	Tölvuteikning
RÖK-102	Rökrásir bóklegt
RAT-112	Rafeindatækni bóklegt
MRM-112	Mælingar í rafmagni
REN - allir áfangar	Bókleg rennismíði
STÝ-102	Bókleg stýritækni
VFR-223	Fagbókleg vélfræði

Kennsla hefst föstudaginn 6. janúar — Kennslu lýkur mánudaginn 30. apríl

Ath.: Áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.
Sjá einnig á vef skólans: www.bhs.is

Skólameistari

Sungu í gluggalausri kirkju

Áratuga hefð er fyrir jólasöngvum Kórs Langholtskirkju en kórinn heldur ferna jólatónleika um helgina. Jón Stefánsson kórstjóri segir hugmyndina með tónleikunum hafa verið að fá fólk til að losna við jólastressið.

„Ég fékk þessa hugmynd árið 1978 að halda tónleika eftir að búðir lokuðu síðasta föstudag fyrir jól. Við byrjuðum í Kristskirkju, og tónleikarnir heppnuðust afar vel. Fólk kom með innkaupapokana og kvaddi jólastressið undir tónleikunum okkar. Síðan vorum við eitt ár í Bústaðakirkju en frá árinu 1982 höfum við verið í Langholtskirkju. Fyrstu jólin var ekki einu sinni komið gler í gluggana og þá kviknaði sú hugmynd að bjóða upp á heitt súkkulaði og smákökur í hléi," rifjar Jón Stefánsson, stjórnandi Kórs Langholtskirkju, upp.

JÓN STEFÁNSSON

„Í fyrstu voru ætíð einir tónleikar, en aðsóknin jókst á hverju ári og segir Jón að þegar svo var komið að yfir 900 manns voru mættir til að hlýða á tónleikana þá hafi þau gengist við því að það þyrfti að bjóða upp á fleiri tónleika. „Í fyrstu héldum við þrenna og nú eru þeir orðnir fernir, frá föstudegi til sunnudags. Við syngjum í rúman klukkutíma en með hléi eru þetta um tveggja klukkutíma tónleikar, fólk verður auðvitað að fá færi á að spjalla yfir heita súkkulaðinu og piparkökunum í hléinu," segir Jón.

Tónleikarnir eru á föstudag klukkan ellefu, laugardag klukkan átta og ellefu og á sunnudag klukkan átta. Ásamt Kór Langholtskirkju syngur Gradualekór Langholtskirkju en gestakór verður Táknmálskórinn undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur en hann mun flytja á táknmáli nokkur laganna á tónleikunum með kórum kirkjunnar. Kórarnir flytja jólalög hvor fyrir sig og einnig allir saman, bæði hátíðleg og einnig með léttri sveiflu. Áheyrendur taka virkan þátt í almennum söng. Hljóðfæraleikararnir Hallfríður Ólafsdóttir og Arna Kristín Einarsdóttir leika á flautur, Monika Abendroth á hörpu og Lára Bryndís Eggertsdóttir á orgel. Um létta djasssveiflu sjá Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa og Pétur Grétarsson á trommur. Einsöngvarar eru Andri Björn Róbertsson, Eivør Pálsdóttir, Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Einnig syngjafélagar úr Gradualekór Langholtskirkju einsöng.

MEÐ KÓR LANGHOLTSKIRKJU Eivør Pálsdóttir hefur áður komið fram á jólatónleikum Langholtskirkju, til dæmis árið 2005 þegar þessi mynd var tekin.

TILEINKAÐ ÞEIM SEM HAFA MISST ÁSTVIN

Eivör Pálsdóttir verður í hópi einsöngvara sem koma fram með Kór Langholtskirkju á tónleikunum um helgina. Þar verður meðal annars frumflutt nýtt jólalag eftir hana. „Ég hef einu sinni samið lag fyrir jólatónleika áður, en mér finnst vanalega erfitt að semja jólalög. En svo gerðist það að ég missti pabba minn fyrr á árinu, því miður. Og mér datt í hug að semja lag um það hvernig manni líður eftir að hafa misst einhvern nákominn. Nú nálgast fyrstu jólin án pabba og það verður skrítið að halda jólin án hans," segir Eivör, sem tileinkar lagið horfnum ástvinum.
Eivör hefur áður sungið á jólatónleikum Langholtskirkju. „Mér finnst eins og jólin séu komin þegar jólatónleikar Kórs Langholtskirkju fara fram," segir Eivör. „Og mér tókst meira að segja að fá mömmu og systur mína hingað um helgina, en í næstu viku förum við heim og höldum hefðbundin jól í Færeyjum með stórfjölskyldunni." Jólalag Eivarar heitir Jólaminnir á færeysku en Eyþór Árnason snaraði textanum yfir á íslensku.

Hver hóll, hver þúfa, hvert ból

Bækur ★★★★

Með sumt á hreinu - Jakob Frímann Magnússon lítur um öxl

Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir

JPV Útgáfa

Unaðs- og eftirvæntingarhrollur fór um margan tónlistarnördinn og áhugamanninn um íslenska dægurmenningu, undirritaðan meðtalinn, þegar fréttist að hinn afbragðsfæri rithöfundur Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir væri í miðjum klíðum að tappa af Jakobi Frímanni Magnússyni. Að festa á blað minningar frá mörgum lífum í nokkrum löndum áður en fennti um of yfir fortíðina, eins og þúsundþjalasmiðurinn Jakob orðar það sjálfur. Í raun hafði það verið mál margra lengi vel að ef slíkum lesendum væri akkur í að nokkur leysti frá skjóðunni, á einlægan en jafnframt spennandi hátt, væri það téður Jakob Frímann, Kobbi Magg, Jobbi Maggadon, Jack Magnet, Frímann Flygenring …

Ástæðan er vitanlega sú að maðurinn er forvitnilegt eintak. Hamhleypa til flestra verka, hvort heldur í tónlist, þátttöku í stjórnmálum eða hvers kyns reddingum, svo fátt sé nefnt. Áberandi, umdeildur og með feitari ferilskrá en flestir á sama reki. Í stuttu máli: flest þau nauðsynlegu hráefni sem prýða ættu safaríka ævisögu og gera bitastæðari en gengur og gerist um tónlistartengda forvera sína hér á landi.

Segjast verður að í Með sumt á hreinu takist Jakobi og Þórunni ætlunarverk sitt og vel það. Sögurnar óteljandi, sumar kunnuglegar en aðrar ekki, og lýsingar á staðháttum eru á sínum stað. Allt frá uppvaxtarárum á Akureyri og í Hlíðunum, Stuðmönnum og Menntaskólanum í Hamrahlíð (raunar virðist Jakob afar stoltur og jafnvel upptekinn af stöðu sinni sem MH-ingur enn þann dag í dag) til London, Los Angeles í hinum ýmsu erindagjörðum, með viðkomu í kóngsins København, Kína, Indlandi og fleiri stöðum. Frásagnarmátinn er allur Jakobs, sérstakur og stórskemmtilegur, en þó undir styrkri stjórn Þórunnar sem gætir þess að fáum spurningum er ósvarað, þótt gjarnan sé vangaveltum laumað inn snemma og á ólíklegum stöðum og þær síðar útskýrðar með rökréttri framvindu.

Undantekningin frá þessu, sem því miður kemur í veg fyrir að Með sumt á hreinu geti talist fullkomlega skotheld ævisaga, er sú hlið sem viðkemur sjálfri tónlistinni. Eins mikið og Jakob gengst upp í hlutverki „reddarans", sjálfviljugur eður ei, er í bókinni hlaupið fullhratt yfir leyndardómana sem hljóta að felast í sköpun margra þeirra dægurperla sem lifað hafa með þjóðinni, jafnvel áratugum saman. Bók sem þessi ætti, að mati undirritaðs, hreint og beint að öskra á hlustendur að rífa upp hverja plötuna á fætur annarri, ýmist til að kortleggja ókönnuð lönd eða endurnýja gömul kynni. Nánari persónulýsingar á litskrúðugu og afar misþekktu samstarfsfólki hefðu einnig verið vel þegnar.

Að því sögðu er frásögnin svo persónuleg, átakanleg á köflum (meðal annars af alkóhólisma móður, sambandsslitum, óseðjandi þorsta í vitneskju um eigin þokukenndu ættfræði) og vel heppnuð að vandasamt er að sogast ekki með inn í hringekjuna, sem þrátt fyrir allt er yfirleitt sveipuð jákvæðum ljóma. Í bókinni segist Jakob aldrei hafa skilið þörf fólks til að taka sér frí, því hver er tilgangurinn með að hvíla sig á því sem er gaman. Sá andi er lýsandi og skilar sér rækilega í þessari skemmtilegu ævisögu.

Kjartan Guðmundsson

Niðurstaða: Stórskemmtileg og einlæg saga manns sem hefur frá margfalt fleiru að segja en flestir hans líkar.

Mögnuð ævisaga sem kemur á óvart!

1. SÆTI
BÓKSÖLULISTINN
4.-10.12.2011
ÆVISÖGUR

MEST SELDA ÆVISAGAN!

Þorfinnur Ómarsson

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í St. Pétursborg. Við sögu koma heimskunnar persónur eins og Vladimír Pútín og borgarstjórinn í St. Pétursborg en líka dularfullir karakterar í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunnum íslenskum útrásarvíkingum. Skin og skúrir, sigrar og ósigrar, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.

VERÖLD

splunkuný!

BÓK FYRIR ALLAR STELPUR!

1. SÆTI
BÓKSÖLULISTINN
4.-10.12.2011
BARNA- OG UNGLINGABÆKUR

Hvaða spurningar brenna á vörum íslenskra stelpna? Þegar **Kristín og Þóra Tómasdætur** kynntu í fyrra metsölubók sína Stelpur! í skólum og félagsmiðstöðvum söfnuðu þær spurningum sem stelpur leituðu svara við. Í bókinni **Stelpur A-Ö** er að finna svör við öllum þessum spurningum um allt milli himins og jarðar. **Ómissandi bók fyrir allar stelpur!**

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

FEÐGAR Gunnar fimmti og Gunnar sjötti á ljósmyndastofu.

Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR Gunnar og Franzisca með Gunnar yngri í Charlottenlund sumarið 1915. Gunnar blómstraði í hlutverki fjölskylduföðurins í friðsælu úthverfi en umhverfis hann stóð heimurinn í björtu báli heimsstyrjaldarinnar.

Eiginkona og einkasonur eru ungum manni mikill fjársjóður

Gunnar Gunnarsson háði langa baráttu fyrir viðurkenningu í dönsku bókmenntalífi sem ungur maður. Þegar fyrsta skáldsaga hans var tekin til útgáfu 1912 notaði hann fyrirframgreiðsluna til að giftast unnustu sinni, Franziscu Jørgensen. Árin sem fóru í hönd voru líklega þau hamingjuríkustu í lífi hans eins og lýst er í nýútkominni ævisögu Gunnars eftir **Jón Yngva Jóhannsson.**

Árið sem síðasta bindi Borgarættarinnar kom út, 1914, fæddist þeim Franziscu sonur. Val á nafni olli þeim engum heilabrotum, drengurinn var skírður Gunnar Gunnarsson, sá sjötti í óslitinni röð karlmanna allt frá Skíða-Gunnari sem fæddur var árið 1760. Gunnar yngsti fæddist í Charlottenlund 28. maí, að Prinsesse Alexandrines Allé 4. Þangað fluttu ungu hjónin skömmu áður og voru nú komin í nágrenni við vini sína, Jóhann Sigurjónsson og Ingeborgu.

Gunnar virðist dauðfeginn að vera sloppinn úr miðborg Kaupmannahafnar, laus við bóhemlífið, óvissu í peningamálum, kæruleysi og drykkfellda kunningja. Líf borgarans sem margir vina hans fyrirlitu svo innilega þótti Gunnari eftirsóknarvert; á virðulegu og vel búnu heimili gafst honum vinnufriður og skyldan við fjölskylduna varð honum bryning til að standa sig á þeirri braut sem hann hafði valið sér. Gunnar skrifaði af innri þörf, kannski skrifaði hann líka vegna þess að hann vildi gera þjóð sinni eitthvert gagn, eins og hann sagði í bréfinu til Sumarliða og áður var vitnað til, en nú hafði hann eina ástæðu enn til að skrifa og hún var knýjandi: hann hafði fyrir fjölskyldu að sjá og skrifin voru leið hans til þess.

Öryggi fjölskyldunnar kærkomið

Sumt af skáldskap Gunnars næstu árin ber keim af þessu. Smásögur og greinar sem birtust á víð og dreif í tímaritum eru skrifaðar beinlínis til þess að eiga fyrir salti í grautinn eða húsaleigu. Engin ástæða er til að gera lítið úr þessu, skyldan við fjölskylduna varð til þess að Gunnar tamdi sér þann sjálfsaga sem er rithöfundum nauðsynlegur. Og þótt smásögurnar yrðu sumar til vegna þess að Gunnar var búinn að lofa ritstjóra svo og svo langri sögu á tilteknum tíma urðu nokkrar þeirra með því besta sem Gunnar skrifaði og sjálft meistaraverkið, Aðventa, á upphaf sitt í slíkri pöntun.

TILNEFND TIL BÓKMENNTAVERÐLAUNA

Gunnar Gunnarsson var einn mest lesni íslenski rithöfundurinn á 20. öld.

Líf hans var markað mótsögnum: „Hann var friðarsinni en studdi þó forystumenn hugmyndafræði sem kallaði yfir heiminn blóðugt stríð og skipulagða útrýmingu milljóna manna. Hann var mikill fjölskyldumaður – samt átti hann í eldheitu ástarsambandi við aðra konu og eignaðist með henni barn. Hann seldi fleiri bækur í Evrópu en nokkur annar íslenskur höfundur á sínum tíma en yfirgaf meginlandið til að gerast bóndi í íslenskri sveit," eins og segir í umfjöllun Forlagsins um ævisöguna Landnám. Höfundur hennar, Jón Yngvi Jóhannsson, byggir bók sína á umfangsmikilli könnun heimilda um Gunnar, fyrst og fremst íslenskra og danskra, en einnig rannsakar hann samskipti Gunnars við þýskan bókmenntaheim og þýsk yfirvöld í bókinni sem er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Jón Yngvi nam bókmenntafræði í Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Hann hefur gagnrýnt bækur í sjónvarpi, blöðum og tímaritum, haldið fjölda fyrirlestra og kennt bókmenntir við Háskóla Íslands. Hann er einn af höfundum Íslenskrar bókmenntasögu (IV og V, 2006) þar sem hann skrifar um bókmenntir og stjórnmál á fjórða áratug tuttugustu aldar og íslenska skáldsagnagerð frá 1970 til samtímans.

Lífsviðhorf Gunnars um þessar mundir er þvert á þær tískuskoðanir bóhemanna sem hann lýsti í eftirmælum sínum um Jóhann Sigurjónsson. Á hinn bóginn er það algerlega í takt við þær hugmyndir um stöðu og skyldur karlmannsins sem borgarastéttin um alla Evrópu og Norður-Ameríku hafði mótað með sér. Kjarninn í þessari hugmyndafræði og frumskylda hvers þess karlmanns sem vildi ávinna sér virðingu jafningja sinna og þar með samfélagsins var ræktun skapgerðar eða „karakters". Hlutverk hins borgaralega karlmanns var tvíþætt, hann átti að vinna fyrir fjölskylduna úti í samfélaginu og vera ábyrgur faðir og höfuð fjölskyldunnar inni á heimilinu.

[...] Öryggið virðist hafa verið Gunnari kærkomið og skyldur þær sem karlmenn borgarastéttarinnar tókust á herðar innan fjölskyldunnar og fyrir fjölskylduna voru honum alls ekki íþyngjandi. Þær voru forsenda þess að ná árangri og viðurkenningu í samfélaginu og um leið viðurkenning þess að menn væru alvöru karlmenn, tilbúnir að bera ábyrgð á sjálfum sér og öðrum. Í hinu borgaralega samfélagi var hjónabandið og föðurhlutverkið endanleg staðfesting þess að menn væru sannir karlmenn. Aðeins þeir sem voru efnahagslega sjálfstæðir voru þess megnugir og verðugir að eignast fjölskyldu og heimili.

Byrjaði hvern dag á sjóbaði

Heimilislíf þeirra Franziscu var eftir öllum sólarmerkjum að dæma farsælt á þessum fyrstu árum og á samband þeirra bar engan skugga. Gunnar geislar af heilbrigði og atorku í bréfum sínum. Skömmu eftir fæðingu Gunnars yngri skrifar hann séra Sigurði og lýsir hversdegi sínum í Charlottenlund. Hann lifir reglusömu lífi, vinnur mikið en byrjar hvern dag á sjóbaði við ströndina. Þá kom sér vel að kunna sundtökin. Sumarið áður en Gunnar fór utan hafði hann kennt sjálfum sér að synda í Vesturdalsánni þar sem hún rennur við túnið hjá Ljótsstöðum. Í austfirskum sumarhitum volgnar áin þannig að hæglega má synda í henni. Í bréfinu er líka lýsing á heimilisbragnum fyrstu dagana eftir að Gunnar yngri kom í heiminn en Franzisca kom hart niður eftir fæðinguna sem var erfið og lauk með því að þurfti að svæfa hana og taka drenginn með töngum: „Meðan hún var veik sá jeg sjálfur um húsið, matargerð alla, – já og skipti á stráknum og þvoði honum og er hreykinn af."

Einhverjum kann að þykja þetta óvenjuleg lýsing á karlmanni í upphafi tuttugustu aldar en hugmyndir okkar um fortíðina eru stundum nokkuð einlitar. Rannsóknir kynjafræðinga og sagnfræðinga á þátttöku feðra í heimilishaldi á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu sýna að þeir tóku meiri þátt í uppeldi og umönnun barna en síðar varð. Þetta átti ekki síst við um karlmenn í borgarastétt sem margir hverjir sameinuðu vinnu og heimilislíf með því að vinna á eða nálægt heimili sínu. Þetta gátu til dæmis læknar, lögfræðingar og listamenn gert og tekið þannig virkan þátt í uppeldi barna sinna.

Aldrei hamingjusamari

Sennilega voru þau Gunnar og Franzisca aldrei hamingjusamari í hjónabandinu en þessi fyrstu ár og áhyggjulaus um flesta hluti. Sonurinn ungi, sem snemma fór að ganga undir gælunafninu „Gut", Guttinn, dafnaði líka vel. Gunnar skrifaði séra Sigurði í október 1915 þegar hann hafði nýlokið við Strönd ina, þá skáldsögu sem hann skrifaði næst á eftir Sögu Borgarættarinnar:

Okkur líður vel öllum saman, – erum heilbrigð og ánægð; en það mun Sigga hafa sagt þér [Sigríður dóttir Sigurðar var nýkomin að utan]. Gunnar litli þrífst og blómgast, – með hverjum degi þykir manni vænna og vænna um svona hnokka, þó manni frá fyrstu hafi fundist, að manni gæti ekki þótt vænna um hann. Vart er víst til hreinni gleði, en gleðin yfir börnunum – varla innilegri hamingja. Og maður er svo lánsamur, að geta gleymt með köflum, hvað „allt heimslán er valt". Og gæti maður ekki gleymt því, sæi maður aldrei sól lífsins – því lífið á sól í ríkum mæli.

Samband Gunnars við heimilið á Ljótsstöðum var orðið gott og fyrrihluta árs 1914 skrifar faðir hans honum óvenjumörg bréf og glaðleg. Fæðing sonarsonarins, Gunnars sjötta Gunnarssonar, var honum greinilega mikið gleðiefni, hann spyr eftir honum í hverju bréfi og þráspyr son sinn um það hvenær strákurinn eigi að fá að sjá föðurlandið og afa sinn. Gunnar Helgi gleðst yfir velgengni sonarins en er ekki orðinn fyllilega sannfærður um að hann geti boðið fjölskyldu sinni upp á sæmilegt líf með ritstörfin ein sem tekjulind. Í janúar 1914 skrifar hann Gunnari og býðst til þess að koma honum að sem ritstjóra Lögbergs vestur í Ameríku en Stefán Björnsson ritstjóri blaðsins hugðist flytjast heim til Íslands um sumarið. Svar Gunnars við þessu tilboði er ekki varðveitt fremur en önnur bréf frá þessum tíma en fátt hefði líklega verið fjær honum þegar hér var komið en að gefast upp á draumnum um að verða höfundur að atvinnu.

Staða Gunnars sem fjölskylduföður náði fljótt út fyrir veggi heimilis þeirra Franziscu og þess var ekki langt að bíða að hann yxi föður sínum yfir höfuð í flestum efnum. Smátt og smátt verður hann eins konar höfuð fjölskyldunnar bæði í Kaupmannahöfn og heima í Vopnafirði. Árið 1915 kom Þórunn systir hans til Danmerkur og starfaði sem þjónustustúlka á heimilum vel stæðra Dana og á sjúkrahúsum næstu árin, allt þar til hún giftist danska verkfræðingnum Viggo Rasmussen. Gunnar var Tótu systur sinni innan handar um dvöl hennar í Danmörku og var ávallt boðinn og búinn að aðstoða yngri systkini sín. Sigurður bróðir hans var á Akureyri í skóla veturinn 1915–16 með stuðningi Gunnars og með þeim tókst gott samband. Gunnar varð til dæmis fyrstur til að frétta trúlofun hans í bréfi veturinn 1915.

Millifyrirsagnir eru blaðsins

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.ora.is

HELLVAR Hljómsveitin heldur tvenna tónleika á föstudagskvöld.

Órafmögnuð plata Hellvar

Hellvar heldur tvenna tónleika á Dillon á föstudagskvöld. Þeir fyrri verða órafmagnaðir en á þeim síðari verður stungið í samband og rokkað af krafti. Ástæða tónleikanna er ný plata með hljómsveitinni sem var tekin upp í síðasta mánuði. Hún heitir Noise That Stopped og hefur að geyma órafmagnaðar útgáfur af nýjustu plötu Hellvar, Stop That Noise. „Við vorum búin að vera að spila tvær útgáfur af mörgum laga okkar í smá tíma og var bara farið að langa til að eiga upptökur af lágstemmdu, órafmögnuðu útgáfunum," segir söngkonan Heiða Eiríksdóttir.

Ragga og Dísa syngja í Fríkirkjunni

Tvær hæfileikaríkar söngkonur leiða saman hesta sína í Fríkirkjunni á sunnudaginn. Sú þriðja bætist í hópinn þegar líður á kvöldið.

DÖNSK INNRÁS Dísa Jakobs og Mads Mouritz kynna fyrstu plötu sína í Fríkirkjunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Við ákváðum að kýla bara á þetta í öllu jólatónleikaflóðinu," segir Ragnheiður Gröndal söngkona.

Blásið verður til tvöfaldra útgáfutónleika í Fríkirkjunni sunnudaginn 18. desember klukkan 20.30. Ragnheiður Gröndal flytur lög af nýjustu plötu sinni, Astrocat Lullaby, og dúettinn Song for Wendy, skipaður þeim Bryndísi Jakobsdóttur og Mads Mouritz, fagnar fyrstu plötu sinni, Meeting Point.

Ragnheiður á von á sínu fyrsta barni í febrúar en lætur það ekki stoppa sig frá tónleikahaldi. „Hugmyndin að því að gera þetta saman kom frá Dísu sem var búin að ákveða að halda útgáfutónleika en vildi gera eitthvað meira úr því. Hún hafði samband við mig og ég ákvað að slá til. Upphaflega ætlaði ég ekkert að halda útgáfutónleika strax, ég er kasólétt og ætlaði að taka því rólega á aðventunni, en það verður gaman að gera þetta saman. Ég held að atriðin okkar passi vel saman og að þetta verði notaleg stund."

Tónleikarnir verða ekki lausir við aðventublæinn því þegar Ragga og Dísa hafa kynnt plöturnar fyrir tónleikagestum munu þær flytja eftirlætis jólalög sín ásamt vinkonu sinni, Sigríði Thorlacius. Þetta verður í fyrsta sinn sem þessar þrjár hæfileikaríku söngkonur koma einar fram, en áður hafa þær sungið bakraddir saman fyrir Moses Hightower. Tríóið kallar sig Jólabjöllurnar og Ragnheiður tekur vel í það að þær gætu orðið eins konar Borgardætur næstu kynslóðar söngkvenna. „Það verður spennandi fyrir okkur að syngja þrjár saman. Við erum allar með ólíkar raddir en samt áþekkar þannig að þær blandast held ég mjög vel saman. Það væri gaman að gera eitthvað meira úr þessu."

Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur í forsölu á Miði.is og 2.000 krónur við inngang.

bergthora@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 15. desember

Tónleikar

20.00 Hljómsveitirnar Muck, Sudden Weather Change og The Heavy Experience leika á óvenjulegum jólatónleikum í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Forsala á miðum er í Smekkleysubúðinni og 12 Tónum og kosta þeir 1.000 krónur. Miðar verða einnig seldir við hurð og kosta þá 1.500 krónur.

22.00 Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Sérstakur gestur verður Geir Ólafsson söngvari. Ókeypis inn.

17.00 Færeyska tónlistarkonan **Eivör Pálsdóttir** treður upp í Rammagerðinni. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Hveragerðisbær stendur fyrir tónlistarhátíð í Hveragerðiskirkju. Fram koma þau Páll Óskar og Monika Abendroth ásamt strengjasveit, Söngsveit Hveragerðis og Söngfélagi Þorlákshafnar. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

20.00 **Lögreglukór Reykjavíkur** hringir inn jólin með árlegum jólatónleikum sínum í Langholtskirkju. Miðaverð kr. 1.500.

20.00 Jóla- og styrktartónleikar Gospelkórs Jóns Vídalíns fara fram í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Garðabæjar. Miðaverð er kr. 2.000 og allur ágóði rennur til samtakanna Vímulausrar æsku.

21.00 Vinir Dóra halda sinn árlega jólablúsgjörning á Rúbín í Öskjuhlíð. Vinirnir eru: Halldór Bragason gítarleikari og söngvari, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Ásgeir Óskarsson trommuleikari, Davíð Þór Jónsson á hammondorgel og Jón Ólafsson bassaleikari.

18.00 Vetrartónleikar tónlistardeildar Listaháskóla Íslands klárast með tónleikum þar sem Stefán Haukur Gylfason spilar á gítar og þau Hrafnhildur Hafliðadóttir og Birgir Þórisson spila á píanó. Tónleikarnir fara fram í Sölvhóli og er aðgangur ókeypis.

Leiklist

20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands sýnir verkið Jarðskjálftar í London eftir Mike Bartlett í leikstjórn Halldórs E. Laxness. Sýningar verða í Leikhúsi Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13. Miðaverð er kr. 1.500.

Uppákomur

20.00 Útgáfuhóf í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar af tilefni fyrsta tímarits Kormáks & Skjaldar, sem hlotið hefur nafnið Spjátrungur. Blaðið er byggt upp á greinum og myndaþáttum frá starfsmönnum og eigendum verslunarinnar auk þess sem Hrafnkell Sigurðsson listamaður setur mark sitt á blaðið.

14.00 Ármann Jakobsson les úr bók sinni, Glæsir, á aðventuhátíð félagsmiðstöðvarinnar Aflagranda 40 í dag. Á eftir honum munu þau Stefán Arngrímsson og Oddný Sturludóttir flytja nokkur lög áður en dúettinn Pikknikk stígur á stokk. Aðgangur er ókeypis.

20.00 KEX hostel býður alla velkomna að kíkja við á Kexmas 2011. Dagskráin hefst með upplestri Hallgríms Helgasonar úr bókinni Konan við 1000°. Klukkan 21.00 leikur Nolo svo lög af nýrri plötu sinni, Nology. Aðgangur er ókeypis.

Tónlist

22.00 Próflokakreppukvöld á Bar 11 með Orra á X-inu 977.

Fyrirlestrar

14.45 Utanríkisráðherra Palestínu, Dr. Riayd al-Maliki, heldur erindi í Norræna húsinu á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Allir velkomnir.

Myndlist

20.00 Jan-Philipp Fruehsorge, listfræðingur og galleríisti, er einn fremsti fræðimaður Evrópu á sviði teikningarinnar sem listmiðli. Í tengslum við sýninguna Hraðari og hægari línur mun hann ásamt sýningarstjóranum Birtu Guðjónsdóttur fjalla um teikninguna í samtímamyndlist í alþjóðlegu og listsögulegu samhengi. Viðburðurinn fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á listasafnreykjavikur.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

MAGNAÐ TILBOÐ

NÝTT KORTATÍMABIL

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

Jólabúðin þín

20%

ERGORAPIDO
SKAFT- OG HANDRYKSUGA
Verð áður 24.990
Tilboðsverð 19.990
Þú sparar 5.000

27%

DOMO HEILSUGRILL
1800W
Verð áður 14.990
Tilboðsverð 10.990
Þú sparar 4.000

+ auka glerskál og matreiðslubók

Þú sparar 19.880

KitchenAid tilboð

	Hvít	Lituð
Verð áður	99.870	102.870
Tilboð	79.990	82.990
Þú sparar	19.880	19.880

20%

SALTKRISTALSLAMPI
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.999

47%

TRISTAR SAFAPRESSA
Verð áður 14.990
Tilboðsverð 7.990
Þú sparar 7.000

Kauptu tvær seríur og fáðu þá ódýrari á

50% afslætti

50%

ELDVARNARTEPPI
1 X 1 METRI
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 1.499
Þú sparar 1.500

50%

HNÍFAKUBBUR
MASSÍFUR - 6 HNÍFAR
Verð áður 4.999
Tilboðsverð 2.499
Þú sparar 2.500

TRISTAR
SALT&PIPARKVÖRN
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.990

20%

HOMEMEDICS RAKATÆKI
Verð áður 24.999
Tilboðsverð 19.999
Þú sparar 5.000

27%

BOSCH
450 W MATVINNSLUVÉL
Verð áður 14.999
Tilboðsverð 10.999
Þú sparar 4.000

30%

LJÓSA ÓRÓI
CALINA
Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.399

CREME BRULEE
GASBRENNARI OG FORM
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.990

33%

MARMARA MORTEL
Verð áður 4.499
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 1.500

ALLIR TÖFRASPROTAR

20%

iRobot

18%

ROOMBA 521
RYKSUGUVÉLMENNI
Verð áður 69.900
Tilboðsverð 59.900
Þú sparar 10.000

ROOMBA 555
RYKSUGUVÉLMENNI
Verð áður 84.900
Tilboðsverð 69.900
Þú sparar 15.000

33%

POPPKORNSVÉL
NORDICA
Verð áður 14.999
Tilboðsverð 9.999
Þú sparar 5.000

ÖLL SLÉTTUJÁRN 20%

50%

HEYRNARTÓL
STAFRÆN
Verð áður 999
Tilboðsverð 499

tékkÚps listinn

- Aðventuljósaperur
- Sogskálar
- Grenilengjur
- Fjöltengi (inni/úti)
- Kökukefli
- Piparkökumót
- Kjöthitamælar
- Seríufestingar
- Reykskynjarar
- Eldvarnarteppi
- Hnetubrjótar
- Jólapappír
- Skæri
- Borðar
- Litaðar ljósaperur
- Girni
- Gróðurvír
- Merkimiðar
- Gaskveikjarar
- Dragbönd
- Krókar
- Kjöttvinnar

Topp 10 gjafirnar

1 Eva Trio sósuhitari
2 KitchenAid tilboð
3 Saltkristallampi
4 Ergorapido ryksuga
5 Garmin leiðsögutæki
6 Shiatsu nuddsessa
7 Digital myndarammi
8 Sirius sería Coco Frost
9 Marmara mortel
10 Cuisinart heilsugrill

> Í SPILARANUM

Óskar Axel - Maður í mótun
Brother Grass - Brother Grass
St. Vincent - Strange Mercy
Haukur Morthens - Hátíð í bæ
Jónsi - We Bought a Zoo

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Milljónasamningur Madonnu

Madonna hefur undirritað samning um að gefa út þrjár plötur hjá Interscope Records, undirfyrirtæki Universal Music Group. Talið er að hún fái eina milljón dollara í sinn hlut fyrir hverja plötu, eða um 120 milljónir króna.

Samningur söngkonunnar við Warner Music Group var runninn út en þar hafði hún verið frá því hún hóf feril sinn árið 1982. Ný plata frá Madonnu er væntanleg snemma á næsta ári. Hún hefur að undanförnu verið í hljóðveri með plötusnúðnum Martin Solveig og upptökustjóranum William Orbit og eru tólf ný lög á teikniborðinu.

Eftir að platan kemur út fer Madonna að sjálfsögðu í risavaxna tónleikaferð eins og hennar er von og vísa. Fyrirtækið Live Nation Entertainment annast skipulagningu hennar eins og undanfarin ár.

NÝR SAMNINGUR Madonna hefur samið við Interscope Records.



> PLATA VIKUNNAR

Helgi Hrafn Jónsson - Big Spring
★★★★★
„Gríðarlega heillandi plata frá Helga Hrafni, sem verður bara betri og betri.“ **- kg**

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Tvær öðruvísi jólaplötur

Það hafa lengi verið til öðruvísi jólalög, til hliðar við þessi hefðbundnu sem hljóma allan daginn í útvarpinu. Margar hljómsveitir sem ekki eru þekktar fyrir jólalega tónlist hafa gert jólalög. Upp í hugann koma til dæmis Santa Dog með The Residents, (We Wish You) A Protein Christmas með The Fall, Christmas in Hollis með Run DMC, og auðvitað Jólafeitabolla með Mörðingjunum.

Sumir ganga lengra og gera heilu jólaplöturnar. Sufjan Stevens sendi fyrir nokkrum árum frá sér pakka með jólaplötum sem ekki væri vitlaust að taka fram og Stafrænn Hákon gaf í fyrra út hina stórskemmtilegu Glussajól. Og svo kemur eitthvað nýtt á hverju ári. Ég get mælt með tveimur öðruvísi jólaplötum sem eru nýkomnar út. Annars vegar er það A Very She and Him Christmas með indídúóinu She and Him og hins vegar EP-platan Atheist Xmas með Gruff Rhys.

SÆTT OG SVALT A Very She and Him Christmas er indíjólaplatan í ár.

Þessar tvær plötur eru mjög ólíkar. She and Him syngja ofurljúfar útgáfur af sígildum jólalögum, þ.á.m. Little Saint Nick og Christmas Day eftir Beach Boys og I'll Be Home For Christmas og Blue Christmas sem Elvis Presley söng meðal annarra. Þetta er bæði ljúft og svalt popp með ósvikinni jólastemningu.

Hinn velski Gruff Rhys fer hins vegar töluvert lengra frá jólalagahefðinni, eins og hans var von og vísa. Eins og nafnið gefur til kynna er Atheist Xmas jólaplata fyrir þá trúlausu, enda alls ekki allir sem tengja hátíð ljóss og friðar við trúarbrögð. Nöfn laganna gefa hugmynd um innihald textanna: Post-Apocalypse Christmas, Slashed Wrists This Christmas… Þetta er frábær plata hjá Gruff. Þrátt fyrir óvenjulega texta þá er jólakrydd í útsetningunum og lagasmíðarnar fínar.

BESTA PLATAN Florence Welch og hljómsveit hennar eiga plötu ársins að mati tímaritsins Q. NORDICPHOTOS/GETTY

Kammertónlist með sál

Florence and the Machine hefur gefið út plötu ársins að mati tímaritsins Q. Ceremonials fór beint á toppinn í Bretlandi.

Hljómsveitin Florence and the Machine á plötu ársins að mati sérfræðinga breska tónlistartímaritsins Q. Hún nefnist Ceremonials og kom út í lok október.

Platan fór beint á topp breska breiðskífulistans og fetaði þar með í fótspor forvera síns Lungs sem einnig náði toppsætinu þegar hún kom út árið 2009. Ceremonials náði jafnframt sjötta sætinu á Billboard-listanum í Bandaríkjunum, sem sýnir svart á hvítu vinsældir hljómsveitarinnar beggja vegna Atlantshafsins um þessar mundir.

Florence and the Machine er hugarfóstur hinnar 24 ára Florence Welch. Hún ólst upp í Camberwell-hverfinu í suðurhluta London, elst þriggja systkina. Fljótt var ljóst hvert stefndi með hana því ung að aldri söng hún hátt og snjallt með lögum Ninu Simone og Dusty Springfield á heimili sínu.

Til að virkja sköpunargáfu sína enn frekar fór Welch í listnám en hætti í skólanum til að einbeita sér að tónlistinni. Hún var uppgötvuð þegar hún var að syngja Motownslagara drukkin inni á salerni á næturklúbbi. Florence and the Machine vann Brit-gagnrýnendaverðlaunin 2009 sem efnilegasti nýliðinn í Bretlandi og hefur sveitinni heldur betur vaxið ásmegin síðan þá. Frumburðurinn Lungs fékk flottar móttökur og sér í lagi smáskífulagið vinsæla Dog Days Are Over. Tónlist sveitarinnar er einhvers konar blanda af sálar- og indítónlist með sérlega góðri rödd Welch, eins og gestir Iceland Airwaves-hátíðarinnar fengu að kynnast á tónleikum sveitarinnar í Hafnarhúsinu 2008. Sviðsframkoma Welch er einnig sérstaklega lífleg.

Gagnrýnendur segja Ceremonials hafa yfir að ráða stærri og fjölbreyttari hljómi en Lungs og eins og svo oft áður er Welch líkt við aðra breska söngkonu, Kate Bush. Sjálf segir Welch plötuna hafa að geyma kammersálartónlist, eða blöndu af sálartónlist og kammerpoppi. **freyr@frettabladid.is**

LAGALISTINN

Vikuna 8. - 14. desember 2011

Sæti		Flytjandi	Lag
1	▶	Mugison	*Kletturinn*
2	▲	Gotye / Kimbra	*Somebody I Used To Know*
3	▼	Of Monsters And Men	*King and Lionheart*
4	▼	Dikta	*What Are You Waiting For?*
5	▲	Coldplay	*Paradise*
6	▼	Hjálmar	*Ég teikna stjörnu*
7	▶	Stefán Hilmars./Eyjólfur Kristjáns.	*Þín innsta þrá*
8	▲	Amy Winehouse	*Our Day Will Come*
9	▲	Florence & The Machine	*Shake It Out*
10	▲	Adele	*Rumour Has It*

TÓNLISTINN

Vikuna 8. - 14. desember 2011

Sæti		Flytjandi	Plata
1	▲	Mugison	*Haglél*
2	▼	Páll Óskar & Sinfó	*Páll Óskar & Sinfó*
3	▲	KK & Ellen	*Jólin*
4	▲	Stebbi og Eyfi	*Fleiri notalegar ábreiður*
5	▲	Of Monsters And Men	*My Head Is An Animal*
6	▶	Helgi Björnsson	*Íslenskar dægurperlur í Hörpu*
7	▼	Frostrósir	*Frostrósir fagna*
8	▲	Cortes feðgar	*Ísland*
9	▲	Papar og gestir	*Jameson*
10	▶	Ingimar Eydal	*Allt fyrir alla*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

@HARÐIR PAKKAR

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

LEIKJAMÚS

CoolerMaster Storm Xornet

Létt og þægileg leikjamús hönnuð sérstaklega fyrir skotleiki með 2000 DPI Optical skynjara og 7 tökkum.

4.450

LEIKJALYKLABORÐ

Razer Arctosa

Sérhannað lyklaborð fyrir tölvuleikina með forritanlegum hnöppum ofl.

7.950

HEYRNARTÓL

Sennheiser HD201

Létt og þægileg lokuð heyrnatól með skörpum hljómi og þéttum bassa.

3.750

120GB SOLID STATE

Corsair 120GB

120GB SOLID STATE diskur sem les 550MB/sec og skrifar 510MB/sec. SandForce 2281 stýring. Raid stuðningur. 2.5" stækkun í 3.5" fylgir.

28.950

2TB SJÓNVARPSFLAKKARI

2TB WD Greenpower diskur í USB2 boxi sem tengist við sjónvarp án tölvu.

United HD MMP 9590

Háskerpu H.264 margmiðlunarspilari sem spilar MKV skrár. Hægt að spila beint af minniskortum og minnislyklum. Fullkomin fjarstýring og HDMI kapall fylgir.

2TB UNITED

34.950

EPSON FJÖLNOTATÆKI

Epson SX420W

Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar í 5760x1440p upplausn. Skannar í 1200x2400p upplausn. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

12.950

SKJÁKORT

MSI AMD Radeon R6850-PM2D1GD5 OC

1GB skjákort með 4400MHz DDR5 minni, 820MHz kjarna, DVI og HDMI.

26.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite C660D-1D3

- AMD APU Dual Core E-450 örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 320GB diskur
- 15.6" WXGA LED skjár
- AMD Radeon HD 6320 skjákort
- Allt að 5 klst. rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT stýrikerfi

79.950

TURNKASSI

CoolerMaster HAF 912 Gaming

Glæsilegur medium turnkassi með 200MM viftu og fleiri flottum lausnum.

15.950

SKJÁKORT

Corsair H60

Vökvakæling fyrir i5,i7,AM2,AM3 örgjörva.

12.750

SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM

WWW.ATT.IS – MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

ATT.IS • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS • SÆKTU EÐA FÁÐU SENT

@tt.is *Allt tölvutengt á betra verði*

> **BOURNE HEFÐI RÚSTAÐ FERLINUM**

Matt Damon vandar handritshöfundinum Tony Gilroy ekki kveðjurnar og segir að Gilroy hefði lokið leik ef handrit hans að þriðju myndinni um Jason Bourne, Bourne Ultimatum, hefði verið notað. „En ég skil Gilroy, hann tók bara sína peninga og fór." Handrit Gilroy var síðan endurskrifað nánast frá grunni.

bíó

bio@frettabladid.is

Paradísarmissi slegið á frest

Það er ekki bara tóm gleði hjá Bradley Cooper þótt hann hafi verið valinn kynþokkafyllsti karlmaður heims því kvikmynd hans, Paradise Lost, hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Framleiðslufyrirtækið Legendary Pictures tók þessa ákvörðun eftir að forsvarsmönnum þess þótti einsýnt að kvikmyndin myndi sprengja kostnaðaráætlunina sem hljóðar upp á 120 milljónir dollara.

Cooper átti að leika sjálfan Lúsifer en myndin er innblásin af frægum ljóðabálki eftir John Milton. Leikstjórinn Alex Proyas hafði gert viðamiklar ráðstafanir og áttu tökur að hefjast í Ástralíu innan skamms þegar kallið kom og myndinni var slegið á frest. Aðstandendur myndarinnar hafa lýst því yfir að þessi ákvörðun sé bara tímabundin, unnið sé hörðum höndum að því að lækka framleiðslukostnaðinn og því muni tökur hefjast innan skamms.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem jafnstór mynd er látin ganga gegnum hreinsunareld niðurskurðarhnífsins. Disney tilkynnti á árinu að fyrirtækið hygðist skoða fjármögnun hasar-kúrekamyndarinnar Lone Ranger örlítið betur en Jerry Bruckheimer og Gore Verbinski stóðu að myndinni. Kostnaðurinn við þá mynd var sagður geta sprengt 250 milljón dollara markið en Bruckheimer og Verbinski eru sannfærðir um að þeir geti lækkað hann niður í 215 milljónir, meðal annars með því að semja upp á nýtt við aðalleikarann, Johnny Depp. - fgg

FRESTAÐ Paradísarmissi með Bradley Cooper hefur verið frestað um óákveðinn tíma en kynþokkafyllsti maður heims átti að leika sjálfan Lúsifer.

Lofar betri Bond

Daniel Craig hefur lofað því að Bond-myndin Skyfall verði betri en Quantum of Solace, síðasta Bond-mynd leikarans. Craig hefur verið ansi stóryrtur í viðtölum að undanförnu og sagði meðal annars Kardashian-fjölskylduna vera heimska. Hann dró því ekkert undan þegar hann var spurður um Quantum of Solace en myndin olli talsverðum vonbrigðum eftir að Casino Royale hafði hleypt Bond-myndunum aftur á skeið.

Verkfall handritshöfunda setti stórt strik í reikninginn og þegar tökur hófust var handritið bara hálfgerð beinagrind. „Við gátum ekkert gert, allir höfundar voru í verkfalli. Þetta er eitt af því sem þú vilt aldrei lenda í," segir Craig sem endaði á því að skrifa nokkrar senur sjálfur ásamt leikstjóranum Marc Forster. „Trúðu mér, ég er enginn handritshöfundur."

Hann upplýsir jafnframt að myndin hafi orðið að mun meiri framhaldsmynd en hún átti að verða í upphafi. Þess vegna hafi til að mynda verið ákveðið að hvíla Quantum-söguþráðinn í Skyfall en glæpasamtökin umsvifamiklu komu við sögu í hinum myndunum tveimur. „Það skiptir mig miklu máli að gera alltaf betur næst," segir Craig sem lofar einnig samstarfið við leikstjórann Sam Mendes. „Hann er alinn upp við James Bond eins og ég. Og við vorum yfirleitt alltaf á sama máli um eftirminnileg atriði úr gömlum Bond-myndum," segir Craig sem verður næst hægt að sjá í Karlar sem hata konur eftir David Fincher um þessi jól. - fgg

LÆTUR AÐ SÉR KVEÐA Daniel Craig dregur ekkert undan í viðtölum um þessar mundir og lofar því að Skyfall verði betri en Quantum of Solace.



Drukkið úr Cruise í 30 ár

Tom Cruise er stærsta kvikmyndastjarna í heimi; hvort sem maður skellti hurðum eftir væmna ástarjátningu í Jerry Maguire eða tók á flótta eftir vandræðalegar slagsmálasenur í Far and Away. Nú er komið að nýjustu Cruise-myndinni, leikarinn snýr aftur sem Ethan Hunt í fjórða sinn.

Mission Impossible: Ghost Protocol er merkileg fyrir margar sakir. Fæstir vita um hvað myndin er fyrir utan stikluna sem hefur verið sýnd í kvikmyndahúsum að undanförnu og er myndinni leikstýrt af Brad Bird. Bird þessi er fyrst og fremst þekktur fyrir verk sín á teiknimyndasviðinu, gerði meðal annars Ratatouille og hina stórkostlegu The Incredibles.

Stóra stjarnan er hins vegar Tom Cruise. Hann verður fimmtugur á næsta ári, hefur verið á hvíta tjaldinu í þrjátíu ár og rakað inn milljörðum í miðasölu (auðævi hans eru metin á 250 milljónir dollara eða um þrjátíu milljarða). Cruise er umdeildur í Hollywood, hann er öflugur talsmaður hinnar dularfullu Vísindakirkju, hefur látið hafa eftir sér ótrúleg ummæli um lyfjanotkun og komst merkilega nálægt því að rústa eigin ferli með sérkennilegum uppátækjum á því herrans ári 2005 þegar hann varð, í bókstaflegri merkingu, brjálæðislega ástfanginn af Katie Holmes, núverandi eiginkonu, (einkalíf herra Cruise er reyndar kapítuli út af yfir sig, samband hans við Nicole Kidman, orðrómur um samkynhneigð og svona mætti lengi telja).

Engum dylst hins vegar að Cruise er listamaður og hæfileikaríkur sem slíkur; hann sýndi það og sannaði í kvikmyndum á borð við Interview with the Vampire og Magnolia, einu eftirminnilegasta hlutverki sínu á hvíta tjaldinu. Þrátt fyrir brotsjóinn sem Cruise fékk á sig fyrir sex árum virðist leikarinn vera að rétta skipið af og Mission Impossible: Ghost Protocol gæti komið honum aftur á fleygiferð. freyrgigja@frettabladid.is

Talandi íkornar slá í gegn

Þriðja myndin um Alvin og íkornana verður frumsýnd um helgina. Hinar myndirnar tvær hafa slegið í gegn og að þessu sinni eru íkornarnir óstýrilátu og eigandi þeirra á ferðalagi á skemmtiferðaskipi. Að sjálfsögðu eru íkornarnir duglegir að koma sér klandur og áður en þeir vita af eru þeir fastir á eyðieyju. Þeir reyndar komast fljótt á snoðir um að eyjan er ekki alveg jafn mann- eða íkornalaus eins og þeir höfðu gert ráð fyrir. Það er Jason Lee sem leikur Dave, hinn ólánsama eiganda íkornanna þriggja, en meðal þeirra sem tala inn á myndina eru Justin Long og Christina Applegate.

ÍKORNARNIR ÞRÍR Hinir talandi íkornar hafa slegið í gegn og nú rekur þriðju myndina um þessa grallara á fjörur landsins.

Eins og kemur fram hér að framan verður kvikmyndin Mission Impossible: Ghost Protocol frumsýnd um helgina. Myndin skartar Tom Cruise í hlutverki Ethans Hawke en meðal annarra leikara má nefna Simon Pegg og Jeremy Renner úr The Hurt Locker og The Town og Michael Nyqvist sem margir kannast við úr sænska Millenium-þríleiknum.

Þrátt fyrir að mikil leynd hafi hvílt yfir söguþræðinum segir myndin frá því þegar sérdeildinni er lokað eftir að hún er grunuð um sprengjutilræði í Moskvu. Hunt og félagar verða því að leita allra ráða til að hreinsa mannorð sitt áður en það er um seinan.

- fgg

Íslensk hönnun
Íslenskt handverk
Metal design
Stefán Bogi gullsmiður
Metal design • Skólavörðustígur 2 • sími 552 5445

X-MAS
Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR
20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA
MUGISON - DIKTA - OF MONSTERS AND MEN - POLLAPÖNK - REYKJAVÍK - HJÁLMAR - SÚREFNI - VICKY - SAMARIS
1980 2011
LAY LOW - RETRO STEFSON - BOGOMIL FONT OG FÉLAGAR - FRIÐRIK DÓR - JÓN JÓNSSON - ENSÍMI - DR SPOCK - OURLIVES
Coke zero EXTON
MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

DESEMBERUPPBÓT

Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

Ofurdagur

7 kr.

afsláttur af lítranum í dag*

Munið endurgreiðslu-leikinn!

Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að sannkallaðri kjarabót

Í dag er Ofurdagur á stöðvum Orkunnar og Shell og af því að við erum í jólaskapi bjóðum við enn meiri afslátt: **7 kr. af hverjum lítra.**
Taktu þátt í endurgreiðsluleik Orkunnar og Shell. Á hverjum degi í desember fær einn viðskiptavinur áfyllinguna endurgreidda og þrír heppnir vinna 100.000 kr. inneign í lok mánaðar. Handhafar korta og lykla Orkunnar og staðgreiðslukorta Skeljungs eru sjálfkrafa með í endurgreiðsluleiknum.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM49428

Við elsku



Björgvin Halldórsson Gullvagninn
Glæsilegt og vandað ferilssafn eins ástsælasta söngvara þjóðarinnar. Ómissandi gripur.

4CD +DVD

Tilboðsverð **3.999**
Fullt verð 4.799,-

ÁRITUN
Björgvin áritar **kl. 16**
í Skífunni Kringlunni í dag

Helgi Björns
Tónleikar Helga Björns frá 17. júní, þar sem hann söng íslenskar dægurperlur ásamt góðum gestum, eru komnir út á cd & dvd

CD+ DVD

Tilboðsverð **2.999**
Fullt verð 3.699,-

ÁRITUN
Helgi áritar **kl. 21**
í Skífunni Kringlunni í dag

Íslensk tó

ÁRITUN
Mugison áritar **kl. 17**
í Skífunni Akureyri í dag

Tilboðsverð **2.299**
Fullt verð 2.499,-

Mugison - Hagél
Einlægni og góðmennska Mugison hefur ekki farið framhjá neinum. Hér er á ferðinni fyrsta platan hans sungin á Íslensku.

Tilboðsverð **2.299**
Fullt verð 2.599,-

Of Monsters and Men
Þessi frábæra hljómsveit hefur slegið rækilega í gegn undanfarið með topplögum á borð við „Little Talks“.

Tilboðsverð **3.999**
Fullt verð 4.299,-

2CD +DVD

Páll Óskar & Sinfó
Viðhafnarútgáfa með fullt af skemmtilegu aukaefni ásamt tónleikum hans í Hörpunni á CD og DVD

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

KK og Ellen - Jólin
Út er komin önnur jólaplata systkinanna KK og Ellenar Kristjánsdóttur. Fyrri platan, "Jólin eru að koma", sem kom út 2005 fékk frábærar viðtökur.

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Lay Low - Brostinn strengur
Besta plata Lay Low til þessa. Hugljúf lög við ljóð íslenskra kvenna.



Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Hjálmar - Órar
Fimmta hljóðversplata reggíhljómsveitarinnar. Einkar vel heppnuð plata.

Tilboðsverð **3.699**
Fullt verð 3.999,-

2CD

Papar & gestir - Jameson
25 ár eru síðan hljómsveitin Papar var stofnuð í Vestmannaeyjum. Flott afmælisútgáfa þar sem þeir fá til liðs við sig frábæra gesti.

Tilboðsverð **2.299**
Fullt verð 2.599,-

Aðeins meira pollapönk
Þriðja plata stuðdrengjanna í Pollapönk. Frábær barnalög bæði fyrir unga sem aldna.

Heitustu erlendu titlarnir

Tilboðsverð **2.299**
Fullt verð 2.599,-

Adele - 21
Vinsælasta söngkona heims í dag þrátt fyrir ungan aldur. Platan inniheldur lögin „Rolling in the deep” og „Someone like you”.

Tilboðsverð **2.799**
Fullt verð 2.999,-

Rihanna - Talk that Talk
Hér er glæný plata með skærustu stjörnu poppheimsins í dag.

Tilboðsverð **2.799**
Fullt verð 2.999,-

Justin Bieber - Under the Mistletoe
Ástmögur íslenskra unglingsstelpna er hér með glænýja jólaplötu. Einnig fáanleg með DVD diski.

Tilboðsverð **2.399**
Fullt verð 2.599,-

Coldplay - Xyloto
Chris Martin og félagar með nýja 14 laga plötu. Platan fær frábæra dóma.

Tilboðsverð **2.799**
Fullt verð 2.999,-

Tom Waits - Bad as Me
Goðsögnin Tom Waits með glænýja plötu eftir 7 ára hlé. Einnig fáanleg í viðhafnarútgáfu og vinyl.

Tilboðsverð **2.999**
Fullt verð 3.299,-

Michael Bublé - Christmas
Kanadíski sjarmörinn með skothelda jólaplötu.

m tónlist

Opið til kl. 22

Cortes Feðgar
Ísland
Einstök geislaplata með feðgunum Garðari Cortes og Garðari Thór Cortes sem báðir eru meðal ástsælustu söngvara þjóðarinnar.

Tilboðsverð **2.299**
Fullt verð 2.599,-

Frostrósir
hin fyrstu jól
Hér eru á ferð tónleikar Frosrósa árið 2010 sem slógu enn og aftur öll aðsóknarmet. Stórglæsileg umgjörð og flutningur.

CD+ DVD

Tilboðsverð **2.699**
Fullt verð 2.999,-

nlistarjól

Tilboðsverð **2.399**
Fullt verð 2.599,-

Haukur Morthens - Hátíð í bæ
Endurútgáfa fyrstu íslensku jólaplötunnar í fullri lengd og að mati flestra ein sú allra besta jólaplata sem gefin hefur verið út hér á landi.

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Stebbi & Eyfi - Fleir notalegar ábreiður
Hljóðritanir uppáhaldslaga Stebba og Eyva, erlendra og íslenskra. Framhald af plötunni þeirra Nokkrar notalegar ábreiður sem komu út árið 2006.

3CD

Tilboðsverð **3.299**
Fullt verð 3.699,-

Ingimar Eydal - Allt fyrir alla
Þriggja platna safnútgáfa þar sem ferli Ingimars Eydal eru gerð ítarleg skil.

CD +DVD

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Eivör og Ragga Gröndal - Manstu gamla daga
Vönduð útgáfa frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands með þeim Ragnheiði Gröndal og Eivöru Pálsdóttur.

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Sigríður og Sigurður
Upptaka frá tónleikum yndislegra söngvara í Hörpunni. Inniheldur helstu dægurperlur sögunnar.

2CD

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.699,-

Frostródir fagna
Vinsælustu lögin úr 10 ára sögu Frostrósa á tveimur geislaplötum.

2CD +DVD

Tilboðsverð **3.299**
Fullt verð 3.699,-

Grafik - 1981 - 2011
; Í tilefni af 30 ára starfsafmæli hljómveitarinnar er kominn út glæsileg útgáfa sem inniheldur heimilidarmyndina Stansað, dansað, öskrað og tvo safndiska með úrvali laga.

Tilboðsverð **2.499**
Fullt verð 2.799,-

Dikta - Trust me
Biðin er loks á enda. Stórbrotið verk fremstu rokkhljómsveitar landsins.

Vínyll

Tilboð
Vínyl plötuspilari og tvær plötur að eigin vali

Jólatilboð **34.999**

Sendum um land allt
S: 591-5300
www.skifan.is

S·K·Í·F·A·N

Tilboðin gilda út 15. des

KRINGLAN · LAUGAVEGUR 44 · GLERÁREYRUM AKUREYRI

22 ÁRA VARÐ SÖNGKONAN Taylor Swift í gær. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún gefið út þrjár breiðskífur og selt 20 milljónir eintaka.

The Girl with the Dragon Tattoo frumsýnd

Bandarísk útgáfa myndarinnar Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson var frumsýnd í London í byrjun vikunnar. Myndin nefnist The Girl with the Dragon Tattoo á ensku og er leikstýrt af David Fincher en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu af aðdáendum Stieg Larsson bókanna. Rooney Mara og Daniel Craig, aðalleikarar myndarinnar, mættu á rauða dregilinn í sínu fínasta pússi. Einnig mætti sænski leikarinn Stellan Skarsgård en hann fer með hlutverk Martins Vanger í bandarísku útgáfunni. Myndin verður frumsýnd hér á landi í byrjun janúar.

SVARTKLÆDD Leikkonan Elodie Yung fer með hlutverk kærustu Lisbeth Salander, Miriam Wu.

NÝTRÚLOFUÐ Peaches Geldof og Thomas Cohen voru ástfangin á frumsýningunni.

FLOTT Joely Richardson leikur systur stúlkunnar sem hvarf, Anitu Vanger.

GLÆSILEG Rooney Mara sló öllum öðrum við í klæðaburði á frumsýningunni í hvítum síðkjól frá Givenchy.

NORDICPHOTOS/GETTY

GÓÐIR SAMAN Stellan Skarsgård og Daniel Craig stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

H:N markaðssamskipti / SÍA

Britney tók fjölskylduna upp á svið

Britney Spears lauk tónleikaferð sinni um heiminn með stæl í San Juan í Púertó Ríkó á dögunum. Í lokalaginu tók hún stórfjölskylduna sína upp á svið sem dillaði sér við tónlistina fyrir mörg þúsund áhorfendur.

Synir Spears eru fimm og sex ára og skemmtu sér vel með eyrnatappa í eyrunum með móður sinni á sviði. Einnig voru þar kærasti Spears, umboðsmaðurinn Jason Trawick, móðir hennar Lynne Irene, litla systirin Jamie Lynne og dóttir hennar Maddie á sviðinu og fögnuðu endalokum Femme Fatale-tónleikaferðalagsins.

FJÖLSKYLDUVÆN Britney Spears endaði tónleikaferðalag sitt á að dansa með stórfjölskyldunni upp á sviði.
NORDICPHOTOS/GETTY

Útilokar ekki frekari barneignir

Angelina Jolie útilokar ekki að eignast fleiri börn og það er því ekki loku fyrir það skotið að börn hennar Maddox, Zahara, Pax, Shiloh, Vivienne og Knox eignist litla systur eða bróður.

„Ég er ekki búin að skipuleggja neitt, en það er aldrei að vita," segir Jolie í viðtali við tímaritið Marie Claire. „Ég gæti orðið ólétt."

Jolie leikstýrði á dögunum fyrstu myndinni sinni, In the Land of Blood and Honey, ásamt því að skrifa handritið. Hún segir ljóst að börnin hennar muni ekki sjá myndina í bráð, þar sem hún sé afar hrollvekjandi. „Ég nýtti öll tækifæri sem gáfust til að skrifa," segir hún. „Ég var kannski hálfnuð með hræðilegt atriði þegar ég heyrði: „Mamma, viltu lesa fyrir mig?" þannig að ég gerði hlé á vinnunni til að lesa sögu um kanínuþorp."

FLEIRI BÖRN? Angelina Jolie gæti hugsað sér að eignast fleiri börn.

Fann Drakúla á fornbókasölu

„Ég hef mikinn áhuga á bókum og fann þessa bók í tætlum einhvers staðar á fornbókasölu,“ segir hagfræðingurinn Ásgeir Jónsson, sem stendur á bak við útgáfuna á Makt myrkranna.

Um er að ræða fyrstu þýðinguna úr ensku í heiminum á bók Írans Bram Stoker um Drakúla. Bókin var fyrst gefin út í Bretlandi árið 1897 en hér heima var hún þýdd um 1900 af Valdimari Ásmundssyni. „Ég fór að skoða þessa bók og fannst hún áhugaverð. Ég áttaði mig á því að þetta væri fyrsta þýðing Drakúla og að Bram Stoker skrifaði formálann. Mjög oft hafa bókmenntafræðingar litið á þetta sem afbakaða þýðingu frekar en sjálfstæða sögu,“ segir Ásgeir, sem hefur lengi verið aðdáandi sögunnar um Drakúla.

Valdimar tók sér töluvert skáldaleyfi þegar hann þýddi bókina yfir á íslensku og gerði Drakúla pólitískari; að hálfgerðum frjálshyggjumanni og Darwinista. „Að einhverju leyti er hann að reka áróður fyrir sósíalisma í bókinni,“ greinir Ásgeir frá. „Hugtakið höfundarréttur var ekki til á þessum tíma. Menn tóku þessar sögur, styttu þær, staðfærðu, breyttu og í rauninni sömdu nýjar sögur. Ég lít á þetta sem eina fyrstu íslensku skáldsöguna og byrjunina á íslenskri skáldsagnagerð.“ Hann bætir við að Halldór Laxness hafi verið undir miklum áhrifum frá þýðingu Valdimars er hann skrifaði Kristnihald undir jökli.

Formáli Bram Stoker hefur vakið mikla athygli hjá erlendum Drakúlafræðingum síðan hann var uppgötvaður þar fyrir stuttu. Í nýjum útgáfum af Drakúla fylgir þessi gamli formáli með, endurþýddur af íslensku yfir á ensku. - fb

AÐDÁANDI DRAKÚLA Hagfræðingurinn Ásgeir Jónsson skrifar eftirmála bókarinnar Makt myrkranna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÆTTIR Cave og félagar í Grinderman eru hættir störfum.

Grinderman hætt störfum

Tónlistarmaðurinn Nick Cave hefur tilkynnt um endalok hljómsveitarinnar Grinderman. „Grinderman er búin að vera. Þetta er búið spil,“ sagði hann uppi á sviði á tónlistarhátíðinni Meredith Music Festival í Ástralíu. „Sjáumst eftir tíu ár þegar við verðum orðnir enn þá eldri og ljótari,“ bætti hann við. Eftir það gekk hljómsveitin af sviðinu og vissu áhorfendurnir, sem voru um tólf þúsund, ekki hvaðan á þá stóð veðrið.

Grinderman var stofnuð árið 2006 og hefur hún gefið út tvær plötur. Auk Cave voru í sveitinni þeir Warren Ellis, Martyn Casey og Jim Sclavunos.

ENGIN BÖRN Daniel Craig vill ekki að börn sjái The Girl with the Dragon Tattoo. NORDICPHOTOS/GETTY

Vill engin börn í bíó

Daniel Craig hefur hvatt bíógesti til að fara ekki með börnin sín að sjá nýjustu mynd hans, The Girl with the Dragon Tattoo. Myndin er byggð á samnefndri bók Stiegs Larsson, Karlar sem hata konur, þar sem ofbeldi karla gegn konum er í forgrunninum.

„Myndin fjallar um það að raðmorðingjar eru oftast karlar sem drepa konur. Þetta er mynd fyrir fullorðna,“ sagði Craig. „Þetta er mynd þar sem þú borgar barnapíunni fyrir að vera heima hjá börnunum. Barnapíur eiga eftir að græða mikið á henni, vonandi. Ekki taka börnin með á hana,“ sagði hann.



Jólapartý MAC Debenhams
16. og 17. desember

Við hjá MAC í Debenhams
ætlum að vera í jólastuði
og bjóða upp á
fría 30 mínútna förðun,
föstudaginn 16. og
laugardaginn 17. desember

Komdu og leyfðu artistum MAC að dekra við þig fyrir jólaboðið, jólaglöggið eða hvað sem er.

Það eina sem þú þarft að gera er að koma við hjá okkur eða hringja í síma 522-8049 og panta tíma.

Allir sem versla hjá okkur þessa helgi fara í jólapott og verða dregnir út veglegir vinningar.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010
Opið laugard. kl. 10-16

Streep á forsíðu Vogue í fyrsta sinn

Leikkonan Meryl Streep prýðir forsíðu janúarheftis tímaritsins Vogue en þetta er í fyrsta sinn sem hún fær að vera á forsíðu tískublaðsins.

Streep er með tvenn Óskarsverðlaun, 16 Óskarstilnefningar, sjö Golden Globe-verðlaun og tvenn Emmy verðlaun á ferilskránni og því í raun furðulegt að hún hafi ekki verið kölluð til fyrr.

„Ég hef verið að grínast með það að ég er trúlega elsta manneskjan sem hefur verið á forsíðu Vogue," segir Streep í viðtali við US Magazine en hún er 62 ára gömul.

Í viðtali við Vogue viðurkennir Streep að hún hafi haldið að ferillinn væri á enda þegar hún varð fertug. Leikkonan hefur hins vegar aldrei verið vinsælli, enda valin á forsíðu helstu tískubiblíu heims.

ELST Á FORSÍÐUNNI Leikkonan Meryl Streep prýðir forsíðu nýjasta tölublaðs Vogue. NORDICPHOTOS/GETTY

Rihanna sú vinsælasta á Facebook

Söngkonan Rihanna er efst á lista yfir þá tónlistarmenn sem fengu flest „like" á Facebook í ár. Hún skýtur þar með reggísöngvaranum sáluga Bob Marley og söngkonunni Avril Lavigne ref fyrir rass, en þau voru í öðru og þriðja sæti, samkvæmt tölum frá Facebook.

Rihanna átti einnig vinsælasta lagið á Facebook, en ekkert lag var spilað jafn oft og samstarf hennar og Calvins Harris, smellurinn We Found Love. Katy Perry og lag hennar Last Friday Night (T.G.I.F) var í öðru sæti og hljómsveitin LMFAO's var í því þriðja með lagið Sexy and I Know It.

LIKE! Rihanna er vinsæl og hún veit það.

Herbalife kom mér í kvikmyndabransann

Fyrir tuttugu árum fluttu Margrét Hrafnsdóttir og Jón Óttar Ragnarsson til Los Angeles og settust á skólabekk í kvikmyndagerð. En það er fyrst núna að þau eru að láta drauminn rætast.

VIÐ LEIÐI STEINS STEINARRS Margrét Hrafnsdóttir framleiðir tvær myndir á næstunni: Kill the Poet, sem eiginmaðurinn Jón Óttar leikstýrir, og svo Terra Inferma með William Hurt og Terence Stamp í stórum hlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við vorum að koma frá Kanada og London, Við byrjum á fullu að undirbúa tökur í Montréal þann 7. janúar, tökurnar hefjast í lok febrúar og svo verðum við hérlendis í mars," segir Margrét Hrafnsdóttir kvikmyndaframleiðandi. Hún og eiginmaður hennar, Jón Óttar Ragnarsson, eru að leggja lokahönd á undirbúning kvikmyndarinnar Kill the Poet sem fjallar um stormasamt líf Steins Steinarrs, félaga hans í Unuhúsi og samband hans við listakonurnar Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Nick Stahl, Anita Briem og Nína Dögg Filippusdóttir.

Bankahrunið setur strik

Myndin hefur verið lengi í vinnslu og framleiðsla hennar hefur oft staðið tæpt. „Við vorum næstum því búin að sigla henni í örugga höfn 2007, leikararnir voru komnir og allt var klappað og klárt þegar bankahrunið varð," segir Margrét og bætir því við að þá hafi þau þurft að standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. „Við þurftum að horfa raunsætt á málið, hvort við ætluðum virkilega að fara í þessa þrautagöngu, að byrja aftur fjármögnun á myndinni. Við sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun í dag." Margrét er jafnframt viss um að Kill the Poet eigi meira erindi við fólk í dag en hún átti kannski fyrir hrun. Hún fjalli um listamenn sem eru að berjast fyrir lífi sínu. „Louisa og Nína Tryggvadóttir hittast til að mynda í París og flýja stríðið saman til Íslands. Þessi hópur listamanna myndast hérna út af stríðsástandi og það á svo sterkt við í dag."

Gerir mynd með William Hurt

Þau hjónin eru með fleiri járn í eldinum á kvikmyndasviðinu. Margrét er hluti af framleiðendateymi spennutryllisins Terra Infirma sem skartar meðal annars stórleikurunum William Hurt í stóru hlutverki ásamt Terence Stamp. Margrét hefur lagt það til að einhverjar tökur myndarinnar fari fram hér á landi auk þess sem íslenskum leikara hefur verið boðið að leika í myndinni. „Ég kynntist þessu fólki í gegnum meðframleiðanda okkar í Kill the Poet. Um leið og maður hefur sýnt að maður getur hluti þá opnast einhverjar dyr," segir Margrét.

Herbalife hliðarskrefið

Margrét og Jón Óttar eru kannski þekktust sem Herbalife-hjónin hér á landi. Kvikmyndagerðin hefur samt alltaf átt hug þeirra og hjarta, hún var ástæðan fyrir því að þau fluttu út. „Ég kynntist Herbalife úti árið 1996 og grunaði aldrei að þetta ætti eftir að verða svona stórt. Fyrirtækið var virt en þótti kannski ekkert sérstaklega „kúl"." En það átti svo sannarlega eftir að breytast, offitufaraldurinn svokallaði hefur breytt viðhorfi fólks, heilsumarkaðurinn fer sífellt stækkandi og Herbalife er nú skráð á hlutabréfamarkað í New York með David Beckham og Lionel Messi sem sína helstu talsmenn."

Margrét segir að þau hefðu aldrei getað farið út í kvikmyndagerð af þessari stærðargráðu ef ekki hefði verið fyrir Herbalifeævintýrið. „Okkar bakgrunnur er fyrst og fremst menning og listir. Ragnar í Smára framleiddi smjörlíki til að geta haldið uppi listamönnum. Maður verður að hafa sterkan fjárhagslegan bakgrunn til að geta lagt af stað í svona ferðalag."

Unnið með Clinton

Árin eru orðin fimmtán í Bandaríkjunum og Margrét hefur reynt ýmislegt. Hún er dyggur stuðningsmaður Demókrataflokksins og vann náið með Hillary Clinton þegar hún reyndi að fá útnefningu flokksins til forsetaframboðs. „Hún er alveg einstök kona," segir Margrét um Hillary

Margrét mun eyða tveimur mánuðum í að vinna við kosningabaráttu Demókrataflokksins á næsta ári en þá verða forsetakosningar og Barack Obama sækist eftir endurkjöri. Margrét segist trúa því að hann nái því takmarki. „Hann hefur kannski ekki staðið undir væntingum og að mínu mati fór hann of snemma út í þetta. En hann verður áfram forseti Bandaríkjanna því framboð Repúblikana er bara ekki beysið og komið svo langt út í hægri öfgar, nema einhver nýr og spennandi fari í framboð."

RÝMINGARSALA
3 SMÁRAR – LAUGAVEGI 25
Leggings frá 1.990,-
Toppar frá 1.990,-
Kjálar frá 2.990,-
Skór frá 3.990,-
smárar

Fanga gamla tíma í nýju blaði

„Við fengum þessa hugmynd í sumar og erum búnir að vinna í blaðinu síðan þá," segir Guðmundur Jörundsson fatahönnuður um nýtt tímarit herrafataverslunar Kormáks & Skjaldar, Spjátrung.

Tímaritið kemur út í dag en þar er að finna ýmsan fróðleik varðandi herrafatnað og þau merki sem verslunin selur. Blaðið er svo myndskreytt af ljósmyndaranum Baldri Kristjánssyni en Guðmundur staðfestir að mikið sé lagt í fagrar myndir. „Það er gamaldags blær yfir blaðinu og sett upp í gömlu dagblaðaformi. Það eru til dæmis fyndnar auglýsingar og stuttar skemmtisögur frá starfsmönnum búðarinnar," segir Guðmundur, en það eru starfsmennirnir sem sjá um að skrifa í tímaritið.

„Við stefnum á að gefa það út tvisvar á ári og lítum á blaðið sem góða heimild fyrir okkur í framtíðinni um það sem er að gerast í dag," segir Guðmundur, sem sá um að hanna nýja herrafatalínu verslunarinnar sem gerð eru góð skil í blaðinu.

Blaðinu verður dreift með eftirtektarverðum hætti en þeir hafa fengið til liðs við sig stráka úr leikfélagi Menntaskólans við Hamralíð sem ætla að hlaupa um bæinn og dreifa blaðinu til vegfarenda.

GEFA ÚT TÍMARIT Guðmundur Jörundsson og starfsmenn herrafataverslunar Kormáks & Skjaldar gefa út tímaritið Spjátrung í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þeir eiga að minna á gamla tíma og verða klæddir upp eins og blaðburðardrengir."

Útgáfu blaðsins verður fagnað í kvöld klukkan 20 í versluninni í Kjörgarði. - áp

Demi neitar að skipta um nafn

Leikkonan Demi Moore þurfti að svara fyrir sig á Twitter á dögunum en aðdáendur hafa furðað sig á því að hún heiti enn þá Mrs. Kutcher á samskiptasíðunni. Moore, sem skildi við Ashton Kutcher á dögunum eftir sex ára hjónaband, skrifaði eftirfarandi skilaboð á Twitter „Það er ekki forgangsatriði hjá mér að skipta um nafn núna. Ég biðst fyrirgefningar ef það truflar ykkur og ég ætti kannski að hætta að skrifa? Skiptir nafn mitt virkilega svona miklu máli?"

Samkvæmt slúðurmiðlum vestanhafs hefur Moore varla farið út úr húsi síðan skilnaðurinn varð opinber en Kutcher á að hafa haldið framhjá leikkonunni.

ENN ÞÁ MRS. KUTCHER Demi Moore notar enn nafnið Mrs. Kutcher á Twitter, aðdáendum til ama. NORDISPHOTOS/GETTY

J-Lo keypti bíl handa kærastanum

Leik- og söngkonan Jennifer Lopez hefur átt í ástarsambandi við hinn 24 ára gamla Casper Smart undanfarið.

Lopez keypti á dögunum skjannahvítan Bentley handa Smart og í bandarískum fjölmiðlum er sérstaklega tekið fram að bílinn þurfi hann ekki einungis að nota til að skutlast með hana heldur má hann einnig nota hann til einkaerinda.

Jennifer Lopez skildi við söngvarann Marc Anthony í júlí, en samband hennar og unga dansarans Caspers Smart varð opinbert í nóvember þegar þau fóru saman í frí til Havaí.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

Gljáð hátíðarlamb
MEÐ PISTASÍUHNETUM, HUNANGI, ANANAS OG RAUÐUM PERLUM

FYRIR 10-12 MANNS
2 lambalæri
4 dl hunang, 4 dl vatn
200g pistasíuhnetur
krydd á hnífsoddi: Malaðar kardímommur, kanill, pipar, malað og ristað kúmen, karrí,
10 msk hakkaður eða saxaður ananas, 1 msk sjávarsalt,
1 msk heill rósapipar (rauðar perlur)

Eplaturn á blöðrukáli
12 epli, hangikjöt 2-3 sneiðar í hvert epli, 400 g rjómaostur,
2 msk rifin piparrót, 2 msk hunang,
3-4 greinar fersk mynta, smjör, sykur og blöðrukál

Trönuberjasósa
1 l trönuberjasafi, kanilstöng,
1 l kjötsoð, 2 dl rauðvín,
100 g trönuber

Skerið gróft munstur í lærið í líkingu við taflborð. Nuddið með salti og pipar. Bakið við 180 °C í 20 mín. Takið lærið út og látið standa í 15-20 mín. Saxið pistasíuhnetur (ekki of smátt). Sjóðið vatn og hunang í potti ásamt kryddi. Setjið pistasíur og sjávarsalt útí í lokin. Dreifið helmingnum ofan á lærið og bakið lærið áfram í 30 mín. eða þar til kjarnhiti er orðinn 58-61°. Leyfið lærinu að hvíla í minnst 10 mín. Smyrjið svo með afganginum af vökvanum og berið fram.

Eplaturn á blöðrukáli (1 turn á mann)
Skerið toppinn af epli, kjarnhreinsið og skerið restina í þrjár til fjórar sneiðar og steikið í smjöri og smá sykri. Blandið saman rjómaosti, piparrót, hunangi og saxaðri myntu og smyrjið á 3 eplasneiðar. Leggið hangikjöt á milli og raðið upp, efst kemur eplalokið með stöngli. Einnig má setja salat með.

Skerið blöðrukálið hringlaga og sjóðið í saltvatni í 3 mín. Snöggkælið og hitið svo upp með góðri olíu.

Trönuberjasósa
Sjóðið niður safa og vín með kanilstöng þar til 1/3 er eftir af vökvanum, bætið kjötsoði við og sjóðið áfram þar til góðu bragði er náð. Bætið trönuberjunum í sósuna rétt áður en borið er fram. Sjóðið ekki.

LAMBAKJOT.IS

UMVAFIN TRÚ

EMBRACING FAITH

VATNAFÓLKIÐ * REGÍNA * MEDALÍA©

Söluaðilar skartgripa:

Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71 | Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7, Reykjavík | Saga Shop

Epal Design, Flugstöð Leifs Eiríkssonar | Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður, Akranesi | Gullsmiðir S&P, Akureyri

Hótel: Hilton Reykjavik Nordica | Reykjavik Natura Icelandair Hotels | Radison Blu Saga Hotel

Hluti af ágóða rennur til Amnesty International

Ljósmynd: Brian Griffin fyrir sýninguna College des Bernardins Paris 2010 Umvafin Trú® Embracing Faith® © 2011 Brynja Sverrisdóttir

670 925

Þjónustuaðili: Gullsmíðaverslun Hjálmars Torfasonar, Laugavegi 71, sími 5521550

EMBRACING FAITH®

BRYNJA

Kærastinn sjö árum yngri en Cheryl

Breska söngkonan Cheryl Cole er greinilega búin að jafna sig á sambandsslitunum við knattspyrnukappann Ashley Cole, en blaðið The Sun hermir að hún sé byrjuð með upptökustjóranum Patrizio Pigliapoco. Hann er 21 árs gamall og því sjö árum yngri en Cole.

Parið kynntist þegar Pigliapoco stjórnaði upptökum Cole vestanhafs og segir The Sun þau vera ástfangin upp fyrir haus. Cole hefur enn ekki staðfest sögusagnirnar.

BROSIR BREITT Cheryl Cole er byrjuð með upptökustjóranum Patrizio Pigliapoco samkvæmt The Sun. NORDICPHOTOS/GETTY

TVEIR TÖFFARAR Egill Jónsson og Ari Freyr Kristinsson sáu Pollapönk.

STUÐ Miriam Daníelsdóttir, Elínóra Kristjánsdóttir og Hjörvar Óli Kristjánsson.

KRAKKARNIR SÁU POLLAPÖNK

Hljómsveitin Pollapönk fagnaði útgáfu nýjustu plötu sinnar Aðeins meira Pollapönk með tónleikum í Salnum í Kópavogi á dögunum.

Útgáfutónleikar Pollapönks heppnuðust mjög vel og var fjöldi barna jafnt sem fullorðinna á meðal gesta. Aðeins meira Pollapönk inniheldur tólf frumsamin lög sem eru ætluð öllum aldurshópum. Lögin Ættarmót og Hananú hafa nú þegar náð vinsældum.

GAMAN Sigríður Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Ingibjörg Kristmundsdóttir, Ragnheiður Kristín Þórðardóttir og Sigrún Þorsteinsdóttir skemmtu sér vel á tónleikunum.

FJÖLSKYLDUSTEMNING Sigríður Eir Guðnadóttir, kona Pollapönkarans Haraldar Freys Gíslasonar, ásamt svilkonu sinni Láru Rúnarsdóttir, sem er gift Pollapönkaranum Arnari Þór Gíslasyni, bróður Haraldar Freys. Hérna eru þær með dætrum sínum Huld Haraldsdóttur, Hrönn Haraldsdóttur og Emblu Guðríði Arnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HIN FJÖGUR FRÆKNU Ása Jenný Ágústdóttir, Ásta Katrín Ágústsdóttir, Álfrún Tinna Guðnadóttir og Albert Arnarson ætluðu sko ekki að missa af tónleikunum.

Í STUÐI Stefanía Dís Oddgeirsdóttir, Katla Björt Oddgeirsdóttir, Arnar Ari Hauksson, Viktor Orri Oddgeirsson og Guðmundur Róbert Oddgeirsson voru í stuði á tónleikunum.

POLLAPÖNKARI Haraldur Freyr Gíslason söng lög af nýju plötunni.

Tónlist ★★★★

Land míns föður
Einar Scheving

Sannkallaður gæðagripur

Land míns föður er önnur sólóplata trommuleikarans Einars Scheving. Sú fyrri, Cycles, var instrúmental djassplata með frumsömdu efni. Flott plata sem fékk m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin. Land míns föður er ólík, þó að djassinn sé áfram grunnurinn. Á henni eru bæði þekkt íslensk þjóðlög og lög eftir Einar, flest við ljóð þekktra íslenskra skálda.

Platan er tileinkuð föður Einars, Árna Scheving, sem lést árið 2007, en hann var mikils metinn tónlistarmaður. Um leið er platan óður til lands og þjóðar. Á henni koma fram, auk Einars, hljóðfæraleikararnir Skúli Sverrisson, Óskar Guðjónsson, Eyþór Gunnarsson, Davíð Þór Jónsson og Guðmundur Pétursson og söngvararnir Egill Ólafsson, KK, Ragnheiður Gröndal, Raggi Bjarna, Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius. Einvala lið.

Þetta er sannkölluð gæðaplata. Tónlistin er mjög vönduð, bæði útsetningar og flutningur, og það sama má segja um umslagið og plötubæklinginn. Platan rennur vel í gegn, á hægu tempói. Á henni eru mörg flott lög, eiginlega hvergi veikur punktur. Mitt uppáhaldslag er samt Stríðið, sem Einar samdi við ljóð Halldórs Laxness og Egill Ólafsson syngur af mikilli tilfinningu.

Á heildina litið flott þjóðleg djassplata. **Trausti Júlíusson**

Niðurstaða: Einar Scheving fer á kostum ásamt einvala liði tónlistarfólks.

Geir vinsæll á netinu

Rúm ellefu þúsund manns hafa séð myndband Geirs Ólafssonar við lagið Við hoppum af nýrri barnaplötu hans, Amma er best.

Aðspurður segir Geir viðbrögðin meiri en hann bjóst við. „Yfirleitt gerir maður myndbönd svona til gamans. En það er bæði gaman að fólk hefur skoðanir á myndbandinu og líka laginu. Það er kominn 51 sem líkar þetta og 17 sem mislíkar, þannig að það er töluverður munur. Það er gaman líka að sjá „statusana" á Youtube því það er að fá áhorf annars staðar í heiminum líka," segir Geir og á við Bandaríkin. „Það er dálítið skemmtilegt en við erum fyrst og fremst að hugsa um íslenska markaðinn og það sem við erum að gera hér."

SÁTTUR Geir Ólafsson er ánægður með viðtökurnar við nýja myndbandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Öll lögin á Amma er best eru eftir Guðmund Rúnar Lúðvíksson. Leikstjóri myndbandins var Friðrik Grétarsson og var það María Rut, ellefu ára dóttir hans, sem myndskreytti það. **- fb**

Jóla-
skósprengjan

50% afsláttur

Opið

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

LIPUR DANSARI Ballett er góð jafnvægis- og styrktarþjálfun. Það veit Ryan Gosling. NORDICPHOTOS/GETTY

Ballerína í frístundum

Hjartaknúsarinn Ryan Gosling heldur áfram að heilla kvenþjóðina og mætir þessa dagana reglulega í ballettkennslu. Að sögn einkakennara hans er leikarinn ekki að undirbúa sig fyrir hlutverk, heldur dansar hann ballett eingöngu ánægjunnar vegna.

Gosling er víst mjög hæfileikaríkur dansari og hefur orðið betri í uppáhaldsíþrótt sinni, körfubolta, eftir að tímarnir hófust. Hann æfir ballettsporin iðulega í körfuboltabuxum og fær fyrir vikið margar augngotur.

Ballettinn er bara einn þáttur í því að halda Gosling uppteknum, en hann hefur viðurkennt að þurfa alltaf að hafa nóg fyrir stafni til þess að geta haft ánægju af lífinu.

Blogga um hugmyndir og hönnun

Systurnar Anna Kristrún og Björg Gunnarsdætur halda úti blogginu Overonecoffee.com en þar er að finna fallega hönnun og sniðugar lausnir í hversdeginum. Bloggið er mjög vinsælt og fær um þrjú þúsund flettingar daglega.

„Nafnið kom til vegna þess að bloggið er eitthvað sem maður dundar sér við að skoða yfir einum kaffibolla," segir Anna Kristrún Gunnarsdóttir verkefnastjóri sem heldur úti blogginu Overonecoffee.com ásamt systur sinni Björgu Gunnarsdóttur, margmiðlunarhönnuði.

Systurnar byrjuðu með bloggið í haust en það er vinsælt og á einum mánuði eru flettingar um 26 þúsund. Bloggið er því farið að taka meiri tíma en þær bjuggust við og ýmsar hugmyndir komnar upp um framhaldið. En af hverju byrjuðu þær að blogga?

„Við vorum báðar komnar með stútfullar möppur af myndum með fallegri hönnun og lausnum af internetinu sem við vissum ekki hvað við ættum að gera við. Björk er margmiðlunarhönnuður og gerði þessa síðu fyrir okkur en við deilum einskærum áhuga á hönnun, föndri og lausnum. Það má því segja að við höfum stofnað bloggið til að halda hugmyndum til haga og beina fólki inn á falleg blogg sem við sjálfar lesum," segir Anna en hún er í fæðingarorlofi með sitt þriðja barn og staðfestir að hún ráðist yfirleitt í framkvæmdir á borð við bloggið þegar hún er í orlofi.

Systurnar blogga á ensku til að ná til fleiri lesenda en á blogginu má meðal annars finna fönduruppskriftir, hönnun fyrir börn og tísku en Björg er að klára sveinspróf í kjólasaum og stefnir á áframhaldandi nám í fatahönnun.

Systurnar ákváðu að hafa samband við íslenska hönnuði í desember og hafa eins konar happdrætti á blogginu á íslenskri hönnun og handverki. „Fyrst ætluðum við að hafa þetta svona aðventugjöf og höfðum samband við nokkra hönnuði," segir Anna en eftirspurnin var mikil og aðventudagatalið er orðið jóladagatal þar sem einn heppinn lesandi fær gjöf á hverjum degi. „Þetta hefur lagst vel í lesendur enda gaman að fá eitthvað fallegt. Við erum með ýmsar hugmyndir í kollinum varðandi það að gera meira úr blogginu en það verður bara að koma í ljós."

> Við erum með ýmsar hugmyndir í kollinum varðandi það að gera meira úr blogginu en það verður bara að koma í ljós.
>
> **ANNA KRISTRÚN GUNNARSDÓTTIR**
> VERKEFNASTJÓRI

alfrun@frettabladid.is

HUGMYNDARÍKAR Systurnar Björg og Anna Kristrún Gunnarsætur deila einskærum áhuga sínum á hönnun með lesendum bloggsins overonecoffee.com. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

X-MAS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA

ÓKEYPIS RÚTUR HEIM
Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrannasveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið.
Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi.
Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.

MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Á *midi.is*
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

KLAUFI Charlie Sheen veitti aðdáendum sínum óvæntan aðgang að sér á dögunum.

Sheen birti númerið sitt

Leikarinn Charlie Sheen lenti í smá vandræðum með samskiptasíðuna Twitter á dögunum. Sheen ætlaði að senda einkaskilaboð til Justins Bieber sem innihélt símanúmerið hans, en birti skilaboðin óvart fyrir allra augum.

Sheen er með um 5,5 milljónir áhangenda á Twitter, sem fylgjast með hverju skrefi hans á vefsíðunni. Sheen uppgötvaði mistökin og fjarlægði skilaboðin skömmu eftir að þau birtust. Hann komst þó ekki hjá því að fá um 1.800 sms-skilaboð frá æstum aðdáendum sem sáu símanúmerið.

Sheen neyðist að öllum líkindum til að skipta um símanúmer, en hann náði engu að síður að hafa gaman að mistökunum. Samkvæmt breska dagblaðinu Daily Mail svaraði hann nokkrum sinnum í símann og kynnti sig sem starfsmann pitsustaðar.

Jessica alltaf grátandi

Söngkonan bandaríska Jessica Simpson grætur þessa dagana af minnsta tilefni. Ástæðan er sú að hún gengur með sitt fyrsta barn, og segir að óléttan geri það að verkum að hún tárist yfir öllu og engu. „Biti af frábærri súkkulaðiköku myndi jafnvel geta grætt mig," var haft eftir söngkonunni í viðtali á dögunum. Simpson og unnusti hennar, Eric Johnson sem leikur í bandarísku NFL-deildinni, eru mjög hamingjusöm saman og hlakka til að fá frumburðinn í hendurnar. „Ég fann það hreyfa sig í fyrsta sinn um daginn og hágrét yfir því. Þetta var eitt það besta sem ég hef upplifað um ævina," sagði Simpson, sem á von á sér í vor.

LJÓMAR Jessica Simpson borðar nær eingöngu hnetusmjörssamlokur og salt þessa dagana.

Gísli Pálmi í Hörpu

„Þau neyddu mig til að spila þarna, ég þverneitaði fyrst," segir rapparinn Gísli Pálmi í léttum dúr.

Gísli Pálmi kemur fram í Kaldalónssal Hörpunnar á föstudag. Hljómsveitin Dream Central Station kemur einnig fram, en í henni eru meðal annars meðlimir hljómsveitarinnar sálugu Jakobínurínu. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.30.

Gísli Pálmi nýtur vaxandi vinsælda og lét Sölvi Blöndal, forsprakki Quarashi, meðal annars hafa eftir sér á dögunum að Gísli væri framtíðin í íslensku hipphoppi og það besta sem hann hefði heyrt í langan tíma.

Gísli kom síðast fram á troðfullum Gauki á Stöng í nóvember. Hann er búinn að vera eftirsóttur síðan þá, en það er varla til það nemendafélag sem hefur ekki beðið hann um að spila á próflokadjammi sínu, án árangurs.

Tónleikar Gísla Í Hörpunni vara í allt að hálftíma, sem einhverjum gæti þótt stuttur tími. „Það er stutt fyrir eyrað að heyra, en fyrir mér eru það öll lögin mín og 20 lítrar af svita," segir Gísli.

Í HÖRPUNNI Gísli Pálmi hefur verið eftirsóttur undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SAMBÍÓIN SAMbio.is

FLOTT Í SKÓINN
VOUCHER Í BÍÓ
KAUPTU Á NETINU OG FÁÐU SENT Í TÖLVUPÓSTI
SAMbio.is

KLIKKAÐASTA GRÍNMYND ÁRSINS
A VERY HAROLD & KUMAR 3D CHRISTMAS
100/100
Merrily outrageous, over-the-top fun.
Entertainment Weekly

FRÁBÆR TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
PUSS IN BOOTS 3D

A GOOD OLD FASHIONED ORGY
TRESPASS
HAPPY FEET TWO
sýnd með íslensku og ensku tali
Every step counts.

ÁLFABAKKA

HAROLD AND KUMAR Ótextuð	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali	kl. 5:50	3D	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali	kl. 5:50	2D	L
PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali	kl. 10:10	3D	L
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8	2D	16
HAPPY FEET 2 m/ísl.tali	kl. 5:40	2D	L
TWILIGHT : BREAKING DAWN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	12
TWILIGHT : BREAKING DAWN VIP	kl. 9:20	2D	VIP
THE HELP	kl. 8	2D	L
TOWER HEIST	kl. 8 - 10:20	2D	12
THE INBETWEENERS	kl. 10:45	2D	12

AKUREYRI

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl.tal	kl. 6	3D	L
A VERY HAROLD AND KUMAR CHRISTMAS	kl. 8 - 10	3D	16
HAPPY FEET TWO	kl. 6	2D	L
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 8	2D	12
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10	2D	L

EGILSHÖLL

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali	kl. 5:40 Í 3D og 2D		L
VERY HAROLD & KUMAR XMAS ÓTXT.	kl. 5:40 - 8 - 10:30	3D	16
HAPPY FEET TWO m/ísl.tali	kl. 5:40	3D	L
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8 - 10:30	2D	12
SEEKING JUSTICE	kl. 10:10	2D	16
A GOOD OLD FASHOINED ORGY	kl. 8	2D	16

KRINGLUNNI

HAROLD AND KUMAR Ótextuð	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali	kl. 5:50	3D	L
PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali	kl. 8	3D	L
TRESPASS	kl. 8 - 10:10	2D	16
HAPPY FEET 2 m/ísl.tali	kl. 5:40	3D	L
TWILIGHT : BREAKING DAWN	kl. 10:10	2D	12

KEFLAVÍK

HAROLD AND KUMAR Án texta	kl. 8 - 10:10	3D	16
THE HELP	kl. 7:30	2D	L
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10:20	2D	16

SAMbio.is

Leikstjórinn Reynir Lyngdal gefur sér stund milli stríða til ræða málin, vel dúðaður fyrir átökin næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hilmar Jónsson var reffilegur í hlutverki lögreglumanns.

Helgi Björns flottur í björgunarsveitarbúningi

Tökur á kvikmyndinni Frost eru hafnar en myndin er fyrsta sci-fi kvikmyndin sem gerð er á Íslandi. Tökuliðið lagði undir sig húsnæði Björgunarsveitar Kópavogs við Kópavogsbryggju og þar voru ræstir stórir trukkar og björgunarsveitarlið. Myndin gerist að nokkru leyti uppi á Langjökli en lítið hefur verið gefið upp um söguþráðinn, enda er það nánast regla í sci-fi-myndaheiminum. Leikstjóri er Reynir Lyngdal en handritið skrifar Jón Atli Jónasson. Með aðalhlutverkin fara þau Björn Thors, Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Helgi Björnsson og Hilmar Jónsson.

Það fór vel á með leikstjóranum Reyni Lyngdal og leikaranum Helga Björns í morgunsárið.

Þegar tökur á kvikmynd eru annars vegar þarf allt að ganga upp og allir að ganga í takt.

Helgi Björnsson tekur sig bara nokkuð vel út í björgunarsveitargallanum.

Fagnar 30 ára afmæli með plötu

Metallica hefur gefið út EP-plötuna Beyond Magnetic í tilefni þrjátíu ára afmælis hljómsveitarinnar.

Þar eru fjögur áður óútgefin lög sem komust ekki á síðustu hljóðversplötu, Death Magnetic, sem kom út 2008. Þau nefnast Hate Train, Just a Bullet Away, Hell and Back og Rebel of Babylon.

Metallica fagnaði stórafmælinu með fernum tónleikum í heimaborg sinni San Fransisco í síðustu viku og þar spilaði sveitin eitt nýtt lag á hverjum tónleikum. Gamlir meðlimir komu fram sem gestir, eða upphaflegi gítarleikarinn Dave Mustaine sem hefur verið forsprakki Megadeath, og upphaflegi bassaleikarinn Ron McGovney. Var þetta í fyrsta sinn frá árinu 1982 sem þeir spiluðu með Metallica.

Annar fyrrverandi bassaleikari, Jason Newsted, var einnig meðal gesta en hann hætti í hljómsveitinni árið 2001 í nokkru fússi.

Einnig komu fram á tónleikunum Lou Reed og meðlimir Black Sabbath, Lynyrd Skynyrd, Judas Priest, Alice In Chains og Faith No More.

Síðan Metallica var stofnuð árið 1981 hefur hún selt yfir eitt hundrað milljónir platna og verið ein vinsælasta rokksveit heims.

ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI Hljómsveitin Metallica er þrjátíu ára um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D
ÞYRNIRÓS
L LÚXUS
L ROYAL OPERA HOUSE LONDON midi.is
16 LÚXUS
L midi.is
L 92% ROTTENTOMATOES midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D	KL. 3.40 - 5.50	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D LÚXUS	KL. 3.40 - 5.50	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 2D	KL. 3.30	L
PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA	KL. 8	L
PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA LÚXUS	KL. 8	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40 - 5.50	L
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM	KL. 3.40	L
BLITZ	KL. 10.10	16
BLITZ LÚXUS	KL. 10.10	16
IMMORTALS 3D	KL. 10.20	16
JACK AND JILL	KL. 10.10	L
ÆVINTÝRI TINNA 3D	KL. 5.40 - 8	7

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%

CINDRELLA - BEIN ÚTSENDING	KL. 19:30	
TROPA DE ELITE	KL. 8 - 10.30	16
IMMORTALS 3D	KL. 10.30	16
JACK AND JILL	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
IN TIME	KL. 8 - 10.30	12
ELDFJALL	KL. 5.45	L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

THE RUM DIARY	KL. 8 - 10.10	12
BLITZ	KL. 6	16
MONEYBALL	KL. 8 - 10.20	L
JACK AND JILL	KL. 6	L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
ÍSLENSKT OG ENSKT TAL
ÍSLENSKT TAL

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE RUM DIARY	8, 10.30
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D	6
PUSS IN BOOTS 3D ENS TAL	6 - ÓTEXTUÐ
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	6
BLITZ	8, 10
IMMORTALS 3D	8, 10.15

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
FIMMTUDAGUR: HKL 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 22:00
SL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!
HKL ANTI-AMERICAN WINS NOBEL PRIZE
VERÐLAUNAMYNDIN Á ANNAN VEG
Heim um jólin NÝJÓLA-KLASSÍK!
WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN

TILBOÐ DAGSINS

50% AFSLÁTTUR

KÍKTU Á TILBOÐ DAGSINS INNI Á www.office1.is

TILBOÐ 1.745kr.

Verð áður: ~~3.490 kr.~~

MIKIÐ ÚRVAL AF SKEMMTILEGUM JÓLAGJÖFUM

ALLTAF OPIÐ Í SKEIFUNNI

Office 1

OPIÐ 24 TÍMA



HELENA SVERRISDÓTTIR bætti sinn besta persónulega árangur í Meistaradeildinni í körfubolta í gær þegar hún var með níu stig í 106-66 stórsigri Good Angels Kosice á króatíska liðinu Gospic. Helena var auk stiganna með 6 fráköst, tvær stoðsendingar og tvo stolna bolta á tæpum fimmtán mínútum.. Hún hafði áður mest skorað fimm stig í einum leik í Meistaradeildinni. Good Angels Kosice á góða möguleika á því að komast í 16 liða úrslitin.

HÓLMFRÍÐUR Aftur á leið til Bandaríkjanna en hún spilaði með Val á seinni hluta tímabilsins í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

WPS-deildin fékk grænt ljós:

Spilað verður í Bandaríkjunum

FÓTBOLTI Landsliðskonurnar Hólmfríður Magnúsdóttir og Katrín Ómarsdóttir eru á leið til bandaríska atvinnumannaliðsins Philadelphia Independence. Þetta varð ljóst í gær eftir að WPS-deildin fékk leyfi stjórnar bandaríska knattspyrnusambandsins til að vera áfram efsta deild bandarískra kvennaboltans.

Þetta verður þriðja tímabil Hólmfríðar með liðinu en Katrín hefur ekki spilað áður í deildinni. Hún er nú í námi í Kaliforníu en þær æfðu báðar með liðinu á dögunum og var báðum boðinn samningur. Þetta staðfesti Hólmfríður í samtali við Fréttablaðið.

Þó munu aðeins fimm lið taka þátt og öll verða staðsett á austurströndinni – í Philadelphia, Atlanta, Boston, New York og New Jersey. WPS-deildin var stofnuð árið 2007 og sjö lið tóku þátt fyrsta tímabilið sem var reyndar ekki fyrr en 2009. Flest tóku þátt í fyrra, átta talsins, en aðeins sex í ár. „Það verður spiluð þreföld umferð og svo lýkur tímabilinu með úrslitakeppni. Þetta eru vissulega fá lið en vel þess virði – það besta sem ég hef upplifað er að spila fótbolta í Bandaríkjunum," sagði Hólmfríður.

Bandaríska sambandið setti það sem skilyrði að fjölga þurfi liðum á næstu árum til að deildin fái áfram að starfa. Keppnistímabilið hefst í apríl og stendur yfir í fimm mánuði. **- esá**

Fimmtíu sekúndna bæting á einu ári

Nýjasta nafnið í sundinu á Íslandi er Ægiringurinn Anton Sveinn McKee, sem hefur bætt sig ótrúlega mikið á einu ári. Anton vann fjögur gull á Norðurlandamóti unglinga um helgina og bætti meðal annars ellefu ára met Arnar Arnarsonar í 800 metra skriðsundi. Anton á nú öll Íslandsmetin í langsundunum.

SUND Óhætt er að segja að hinn 18 ára gamli Anton Sveinn McKee hafi stigið stór og söguleg skref á árinu 2011. Hann hefur bætt sig gríðarlega á árinu og sló „eldgömul" met í 1.500 metra skriðsundi í bæði 25 og 50 metra laug. Hápunkturinn var þó um helgina þegar hann var næstum því búinn að synda 1.500 metrana á undir fimmtán mínútum og stóð alls fjórum sinnum efstur á palli sem Norðurlandameistari í sínum aldursflokki.

Nýja tæknin svínvirkaði

„Við ætluðum að toppa þarna og það tókst. Ég bjóst ekki við að synda svona hratt í 1.500 metrunum. Við vorum að þróa nýja tækni og hún bara svínvirkaði. Ég bætti mig mjög mikið og náði næstum því að rjúfa fimmtán mínútna múrinn. Það kemur bara næst. Ég var sáttur við bætinguna í 1.500 metrunum og eftir að ég náði því var bara gaman að synda allt hitt," sagði Anton, sem sér ekki eftir tímanum sem fer í sundið. „Þetta tekur sinn tíma. Ég er að fórna ýmsu fyrir þetta en ég fæ líka mikið í staðinn, eins og þessa helgi sem dæmi," segir Anton.

Fyrir einu ári vann Anton Sveinn til silfurverðlauna í 1.500 metra skriðsundi á Norðurlandamóti unglinga og kom þá í mark á 15:52.17 mínútum, sem var bæting á hans besta tíma. Tólf mánuðum síðar átti enginn möguleika í Anton Svein í úrslitasundinu á NMU, þar sem hann synti 1.500 metrana á 15:01,35 mínútum og bætti sitt eigið Íslandsmet um 22,62 sekúndur. Anton hafði tekið ellefu ára Íslandsmet af Erni Arnarsyni á Íslandsmeistaramótinu á dögunum en sló nú í leiðinni annað ellefu ára Íslandsmet Arnar í 800 metra skriðsundi. „Norsku og dönsku þjálfurunum þótti mikið til þess koma hvað hann er búinn að bæta sig mikið á stuttum tíma," sagði þjálfari hans, Jacky Pellerin.

Góð fyrirmynd í Jakobi

Anton segist hafa góða fyrirmynd með sér í Ægi. „Jakob (Jóhann Sveinsson) er rosalega flottur sundmaður og það er ekki hægt annað en að líta upp til hans. Hann er bæði mikil fyrirmynd í sundlauginni en líka hvernig hann hagar sínu lífi utan hennar. Það er hægt að læra mikið af honum. Kannski verð ég í þessu jafnlengi og Kobbi," segir Anton í léttum tón, en hann fylgist líka vel með uppgangi sundmanns frá Færeyjum. „Færeyingurinn Pál Joensen er alltaf flott fyrirmynd. Hann er rosalega flottur langsundmaður. Hann er að koma sterkur upp og er farinn að stimpla sig inn með bestu langsundmönnum í heimi. Það er gaman að geta litið upp til frænda síns úr Færeyjum," segir Anton.

> Ég bætti mig mjög mikið og náði næstum því að rjúfa fimmtán mínútna múrinn. Það kemur bara næst.
>
> **ANTON SVEINN MCKEE**

Jacky sá þetta á undan mér

Anton er fæddur árið 1993 og segist hafa valið sundið þegar hann var krakki. Hann var þó aldrei viss um að geta náð svona langt fyrr en þjálfari hans sagði það. „Við erum með góðan þjálfara og það hjálpar mikið. Hann kann þetta alveg og hefur þjálfað marga Ólympíufara. Hann er reynslubolti og kröfuharður eins og allir alvöru þjálfarar. Jacky var búinn að sjá það á undan mér að ég gæti náð langt. Hann sagði mér að ég gæti þetta og svo gerðist það allt. Síðasta ár er búið að vera mjög gott," segir Anton um hinn franska þjálfara sinn Jacky Pellerin.

„Það var rosalega gaman að taka metið hans Arnar um helgina. Maður nær oftast metinu í 800 metrum með 1.500 metrunum. Ég náði því ekki á Íslandmeistaramótinu en náði því núna," segir Anton og fram undan eru spennandi tímar.

Þarf að bæta sig um 30 sekúndur

„Það er markmiðið núna að komast inn á Ólympíuleikana. Við erum að fara í æfingabúðir á Flórída og ætlum að æfa þar á fullu til þess að reyna að komast eins nálægt Ólympíulágmörkunum og hægt er. Vonandi náum við því," segir Anton, en kunnugir eru bjartsýnir eftir árangur helgarinnar enda er Anton jafnvel betri í löngu brautinni en þeirri stuttu.

„Ég er núna 30 sekúndum frá lágmarkinu en í 25 metra lauginni bætti ég mig um 50 sekúndur á einu ári þannig að ég gæti náð þessu. 30 sekúndur eru mikið en ég vona það besta," segir Anton.
ooj@frettabladid.is

FJÖGUR GULL UM HÁLSINN Anton Sveinn McKee var sigursælasti íslenski sundmaðurinn á Norðurlandamóti unglinga með fjögur gull og sjö verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Þau munu bæði komast á ÓL í London

Frakkinn Jacky Pellerin þjálfar bæði Anton Svein McKee og Eygló Ósk Gústafsdóttur sem unnu samanlagt sjö gull og settu saman fjögur Íslandsmet á Norðurlandamóti unglinga um helgina. Hann er mjög bjartsýnn á frekari bætingar hjá þeim báðum sem og sæti á Ólympíuleikunum í London á næsta ári.

„Þau geta bæði bætt sig meira. Aðalmarkmiðið hjá Eygló núna er að ná að synda 200 metrana á 2:10 í löngu lauginni og ná A-lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana og fyrir Anton að ná að synda 1500 metrana á 15:15 í löngu brautinni sem myndi líka nægja honum til að komast inn á Ólympíuleikana," segir Jacky Pellerin.

„Ég er sannfærður um að þau komast bæði á Ólympíuleikana í London og er alveg til í að veðja við þig um það," bætir Pellerin við án þess að hika.

„Við Eygló höfum sett stefnuna á að hún komist 200 metra baksund á 2:04 eða jafnvel fljótar og fyrir Anton að vera í kringum 14:45 í 1500 metrunum. Ég sagði við þau eftir sundin þeirra um helgina: Þetta var gott hjá okkur en þið getið gert enn betur," sagði Pellerin.

Aron Pálmarsson skoraði fimm mörk þegar Kiel vann 39-28 sigur á Füchse Berlin í þýska bikarnum í gær:

Alfreð sló Dag út úr bikarnum þriðja árið í röð

HANDBOLTI Alfreð Gíslason hafði betur gegn Degi Sigurðssyni í 16 liða úrslitum þýska bikarsins í Berlín í gærkvöldi og sló þar með landa sinn út úr bikarnum þriðja árið í röð. THW Kiel vann Füchse Berlin örugglega 39-28 og tryggði sér sæti í átta liða úrslitunum. Kiel er ríkjandi bikarmeistari og hefur unnið þýska bikarinn fjórum sinnum á síðustu fimm árum. Kiel vann Füchse í átta liða úrslitunum í fyrra og í 2. umferð árið á undan.

Aron Pálmarsson átti fínan leik og skoraði fimm mörk fyrir Kiel en þeir Momir Ilic og Kim Andersson voru markahæstir með sjö mörk hvor. Alexander Petersson skoraði fjögur mörk fyrir Füchse en þeir Bartlomiej Jaszka og Ivan Nincevic voru markahæstir með fimm mörk hvor.

Kiel tók strax frumkvæðið í jöfnum fyrri hálfleik og var á endanum með 17-14 forystu í hálfleik. Füchse minnkaði muninn í eitt mark 15-14, en Kiel-liðið skoraði tvö síðustu mörk hálfleiksins. Aron skoraði annað þeirra marka og var með tvö mörk í fyrri hálfleiknum en Alexander skoraði eitt mark í fyrri hálfleik.

Füchse skoraði fyrsta mark seinni hálfleiks og minnkaði muninn í tvö mörk en Kiel svaraði með þremur mörkum í röð og leit aldrei til baka eftir það.

Kiel hefur nú unnið alla nítján leiki sína í deild (16) og bikar (3) á tímabilinu. **- óój**

SÆTIÐ TRYGGT Alfreð Gíslason og Aron Pálmarsson fagna. NORDICPHOTOS/BONGARTS

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

„Stórvirki!

... Einhver besta og mikilvægasta skáldsaga síðari tíma á Íslandi. Hallgrímur Helgason er snillingur.“ FREYR EYJÓLFSSON / RÁS 2

2. PRENTUN
KOMIN Í BÚÐIR

JPV ÚTGÁFA

★★★★★

„Nánast hver einasta setning er þannig að mann langar til að leggja hana á minnið ...“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„... afburðasnjall stílisti ...“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

★★★★

„Mögnuð skáldsaga um einhverja eftirminnilegustu persónu sem íslenskar bókmenntir hafa alið.“
FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„... sprúðlandi fyndin bók.“
EGILL HELGASON / KILJAN

„... full af fjöri og andagift ...“
INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / BOKMENNTIR.IS

„... besta bók hans síðan Höfundur Íslands kom út ...“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... maður getur ekki hætt að lesa.“
BRYNHILDUR ÓLAFSDÓTTIR / PRESSAN.IS

„... veigamesta og djúpskreiðasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar.“
ILLUGI JÖKULSSON / EYJAN.IS

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

ÚRSLIT Í GÆR

Iceland Express kv. í körfu

Hamar-Valur 68-73 (29-33)
Stig Hamars: Samantha Murphy 30, Katherine Virginia Graham 11, Kristrún Rut Antonsdóttir 8, Álfhildur Þorsteinsdóttir 8 (14 frák.), Jenný Harðardóttir 7, Sóley Guðgeirsdóttir 4.
Stig Vals: Melissa Leichlitner 26, Kristrún Sigurjónsdóttir 15, María Ben Erlingsdóttir 8(10 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 6, Berglind Karen Ingvarsdóttir 6, Signý Hermannsdóttir 4 Þórunn Bjarnadóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 2, María Björnsdóttir 2

KR-Haukar 58-70 (26-41)
Stig KR: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 17, Margrét Kara Sturludóttir 12, Helga Einarsdóttir 9, Bryndís Guðmundsdóttir 9, Erica Prosser 7, Hafrún Hálfdánardóttir 2, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2.
Stig Hauka: Hope Elam 20, Margrét Rósa Hálfdánardótir 16, Jence Ann Rhoads 10 (9 stoðs./5 stolnir), Guðrún Ósk Ámundardóttir 9, Íris Sverrisdóttir 9, Auður Ólafsdóttir 6

Snæfell-Keflavík 68-61 (37-24)
Stig Snæfells: Hildur Sigurdardóttir 16, Kieraah Marlow 15 (13 frák./6 stoðs.), Hildur Björg Kjartansdóttir 15 (8 frák./7 stoðs.), Alda Leif Jónsdóttir 13, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 6, Björg Guðrún Einarsdóttir 3
Stig Keflavíkur: Jaleesa Butler 21, Birna Valgarðsdóttir 17, Sara Rún Hinriksdóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 6 (8 frák./7 stoðs.) r, Sandra Lind Þrastardóttir 2, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Helga Hallgrímsdóttir 2.

Njarðvík-Fjölnir 60-68 (24-38)
Stig Njarðvíkur: Petrúnella Skúladóttir 21 (12 frák.), Salbjörg Sævarsdóttir 15, Ólöf Helga Pálsdóttir 7 (10 frák./5 stolnir), Emelía Ósk Grétarsdóttir 6, Sara Dögg Margeirsdóttir 5, Erna Hákonardóttir 4, Harpa Hallgrímsdóttir 2.
Stig Fjölnis: Brittney Jones 32 (13 stolnir), Erla Sif Kristinsdóttir 12, Birna Eiríksdóttir 8, Bergdís Ragnarsdóttir 7 (11 frák.) Katina Mandylaris 7 (17 frák.), Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2.

STAÐAN Í DEILDINNI:

Keflavík	**13**	**10**	**3**	**1046-928**	**20**
Njarðvík	13	9	4	1087-965	18
KR	**13**	**8**	**5**	**990-907**	**16**
Haukar	13	7	6	964-941	14
Snæfell	**13**	**7**	**5**	**886-904**	**14**
Valur	13	5	8	885-962	10
Fjölnir	**13**	**4**	**9**	**956-1075**	**8**
Hamar	13	2	11	887-1019	4

ÖLL TOPPLIÐIN TÖPUÐU

Það var mikið um óvænt úrslit í kvennakörfunni í gær því þrjú efstu liðin í deildinni töpuðu, þar af tvö þeirra, Njarðvík og KR, á heimavelli.

KÖRFUBOLTI Kvennakarfan hefur verið opin og skemmtileg í vetur og það sýndi sig og sannaði í leikjum gærkvöldsins þar sem þrjú efstu lið deildarinnar töpuðu sínum leikjum. Haukakonur fóru í DHL-höllina og unnu KR á sama tíma og Keflavík tapaði fyrir Snæfelli í Stykkishólmi og Fjölnir vann í Njarðvík.

Snæfell vann óvæntan 68-61 sigur á toppliði Keflavíkur í Stykkishólmi. Snæfellskonur eru gríðarlega öflugar á heimavelli og sönnuðu það enn á ný í þessum leik. Snæfellsliðið lagði grunn að forystu sinni með því að breyta stöðunni úr 5-5 í 18-7 í fyrsta leikhluta en Snæfell var síðan 21-11 yfir við lok fyrsta leikhlutans. Snæfellskonur bættu aðeins við í öðrum leikhluta og voru með þrettán stiga forskot í hálfleik, 37-24. Keflavík sótti að þeim í seinni hálfleiknum en Snæfell hélt út og vann sinn sjötta sigur í sjö heimaleikjum í vetur.

Haukakonur unnu tólf stiga sigur á KR, 70-58, í DHL-höllinni og hafa þar með unnið báða leiki sína á móti KR-konum í vetur. Liðin mætast síðan í 16 liða úrslitum bikarsins í byrjun janúar. Haukar eru nú aðeins tveimur stigum á eftir KR og með betri árangur í innbyrðisleikjum.

KR-konur byrjuðu leikinn vel, komust í 8-0 og voru 13-7 yfir þegar þrjár og hálf mínúta var eftir af fyrsta leikhlutanum. Haukaliðið skoraði átta síðustu stig leikhlutans, vann annan leikhlutann 26-13 og var því með fimmtán stiga forskot í hálfleik, 41-26. KR náði að minnka muninn í fjögur stig, 56-60, þegar sex og hálf mínúta var eftir en Haukar unnu lokakafla leiksins 10-2 og tryggðu sér glæsilega sigur.

FRAMHJÁ LITLU SYSTUR Guðrún Ósk Ámundadóttir, fyrirliði Hauka, fer hér fram hjá Margréti Köru Sturludóttur og systur sinni Sigrúnu Ámundadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Njarðvík átti því möguleika á því að taka toppsætið af Keflavík með sigri á Fjölni á heimavelli. Fjölnir vann hins vegar átta stiga útisigur í Njarðvík og hefur því unnið tvo leiki í röð og náð fjögurra stiga forskot á Hamar í fallbaráttunni. Njarðvíkurliðið var búið að vinna fjóra leiki í röð en liðið lék án bandarísku leikmannanna Shanae Baker-Brice og Lele Hardy og það munaði greinilega mikið um þær.

Valskonur áttu góðan endasprett í Hveragerði og tryggðu sér 73-68 sigur með því að vinna lokaleikhlutann 26-18. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hamarsliðið missir frá sér forystu í lokin og liðið hefur nú tapað sjö leikjum í röð. - óój

ÞÓRIR HERGEIRSSON Þjálfar norsku stelpurnar með frábærum árangri. AFP

HM kvenna í handbolta:

Þórir með Noreg í undanúrslitin

HANDBOLTI Noregur og Danmörk tryggðu sér sæti í undanúrslitum á HM kvenna í Brasilíu í gær eftir örugga sigra. Heimsmeistarar Rússa eru hins vegar úr leik eftir tap á móti Frökkum. Danir verða næstir til að mæta Frökkum sem hafa slegið út bæði Svía og Rússa.

Þórir Hergeirsson er að gera frábæra hluti með norska liðið sem hefur spilað betur með hverjum leik eftir tap á móti Þýskalandi í fyrsta leik.
Noregur vann öruggan 30-25 sigur á Króatíu eftir að hafa verið 16-12 yfir í hálfleik og náð mest tíu marka forystu (27-17) í seinni. Dönsku stelpurnar unnu 28-23 sigur á Angóla. Danska liðið, sem var nærri því dottið út fyrir Japan í 16 liða úrslitunum, byrjaði leikinn mjög vel og var 15-11 yfir hálfleik. Leikmenn Angóla gáfust ekki upp og náðu að breyta muninum úr 20-15 í 20-19 í seinni hálfeik. Þær dönsku voru sterkari á endasprettinum.

Frakkar unnu 25-23 sigur á Rússum en þær voru komnar í 24-19 þegar 10 mínútur voru eftir. Leik Brasilíu og Spánar í 8 liða úrslitum var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun. - óój

Fyllum hátíðina af samtölum
og sérblönduðu gæðakaffi.

GEVALIA
HELA BÖNOR
Ebony
MÖRKROST
NY!

GOTT KAFFI FÆR FÓLK TIL AÐ TALA

GEVALIA
HELA BÖNOR
NY! SYDITALIENSK ESPRESSO
500g

Gevalia gæðabaunir á svo hrífandi verði að þær tala sínu máli.
Veldu suður - ítalskar, kraftmiklar og djarfar eða
Ebony, brenndari með frábæru suðrænu eftirbragði.

REDKNAPP Alltaf að stinga upp á einhverju sniðugu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Harry Redknapp:

Vill prófa tvo aðaldómara

FÓTBOLTI Harry Redknapp, stjóri Tottenham, vill sjá fótboltann feta í fótspor handboltans og prófa að vera með tvo aðaldómara á vellinum. Redknapp trúir því að það muni fækka mistökum dómara.

Redknapp segist gera sér grein fyrir því að erfitt sé að gera svo róttækar breytingar en hann mælir með því að þetta fyrirkomulag verði prófað.

„Það má vel vera að ég verði óvinsælasti stjórinn í deildinni fyrir að stinga upp á þessu en ég tel að það sé góð hugmynd að bæta við öðrum aðaldómara," sagði Redknapp í pistli sínum í The Sun.

„Starf dómara er ekki auðvelt og það vita allir. Ég vil ekki gagnrýna þá og tel að það myndi fækka mistökum að bæta við dómara. Það er betra fyrir alla. Dómarar eru mannlegir og gera mistök eins og aðrir. Við eigum því að hjálpa þeim að fækka mistökunum." - hbg

Ashley Cole til Man. City:

Góða skemmtun á Stöð 5

FÓTBOLTI Það lak út í gær hvað Ashley Cole öskraði að leikmönnum Manchester City svo allt varð vitlaust í göngunum eftir leik Chelsea og Man. City.

Cole ku hafa öskrað: „Stöð 5, vonandi skemmtið þið ykkur vel þar á fimmtudögum" og var með því að gera grín að City fyrir að hafa ekki komist áfram í Meistaradeildinni.

City er aftur á móti í Evrópudeildinni og sú keppni er sýnd á hinni lítt vinsælu Stöð 5 í Englandi. Stuðningsmenn Chelsea sungu einmitt „Stöð 5" grimmt í leiknum til þess að stríða leikmönnum City. - hbg

Fernando Torres:

Sagður vera falur á gjafverði

FÓTBOLTI Daily Mail greindi frá því í gær að Chelsea væri til í að sætta sig við gríðarlegt tap út af Fernando Torres og ætlaði að selja hann á 20 milljónir punda í janúar.

Torres kom til Chelsea frá Liverpool í janúar síðastliðnum á 50 milljónir punda og hefur aðeins skorað þrjú mörk síðan.

Torres er dýrasti leikmaðurinn í sögu enska boltans en hefur sama og ekkert getað hjá Chelsea og félagið er búið að missa þolinmæðina gagnvart Spánverjanum.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að hressa Torres við og meðal annars vonuðust forráðamenn Chelsea til þess að koma landa hans, Juans Mata, myndi hjálpa til við að koma honum í gang en það hefur ekki gerst.

Torres er á háum launum og Chelsea er sagt vilja losna við baggann sem fylgir Torres og telur fullreynt að hann muni ekki gera nokkuð af viti fyrir félagið. - hbg

Messías lentur í Klettafjöllunum

NFL-leikstjórnandinn Tim Tebow er mjög óvænt orðinn ein stærsta stjarnan í bandarísku íþróttalífi. Þessi strangtrúaði drengur hefur þaggað niður í nær öllum sérfræðingum. Þeim finnst flestum að hann geti ekki neitt. Þrátt fyrir það framkallar Tebow kraftaverk í nær hverjum leik og getur ekki hætt að vinna.

NFL „Hver er þessi Tim Tebow?" Það er spurning sem ansi margir hafa verið að spyrja sig undanfarnar vikur. Tebow hefur komið eins og stormsveipur inn í NFL-deildina og þó svo að flestir sérfræðingar segi að hann geti lítið og hafi ekkert að gera í NFL-deildina er hann búinn að vinna sjö leiki af þeim átta sem hann hefur spilað í deildinni. Nú eru allt í einu farnar að heyrast raddir um að velji eigi leikmanninn þann besta í NFL-deildinni.

Lið Denver Broncos byrjaði leiktíðina hörmulega og vann aðeins einn af fyrstu fimm leikjum sínum. Tebow fékk tækifæri í fimmta leiknum og eftir það hefur gengi liðsins gjörbreyst þannig að Denver er búið að vinna síðustu sex leiki sína.

Í mörgum þeirra hefur Tebow alls ekki verið góður. Reyndar oft hreinlega mjög lélegur. Hann hefur samt ítrekað stigið upp í lokin og klárað leiki á lygilegan hátt. Einn leik vann hann þó svo að hann hefði aðeins klárað tvær sendingar í leiknum. Slíkt á ekki að vera hægt.

Kallaður „Mile High Messiah"

Hjá Tebow virðist allt vera hægt. Engin furða er að menn kalli hann kraftaverkamann og í Bandaríkjunum er nú talað um „Mile High Messiah", en Denver leikur sína leiki á Mile High, ekki fjarri Klettafjöllunum.

Þrír af þessum leikjum hafa unnist í framlengingu, en það er met í NFL-deildinni. Ekkert lið hefur áður unnið þrjá leiki í framlengingu á einu tímabili. Tebow þurfti ekki marga leiki til.

Leikir Denver með Tebow innanborðs eru ávísun á spennu og dramatík. Það er beðið eftir því að það fjari undan þessu ótrúlega gengi en Tebow virðist vart geta tapað.

Það er reyndar engin nýlunda hjá leikmanninum, sem á að baki farsælan feril í háskólaboltanum. Saga þessa unga manns er einnig einstök, en bakgrunnur hans er ólíkur bakgrunni annarra leikmanna í deildinni.

Foreldrarnir trúboðar og Tebow var kraftaverkabarn

Hinn 24 ára gamli Tebow er fæddur í borginni Makati á Filippseyjum, þar sem foreldrar hans sinntu trúboði. Faðir hans er prestur og móðir hans var alin upp við heraga enda dóttir ofursta í bandaríska hernum.

Hún veiktist afar illa er hún gekk með Tim og féll meðal annars í dá. Ástand hennar var svo slæmt að mælt var með því að hún færi í fóstureyðingu. Hún átti á hættu að deyja og búist var við því að barnið myndi fæðast andvana. Hún neitaði því. Má því segja að Tim sé kraftaverkabarn.

Hann er yngstur fimm systkina og ekkert þeirra gekk í grunnskóla. Þau voru í heimaskóla hjá móður sinni, þar sem trúin var einnig í fyrirrúmi. Þarf því ekki að koma á óvart að Tim sé mjög trúaður og fari reglulega með bænir í leikjum ásamt því að biðja fyrir og eftir leik.

„Tebow-reglan"

Á síðasta ári settu yfirmenn háskólaíþróttanna nýja reglu í lagasafn sitt. Hún er aldrei kölluð annað en „Tebow-reglan" enda sett á út af Tim Tebow.

Hún gengur út á að leikmenn megi ekki setja nein orð eða auglýsingar í andlitsmálninguna sína. Flestir iðkendur amerísks fótbolta setja svartar línur undir augun fyrir leiki að hermannasið.

Tebow gerði gott betur og skrifaði „John 3:16" í málninguna í einum leik. Í kjölfarið slógu 92 milljónir manna þessa setningu inn á Google-leitarvefinn. Tebow hélt áfram að setja vísanir í Biblíuna undir augun og alltaf tók Google stóran kipp.

Nokkuð er síðan yfirmenn NFL-deildarinnar settu slíka reglu hjá sér þannig að Tebow þarf að leita annarra leiða til þess að breiða út fagnaðarerindið.



ÞAGGAR NIÐUR Í EFASEMDARMÖNNUM Tim Tebow hefur unnið leiki á ótrúlegan hátt og er talað um kraftaverk í þeim efnum. Hann fær alvöru próf um næstu helgi er hann mætir Tom Brady. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Árið 1996 var reglum í Flórída breytt á þann hátt að krakkar í heimaskóla máttu stunda íþróttir með öðrum skólum. Þar opnaðist gluggi fyrir Tim, sem fór að spila ameríska fótbolta með framhaldsskólanum í hverfinu, en hann bjó þá í Jacksonville.

Vakti snemma athygli

Í fyrsta skólanum þar sem hann spilaði fékk hann ekki að vera leikstjórnandi og því skipti hann um skóla. Reyndar þurfti hann að flytja lögheimili sitt til þess að geta spilað með skólanum. Þegar hann byrjaði að fara á kostum þar risu deilur um hvort krakkar í heimaskólum mættu spila þar sem þeir vildu.

Strákurinn sýndi snemma hvað í honum bjó, en hann var þeim kostum gæddur að geta bæði kastað og hlaupið. Einnig vakti keppnisharka hans athygli, en hann lék eitt sinn heilan hálfleik fótbrotinn og spilaði vel. Hann var valinn besti framhaldsskólaleikmaður Flórída í tvígang og var í kjölfarið eftirsóttur af mörgum háskólum.

ESPN sagði hann vera eitt mesta íþróttaefni í Bandaríkjunum og hann fékk líka umfjöllun í Sports Illustrated-tímaritinu. Hann ákvað á endanum að spila með Florida Gators.

Hann var varaleikstjórnandi á fyrsta ári sínu í skólanum en fékk samt talsvert að spila og átti stóran þátt í því að Flórída varð Bandaríkjameistari það ár.

Bestur í háskólaboltanum á öðru ári

Á öðru ári var hann orðinn byrjunarliðsmaður. Þá var nokkuð talað um að hann kynni ekki að kasta almennilega og um það er reyndar enn rætt. Engu að síður kláraði hann 217 af 317 sendingartilraunum sínum, kastaði fyrir 29 snertimörkum og aðeins sex sinnum kastaði hann boltanum til andstæðinga. Þess utan hljóp hann um 800 metra með boltann og skoraði þannig 22 snertimörk. Hann hljóp 160 metra í einum leik.

Tebow setti fjölda meta þetta tímabil og vann að lokum Heisman-bikarinn, sem er veittur besta háskólaleikmanninum í landinu. Eftirsótt og virðingarverð verðlaun. Tebow var fyrsti maðurinn í sögunni sem fékk þau strax á öðru ári sínu í háskóla.

Svipað var upp á teningnum á þriðja árinu. Tebow sló hvert metið á fætur öðru og aftur varð Flórída Bandaríkjameistari. Tebow varð ekki nema þriðji í Heismankjörinu að þessu sinni þó svo að hann fengi flest atkvæði í fyrsta sætið.

Á meðal eftirminnilegra meta sem hann sló þetta ár var met yfir flest snertimörk hlaupara hjá skólanum. Það met átti Emmitt Smith, einn besti hlaupari sögunnar, en leikstjórnandinn Tebow skákaði honum.

Hugsaði meira um boltann en stelpur

Margir vildu sjá hann í NFL-valinu eftir þriðja árið en hann ákvað að klára fjórða árið í skólanum. Með aukinni fjölmiðlaumfjöllun fóru fjölmiðlar að gerast ágengari.

Einn fjölmiðlamaður veiddi upp úr leikmanninum að hann væri hreinn sveinn. Fékk fjölmiðlamaðurinn miklar skammir fyrir að dreifa slíkum persónuupplýsingum.

Leikmaðurinn var að hugsa um íþróttir en ekki stelpur og það sást á spilamennskunni. Í lokaleik sínum kastaði hann og hljóp samtals fyrir um 520 metrum, sem er met í úrslitaleik háskólaboltans.

Þrátt fyrir frábæran háskólaferil efuðustu margir um að Tebow hefði það sem til þyrfti í NFL-deildinni. Það sást vel á því að hann var númer 25 í nýliðavalinu hjá Denver.

Efasemdarmennirnir eru enn margir en Tebow vinnur þá hægt og rólega á sitt band þessa dagana. Hann er þegar búinn að koma öllum á óvart með spilamennsku sinni í vetur og verður áhugavert að sjá hvaða kraftaverk trúboðinn framkallar í framtíðinni.

Stuðningsmenn Denver dýrka og dá hann og trúa því að sjálfur Messías sé lentur í Klettafjöllunum. henry@frettabladid.is

Settu hjól í jólapakkann, gjöf sem endist.
Mongoose Alvöru Hjól

20%
afsláttur
af hjólum fyrir Jólin

20%
afsláttur
af þrektækjum fyrir Jólin

Þú færð næstum allt fyrir líkamsræktina í Gáp

Hjálmar, ljós og hraðamælar

Verð frá 3.990

Verð frá 1.990

Mikið úrval af æfingadýnum verð frá 3.990



Verð 1.990

Everlast boxvörur í úrvali

Verð frá 5.990

Verð frá 19.900

Æfingaboltar
verð frá 3.990

Mikið úrval af alvöru Yogadýnum, Hot Yoga handklæði, belti, kubbar ofl

Stiga sleðar
verð frá 11.990

GÁP

HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200

GÁP býður upp á Alvöru æfingatæki fyrir Fyrirtæki og líkamsræktar-stöðvar frá STARTRAC einnig sértæk íþróttagólfefni frá PAVIGYM

GÁP setti upp öll tæki og gólfefni fyrir Reebok Fitness Holtagörðum
www.reebokfitness.is

STAR TRAC · PAVIGYM · Reebok FITNESS

WWW.GAP.IS

> Stöð 2 kl. 20.25

Eldsnöggt með Jóa Fel

Síðasti þátturinn með Jóa Fel fyrir jól og á matseðlinum er villisveppasúpa eins og þær gerast bestar, suðræn svínasteik sem mun slá í gegn í jólaboðum landsmanna og heimalöguð eplakaka með rjóma.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HLAKKAR TIL

Enn ein Icesave-jól

Ég varð ákaflega glaður í gær þegar Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnti að hún ætlaði í mál við Ísland vegna Icesave. Rifrildi um þetta stórskemmtilega mál á öldum ljósvakans í jólamánuðinum er orðið jafn mikilvægur og nauðsynlegur hluti af hátíðarhöldunum og það að fara í bað um fimmleytið á aðfangadag.

Ég man það eins og það hefði gerst í gær þegar Icesave stal jólunum árið 2008. Þá áttu sér stað viðræður, og samningsdrög voru gerð, um að ríkið myndi taka á sig þessa skuldbindingu. Enginn sem hafði skoðun á nokkru á Íslandi ræddi neitt annað en Icesave-hlekkina sem Landsbankamennirnir hefðu hreppt komandi kynslóðir í.

Árið eftir var undirlagt af Icesave. Umræðan náði hámarki á aðventunni þegar tekist var á um það á Alþingi hvort samþykkja ætti hin svokölluðu Icesave-lög. Bloggsíður loguðu, útvörp öskruðu og skoðanaandstæðingar tókust hart á í sjónvarpi. Lögin voru samþykkt í lok ársins en forsetinn ákvað að synja þeim staðfestingar.

Því fengum við þriðju Icesave-jólin í fyrra. Nýr jólasveinn var kynntur til sögunnar, heimsmaðurinn Lee Buchheit. Samninganefndin skrifaði í desember undir nýjan samning sem átti að vera miklu betri en allir hinir. Síðan reifst þjóðin um það þangað til honum var synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl 2011. Og nú er Icesave mætt aftur til að hringja jólin inn. Mikið hlakka ég til jólaboðanna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **21.00** Er skáldskapurinn eina réttlæting tilverunnar? **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Væri ég aðeins einn af þessum fáu **23.15** Í fótspor frelsarans **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

15.10 Jóladagatalið - Sáttmálinn (e)
15.40 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Stundin okkar (e)
18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn
18.35 Melissa og Joey (16:30)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Allt upp á einn disk (2:4) Sveinn Kjartansson leiðir áhorfendur um ævintýraslóðir bragðlaukanna og gefur góðar hugmyndir um margs konar rétti til að hafa á borðum jafnt til fagnaðar sem hversdags.
20.35 Hvunndagshetjur (2:6) (We Can Be Heroes)
21.10 Sönnunargögn (12:13)(Body of Proof)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Downton Abbey (5:8)
00.05 Kastljós (e)
00.25 Fréttir
00.35 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 The Last Song
10.00 Waterboy
12.00 Kalli á þakinu
14.00 The Last Song
16.00 Waterboy
18.00 Kalli á þakinu
20.00 I Love You Beth Cooper
22.00 Crazy on the Outside
00.00 The Hitcher
02.00 Planet Terror
04.00 Crazy on the Outside
06.00 A Family Thanksgiving

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (21:175)
10.15 Extreme Makeover. Home Edition (14:25)
11.50 The Whole Truth (11:13)
12.35 Nágrannar
13.00 Mr. Deeds
14.40 E.R. (10:22)
15.30 Friends (12:24)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.53 The Simpsons (12:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.21 Veður
19.30 Malcolm in the Middle (16:25)
19.55 My Name Is Earl (15:27)
20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel Jói Fel er hér í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Að þessu sinni sýnir hann okkur hvernig á að gera villisveppasúpu eins og þær gerast bestar með heimabökuðu brauði. Hann eldar fyrir okkur suðræna svínasteik sem er krydduð á ferskan máta, hægeldaða með appelsínu- og kanilrauðkáli sem mun slá í gegn í jólaboðunum ásamt sósu og brúnuðum kartöflum. Í eftirrétt fáum við heimalagaða eplaköku sem borin er fram með þeyttum rjóma.
21.05 Human Target (6:13)
21.55 The Good Guys (20:20)
22.45 Breaking Bad (6:13)
23.35 The Mentalist (1:24)
00.20 The Killing (12:13)
01.10 Mad Men (7:13)
02.00 Inventing the Abbotts
03.45 Ghost Voyage
05.10 Malcolm in the Middle (16:25)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Evrópudeildin. Fulham - OB
12.35 HM í handbolta Útsending frá leik í 8 liða úrslitum.
14.05 Þorsteinn J. og gestir
14.25 Evrópudeildin. Fulham - OB
16.10 Evrópudeildin. PSG - Athletic
17.55 Shamrock Rovers - Tottenham
19.55 Evrópudeildin. AZ - Metalist BEINT
22.00 Spænsku mörkin
22.40 Grillhúsmótið Sýnt frá Grillshúsmótinu þar sem helstu kraftajötnar landsins keppa.
23.20 Evrópudeildin. AZ - Metalist
01.05 Shamrock Rovers - Tottenham

STÖÐ 2 SPORT 2

16.20 Sunderland - Blackburn
18.10 Man. Utd. - Wolves
20.00 Premier League World
20.30 Premier League Review 2011/12.
21.25 Goals of the Season 2010/2011
22.20 Football League Show
22.50 Bolton - Aston Villa

STÖÐ 2 EXTRA

19.40 The Doctors (5/175)
20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
22.00 The Middle (9/24)
22.25 Cougar Town (21/22)
22.50 Hawthorne (6/10)
23.35 Medium (8/13)
00.20 Satisfaction
01.20 My Name Is Earl (15/27)
01.40 Eldsnöggt með Jóa Fel J
02.10 The Doctors (5/175) .
02.50 Fréttir Stöðvar 2
03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Rachael Ray (e)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.55 Being Erica (4:13) (e)
16.40 Rachael Ray
17.25 Dr. Phil
18.10 Pan Am (4:13) (e)
19.00 Game Tíví - OPIÐ (14:14)
19.25 Everybody Loves Raymond
19.50 Will & Grace - OPIÐ (15:24) (e)
20.10 The Office (9:27) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegt skrifstofulið sem gefur lífinu lit. Michael reynir að dobla fólk til að fjárfesta í netfyrirtæki Ryans.
20.35 30 Rock (16:23)
21.00 House (15:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Cuddy fær slæmar fréttir srem verður til þess að hún ákveður að forgangsraða í lífi sínu á nýjan leik.
21.45 Falling Skies (9:10) Hörkuspennandi þættir úr smiðju Steven Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina. Spennan magnast innan búða 2nd Mass eftir því sem nær dregur árásinni á herbúðir geimveranna og Tom á í erfiðleikum með að melta niðurstöður krufningarinnar.
22.40 Jimmy Kimmel
23.25 CSI: Miami (11:22) (e)
00.15 Jonathan Ross (4:19) (e)
01.05 Everybody Loves Raymond (12:25) (e)
01.25 Falling Skies (9:10) (e)
02.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Dubai World Championship (3:4) **12.10** Golfing World **13.00** Dubai World Championship (4:4) **17.00** Chevron World Challenge (4:4) **20.00** Wendy´s Three-Tour Challenge (1:1) **23.00** Champions Tour - Highlights (20:25) **23.55** ESPN America

N4

18.00 Að norðan

BBC entertainment

06.20 QI **06.45** The Weakest Link **08.15** The Inspector Lynley Mysteries **09.50** Come Dine With Me **10.40** The Inspector Lynley Mysteries **11.25** EastEnders **11.55** The Inspector Lynley Mysteries **12.40** Live at the Apollo **13.20** Come Dine With Me **14.10** New Tricks **15.55** Top Gear **16.45** Come Dine With Me **17.35** Live at the Apollo **18.15** QI **19.20** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.45** The Graham Norton Show **23.35** Top Gear **00.25** Live at the Apollo

DR 1

13.05 Jamie Olivers familiejul **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Miss Marple. Liget i biblioteket **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Det søde liv - jul **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Julemad med Jamie Oliver **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** Sporten med VM håndbold **21.10** Juleønsket **22.35** Sådan er kærlighed

NRK 1

12.05 Aktuelt **12.35** Ut i nærturen **13.00** Nyheter **13.05** Glimt av Norge **13.20** V-cup skiskyting **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Døv i Johannesburg **16.25** Svenske hemmeligheter **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Solgt! **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Folk **22.00** Kveldsnytt **22.15** Overeksponert. Anne Alvik

SVT 1

11.20 Uppdrag Granskning **12.20** Anslagstavlan **12.25** På spåret **13.25** Kom till Casino **14.20** Skattjägarna **14.50** En hjärtvärmande historia **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Nordstan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Här är ditt kylskåp **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** The Trip **22.15** Anno 1790 **23.15** Rapport **23.20** Paradox

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Smáralind sendendum að kostnaðarlausu.

Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

Sony Center

www.sonycenter.is

Harðir pakkar eru góðir pakkar

Tilboð

199.990,-

Harry Potter bíómyndir og 2 þrívíddargleraugu fylgja á meðan birgðir endast!

ANBEFALT! HJEMMEKINO 6

HÁGÆÐA 40" 3D LED SJÓNVARP
KDL-40EX720

- Full HD 1920x1080 punktar
- EDGE LED baklýsing
- X-Reality myndvinnslukerfi, tryggir skerpu og mýkt
- Bravia Internet sjónvarp og 3D afspilun

Tilboð 199.990.- Verð áður 249.990.-

Tilboð **149.990-** Þú sparar 40.000.-

FLOTTUR WALKMAN HLJÓÐ- OG VIDEOSPILARI NWZE463B
- Gengur við allan hugbúnað
- 4GB minni, allt að 1000 lög
- Allt að 15 klst. video / heyrnatól
- FM útvarp / USB

Tilboð 17.990.- Verð áður 22.990.-

MÖGNUÐ MYNDAVÉL Á EINSTÖKU VERÐI SLT-A55
- 16,7 megapixla Exmor myndflaga
- HD Videotaka 1920x1080
- Linsa með 25x aðdrætti
- Tökuhraði 10 rammar á sekúndu

Tilboð 149.990.- Verð áður 189.990.-

FRÁBÆR UPPTÖKUVÉL
HDRCX115E
- Full HD upptökuvél fyrir minniskort
- Allt að 13 klst upptaka
- Allt að 15 klst. video / heyrnatól
- iMovie samhæfing

Tilboð 64.990.- Verð áður 79.990.-

GLÆSILEG HLJÓMTÆKJA-STÆÐA CMTCX5IP
- Geislaspilari
- Útvarp með 30 stöðva minni
- Ipod dokka innbyggð
- USB tengi fyrir MP3 spilara

Verð 59.990.-

VAIO TÖLVA Á FLOTTU TILBOÐI
VPCEB4E1E
- Intel Pentium P6200 örgjörvi
- 15,5" Flat LED skjár
- 4GB innra minni, 320GB diskur
- Playstation 3 samhæfing

Tilboð 119.990.- Verð áður 139.990.-

Sony Center
Kringlunni
588 7669

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Frí heimsending og uppsetning á sjónvörpum á höfuðborgarsvæðinu. Kynntu þér málin á sonycenter.is

MORGUNMATURINN

„Yfirleitt geri ég mér ommelettu en svo er misjafnt hvað ég set í hana. Það geta verið rækjur, kjúklingur, grænmeti eða ávextir – fer allt eftir því hvort ég er að fara á æfingu eða ekki.“

Ásdís Hjálmsdóttir, spjótkastari og lyfjafræðingur.

Fanney á flandri um Indland

Þetta var mjög lærdómsrík og eftirminnileg reynsla þótt það hafi vissulega verið skrýtið að vera í þrjátíu stiga hita án allra jólalaga í desember,“ segir Fanney Ingvarsdóttir, Ungfrú Ísland. Hún lenti á Íslandi á þriðjudaginn var eftir að hafa verið á Indlandi í tvær vikur við góðgerðarstörf fyrir samtökin Healthy Kids, Happy Kids. Þetta er í annað sinn á árinu sem Fanney heimsækir landið.

Fanney flakkaði um bæði norður- og suðurhluta Indlands og heimsótti meðal annars munaðarleysingjahæli. „Það var ótrúlega erfið og tilfinningarík reynsla,“ segir Fanney, sem var þó ekki ein á ferð. Ferðafélagar hennar voru Ungfrú Kanada, Ungfrú Írland, Miss Bikini International og svo stúlkur frá Slóveníu og Bólivíu. Fanney segir ferðina hafa gert mikið fyrir sig persónulega og bætir því við að hún hafi fengið að skoða landið. „Við heimsóttum Taj Mahal og Gullna musterið og það var alveg einstakt að sjá þetta með eigin augum,“ segir Fanney, en mengun setti þó eilítið strik í reikninginn. „Indland er náttúrulega ótrúlega samþjappað land og mengunin er gríðarleg. Fyrstu dagana héldum við að þetta væri þoka sem við sáum en þetta var þá bara mengun,“ útskýrir Fanney, sem fékk af þeim sökum bæði kvef og hálsbólgu.

Vegna ferðalaganna varð skólaganga fegurðardrottningarinnar að sitja eilítið á hakanum. Hún ætlar sér hins vegar að útskrifast frá Fjölbrautaskóla Garðabæjar í vor. „Og svo er það bara að halda jólin. En svo gætu fleiri ferðalög verið handan við hornið.“ - fgg

SINNIR GÓÐGERÐARSTÖRFUM Fanney Ingvarsdóttir dvaldi í tvær vikur á Indlandi og heimsótti meðal annars munaðarleysingjahæli, sem hún segir hafa verið erfiða og tilfinningaríka reynslu.

Engill vonar

Snjókornið 2011

Jólaskeiðin 2011 - María og sveinbarnið

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 - Sími 562 5222 - www.gam.is

STENDUR VIÐ STÓRU ORÐIN Rósa Birgitta Ísfeld sagðist vilja taka þátt í Eurovision ef land eins og Aserbaídsjan bæri sigur úr býtum. Það kom á daginn og Rósa mun syngja lag Sveins Rúnars Sigurðssonar í undankeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

RÓSA BIRGITTA ÍSFELD: ÞETTA VERÐUR ENGINN CELINE DION-SLAGARI

Miðbæjarrotta í Eurovision

„Ég var mikill Eurovision-aðdáandi þegar ég var lítil og kunni öll lögin utan að,“ segir Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona Feldberg og Sometime.

Rósa tekur þátt í forkeppni Eurovision, en hún mun syngja eitt þriggja laga Sveins Rúnars Sigurðssonar. Íris Hólm og Magni Ásgeirsson munu syngja hin lögin tvö. Rósa sagði lagið sjálft vera leyndarmál, það myndi bara koma í ljós hvernig það hljómaði, en tók skýrt fram að hún myndi ekki syngja eitthvað sem henni þætti ekki gott. Þetta væri ekki einhver Celine Dion-slagari. „Ég leyfði Einari [Tönsberg] að heyra það og hann gaf grænt ljós á það líka, fannst það bara flott.“

Seint verður sagt að Rósa geti talist með dæmigerðum Eurovision-þátttakendum. Nærtækara væri kannski að flokka hana sem dæmigerða miðbæjarrottu. Eða hvað?

„Ég væri til í að taka þátt í Eurovision á næsta ári ef eitthvert skemmtilegt land vinnur keppnina. Helst land eins og Aserbaídsjan.“ Þetta sagði Rósa nefnilega í viðtali við Föstudag, fylgiblað Fréttablaðsins, daginn áður en keppnin fór fram í Ósló fyrr á þessu ári. Rósu varð ósk sinni, Eldar & Nigar sigruðu með laginu Running Scared og þar með höfðu örlögin gripið í taumana hvað söngkonuna varðar. „Þetta var djók innan sviga, ég er í Eurovision-partíhópi sem horfir alltaf saman á keppnina og ég hugsaði af hverju ég gæti ekki farið í þessa keppni. Ég vildi hins vegar fara til einhvers spennandi lands, það er ekkert stuð að fara til Þýskalands,“ segir Rósa.

Vinum Rósu þykir þátttaka hennar eilítið skondin en sjálf gefur hún lítið fyrir staðalímyndir Eurovision-keppandans, bendir meðal annars á að Halla Margrét hafi verið einn af sínum eftirlætiskeppendum og ekki hafi hún verið týpísk. „Ég horfði á undirbúningsþátt þegar Jóhanna Guðrún var að keppa og sá þegar þeir voru að setja saman sviðið. Þá velti ég því fyrir mér hvort það yrði ekki mikið ævintýri að standa á svona sviði. Ég væri allavega til í að sjá hvernig þetta er allt sett saman og kynnast því hvernig umgjörðin er í kringum þessa keppni.“

freyrgigja@frettabladid.is

HP 635 15,6”
Tilboð 69.900 kr.

BenQ 24” LCD skjár
Tilboð 34.900 kr.
Vörunúmer: BL2400

Samsung Galaxy Tab 8,9”
Tilboð 99.900 kr.
Vörunúmer: Galaxy-WiFi-8.9

HP borðtölva og 21,5” skjár
Tilboð 139.900 kr.
Vörunúmer: HP G5470sc + HP s2231a

MacBook Air 11”
Tilboð 169.900 kr.
Vörunúmer: Z0MF

Tölvuhjálp omnis
- engar áhyggjur!
Við komum heim til þín með nýju tölvuna og setjum hana upp fyrir þig fyrir aðeins 4.990 kr. ef keypt með nýrri tölvu.

REYKJAVÍK Ármúli 11
REYKJANESBÆR ▪ AKRANES ▪ BORGARNES

omnis – Við þekkjum tölvur

Fékk gullplötu og keypti þvottavél

„Við erum mjög sáttir við þetta. Þetta eru að mínu mati mestu verðlaunin sem hægt er að fá í þessum bransa. Þetta eru verðlaun fólksins,“ segir grínistinn Steindi Jr.

Steindi og leikstjórinn Ágúst Bent fengu í gær afhenta gullplötu fyrir sölu á fyrstu þáttaröð Steindans okkar. Diskurinn hefur selst í meira en 5.000 eintökum frá því að hann kom út seint á síðasta ári og Steindi er að vonum hrærður og ánægður.

Spurður hvað hann hafi gert fyrir peningana sem diskurinn hefur skilað segir Steindi að upphæðirnar séu ekki háar og hann sé ekki orðinn ríkur. „En þvottavélin mín bilaði um daginn. Þannig að ég keypti mér nýja,“ segir hann.

GULL AF MÖNNUM Bent og Steindi eru svona á hverjum miðvikudegi. Tilviljun réði því að afhendingin fór fram í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur þáttaröð Steindans okkar kom út á dögunum og Steindi bindur miklar vonir við hana. „Ég verð mjög vonsvikinn ef hún fer ekki í gull, því hún er betri en fyrsta þáttaröð,“ segir hann. - afb

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

ALLT Á AFSLÆTTI

Rýmingarsala! allt að 90% afsláttur

Jakki stelpna
Verð áður ~~4.999,-~~ nú **3.499,-**

Jakki stráka
Verð áður ~~4.999,-~~ nú **3.499,-**

Peysa með "vængjum" Ein stærð
verð áður ~~4.999,-~~ nú **3.499,-**

Flott stelpupeysa og leggings
Verð ~~5.490~~ st. 6-14 ára

Herranærbuxur Klazig
Verð áður ~~1.799,-~~ Nú **1.259,-**

Náttfatasett dömu
Verð áður ~~3.499,-~~ nú **2.449,-**

Peysa með "vængjum" Ein stærð
verð áður ~~4.999,-~~ nú **3.499,-**

Bolakjóll Stærðir 16-26
Verð áður ~~7.990,-~~ nú **5.593,-**

Jakkaföt- 5 hluta jakkafatasett, jakki, buxur, vesti, skyrta og bindi. Stærðir 1 árs-12 ára.
Verð áður ~~8.499,-~~ nú **5.949,-**

Náttsloppar, Frábær jólagjöf 50% afsláttur verð áður ~~4.999~~ nú **2.499,-**

Joggingföt á herra
Peysa Verð áður ~~3.999,-~~ nú **2.799,-**
Buxur Verð áður **3.999,-** nú **2.799,-**

Rúllukragapeysa herra
verð áður **7.990,-** nú **5.593,-**

Loðfóðruð hettupeysa stráka
Verð áður ~~3.999,-~~ nú **2.799,-**

Loðfóðruð hettupeysa stelpna
verð áður ~~3.999,-~~ nú **2.799,-**

Loðfóðruð hettupeysa stráka
Verð áður ~~3.999,-~~ Nú **2.799,-**

Skór 30 % afsláttur Stærðir 36-41
Verð áður ~~10.990,-~~
Verð nú **7.693,-**

Stelpna skór með fylltum hæl
Verð áður ~~8.990,-~~ nú **6.293,-**

Dömustígvél
verð áður ~~6.990,-~~ nú **4.893,-**

Stígvél stelpna
Verð áður ~~8.990,-~~ nú **6.293.-**

Reimuð stígvél stelpna
Stærðir 32-38
Verð áður ~~10.990,-~~
nú **7.693,-**

Skór 30 % afsláttur
Stærðir 36-41
Verð áður ~~10.990,-~~
Verð nú **7.693,-**

Jólaskórnir í ár! 30 % afsláttur
Stærðir 36-41
Verð áður ~~6.990,-~~ Verð nú **4.893**

Skór 30 % afsláttur
Stærðir 36-41
Verð áður ~~6.990,-~~
Verð nú **4.893,-**

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451 **www.gulahusid.is**

ÓDÝRT & GOTT

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Anna Hildur á útleið?

Breytingar eru í farvatninu hjá Útflutningsráði íslenskrar tónlistar, ÚTÓN. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er framkvæmdastjórinn **Anna Hildur Hildibrandsdóttir** að hætta þar störfum í byrjun janúar og er tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson, sem jafnframt er stjórnarmaður í ÚTÓN, talinn líklegastur til að taka við af henni. Hvorki Anna Hildur né Sigtryggur vildu tjá sig um gang mála og sögðu að ekkert hefði enn verið ákveðið. Heimildir herma að Anna Hildur ætli að taka við starfi hjá útflutningsskrifstofu norrænnar tónlistar, NOMEX, sem yrði rökrétt framhald af starfi hennar hjá ÚTÓN. Hún staðfesti að haft hefði verið samband við sig varðandi starf á Norðurlöndunum en ekki væri neitt frágengið í þeim efnum.

Úr djassfönki í afró

Básunuleikarinn **Samúel Jón Samúelsson**, kenndur við Jagúar, er þaulvanur því að koma fram opinberlega. Fram til sunnudagsins síðasta hafði hann hins vegar aldrei tekið þátt í dansatriði á sviði. Það breyttist á jólasýningu Kramhússins þar sem Sammi steig trylltan afródans með framhaldshópi í listinni. Sammi og **Kristín Bergsdóttir**, kærasta hans, eru orðin forfallnir afrófíklar eftir æfingar í Kramhúsinu undanfarið hálft annað ár. Í janúar eru þau á leið til Gíneu í brúðkaup hjá vinafólki úr dansinum og hafa skráð sig á dansnámskeið þar ytra, sem mun vafalítið lyfta töktunum á enn hærra plan. **- fb, - sh**

Mest lesið

vísir

1. Ógnuðu manni með skærum á Laugavegi í nótt
2. Brunabjalla í gang í Seðlabankanum þegar ákvörðun ESA varð ljós
3. Læknar vilja að kaþólskar nunnur fái að nota p-pillur
4. Fundu lík af konu á heimili árásarmannsins í Liège
5. Þingfundi frestað

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.

ENNEMM / SÍA / NM49314

Öflugir jólasímar í pakkann

Hljóðbók og tónlist fylgja með í jólapakkann
fyrir GSM viðskiptavini Símans

Þegar þú kaupir jólasíma hjá Símanum færðu Brakið eftir Yrsu Sigurðardóttur á hljóðbók og mánaðaráskrift að Tónlist.is

iPHONE 4S 16 GB
Magnaður sími frá Apple með hágæðamyndavél.
9.490 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 154.900 kr.

iPHONE 4 16 GB
Ótrúlega flottur sími frá Apple með góðri upplausn.
7.490 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 124.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir
Hljóðbókin Brakið
Mánaðaráskrift að Tónlist.is

Hljóðbókin Brakið eftir Yrsu og tónlist fylgir þessum símum

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir símanum

NOKIA N9
Öflugasti Nokia síminn með nýju stýrikerfi.
6.490 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 109.900 kr.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir
Hljóðbókin Brakið
Mánaðaráskrift að Tónlist.is

SAMSUNG GALAXY SII
Flaggskipið úr Galaxy línu Samsung.
5.990 kr. á mánuði í 18 mánuði*
Staðgreitt: 99.900 kr.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir
Hljóðbókin Brakið
Mánaðaráskrift að Tónlist.is

Síminn

*Greiðslugjald 325 kr. bætist við mán. gjald